

SNORRI ÁSMUNDSSON
Fékk bílprófið og bílinn Gosa
• Bílar • Tiska • Ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HEIMILIÐ
Kaffiboð í Kórahverfi
Sérblað um hús og heimili
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR
Hleypur með Eminem í eyrunum
Heilbrigðisráðherrann vill taktfasta tónlist
FÓLK 70



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. janúar 2007 – 26. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR



Angist feðra í björtu ljósi
Páll Baldvin Baldvínsson um Pabba Bjarna Hauks.
MENNING 55

Vilji er allt sem þarf

Jafnréttisbaráttan er erfiðari í dag en fyrir hundrað árum síðan, segir Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, en félagið fagnar hundrað ára afmæli sínu í dag.
VIÐTAL 36




Þjóðernishygjan snýr aftur

„Á undanförunum vikum hefur fáum tekist betur að höfða til hefðbundinnar þjóðernishygju hér á Íslandi en Frjálslynda flokknum,“ segir Sverrir Jakobsson.
Í DAG 16

Verðum að vinna

Alfred Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, segir að ekkert annað en sigur komi til greina í leiknum gegn Slóvenum.
ÍÞRÓTTIR 62

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUSÖM TÍÐ - Í dag verða yfirleitt suðvestan 8-13 m/s en hægari á stöku stað. Víða rigning eða súld þegar kemur fram á daginn en þó úrkomulítið austast og suðaustast. Hiti 4-10 stig á láglandi.
VEÐUR 4

Flugeldageymslur ógna öryggi í höfuðborginni

Tugir tonna skotelda á lagerum björgunarsveita skapa óviðunandi hættu á höfuðborgarsvæðinu segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Ein geymslan er aðeins nokkra tugi metra frá Ártúnsbrekkunni.

ÖRYGGISMÁL „Staðan eins og hún er í dag er óviðunandi miðað við að gætt sé fyllsta öryggis íbúa á svæðinu,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri um stóra flugeldalagera sem geymdir eru á höfuðborgarsvæðinu milli áramóta. Samkvæmt upplýsingum slökkviliðsins eru þrjár fastir lagerar þar sem flugeldar eru geymdir milli ára á höfuðborgarsvæðinu á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Hjálparveitar skáta. Einn lager er í Hjalla-hrauni í Hafnarfirði, annar í Stórhöfða í Reykjavík og sá þriðji við Malarhöfða, aðeins fáa tugi metra frá Ártúnsbrekkunni. „Þar eru oft geymd um tíu tonn af skoteldum og ef eldur slyppi laus í byggingunni yrða að rýma byggingar í 90 metra radíus og loka fjölförnum götum í 800 metra fjarlægð, þar

með talinni Ártúnsbrekku,“ segir um geymsluna í Malarhöfða í minnisblaði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt reglum ætti lagerinn að vera að minnsta kosti 180 metra frá fjölförnum götum og 400 metra frá íbúðarhúsum. Íbúðarhúsin í Urriðakvísl eru aðeins rúma 250 metra í burtu. Jón Viðar segir stóra flugeldasala vera mjög meðvitaða um að hlutirnir þurfi að vera í lagi og að viðræður standi yfir um lausnir á vandanum, sem vaxi með hverju ári. „Menn átta sig á því að ef einhver uppákoma verður sem veldur tjóni eða slysi eða ógnar öryggi fólks getur það haft skaðleg áhrif á sölu flugelda um ókomna tíð,“ segir slökkviliðsstjórinn. Í áður nefndu minnisblaði er víkið að alvarlegum slysum sem urðu þegar skoteldageymslur sprungu í Kolding í Danmörku og Enschede


í Hollandi. Jón segir hættuna hér vera nákvæmlega þá sömu og í nágrennalöndunum. „Ef þetta fer af stað er það mjög illviðráðanlegt,“ segir hann. Í milliáralagerunum svonefndu munu oft vera geymd tuttugu til þrjátíu tonn af flugeldum. Í söluagerum, sem byrjað er að fylla á í nóvember, hefur hins vegar verið allt að 400 tonnum á einum stað. Enginn fastur staður er fyrir þessar geymslur heldur hefur húsnæði verið útvegað frá ári til árs. Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur flutt inn stálgrindarhús til þessara nota en lóð sem félaginu hefur verið úthlutað er ekki tilbúin til byggingar. „Það sem við erum að reyna að gera er að koma þessu frá íbúðarbyggð þannig að fólk sé ekki í hættu,“ segir Jón Viðar Matthíasson. - gar



SKILTAPVOTTUR Heimurinn þýtur hjá á Miklubrautinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sæta lagi í frostleysinu: Hreinsa fyrir stressaða fólkið

UMFERÐ Tveir menn á vegum umferðardeildar Reykjavíkurborgar hafa undanfarna daga farið um á Sæbrautinni og Miklubrautinni og þrifið umferðarmerki. „Við sætum lagi og förum í þetta verk í frostleysinu,“ segir Pétur Ársællsson, rekstrarstjóri umferðardeildar. Pétur segir mikla tjöru og önnur óþrif setjast á umferðarmerkin og að nauðsynlegt sé að háþrýstipvo þau og skrúbba með hreinsiefnum. Eins og sjá má á myndinni af þeim Pétri Gíslasyni og Georg Sigurðssyni var ekki vanþörf á þessum mikla þvotti. „Það er verst hvað það er mikið stress í umferðinni og hversu frámunalega tillitslausir bílstjórar eru stundum gagnvart þessum mönnum sem eru að vinna sín störf af samviskusemi,“ segir Pétur. - gar



Svína- og kúabændur gagnrýna lambakjötssamning: Óttast offramboð

LANDBÚNAÐUR Með nýjum samningi sauðfjárræktenda og ríkisins fellur útflutningsskylda lambakjöts niður árið 2009, sem gæti leitt til mjög harðnandi samkeppni á milli kjötgreina á innanlandsmarkaði. Ingvi Stefánsson, formaður Svínaræktarfélag Íslands, segir það alveg ljóst að kjötmarkaðurinn hérlendis þoli ekki auknið framboð á einni tegund kjöts á stuttum tíma. Hann hefði viljað sjá allar greinar fá lengri aðlögunartíma að þessum breytingum. Ingvi gagnrýnir að samningurinn nú sé gerður án samráðs við aðra kjötframleiðendur. „Eins og staðan er núna er þetta mjög alvarlegt fyrir alla sem eru að sýsla með kjöt. Ég heyrir að svína- bændur hafa miklar áhyggjur af stöðunni. Því miður er það ljóst að við njótum ekki velvilja landbúnaðarráðherra í sama mæli og sauðfjárræktin. Við höfum lagt fram hugmyndir til ráðuneytisins en þeim hefur ekki verið svarað.“ Þórólfur Sveinsson, formaður stjórnar Landssambands kúabænda, segir að ef þúsund tonn af lambakjöti komi inn á markaðinn hafi það óumflýjanleg áhrif á aðra kjötframleiðendur. „Við höfum reynsluna frá 2002 til 2003 þegar offramboð var af svínakjöti. Það er of snemmt að mála skrottann á vegginn en kjötmarkaðurinn er ein heild og miklar breytingar á verði einnar kjöttegundar hafa áhrif á verð annarrar.“ - shá

Tillaga um 40 prósentar að: Björgólfsfeðgar fá 1,8 milljarða

VIÐSKIPTI Bankastjórn Landsbankans leggur til við aðalfund í febrúar að yfir 28 þúsund hluthöfum bankans verði greiddur 40 prósentar arður af nafnverði hlutafjár fyrir árið 2006. Þetta svarar til alls 4,4 milljarða króna. Björgólfsfeðgar eru stærstu hluthafar Landsbankans í gegnum Samson eignarhaldsfélag ehf. Verði tillagan samþykkt fær Samson rúma 1,8 milljarða króna í arð fyrir sinn snúð. Landsbankinn skilaði methagnaði upp á 40,2 milljarða króna á síðasta ári. Hagnaður bankans á fjórða ársfjórðungi var 14,1 milljarður króna, sem var langt umfram spár. - eþa / sjá síðu 12

Útsala
Enn meiri afsláttur!
Opíð 10-18 í dag
Kringlan

SPURNING DAGSINS



Einar, ég hélt að Garðar Thor væri með látúnsbarka?

„Já, hann er með látúnsbarka en svo bregðast krosstré sem önnur.“

Stórtenórinn Garðar Thor Cortes var nýlega greindur með barkabólgu og hefur legið veikur í tvær vikur. Einar Bárðarson er umboðsmaður Garðars.

Landsþing Frjálslynda flokksins sett á Hótel Loftleiðum:

Áhersla lögð á innflytjendur

STJÓRNMÁL Guðjón Arnar Kristjánsson ræddi lengur um innflytjendur en nokkurt annað málefni í setningarræðu sinni á landsþingi Frjálslynda flokksins í gær.

Guðjón sagði það mikil mistök að hafa ekki nýtt heimildir EES-samningsins til að fresta frjálsri för launafólks. Þetta væru einstakar aðstæður í sögu Íslands því „mikill fjöldi erlends fólks mun keppa við Íslendinga um vinnu“. Frjálslyndir vildu takmarka flæðið á ný, sagði Guðjón, án þess að loka landinu eða reka nokkurn á brott.

Formaðurinn gagnrýndi einnig verðtryggingu lána og ofurhagnað bankanna. Bankastofnanir ættu

ad skýra hvers vegna lánakjör almennings versnuðu eftir því sem hagur banka vænkaðist.

Í ræðu Guðjóns kom fram að nokkuð hefði gústað um flokkinn síðustu mánuði og tæpti á sundrunu innan flokksins og nýjum flokksmönnum. Hvatti hann félag sína til að efla sátt í flokknum. Hann hvatti þá einnig til að láta ekki glepjast af gylliboðum fólks úr öðrum flokkum. „Framtíðin bíður okkar,“ sagði Guðjón. - kóp

SETNINGARRÆÐA FORMANNSINS

Táknmálstúlkur þýddi alla ræðu Guðjóns.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lögreglan stöðvar ökuníðing:

Mældur á 199 km hraða

LÖGREGLUMÁL Ökumaður fólksbifreiðar mældist á 199 km hraða á Reykjanesbrautinni á fimmta tímanum í gær. Lögreglan á Suðurnesjum veitti ökumanni eftirför en hann sinnti ekki stöðvunarkerkjum og reyndi að komast undan lögreglu, meðal annars með því að aka ítrekað á ofsahraða hægra megin fram úr bifreiðum.

Ökumaðurinn, tvítugur karlmaður, var handtekinn við akstur í Vogum skömmu síðar og var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða að lokinni skýrslutöku. Hann hefur nú sinnum áður verið kærður fyrir hraðakstur. - bj

Breska lögreglan:

Grunar Lugovoi um morðið

LONDON, AP Breska lögreglan telur sig nú hafa rökstuddan grun um að Andrei Lugovoi hafi eittrað



fyrir Alexander Litvinenko með geislavirku póloni. Búast má við að bresk stjórnvöld vilji fá Lugovoi framseldan frá Moskvu, en ólíklegt þykir að rússnesk stjórnvöld vilji verða við því.

ANDREI LUGOVOI

Breska dagblaðið Guardian skýrði frá þessu í gær og sagði jafnframt að bresk stjórnvöld byggju sig nú undir að verulega kólnaði í samskiptum Rússa og Bretá á næstunni vegna þessa máls.

Lugovoi er, rétt eins og Litvinenko, fyrrverandi starfsmaður sovésku leyniþjónustunnar KGB og aftaka hennar FSB. Lugovoi hittir Litvinenko í London fáeinum vikum áður en hann lést þann 23. nóvember. - gb

Dæmdur í eins árs fangelsi:

Braust inn og áreitti konu

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær dæmdur í tólf mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að brjótast inn í hús hjá konu og reyna að nauðga henni þar sem hún lá sofandi við hlið sambýlismanns síns. Héraðsdómur Austurlands kvað upp dóminn.

Ákærði neitaði sakargiftum með þeim rökum að konan sem hann reyndi að nauðga hefði gefið til kynna að hún hefði gert sér deilt við hann á skemmtistaðnum Café Kosý á Reyðarfirði. Af framburði konunnar og vitna þótti sýnt að svo hefði ekki verið. Maðurinn hefur ekki áður hlotið refsingu. - ifv

Enn ein kærán á Guðmund í Byrginu

Enn ein kærán var lögð fram á Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins, síðdegis í gær. Fyrrum skjólstaðingur Byrgisins kærði hann fyrir kynferðislega misbeitingu. Þetta er þriðja konan sem leggur fram kærán af þessum sökum.

LÖGREGLUMÁL Ung kona sem dvaldi í Byrginu um tíma lagði síðdegis í gær fram kærán til lögreglu á Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann. Konan kærir kynferðislega misbeitingu hans gagnvart sér, meðan hún var skjólstaðingur í Byrginu. Þetta staðfesti Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, við Fréttablaðið í gær.

Þetta er þriðja konan sem leggur fram kærán. Hinar tvær, báðar fyrrverandi skjólstaðingar Byrgisins, höfðu áður kært Guðmund fyrir kynferðislega misbeitingu meðan á dvöl þeirra á heimilinu stóð.

Það var 17. desember sem fréttaskýringabátturinn Kompás á Stöð 2 greindi frá brotalömunum í starfsemi Byrgisins, sem var þá eitt kunnasta meðferðarheimili landsins fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur. Guðmundur lét í kjölfarið af starfi forstöðumanns. Síðan hefur atburðarásin verið hröð. Ung kona steig fram og greindi frá kynlífssambandi sínu við Guðmund og kærði hann svo. Í fréttum var greint frá því að Byrgið hefði brotið lög, með vitneskju yfirvalda, þegar þar var stunduð afeitrun árum saman. Þá vaknaði grunur um að fleiri en ein kona í meðferð í Byrginu hefðu orðið barnshafandi eftir starfsmenn þar. Félagsmálaráðuneytið stöðvaði greiðslur til meðferðarheimilisins þegar hér var komið sögu og um miðjan janúar tilkynnti forstöðumaðurinn að Byrginu hefði verið lokað. Ríkisendurskoðun gerði athugun á fjármálum og bókhaldi Byrgisins á árunum



BYRGID MANNLAUST Þrjár konur hafa nú kært Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins, fyrir kynferðislega misbeitingu.

2005 og 2006 og í ljós kom að stórfelld óráðsía hafði verið í fjármálum heimilisins. Saksóknari efnahagsbrota hjá embætti ríkislögrelustjóra er nú með þá hlið mála til rannsóknar.

Þá varð uppvist að fangar sem dvöldu í meðferð í Byrginu á meðan það starfaði gátu valseað þar inn og út. Fangelsismálastofn-

un lét þegar flytja þá aftur á Litla-Hraun.

Guðmundur hefur enn ekki mætt í skýrslutöku hjá sýslumannsembættinu á Selfossi, sem fer með rannsókn málsins. Hann hefur verið boðaður til hennar eftir helgi. Hann hefur ekki lagt fram boðaðar kærur hjá embættinu.

jss@frettabladid.is



NÝJU LJÓSIN Auka öryggi gangandi fólks í Hamrahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ný tegund gangbrautarljósa:

Grænt ljós þar til yfir er komið

UMFERÐ Ný tegund gangbrautarljósa sem sett hefur verið upp við Hlíðaskóla skynjar vegfarendur og lætur græna ljósið loka þar til þeir eru örugglega komnir yfir götuna.

„Skynjarinn fylgdist með vegfarandanum og lætur græna ljósið loka þar til hann er kominn yfir. Með þessu fyrirkomulagi er ljósstýringin aðlöguð þeim sem fara hægar yfir og akandi umferð aðeins stöðvuð þann tíma sem nauðsynlegt er hverju sinni,“ segir í frétt frá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar sem setti ljósinn upp í Hamrahlíðinni til að auka öryggi skólábarna og annarra vegfarenda. - gar

Kröfur um grannan vöxt:

Fatastærðum breytt á Spáni

SPÁNN Til stendur að breyta stærðum á kvenfatnaði á Spáni í samræmi við stefnu stjórnvalda um að draga úr þrýstingi á ungar stelpur að vera grannar. BBC greinir frá þessu á fréttavef sínum.

Á næsta ári verða fatastærðir í samræmi við líkamsvöxt spænskra kvenna og verða þær fundnar út með því að mæla meina en átta þúsund konur á aldrinum 12 til 70 ára.

Þessi fyrirhugaða breyting kemur í kjölfarið á banni sem sett var við þvengmjóm fyrirsetum á tískuvíkunni í Madrid í september síðastliðnum.

Meðal hugmynda er að gínur í verslunum verði gerðar meiri um sig. - sdg

Götuþúpur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

Hefur náð tæpu hálfu kíló fíkniefna síðan um áramót

LÖGREGLUMÁL Götuþúpur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið nær hálf kíló fíkniefna á tæpum mánuði. Mest hefur náðst af amfetamíni og hassi; rúmlega 200 grömm af hinu fyrrnefnda og tæp 150 grömm af síðarnefnda efninu, en einnig aðrar tegundir fíkniefna, að sögn Ásgeirs Karlssonar, yfirmanns fíkniefnadeildar.

Á ofangreindu tímabili hafa 30 mál komið til kasta götuþúpsins og 46 hafa verið handteknir. Auk amfetamíns og hass hafa verið tekin efni eins og kókaín, marjúána og sveppir.

Ásgeir segir að þetta segi þó ekki alla söguna því auk götuþúpsins hafi almenna deild lögreglunnar

ar verið mjög virk á götunni og tekið efni og fólk. Þannig komu tíu manns við sögu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í sex fíkniefnamálum í fyrradag og fyrrnótt. Síðdegis voru tveir karlmenn handteknir í miðborginni. Í bíl þeirra fundust fíkniefni. Farið var inn á heimili karlmanns í Hafnarfirði. Þar fundust sömuleiðis ætluð fíkniefni. Þá var farið í íbúð í Breiðholti þar sem húsráðendur eru grunaðir um fíkniefnamisferli. Í fyrrkvöld var átján ára piltur handtekinn. Á dvalarstað hans fundust fíkniefni. Á sama tíma voru þrjú karlmenn handteknir á öðrum stað í borginni, allir grunaðir um fíkniefnamisferli. Loks var hálfþrítugur karlmaður hand-



ÁSGEIR KARLSSON Yfirmaður fíkniefnadeildar kveðst ánægður með árangur síns fólks.

tekinn í fyrrinótt. Á honum og í bíl hans fundust fíkniefni. - jss

BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN TOURAN

Nýskr. 11.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 38 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

SPRENGI

VAKKA SÍÐASTA HELGIN

18.-28.
janúar

lága verðið um land allt

Sama

30-70%
afsláttur
af öllum
hreinlætistækjum



Gildir meðan birgðir endast

19.990

Purrari, Zanker

Með barka og rakaskynjari. Tromla úr ryðfriú stáli. 50 hz - 230 V - 2200 W. Tekur 5 kg. Hæð 85 cm. Breidd 60 cm. Dýpt 57 cm. Þyngd 32 kg. 1805444

Aðeins 45 stk
Helgar
skot

Tímaklukka, vegalengdamælir, kaloriumælir, hraðamælir og púlsamælir.

49.990



Hægt að
leggja saman

Hlaupabretti 0-12 km

Rafdrifið göngubretti úr sterkri grind. 1,5 hestafla mótör. Hraði 0-12 km. Sterkt, álagsþolið fjaðrandi færiband 115x38 sm. 1,6 mm belti. Öryggi sem rýfur straum ef notandi fellur af bandinu. 3 innbyggð kerfi. Hámarkslíkamsþyngd 110 kg. 3899532

Frábært
heima í stofu

14.990
~~17.990~~



Prekhjól - YK-B19

Hljóðlátt með segulviðnámi. Mælir og sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd, hraða, sveifasnúning, púls í handskynjurum. Segulviðnám. Þyngdarstilling á bilinu 1-10 kg. Þyngd á tæki 26 kg. 3899530



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,6	69,94
Sterlingspund	136,48	137,14
Evra	89,84	90,34
Dönsk króna	12,051	12,121
Norsk króna	10,965	11,029
Sænsk króna	9,884	9,942
Japanskt jen	0,5728	0,5762
SDR		
	103,64	104,26
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	123,8912	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Strauk af Kleppi og stal bíl: Ók tíu hjóla bíl á ofsahraða

LÖGREGLUMÁL Andlega vanheill maður á þrítugsaldri, sem strokið hafði af geðdeild Landspítalans á Kleppi, fór inn á svæði Samskipa í Sundahöfn á fimmtudagskvöld, tók tíu hjóla Man-dráttarbíl traustataki og keyrði hann allt upp í 100 kílómetra hraða eftir Sæbrautinni og Reykjanesbraut.

Hann fór ekki eftir stöðvunarmerkjum lögreglu og ók síendurtekið gegn rauðu ljósi eftir Sæbrautinni. Sex lögreglubílar tóku þátt í eftirförlunni. Maðurinn stöðvaði ekki bílinn fyrr en á gatnamótum Vífilstaðavegar og Reykjanesbrautar. Maðurinn var fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu og síðar færður aftur á geðdeild LSH.

Fíkniefnamál í fyrradag: Fimm teknir með fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Fimm fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag. Ætluð fíkniefni fundust í fórum tveggja karlmannna á þrítugsaldri sem lögreglan stöðvaði með skömmu millibili í Breiðholti um kvöldmatarleytið á miðvikudag.

Nokkru síðar voru tveir piltar um tvisugt handteknir í austurhluta Reykjavíkur, grunaðir um fíkniefnamisferli.

LEIÐRÉTTING

Við vinnslu fréttar í Fréttablaðinu um afplánum Annþórs Karlssonar í Byrginu brenglaðist texti. Rétt er málsgreinin eftirfarandi: „Ákærði, Annþór Kristján, gaf skýrslu hjá lögreglu þriðjudaginn 8. apríl 2003. Er tekið fram í skýrslunni, að ákærði hafi verið handtekinn þann sama dag á Keflavíkurflugvelli, á leið úr landi, en hann hafi verið eftirlýstur af hálfu lögreglunnar í Reykjavík vegna líkamsárásar á A.“

Bandaríkin og nokkur ríki Evrópusambandsins styðja við kröfur um sjálfstæði þrátt fyrir aðvaranir um að það gæti orðið aðskilnaðarsinnur víða um heim hvarnting. Rússland, sem hefur neitunarvald í öryggisráði SP,

Fyrirverandi forstjórar olíufélaganna voru mættir í Héraðsdóm í gær þegar frávísunarkrafa var tekin fyrir:

Gagnrýndu rannsókn og yfirheyrslur

DÓMSMÁL Frávísunarkrafa núverandi og fyrirverandi forstjóra stóru olíufélaganna þriggja; Esso, Skeljungs og Olís, var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Mennirnir þrír; Geir Magnússon, Kristinn Björnsson og Einar Benediktsson, eru ákærðir fyrir stórfellt og ólöglegt samráð í tuttu og sjö liðum.

Lögmenn manna vilja meina að fjölmargir annmarkar séu á málsmeferð ákærvaldsins. Meðal þess sem þeir töldu fram því til útskýringar var að hún bryti í bága við mannréttindaáttmála Evrópu og að skjólstæðingar þeirra hefðu ekki hlotið

sanngjarna og hlutlausu rannsókn þar sem þeir hefðu ekki réttarstöðu sakbornings við yfirheyrslur. Einnig væri rannsókn lögreglu á hendur þeim að of miklu leyti byggð á úrvinnslu gagna frá Samkeppnisstofnun og því hefði verið brotið á rétti þeirra til sanngjarnar og hlutlausar málsmeferðar.

Þá telja þeir að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar hafi verið brotin með því að lögsækja einungis forstjórana en ekki aðra starfsmenn sem tóku þátt í samráðinu. Því ætti að vísa málinu frá dómi.

Sækjandi hafnaði þessum kröfum. Í málflokkningi hans kom fram að aldrei hefði reynt á það áður

hér á landi hvort að það sem ákært væri fyrir nú skilgreindist sem refsiverð háttsemi. Það væri dómstóla að ákvarða slíkt og málið þyrfti að fara til efnislegrar meðferðar til að ákvarða það.

Hann benti þó á að það hefði enga þýðingu né tilgang fyrir neinn, hvorki ákærvaldið né hina ákærðu, að halda efnislegru meðferð áfram ef það væri niðurstaða dómsins að ekki væri um refsiverða háttsemi að ræða.

FORSTJÓRAR OLÍUFÉLAGANNA FYRIR DÓMI Sakborningarnir Geir Magnússon og Kristinn Björnsson með lögmönnunum sínum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skiptar skoðanir á Kosovo-tillögum SP

Talið er að Kosovo-hérað hljóti einhvers konar sjálfstæði frá Serbíu samkvæmt tillögum Sameinuðu þjóðanna. Rússar, sem eru helstu bandamenn Serba, hafa hótad að fella allar tillögur í öryggisráðinu sem eru Serbum ekki að skapi.

STRASSBORG, AP Tillögur Sameinuðu þjóðanna um framtíð Kosovo-héraðs í Serbíu voru kynntar fyrir alþjóðlega tengslahópnum svokallaða, það er fulltrúum Bandaríkjanna, Rússlands og nokkurra Evrópuþjóða, í Vín í gær. Rússlandsstjórn, sem er helsti bandamaður Serbíu, óskaði eftir meiri tíma til að fara yfir tillögurnar. Ríki Atlantshafsbandalagsins lýstu yfir fullum stuðningi við tillögurnar og sögðu tafir á úrlausn geta kynt undir óstöðugleika á Balkanskaga.

Martti Ahtisaari, sem er fyrirverandi forseti Finnlands, hefur stjórnað samningaviðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna milli serbneska minnihlutans og albanska meirihlutans í Kosovo um framtíð héraðsins. Talið er að hann leggi til að einhvers konar sjálfstæði verði komið á í þessu tveggja milljón manna héraði sem hefur verið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1999.

Stefnt er að því að kynna tillögurnar fyrir bæði serbneskum og albönskum íbúum héraðsins þann 2. febrúar. Að því búnu verða þær lagðar fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Serbneski minnihlutinn í Kosovo vill að héraðið tilheyri áfram Serbíu en albanski meirihlutinn, sem er um 90 prósent íbúa, vill stefna að sjálfstæði héraðsins.

Bandaríkin og nokkur ríki Evrópusambandsins styðja við kröfur um sjálfstæði þrátt fyrir aðvaranir um að það gæti orðið aðskilnaðarsinnur víða um heim hvarnting. Rússland, sem hefur neitunarvald í öryggisráði SP,

Sjálfstæðisáætlun Kosovo

Tillaga samningamanns Sameinuðu þjóðanna, Martti Ahtisaari, myndi færa héraðið, þar sem Albanir eru í meirihluta, á braut til sjálfstæðis undan yfirráðum Serbíu, en um leið tryggja Serbum í héraðinu umtalsverða sjálfstjórn. Serbia gengur hart eftir því að héraðið heyrir áfram undir stjórnina í Belgrad.

KOSOVO Íbúafj.: 1.9m (2002)

Þjóðarbrot:
 Serbar 7%,
 80.000 eftir,
 200.000 brottfluttir síðan 1999
 Aðrir 5%

Albanir 88%

Lykilatriði áætlunar SP

- ▶ Kosovo hafi rétt til að gangast undir alþjóðlegar samþykktir og sækja um aðild að alþjóðlegum samtökum og stofnunum á borð við SP, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.
- ▶ Kosovo taki yfir hluta af efnahagslegum eignum og skuldum sem áður tilheyrðu Serbíu.
- ▶ Pristina hvött til að koma á góðu sambandi við Serbíu og önnur nágrannaríki, og gefi leyfi fyrir tvöföldum ríkisborgararétt.

Varnir settar upp í kringum afmörkuð serbnesk rétttrúnaðarsvæði.

- ▶ Svæði minnihluta Serba hafi stjórn yfir staðbundinni stefnumótun, og rétt á einhverjum beinum tengslum við Belgrad. Serbia gæti fjármagnað serbnesk svæði.
- ▶ Kosovo verði undir eftirliti nefndar á vegum ESB sem hafi völd til að endurskoða lög og reka staðbundna embættismenn.

EF Rússland beitir ekki neitunarvaldi gæti ályktun SP um lokasamkomulag orðið að veruleika um mitt ár 2007 og myndi þá gera ríkjum kleift að viðurkenna nýjasta ríki Evrópu.

Heimildir: Statistical Office of Kosovo, UNMIK, OSCE Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS

hefur gefið í skyn að það muni fella allar tillögur sem Serbar sætti sig ekki við.

Sextán þúsund manna friðargæslulið NATO er nú í Kosovo. sdg@frettabladid.is gudsteinn@frettabladid.is

Grunur um kynferðisofbeldi: Gæsluvarðhald framlengt

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur framlengið í gær gæsluvarðhald yfir karlmanni á þrítugsaldri sem er grunaður um að hafa beitt fimm ára stúlku kynferðislegu ofbeldi á leikvelli í Vogahverfinu fyrr í mánuðinum. Maðurinn áreiði einnig aðrar barnungar stúlkur en ekki er talið að hann hafi snert þær. Gæsluvarðhaldið yfir manningum gildir til 9. febrúar.

Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru teknar skýrslur af stúlkunum fyrir dómi í vikunni. Eftir skýrslutökurnar þykir tilefni til að senda DNA-sýni sem tekin voru úr manningum og fimm ára stúlkunni í rannsókn til Noregs.



ÞORSKELDI Í TÁLKNAFIRÐI Allt þorskeldi hér á landi er enn á tilfrunastigi.

Uppsveifla í þorskeldi: Áframeldi gefur góða raun

FISKELDI Slátrun í þorskeldi hefur aukist um 35 prósent milli árana 2005 og 2006. Um 1.400 tonn af þorski var slátrað í fyrra. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Fiskifrétta og byggt á bráðabirgðatölu Fiskistofu.

Árið 2000 var aðeins slátrað 11 tonn en framleiðslan hefur undanfarnin tvö ár aukist um 400 tonn á ári. Aðallega er um þorski á áframeldi að ræða en 180 tonn var slátrað af þorski úr aleldi árið 2006. Alls var slátrað 1.624 tonn af eldisfiski í fyrra, að ferskfisktegundum undanskildum, af öðrum eldistegundum, sem eru lúða, sandhverfa og ýsa.

Síðustu dagar risaútsölnunnar um helgina!

AFSLÁTTUR ALLT AÐ **80%**

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Hægur vindur í fyrstu. Vaxandi sunnan átt þegar líður á síðdegis.

» mánudagur

8-13 m/s.

Í BORGinni í DAG	1°C	él	London	6°C	skýjað	Alicante	11°C	rigning
Kaupmannahöfn	9°C	skúrir	Paris	7°C	skýjað	Mallorca	11°C	rigning
Suðvestan 5-10. Úrkomulítið í fyrstu en síðan rigning og súld. Hiti 5-7 stig.	-5°C	hálfskýjað	Frankfurt	3°C	él	Algarve	11°C	skýjað
	-5°C	él	Friedrichshafen	-4°C	él	Krit	19°C	hálfskýjað
	-1°C	skýjað	Berlin	1°C	él	Las Palmas	19°C	rigning

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Pylsa og Coke á
199 kr.
(gildir lau. og sun.)

Serrano
2 fyrir 1
af Burritos
og Quesadillas
(gildir lau. og sun.)



Fríir bíómiðar á
fjölskyldumyndina
**Night at
the Museum**

í boði Vífilfells
(gilda á sýningar í kvöld
meðan bírgðir endast)

Við opnum nýja
stöð á Hringbraut í dag

Eldsneyti á 99 kr!

Bland í
poka með
52%
afslætti
(gildir lau. og sun.)

Frá kl. 10–16 í dag

Allt bakkelsi
2 fyrir 1
(gildir lau. og sun.)

Subway
2 fyrir 1
af 12" bátum*
(gildir lau. og sun.)



Í dag kl. 10 opnar ný þjónustustöð ESSO, á mótum Hringbrautar og Njarðargötu. Af því tilefni kostar lítrinn af eldsneyti, 95 okt., 98 okt. og dísel, einungis 99 kr. Tilboðið gildir frá kl. 10–16 í dag og verður allt eldsneyti afgreitt með þjónustu. Safnkortspotturinn kraumar með flottum vinningum. Fjöldi annarra frábærra tilboða alla helgina. Bæði Subway og Serrano opna um leið á sama stað. Lítið inn og skoðið nýja og glæsilega stöð ESSO í hjarta borgarinnar. Opið allan sólarhringinn **.



*Subway tilboð gildir ekki um bát mánaðarins né með öðrum tilboðum. **Ath. að Serrano og Subway eru með annan afgreiðslutíma

KJÖRKASSINN



Fylgist þú með leikjum íslenska landsliðsins á HM í handbolta?

Já 81,4%
Nei 18,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu komist á skíði í vetur?

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Stöð 2 í samvinnu við lögreglu:
Afhenda gögnin

LÖGREGLUMÁL Forráðamenn Stöðvar 2 afhentu í gær Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu gögn sem þeir höfðu undir höndum um ætlaða barnaníðinga. Gögnin sem afhent voru eru afrakstur



SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

vinnu þáttagerðarmanna Kompáss, sem lögðu tálbeitu á netinu fyrir fólk með kynferðisleg-án huga á börnum. Vinnugögn voru ekki afhent.

„Við afhentum þessi gögn af því að mennirnir sem um ræðir eru ekki heimildarmenn okkar,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2. - jss

Lög um líftækni í Noregi:

Stofnfrumurannsóknir leyfðar

NOREGUR, AP Norska stjórnin hefur lagt fram frumvarp að lagabreytingu sem mun aflætta banni af stofnfrumurannsóknum í Noregi.

Stofnfrumur hafa þann eiginleika að geta þroskast í hvaða líkamsvef sem er og því eru miklar vonir bundnar við að rannsóknir á þeim muni gera lækningar við áður ill- eða ólæknanlegum sjúkdómum mögulegar.

Samkvæmt norskum lögum um líftæknirannsóknir frá árinu 2003 er notkun frjóvgæðra mannseggja eða á stofnfrumum úr þeim til slíkra rannsókna bönnuð. Samkvæmt frumvarpinu verður hún leyfð að uppfylltum ströngum skilyrðum. - aa

Condoleezza Rice þrýstir á utanríkisráðherra aðildarlanda NATO sem sitja ráðherrafund í Brussel:

Stórefld fjárhagsaðstoð við Afganistan

BRUSSEL, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tilkynnti bandamönnunum í NATO í gær að bandarísk stjórnvöld hefðu ákveðið að verja 10,6 milljörðum dala, sem jafngildir 730 milljörðum króna, til uppbyggingar í Afganistan. Með þessum stóruaukun framlögum setur Bandaríkjastjórn þrýsting á evrópsku bandalagsþjóðirnar að leggja líka meira af mörkum. Á ráðherrafundi bandalagsins í Brussel var ákveðið að senda fleiri hermenn til átakasvæðanna í Suður- og Austur-Afganistan.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra greindi í sínu innleggi á fundinum frá fyrirætlunum íslenskra stjórnvalda um að stýðja enn frekar við endurreisnarstarf og uppbyggingu í Afganistan.

Samtals hafa ESB-ríkin 27, sem flest eru

jafnframt í NATO, heitið sem svarar um 234 milljörðum króna til verkefna í Afganistan á næstu fimm árum. Hin erlenda aðstoð á að stuðla að því að vinna fátækan almenning á band stjórnarinnar í Kabúl, byggja upp öryggissveitir hollar henni og draga úr óþíumrækt, svo nokkur helstu markmiðin séu nefnd.

Rice sagði einnig að fleiri bandarískir hermenn kynnu að verða sendir til Afganistans, en um þriðjungur þeirra rúmlega 33 þúsund NATO-hermanna sem í landinu eru koma úr Bandaríkjaher. Forsvarsmenn NATO-herliðsins í Afganistan, ISAF, búast fastlega við því að uppreisnarmenn talibana muni reyna að efna til tvíflödra ára á í vor. - aa

RICE Í BRUSSEL Brýnir NATO-þjóðir að láta ekki deigan síga í Afganistan. MYND/AP



GUDJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON OG JÓN MAGNÚSSON Innganga Nýs afls í Frjálslynda flokkinn hefur gengið vonum fram, miðað við fylgisaukningu og fjölgun flokksmanna. Ekki eru þó allir frjálslyndir sáttir og er Jón Magnússon sagður hafa þingflokk Frjálslyndra í vasanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR



SVENN ADALSTEINSSON

Frjálslyndum fjölgar um fimmtung á dag

Stefnir í fjandsamlega yfirtöku Nýs afls, segir Margrét Sverrisdóttir. Keppin autur hennar og formaður hafi auglýst fyrir 200.000 krónur í Útvarpi Sögu á kostnað flokksins. Fyrrum kosningastjóri flokksins segir leikið með forystuna.

STJÓRNMÁL Í Frjálslynda flokkinn hafa bæst mörg hundruð manna síðustu daga. Í gærdag voru til að mynda 1.700 félagar skráðir en voru daginn áður 1.400, samkvæmt upplýsingum núverandi framkvæmdastjóra, Magnúsar Reynis Guðmundssonar. Magnús segir félagafjöldi hafa tvöfaldast á hálfu ári og þessi fjölgun milli daga sé mjög eðlileg, því málefni flokksins hafi verið áberandi.

Margrét Sverrisdóttir segir allt stefna í fjandsamlega yfirtöku Nýs afls á Frjálslynda flokknum. „Maður hefur frétt af þessum mönnum hringjandi út um allt land að hvetja fólk til að kjósa, svo fremi sem það kjósi ekki mig,“ segir Margrét og bætir við að vegna gífurlegrar smölunar sé hún ekki ýkja bjartsýn á útkomu varaformannskosningarinnar.

Líðsmenn Nýs afls hafa verið

dugmiklir að gagnrýna Margréti í Útvarpi Sögu síðustu mánuði. Margrét segir að ef til vill sé yfirtaka þeirra ekki á allan hátt fjandsamleg, þegar litið sé til þess að formaður og varaformaður hafi auglýst á Sögu fyrir tvö hundruð þúsund krónur síðustu daga.

„Guðjón og Magnús virðast því leggja blessun sína yfir málflutninginn þar,“ segir Margrét og bendir á flokkurinn sjálfur greiði þessar auglýsingar. „Það vekur nú upp spurningar um jafnræði framþjóðenda í varaformannsembætti en ég ætla ekkert að gera mál úr því,“ segir hún.

Sveinn Adalsteinsson, sem var kosningastjóri flokksins í borgarstjórnarkosningunum, sagði sig úr flokknum í fyrradag. Sveinn telur litla alvörupólitík stundaða í flokknum eftir innkomu Nýs afls. Allt snúist um að ná völdum í

flokknum og að koma Margréti frá.

Sveini finnst ljótt að sjá að hver sem er sé velkominn inn af götunni til að kjósa um æðstu embætti í flokknum. „Þetta fólk representar alls ekki þá sem hafa kosið flokkinn í gegnum tíðina.“

Sveinn líkir landsþinginu við skákmót þar sem enginn kunnir mannganginn. „Nema Jón Magnússon, hann er sá eini sem kann mannganginn og hann leikur sér með þingflokkinn eins og köttur að músum. Sverrir Hermannsson er gamall pólitískur refur og kann vel að tefla. Enda hafnaði hann þessum mönnum. Því miður hefur hans ráðum í engu verið fylgt í þessum átökum.“

Magnús Reynir segir eftirsjá að Sveini. Hann sé einn af einungis þremur sem hafi sagt sig úr flokknum síðustu þrjú mánuði.

klemens@frettabladid.is



Mikil aflaukning smábáta:

1465 lestir hjá Sirrý ÍS-84

SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli smábáta hefur aukist um 50 prósent á tíu árum. Á árinu 1997 veiddu smábátar alls tæplega 50 þúsund lestir en 75 þúsund lestir árið 2006. Þetta sýna bráðabirgðatölur Fiskistofu og kemur fram í nýjasta tölublaði Fiskirétta.

Meðalafla á hvern bát hefur aukist úr 60 lestum í 120 á sama tímabili. Hlutfallsaukningin í heildarafli botnfisks er mest í ýsu, úr 8,2 prósentum árið 1997 í 23,7 prósent árið 2006. Einstakir bátar auka líka hlutdeild sína mikið því árið 1997 var Óli Bjarnason EA aflahæstur með 432 lestir en í fyrra var Sirrý ÍS aflahæsti báturinn með 1.462 lestir. - shá

Maðurinn sem lenti í snjóflóði:

Verður vakinn á næstu dögum

SLYS Maðurinn sem varð undir snjóflóði í Hráppstaðaskáli í Hlíðarfjalli síðastliðinn sunnudag verður vakinn á næstu dögum. Líðan hans er að mestu leyti óbreytt og er honum enn haldið sofandi í öndunarvél.

Vakthafandi læknir á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri segir að skaði vegna súrefnisskorts hafi ekki enn verið greindur en það komi betur í ljós þegar hann verður vakinn.

Maðurinn var í vélsleðaferð með félögum sínum þegar flóði féll. Hann var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús. - sþs



Range Rover Supercharged

Nýskráður 11.2006 (árg. 2007, nýji bíllinn)
Sjálfskiptur 6 þrepa, loftkæling, leðurklædd sæti, leiðsögukerfi, Bluetooth, dökkr rúður, hraðastillir, rafdrifin sæti, DVD afþreyingarkerfi, Harmon Kardon hljóðkerfi, 20" álfelgur, sóllúga, loftþúðafjöðrun, 6 diska CD, o.m.fl.

Benni

Verð kr. 14.950.000,-

Notaðir bílar - Bildshöfða 10 s. 587 1000 - www.benni.is

Könnun á viðhorfi 1.500 Hafnfirðinga til stækkunar álversins í Straumsvík:

Tæp 60 prósent kvenna vilja ekki að álverið verði stækkað

STÓRIÐIA Tæp 44 prósent kvenna í Hafnarfirði eru mjög andvíg stækkun álversins í Straumsvík og rúm 14 prósent frekar andvíg. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði á meðal 1.500 Hafnfirðinga um viðhorf þeirra til fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík. Helmingur þeirra býr í hverfum nálægt álverinu: Ásvöllum, Áslandi og Holti. Svarhlutfall í könnuninni var rúm 56 prósent.

Í könnuninni kemur fram að 51,5 prósent svarenda eru andvíg stækkun. Fólk á aldrinum 55 til 70 ára er hlynntast stækkuninni: 46,7 prósent.

Yngst aldurshópurinn, fólk á aldrinum 18 til 24 ára, er hvað minnst á móti stækkuninni: 38 prósent, en er einnig stærsti hópurinn sem ekki hefur gert

ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK Tæp 58 prósent kvenna í Hafnarfirði eru á móti stækkun álversins í Straumsvík. Háskólagengið lágtekjufólk er sá hópur sem er hvað mest á móti stækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



upp hug sinn: 16,3 prósent.

57,4 prósent fólks sem er með lægri tekjur en 250 þúsund, og tæp 62 prósent af háskólagengnu fólki, er á móti stækkun. Fólk með tekjur á bilinu 400 til 549 þúsund er hvað hlynntast stækkuninni, 47 prósent, og einnig fólk sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi, tæp 57 prósent.

Niðurstaðan í könnuninni er því sú að því meiri menntun sem

fólk hefur, þeim mun líklegri er að það sé á móti stækkun, og því hærri tekjur sem fólk hefur, þeim mun líklegri er að það sé hlynnt stækkun.

Einnig var spurt hvort fólk hygðist taka þátt í íbúakosningu um stækkun álversins og sögðu tæp níutíu prósent að líklega ætluðu þeir að gera það. Atkvæðagreiðslan fer fram hinn 31. mars. - ifv

Verðhrun!

á húsgögnum

Fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 95% afsláttur af húsgögnum

Svefnsofi	14.995 kr.	29.990 kr.	50%
Svefnsofi með púðum	17.495 kr.	34.990 kr.	50%
Stóll með snúningi	22.495 kr.	56.000 kr.	60%
Relax sófasett 3+1+1	144.950 kr.	289.900 kr.	50%
Relax sófi 3ja sæta	84.950 kr.	169.900 kr.	50%
Relax sófi 2ja sæta	82.450 kr.	164.900 kr.	50%
Relax stóll	42.450 kr.	84.900 kr.	50%
Rúm 90x200	25.740 kr.	42.900 kr.	40%
Rúm 120x200	32.940 kr.	54.900 kr.	40%
Rúm 150x200	40.140 kr.	66.900 kr.	40%
Hornsófasett kommóða	86.400 kr.	144.000 kr.	40%
Meubar borðstofuborð	13.600 kr.	40.000 kr.	66%
Sea borðstofuborð	19.996 kr.	49.990 kr.	60%
Skinntlæddur skenkur	27.960 kr.	69.990 kr.	60%
Spegill úr rauðu leðri	5.990 kr.	109.990 kr.	95%
	1.990 kr.	19.990 kr.	90%



Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.

Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir höfuðborg Eistlands?
2. Hvað heitir Ofur-Hugi fullu nafni?
3. Hvað heitir færeyski keppandinn í X-factor?

SVÖRIN ERU Á Síðu 70

Settur yfir Baugsrannsókn: Tekur við af ríkislögreglustjóra

LÖGREGLUMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti í gær Rúnar Guðjónsson, sýslumann í Reykjavík, í starf ríkislögreglustjóra við rannsókn á meintum skattalagabrotum fimm manna tengdum Baugi. Skipunin kemur í kjölfar þess að Hæstiréttur komst síðastliðinn þriðjudag að þeirri niðurstöðu að Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri skyldi víkja sæti við rannsókn málsins.



RÚNAR GUÐJÓNSSON

„Þetta er bara eins og hvert annað verkefni,“ sagði Rúnar, en hann vildi í gær ekki ræða frekar nýja starfið. Haraldur hefur sett mikilli gagnrýni sakborninga í Baugsmálinu.

- bj



NÚLLIÐ Bæði kynin nota kvennasalernið því lokað er karlamegin. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Nýr staður fyrir Núlíð:

Salernin í nýja Tónlistarhöll

SKIPULAGSMÁL Almenningsalerni sem leysir af aðstöðuna í Núlínu í Bankastræti gæti verið fundinn staður við þann enda fyrirhugaðs tónlistarhúss sem næst yrði Lækjartorgi. Fleiri staðsetningar eru einnig til skoðunar.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur framtíð Núlíns verið óviss eftir að „svört skýrsla“ þar sem aðstaðan fékk „falleinkunn“ var lögð fyrir framkvæmdasvið borgarinnar. Meðal annars eru öryggismál þar vandleyst og aðgengi fyrir fatlaða afar slæmt enda um þröngar og brattar tröppur að fara. Fimm „sjálfvirk“ almenningissalerni á vegum einkafyrirtækisins AFA eru nú í miðborginni.

- gar

Lögmaður fjármálaráðuneytis telur frávísunarkröfuna form- og efnislega gallaða:

Kröfum Ragnars var hafnað

ÞJÓÐLENDUMÁL Fjármálaráðuneytið hafnaði kröfum Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttardómara um frávísun í málum nokkurra umbjóðenda hans í hópi landeigenda á austanverðu Norðurlandi. Árni Mathiesen fjármálaráðherra hafði sett fram kröfur fyrir hönd ríkisins um að hlutar jarða landeigendanna yrðu gerðar að þjóðlendum. Þetta kemur fram í svarbréfi Andra Árnasonar, hæstaréttarlögmanns og lögmanns fjármálaráðuneytisins, sem hann sendi óbyggðanefnd hinn 23. janúar.

Andri segir að kröfum Ragnars hafi verið hafnað vegna formlegra



RAGNAR AÐALSTEINSSON

og efnislega atriða, en í bréfi Ragnars kom fram að kröfugerð fjármálaráðherra samræmdest ekki þjóðlendulögum og kynni að vera brot á almennum hegningarlögum. Í bréfi Andra segir að hafna beri kröfunum því Ragnar taki ekki fram hvaða jarðir hann eigi við þegar hann krefjist frá-

vísunar. Þess vegna sé ekki hægt að túlka frávísunarkröfuna á annan hátt en að hann fari fram á að öllum þjóðlendukröfum ríkisins á austanverðu Norðurlandi verði vísað frá. Andri segir að þetta brjóti gegn einni af meginreglum íslensks stjórnslurétts.

Ragnar Aðalsteinsson segist biða eftir svari óbyggðanefndar við frávísunarkröfunum, því hún muni kveða upp endanlegan úrskurð um frávísunarkröfuna í næstu viku. Hann segir að ef nefndin hafni kröfunni muni hann huga, í samráði við umbjóðendur sína, að fá úrskurðinum hnekkt fyrir dómi.

- ifv

Skaðabótamál Baugs Group:

Ekkert þak á upphæð bóta

DÓMSMÁL Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Baugur Group muni fara í skaðabótamál við íslenska ríkið vegna áhrifa Baugsmálsins svokallaða á fyrirtækið.

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður segir að hann hafi verið beðinn um að kanna grundvöll málshöfundar eftir húsleitina hjá Baugi í ágúst 2002, en ákveðið hafi verið að biða með slíka kröfugerð þar til eftir að endanlegur dómur hafi fallið.

Hákon segir talað um kröfur upp á hundruð milljóna eða jafnvel milljarða. Ekkert þak sé á slíkum kröfum samkvæmt lögum.

- bj

Endurákæra í Baugsmálinu fyrir héraðsdóm í febrúar

Nú þegar því sem eftir stóð af upphaflega Baugsmálinu er lokið með sýknudómi beinist athyglin að þeirri ákæru sem eftir standur. Þar eru þrír menn ákærðir fyrir meðal annars fjárdrátt, brot á hlutafélagalögum og bókhaldsbrot. Allt stefnir í maraþonréttarhöld í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar og fram til mars.

DÓMSMÁL Þótt upphaflegar ákæru í Baugsmálinu séu til lykta leiddar er Baugsmálið ekki búíð. Eftir standa endurákæru sem settur ríkissaksóknari gaf út í lok mars 2006 í kjölfar frávísunar Hæstaréttar á 32 af 40 ákæruliðum í upphaflega málinu.

Ákærðu í málinu eru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, og Jón Gerald Sullenberger, forstjóri Nordica Inc. í Bandaríkjunum. Upphafleg endurákæra var í 19 liðum, en fyrsta ákæruliðnum var vísað frá dómi í júlí 2006, svo eftir standa liðir 2-19. Aðalmeðferð í málinu mun hefjast í Héraðsdómi Reykjavíkur 12. febrúar næstkomandi.

Skipta má ákærinni í fimm hluta eftir ákærufnum. Í þeim fyrsta er einungis ákæruliður 1, sem hefur verið vísað frá dómi. Í honum var Jón Ásgeir ákærður vegna kaupa Baugs á 10-11 verslanakeðjunni.

Í öðrum hlutanum eru ákæruliðir 2 til 9, þar sem Jón Ásgeir er einn ákærður fyrir brot gegn hlutafélagalögum vegna ólög-mætra lánveitinga. Ákært er vegna lána að upphæð samtals um 471 milljón króna til fjárfestingarfélagsins Gaums – sem er fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs, Fjárfars – sem var í umsjá Jóns Ásgeirs, og Kristínar Jóhannesdóttur – systur Jóns Ásgeirs.

Þriðji hluti ákærinnar, ákæruliðir 10 til 16, snúa að meiriháttar bókhaldsbrotum. Þar er Jón Ásgeir ákærður vegna sjö tilvika þar sem hann er sakaður um að hafa rang-



DÓMSUPPKVADNING Kastljós fjölmiðlanna beindist að lögmönnum ákærðu þegar þeir skoðuðu niðurstöðu Hæstaréttar á fimmtudag. Á næstunni mun það svo beinast að því sem eftir lifir af Baugsmálinu, sem verður tekið til efnis meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar. Reiknað er með að tæplega 100 vitni verði leidd fyrir dóm í þessu umfangsmikla máli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fært bókhald Baugs á árunum 2000-2001 með tilhæfalausum færslum sem höfðu áhrif á afkomutölur Baugs, og þar með skapa ranghugmyndir um hag félagsins, sem þá var skráð á markað. Tryggvi Jónsson er ákærður fyrir sömu sakir í sex tilvikum. Að lokum er Jón Gerald ákærður í einum ákæruliði fyrir að aðstoða Jón Ásgeir og Tryggva við brot þeirra.

Fjórði hluti ákærinnar er ákæruliður 17, en hann snýr að Jóni Ásgeiri og Tryggva. Þeir eru ákærðir fyrir bókhaldsbrot með því að láta líta svo út í bókhaldi

Baugi að seld hafi verið úr félaginu hlutabréf félagsins með bókfært verð tæplega 331 milljón króna, sem í raun hafi verið flutt á fjárvörslureikning í eigu Baugs í Lúxemborg. Fjárvörslureikningurinn var meðal annars notaður til að efna kaupréttarsamninga við æðstu stjórnendur Baugs. Í ákæru segir að í bókhaldi Baugs hafi Kaupþing verið sagt kaupandi.

Fimmti og síðasti hlutinn er jafnframt sá alvarlegasti, en þar er Tryggvi ákærður fyrir fjárdrátt í ákæruliðum 18 og 19, en Jón Ásgeir ákærður fyrir fjárdrátt í lið 18.

Báðir eru ákærðir fyrir fjár-

drátt með því að hafa dregið fé úr Baugi til fjárfestingafélagsins Gaums, samtals rúmar 32,2 milljónir króna, til að greiða kostnað við eignarhlut og rekstur skemmtibátsins Thee Viking í Flórída í Bandaríkjunum.

Tryggvi er einnig ákærður fyrir fjárdrátt með því að hafa látið Baug greiða einkaútgjöld sín sem hann stofnaði til með greiðslukorti, samtals 1,3 milljónir króna. Fyrir þær keypti hann meðal annars sláttuvél, og verslaði í tónlistar- og tiskuvörverslunum og á veitingastöðum, að því er segir í ákæru.

bjrann@frettabladid.is

Ákærðir nú:



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESON forstjóri Baugs Group hf.

Ákærður fyrir:

- Brot gegn hlutafélagalögum vegna lánveitinga (ákæruliðir 2-9).
- Meiri háttar bókhaldsbrot til að skapa ranghugmyndir um hag Baugs (ákæruliðir 10-16).



TRYGGVI JÓNSSON fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs hf.

- Meiri háttar bókhaldsbrot við sölu á hlutabréfum (ákæruliður 17).

- Fjárdrátt úr Baugi til að fjármagna eignarhlut og rekstur skemmtibátsins Thee Viking (ákæruliður 18).

Ákærður fyrir:

- Meiri háttar bókhaldsbrot til að skapa ranghugmyndir um hag Baugs (ákæruliður 11-16).
- Meiri háttar bókhaldsbrot við sölu á hlutabréfum (ákæruliður 17).

- Fjárdrátt úr Baugi til að fjármagna eignarhlut og rekstur skemmtibátsins Thee Viking (ákæruliður 18).

- Fjárdrátt úr Baugi með því að láta fyrirtækið greiða persónuleg útgjöld (ákæruliður 19).



JÓN GERALD SULLENBERGER framkvæmdastjóri Nordica Inc.

Ákærður fyrir:

- Meiri háttar bókhaldsbrot með því að gefa út tilhæfalausar reikning til að aðstoða Jón Ásgeir og Tryggva við að rangfæra bókhald Baugs (ákæruliður 15).

- gar

15% handbolta-afsláttur til 5. febrúar

Fataskápar fyrir fötin þín, tilsniðir eftir máli án aukakostnaðar.

Opið laugardag

Rýmingarsala

INNAL

www.innval.is

Hamraborg 1 Kópavogi s: 554 4011



Könnun Frjálsrar verslunar á fylgi stjórnmalaflokka:

VG næststærstur

STJÓRNMAL Vinstri græn hafa nú næstmest fylgi allra stjórnmalaflokka samkvæmt nýrri könnun tímaritsins Frjálsrar verslunar. Stjórnarflokkarnir halda meirihluta á Alþingi. Svarhlutfall var 57 prósent. 570 voru spurðir.

Sjálfstæðisflokkur fær langmest fylgi eða 38,8 prósent. Næstir koma Vinstri grænir með 20,5 pró-

sentu fylgi. Þar á eftir mælist Samfylkingin með 18,5 prósent. Framsóknarflokkurinn með 11,1 prósent og Frjálslyndi flokkurinn með 9,4 prósent. Samkvæmt þessu fengi Sjálfstæðisflokkur 25 þingmenn og Framsóknarflokkurinn 7 menn. Vinstri græn fengu 13 þingmenn, Samfylking 12 og Frjálslyndi flokkurinn 6 menn.

- gar

KOMINN
AFTUR!



SSANGYONG

KYRON

FULLVAXINN LÚXUSJEPPI

Á FRÁBÆRU VERÐI!



KYRON
X-TRANSITION



TURBO DIESEL INTERCOOLER

141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskíptur



Glæsileg, þægileg innrétting




Byggður á grind og með hátt og lágt drif

SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.

Komdu, skoðuðu og prófaðu KYRON,
því stuttur reynsluakstur segir
meira en mörg orð.



Umboðsaðilar:

Bílasalan ÓS, Akureyri - s 462 1430
Bílhorni hjá Sissa, Keflavík - s 420 3300
Bílasala Austurlands, Egilsstaðir - s 471 3005

Bílabúð
Benni

Tangarhöfða 8-12

s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is



FUGLABRÚDKAUP Fimm ára leikskóla-börn í Crostwitz, austast í Pýskalandi, hafa klætt sig upp að fornum sið Sorba, sem á hverju ári halda upp á svonefnt fuglabrúðkaup. Þjóðsaga Sorba segir að börn sem gefa fuglum á veturna fái að launum sælgæti frá fuglum.

MYND/AP

Unnið að japanskri heimildamynd um fjöldamorðin í Nanking árið 1937:

Blóðbaðið sagt vera áróður

JAPAN, AP Flestir sagnfræðingar eru sammála um að þegar Japanir hertóku borgina Nanking í Kína árið 1937 hafi japanskir hermenn drepið tugþúsundir óbreyttra borgara þar í blóðbaði sem eittrað hefur samskipti Japana og Kínverja æ síðan.

En nú hefur japanskur kvikmyndagerðarmaður boðað að hann sé að vinna að heimildamynd með gerólíkum boðskap: að fjöldamorðið hafi aldrei átt sér stað.

Myndin, sem bera mun titilinn „Sannleikurinn um Nanking“ og til stendur að frumsýna í ágúst, verður byggð á viðtölum við japanska uppgjafarhermenn, samtíma-

myndefni og skjölum sem aðstandendur hennar segja að sanni að frásagnir af hinum meintu fjöldamorðum hafi aldrei verið annað en kínverskur áróður.

„Þetta verður fyrsta tilraun okkar til að leiðrétta söguna með kvikmynd,“ sagði aðalhöfundur myndarinnar, Satoru Mizushima, á blaðamannafundi sem hann hélt í Tókýó ásamt nokkrum þing- og fræðimönnum af hægri væng japanskra stjórnmála.

- aa

SATORU MIZUSHIMA Japanski kvikmyndagerðarmaðurinn kynnir myndina á blaðamannafundi í Tókýó. MYND/AP



Glitnir greiðir aðgang:

Menning eflað með samstarfi

MENNING Menningarsjóður Glitnis, Hafnarborg og Byggðasafn Hafnarfjarðar undirrituðu í gær samstarfssamning sem felur í sér að boðinn verður ókeypis aðgangur að sýningum í Hafnarborg og Byggðasafni Hafnarfjarðar á þessu ári.

Auk þess að auðvelda almennungi að njóta þess sem söfnin hafa upp á að bjóða verður stuðlað að auknu samstarfi safnanna og skóla í Hafnarfirði.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, undirritaði samninginn fyrir hönd Hafnarborgar og Byggðasafns Hafnarfjarðar og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis, fyrir hönd bankans.

Landsbankinn styrkir Listasafn Reykjavíkur með svipuðum hætti svo gestir þurfa ekki að greiða aðgangseyri.

- shá

Framkvæmd ríkisins á þjóðlendulögunum hefur verið gagnrýnd á mörgum vígstöðvum síðustu daga:

Segir kröfur ríkisins ekki harkalegar

ÞJÓÐLENDUMÁL Árni Mathiesen fjármálaráðherra hafnar því að ríkið hafi gengið of harkalega fram í kröfugerð sinni um þjóðlendur. Hann segir að sönnunarbyrðin um réttmæti krafanna sé hjá óbyggðanefnd og dómstólum en ekki hjá ríkinu. „Krafa ríkisins er einungis rannsóknarkrafa, hún er ekki endanleg.“

Aðferðafræðin í kröfugerðarlýsingu ríkisins hefur verið gagnrýnd síðustu daga. Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, og Jón Kristjánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, héldu því fram á Alþingi á fimmtudaginn að þjóðlendukröfur ríkisins væru of miklar. Hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Aðalsteinsson og Ólafur Björnsson, sem eru lögmenn landeigenda, hafa haldið því fram það sé ríkisins að rökstyðja eignarrétt sinn á tilteknum jörðum með gögnum þegar það setji kröfurnar fram. Landssamtök landeigenda samþykktu yfirlýsingu á stofnfundi sínum á fimmtudaginn þar sem þess var krafist að þjóðlendulögun-



ÁRNI MATHIESEN Hafnar því að ríkið hafi gengið of harkalega fram í kröfugerð sinni um þjóðlendur.

um yrði breytt þannig að ríkisvaldið gerði ekki kröfur um að jarðir með athugasemdalusum þinglýstum landamerkjabréfum yrðu gerðar að þjóðlendum.

Árni segir að þjóðlendulögunum verði ekki breytt, en að hann hafi boðað breytingar á kröfugerðarlýsingu til að koma til móts við þá gagnrýni sem sett hafi verið fram. „Ég leitast við að gera breytingar á verklaginu þannig að ríkið setji ekki fram kröfur fyrr en rannsókn óbyggðanefndar hefur hafist og þar af leiðandi muni þinglýsingarnar ekki hvíla á jörðunum eins lengi. Með þessu verður minna um þinglýsingar á óvissum kröfum,“ segir Árni og bætir því við að kröfurnar verði betur rökstuddar á þennan hátt. Hann segist vilja forðast að íþyngja landeigendum að öþörfu.

Guðný Sverrisdóttir, formaður Landssamtaka landeigenda, segir að stjórn samtakanna muni funda með fjármálaráðherra í næstu viku og krefjast þess að þjóðlendulögunum verði breytt.

- ifv

vildarborn

UMSÓKNIR UM FERÐASTYRKI VILDARBARNA ICELANDAIR

STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6-16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert yfir 100 börnum og fjölskyldum þeirra kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð. Landsbankinn annast fjárhald sjóðsins. Verndari Vildarbarna er Vigdís Finnbogadóttir.

Umsóknarfersturinn er til 1. mars 2007.

Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta 19. apríl 2007.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is



Tekjur Nokia árið 2006:

Hærrí en tekjur finnska ríkisins

BLOOMBERG Tekjur finnska farsímaframleiðandans Nokia árið 2006 voru hærrí en tekjur finnska ríkisins. Þetta kom fram á fréttavef Bloombergs í gær. Sölutekjur Nokia á síðasta ári voru 41,1 milljarður evra eða um 3.700 milljarðar íslenskra króna en tekjur finnska ríkisins voru 39,6 milljarðar evra, eða um 3.567 milljarðar.

Nokia birti í gær tölur yfir tekjur fyrirtækisins á síðasta fjórðungi ársins 2006, sem voru meiri en væntingar fjárfesta, og hækkuðu hlutabréf í fyrirtækinu um fimm prósent í kjölfarið.



PLAYSTATION 3 Tölvun hefur selst í yfir tveimur milljónum eintaka síðan hún kom út í Bandaríkjunum og Japan.

Löng bið brátt á enda:

Playstation 3 kemur 23. mars

TÖLVULEIKIR Tæknifyrirtækið Sony tilkynnti á dögunum útgáfudag leikjätölvunnar Playstation 3 í Evrópu. Hún kemur út hinn 23. mars og mun kosta 599 evrur eða sem samsvarar um 53 þúsund krónum. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Tölvun kom út í Bandaríkjunum og Japan í nóvember, en vandamál við fjölðaframleiðslu ollu því að útgáfu hennar í Evrópu var seinkað. Nú sér fyrir endann á þeirri bið Evrópubúa.

Forveri tölvunnar, Playstation 2, er vinsælasta leikjätölva í heimi. Yfir hundrað milljónir slíkra tölva hafa verið seldar.

- sps

Kárahnjúkavirkjun:

Viðbragðstími 90 mínútur

VIRKJANAMÁL Í nýrri rýmingaráætlun vegna hugsanlegs stíflurofs Háslóns Kárahnjúka-virkjunar er gert ráð fyrir að 150 þúsund rúmmetra flóð myndi ná efstu bæjum á skilgreindu áhættusvæði á minnst tveimur klukkustundum. Þetta gefur 90 mínútna viðbragðstíma. Þetta kom fram á borgarafundi í Brúarási í Jökulsárhlíð í fyrrakvöld.

Fram kom á fundinum að rýmingaráætlun væri þegar fyrirbyggjandi. Almannaþingardeild ríkislögreglustjóra hefur falið yfirvöldum á héraði að vinna sérstaka rýmingaráætlun. - shá

Vísindamaður gagnrýndur fyrir rannsóknir á samkynhneigð hrúta:

Segir gagnrýnina misskilning

VÍSINDI Bandarískur vísindamaður, Charles Roselli, hefur mætt harðri gagnrýni fyrir rannsóknir sínar á samkynhneigð hrúta. Hann er sakaður um að vera að leita leiða, með vísindin að vopni, til þess að „lækna“ samkynhneigð í mönnum.

Samkvæmt bandaríska dagblaðinu New York Times segir hann rannsóknir sínar, sem hann hefur stundað í fimm ár, hafa það markmið að kanna lífeðlisfræðilegar orsakir þess að átta prósent allra hrúta séu samkynhneigð. Hann vísar alfarið á bug öllum ásökunum um annarleg markmið. Allar fullyrðingar um að hann vilji



HRÚTUR Ekki er vitað hvort þessi hneigist til atlota við kynbræður sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„lækna“ samkynhneigð séu byggðar á tónum misskilningi. - gb

Í vetur hafa dýraverndarsamtökin PETA beint spjótum sínum mjög að rannsóknum Rosellis. Gagnrýni samtakanna hefur vakið mikla athygli, bæði meðal dýravina og mannréttindafrömuða.

Dýravinir gagnrýna hann einkum fyrir að slátra hrútum, sem Roselli viðurkennir fúslega að hafa gert í því skyni að rannsaka heila hrútanna.

Sumir gagnrýnendanna segja hins vegar rannsóknirnar opna þann möguleika að reynt verði að hafa áhrif á kynhneigð manna með læknisfræðilegu inn gripi, hvort svo sem það sé markmið Rosellis eða ekki. - gb

ADHD-samtökin fá styrk:

Veitir stuðning við fjölskyldur

SAMFÉLAGSMÁL Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhenti nýlega ADHD-samtökunum styrk úr minningarsjóði Gunnars Thoroddsen, fyrrverandi borgarstjóra og forsætisráðherra. Sjóðurinn var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarði Briem árið 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars.

Þetta er í tuttugasta og fyrsta sinn sem veitt er úr sjóðnum og hafa styrkþegar bæði verið félagasamtök og einstaklingar.

ADHD-samtökin styðja við börn og fullorðna með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir, sem og fjölskyldur þeirra. - shá



SKYLMINGAÞRÆLAR Í ÁTÖKUM Öll smáatriði þykja sérstaklega nákvæm á lágmyndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Minjar frá 1. öld fyrir Krist:

Fundust í bæli grafarræningja

RÓM, AP Lögreglan á Ítalíu hefur uppgötvað falinn geymslustað grafarræningja þar sem fundust fornar rómverskar lágmyndir úr marmara sem sýna einstaklega raunverulegar myndir af skyldingaprælum í átökum upp á líf og dauða.

Áætlað er að listaverkin séu frá 1. öld fyrir Krist og að þær hafi prýtt grafhýsi í nágrenni Rómar, sem enn á eftir að finna. Myndirnar fundust grafnar í garði við einkaheimili í 40 kílómetra fjarlægð frá Róm.

Var þessu lýst sem meiri háttar fornleifafundi og um leið áfalli fyrir ólöglega verslun með fornminni. - sdg

Leikskólar á Íslandi:

Fimmtungur án opinberrar uppeldisstefnu

MENNTUN Um fimmti hver leikskóli á landinu hefur ekki opinbera uppeldisstefnu og svipað stór hluti hefur ekki mótað eigin skólanámskrá, samkvæmt könnun sem menntamálaráðuneytið gerði í fyrra. Í vefriti menntamálaráðuneytisins segir að auk þess hafi um sjö prósent leikskóla hvorki opinbera uppeldisstefnu né eigin skólanámskrá.

Þetta er á skjön við aðalnámskrá leikskóla, þar sem segir að sérhver leikskóli eigi að gera skólanámskrá sem er í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans. Í ljósi þessa hefur ráðuneytið ákveðið að kalla eftir frekari upplýsingum. - sps

EGYPTALAND

Langt í kjarnorku

Hans Blix, fyrrverandi yfirmaður kjarnorkuvopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna, sagði í Kairó í Egyptalandi í gær að Egyptar og Jórdanar gætu ekki komið sér upp kjarnorkuvinnslu fyrr en í fyrsta lagi eftir tíu ár. Báðar þjóðir hafa lýst yfir áhuga á að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

LÖGREGLUFRETTIR

Brutust inn í leikskóla

Tveir sextán ára drengir brutust inn í leikskóla í Breiðholti aðfaranótt fimmtudags. Þeir tóku til fótanna þegar lögregla kom á staðinn, en komust ekki langt. Þýfi fannst á þeim og voru þeir látnir gista fangageymslu, grunaðir um fleiri afbrot.

Frumssýning á nýjum Nissan Navara AT38



Reynsluakstur einstakt tækifæri

Stundarbrjálaæði!

Aðeins þessa helgi!

Arctic Trucks sýnir og selur í samstarfi við Ingvar Helgason nýja breytta jeppa á **verulega lækkuðu verði**

Nissan Pathfinder AT35



Nissan Patrol AT38



Sýningarafsláttur af öllum Nissan-breytingarpökkum þessa helgi.

Útsala á jeppadekkjum og ýmsum öðrum vörum.

OPIÐ í dag frá 12-16 og á morgun sunnudag frá 13-16.

Kaffi og meðlæti í boði.



Ingvar Helgason

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.987 +1,63% Fjöldi viðskipta: 731
Velta: 17.455 milljónir

MESTA HÆKKUN

Grandi
Landsbankinn
Mosaic

+3,48%
+3,09%
+2,81%

MESTA LÆKKUN

Atlantic Petroleum
Nýherji
Eimskipafélagið

-0,74%
-0,64%
-0,30%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 4,41 +0,00% ... Actavis 70,60 +0,57% ... Alfesca 4,92 +0,82% ... Atlantic Petroleum 540,00 -0,74% ... Atorka 6,54 +0,31% ... Bakkavör 66,40 +2,15% ... Eimskipafélagið 32,90 -0,30% ... FL Group 29,10 +1,04% ... Glitnir 25,20 +0,80% ... Kaupþing 930,00 +1,64% ... Landsbankinn 30,00 +3,09% ... Marel 74,30 +0,41% ... Mosaic Fashions 14,65 +2,81% ... Straumur-Burðarás 18,40 +2,22% ... Össur 112,50 +0,45%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Nýir menn í stjórn

Viðskiptaráð áfrýjunarréttar í Amsterdam í Hollandi hefur skipað þrjú nýja menn í stjórn Stork N.V. fyrirtækjasamstæðunnar í kjölfar deilna stjórnarinnar við stærstu hluthafa. Eftir breytinguna verða átta í stjórn í stað fimm og hafa nýju mennirnir úrslitavald í stefnumarkandi ákvörðunum. Stork lofar aðstoð sinni við að koma nýjum stjórnarmönnum í starfið. Þá segist Stork ætla að aðstoða eftir mætti tvo rannsóknarmenn sem rétturinn hefur falið að kanna á sex mánuðum vinnubrögð stjórnarinnar og ákvarðanir í tengslum við deiluna við hluthafa.



Hafa auga með Storki

Málið þykir óþægilegt og ljóst að í Hollandi vilja menn fá það út af borðinu sem fyrst. Þannig var í upphafi talað um að ljúka rannsókninni á átta mánuðum, en tíminn er nú stuttur. Rannsakendurnir eru sagðir þungavigtarmenn í hollensku viðskiptalífi, annars vegar Leendert van den Blink, sem er lögfræðingur með viðtæka reynslu úr stjórnsetu og atvinnulífi, og hins vegar Lou Traas, heidursprófessor við Amsterdamháskóla sem hefur viðtæka reynslu af stjórnsetu og hefur áður sinnt viðlíka verkefnum fyrir réttinn.

MARKAÐSPUNKTAR ...

Kreditkort hefur tilkynnt þá ákvörðun sína að færa kortaútgáfu félagsins yfir í dótturfélag. Starfsemi Kreditkorts verður í framtíðinni miðuð að færslu-hirðingu og þjónustu við útgjendur korta.

Úrvalsvísitalan nálgast nú hraðbyri sjö þúsund stigum. Hún náði 6.987 stigum í gær, sem er hennar hæsta gildi hingað til. Þetta var í annað sinn í þessari viku sem metið var slegið.

Velta í OMX-kauphöllinni sló öll fyrri met í fyrradag. Hún nam 8.395 milljónum evra, eða 760 milljörðum króna. Fyrra metið, frá því í apríl í fyrra, var 7.957 milljónir evra, um 719 milljarðar króna.

Methagnaður hjá SP-fjármögnun

Hagnaðureignarleigufyrirtækisins SP-Fjármögnun nam tæpum 803 milljónum króna árið 2006, sem er 67 prósentu aukning frá fyrra ári. Þetta er besti árangur í sögu félagsins. Hreinar vaxtatekjur voru 1.365 milljónir króna og hækkuðu um helming á milli ára.

Heildareignir SP-Fjármögnunar voru um 38,5 milljarðar

króna í árslok og jukust um 72 prósent, einkum vegna aukinna útlána til viðskiptavina. Vanskil voru 314 milljónir króna í árslok, sem eru aðeins 0,85 prósent af heildarútlánum.

Landsbankinn á rúman helmingshlut í félaginu, SPV á tæp 32 prósent en auk þess koma þrettán aðrir hluthafar að félaginu.

- epa

Fram úr björtustu vonum

Landsbankinn hagnaðist um fjórtán milljarða á síðasta ársfjórðungi. Tekjur utanlands eru í fyrsta skipti orðnar meiri en innanlands. Hreinar rekstrartekjur hækkuðu um 47 prósent á milli ára og innlán tvöfölduðust.

Landsbankinn hagnaðist um 40,2 milljarða króna árið 2006, þar af um 14,1 milljarðar á fjórða ársfjórðungi. Þetta er methagnaður en árið 2005 skilaði bankinn 25 milljarða hagnaði. Arðsemi eigin fjár eftir skatta nam 36,3 prósentum á árinu.

Ekki verður annað sagt en að uppgjör Landsbankans sé gott veganesti inn í uppgjörstímabilið því að afkoman er langt umfram væntingar greiningardeilda, sem höfðu spáð fyrir um rúmlega 7,2 milljarða meðaltalshagnað á síðasta ársfjórðungi.

Hlutabréf Landsbankans hækkuðu um rúm þrjú prósent í viðskiptum gærdagsins í yfir níu milljarða króna veltu og kostaði hluturinn 30 krónur. Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,63 prósent og endaði í tæpum sjö þúsund stigum.

Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir að stjórnendur bankans séu ánægðir með árangurinn, ekki síst í ljósi neikvæðrar umræðu um íslenska bankakerfið í fyrra. Útlitið fyrir árið 2007 er gott og bendir hann á

HAGNAÐUR LANDSBANKANS

á 4. ársfjórðungi 2006 *

Hagnaður Lí	14.053
Spá Glitnis	7.557
Spá Kaupþings	6.890
Meðaltalsspá	7.224

* Upphæðir í milljónum króna.



FRÁ KYNNINGARFUNDI LANDSBANKANS Í LUNDÚNUM Hagnaður bankans var fjórtán milljarðar króna á síðasta ársfjórðungi. Erlendar tekjur eru nú rúmur helmingur af hreinum rekstrartekjum bankans.

áð álag á skuldabréf Landsbankans og annarra bankana hafi lækkad á síðustu dögum. Var álag á fimm ára skuldabréf Landsbankans komið niður í þrjátíu punkta í gær og hefur ekki verið lægra síðan í byrjun árs 2006.

Mikill vöxtur einkennði bankann á síðasta ári og jukust grunntekjur til muna. Hreinar vaxtatekjur voru um 41,5 milljarðar króna og jukust um 80 prósent á milli ára. Hreinar þóknunartekjur námu 28,4 milljörðum sem var 70 prósentu aukning en fjárfestingatekjur voru um 19,6 milljarðar og drögust saman um tæp átta prósent.

Alls voru því hreinar rekstrartekjur ársins 89,4 milljarðar og jukust um 47 prósent á milli ára. Sigurjón bendir á að í fyrsta skipti eru tekjur Landsbankans af erlendri starfsemi orðnar meiri en af þeirri innlendu. Sú erlenda skilaði 52 prósentum af hreinum

rekstrartekjum samanborið við sautján prósent árið 2005.

Rekstrargjöld bankans jukust um 84 prósent og námu alls 38,6 milljörðum.

Eignir Landsbankans stóðu í 2.173 milljörðum króna í árslok og höfðu hækkað um tæp 55 prósent á milli ára. Eigið fé bankans var komið yfir 144 milljarða. Eiginfjárlutfall (CAD) samstæðunnar var 14,8 prósent í lok árs 2006.

Sigurjón segir að ef efnahagsreikningur bankans sé skoðaður sjáist miklar breytingar á fjármögnun bankans. „Við erum búnir að slíta af okkur bönd þeirra takmarkana sem voru sett á íslenska bankakerfið með breyttu aðgengi að fjármálamörkuðum á síðasta ári.“ Innlán jukust um 104 prósent á árinu og voru um 47,5 prósent af útlánum bankans í lok árs, samanborið við 34 prósent í mars í fyrra.

eggert@frettabladid.is

Innlán vaxa um 1,6 milljarða á dag

Viðskiptavinir Icesave orðnar 44 þúsund talsins.

Viðskiptavinir „Icesave“, sem er innlánaverkefni Landsbankans í Bretlandi, eru komnir í 44 þúsund að sögn Sigurjóns Þ. Arnasonar, bankastjóra Landsbankans. „Icesave“ er sparnaðarform sem er aðeins boðið á netinu.

Frá því að bankinn hratt verkefninu úr vör þann 10. október síðastliðin nema innlánin 1.250 milljónum punda, um 170 milljörðum króna. Þetta gerir um 1,6 milljarða króna að meðaltali á degi hverjum. Sigurjón segir að fjármögnun vegna „Icesave“ sé nýtt til að fjármagna vöxt bankans.



Hann segir jafnframt að innlánin aukist hröðum skrefum á degi hverjum því um áramótin hafi þau numið 110 milljörðum króna.

- epa



Um hvað snúast stjórnsmál?

Kynntu þér málið í Stjórnsmálaskóla Sjálfstæðisflokksins í Valhöll sem er frá 5. til 27. febrúar. Námskeiðið stendur yfir í fjórar vikur og fer fram á mánudags-, þriðjudags- og fimmtudagskvöldum.

Fyrirlestrar og umræður um

- borgarmálin
- listina að hafa áhrif
- flokksstarfið
- menntun og menningarmál
- velferðarmál
- ferða- og samgöngumál
- efnahagsmál
- umhverfismál
- utanríkismál
- sjávarútvegsmál
- landbúnaðarmál
- stjórnskipan og stjórnsýslu
- greina- og fréttaskrif
- Sjálfstæðisflokkinn
- starfshættir Alþingis

Dagskráin er á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, www.xd.is undir hnappi Stjórnsmálaskólans. Skráning og nánari upplýsingar í síma 515 1777/515 1700, einnig á netfangi disa@xd.is



Valhöll
Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
sími 515 1700
www.xd.is

Actavis undirbýr næsta yfirtökuslag



RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS Actavis hefur lýst yfir áhuga á að kaupa samheitalyfjahluta Merck KGaA.

Actavis hefur hug á að kaupa samheitalyfjahluta lyfjafyrirtækisins Merck KGaA.

Merck hefur lýst því yfir að samheitalyfjahluti þess sé til sölu. Söluverð hefur ekki verið gefið upp en í erlendum fjölmiðlum hefur upphæðin fjórir til fimm milljarðar evra verið nefnd. Það samsvarar 360 til 450 milljörðum króna. Til samanburðar greiddi bandaríski lyfjafyrirtæki Barr um 2,5 milljarða dala fyrir króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva, sem Actavis missti af í yfirtökubaráttu í fyrrahaust. Það nemur um 175 milljörðum króna.

Að sögn Róberts Wessman, for-

stjóra Actavis, hefur fjármögnun í verkið þegar verið tryggð með aðkomu þriggja leiðandi alþjóðlegra banka. Gangi kaupin eftir verður Actavis þriðja stærsta fyrirtæki heims á sviði samheitalyfja með fimm prósentu markaðshlutdeild. Sameiginleg velta fyrir árið 2006 er um 3,2 milljarðar evra, um 290 milljarðar króna. Til samanburðar var velta Actavis á síðasta ári 1,4 milljarðar evra, um 126 milljarðar króna. „Nái yfirtakan fram að ganga munum við ná fram gríðarlegum samlegðaráhrifum. Merck hefur mjög sterka stöðu á svæðum sem við höfum haft litla eða enga starfsemi á, til dæmis í Suður-Evrópu og Ástralíu,“ segir hann.

Líklegt er að baráttan um Merck verði háð milli fárra öflugra lyfjafyrirtækja. Indverska samheitalyfjafyrirtækið Ranbaxy hefur þegar lýst yfir áhuga sínum á fyrirtækinu. Róbert telur að ákvörðunataka verði hröð í málinu. Gera megi ráð fyrir að salan verði frágengin fyrir maílok á þessu ári.

- hhs

Í DAG
LAUGARDAG

ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM

Hans J. Wegner
Borge Mogensen
Arne Jacobsen
Vico Magistetti
Philippe Starck
o.fl

epal

Úr Kjötborði Nóatúns

20% afsláttur

LAMBAINNRALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI **2.698** kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU **1.998** kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar **500** kr. kg

UNGNAUASTRIMLAR
TEX MEX / ÚR KJÖTBORÐI **1.698** kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns

25% afsláttur

LAMBA RIB EYE
ÚR KJÖTBORÐI **2.498** kr. kg

30% afsláttur

NAGGALÍNA
KJÖTBOLLUR **377** kr. pk.

TVÆR Í PAKKA

FRESCHETTA PIZZA
2 Í PAKKA **559** kr. pk.

3 fyrir 2

Merrild

MERRILD
KAFFI **399** kr. pk.

Flod
CAMEMBERT

CAMEMBERT
VEISLUOSTUR **249** kr. pk.

MBF
GULL
OSTUR

GULL
OSTUR **369** kr. pk.

MYLLU FITTY
SAMLOKUBRAUÐ **199** kr. stk.

NÓATÚN

Bestir í kjöti

Tilboð

á þurrkrydduðu lambalæri!

Þú sparar
400
kr. kg

ÞURRKRYDDAÐ
LAMBALÆRI

1.298 kr. kg



Veljið sjálf á þorrabakkann í Nóatúni!

Lifðu lífinu í lit!

5 á dag

MELÓNUR
GULAR

129 kr. kg

APPELSÍNUR

149 kr. kg

KÚRBÍTUR
GRÆNN

249 kr. kg

FERSKJUR

399 kr. kg

HVÍTLAUKUR
LÍTILL 3 STK.

29 kr. pk

Verði ykkur að góðu!



Tenerife

Blómaeyjan
í beinu flugi

Verðdæmi
44.895



Parque del Sol Verðdæmi: 44.895



Fyrsta flokks íbúðahótel, vel staðsett í einungis 300 metra fjarlægð frá strönd.

Verðdæmi: 44.895 á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 21. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 54.366

Villa Cortes Verðdæmi: 65.014



Stórglæsilegt fimm stjörnu „Grand Luxe“ hótél í mexíkönskum stíl á besta stað.

Verðdæmi: 65.014 á mann m.v. 2 með 1 barn í viku, brottför 21. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 79.312

Tenerife er stærst af Kanaríeyjunum og er rómuð fyrir náttúrufegurð og veðursæld. Suðurhluti eyjunnar er sívinsæll hjá sóldýrkendum enda skín sólin þar flesta daga ársins. Í gróðursælum norðurhlutanum eru stórir furuskógar og litrík blómahöf. Hótelin eru fyrsta flokks og nóg er af frábærum veitingastöðum fyrir sælkerana. Vatnagarðar, sjóskíði, golf, siglingar og köfun er aðeins brot af þeim fjölmörgu skemmtunum sem eru í boði svo allir í fjölskyldunni geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Komdu til Tenerife og skemmtu þér meira.



ÓDÝRI STÓRÚTSÖLU MARKAÐURINN

Flott fót, gjafavörur
og búsaðhöld

Ótrúlegt verð!

250 – 500 – 750 – 1.000
1.250 – 1.500 – 1.750 – 2.000

Opið 10-18

í Fellsmúla 28
(gamla World Class húsið)

Vertu inní
Fréttablaðinu
með þitt
kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað
landsins til að dreifa
kynningarefni til
þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

*Gallup maí 2006

- Vel lesið

MAÐUR VIKUNNAR

Seinþreytt til átaka

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

FRAMBJÓÐANDI TIL VARAFORMANNSAMBÆTTIS FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

Ekki er örgrannt um að sumar kvenlýsingar úr Íslendingasögum komi upp í hugann þegar hlustað er á lýsingar allflestara samferðamanna manns vikunnar að þessu sinni, Margrétar Kristjónu Svverrisdóttur. Um Bergþóru Skarphéðinsdóttur segir í Njálu að hún hafi verið kvenskörungur mikill og drengur góður og nokkuð skaphörð. Um Margréti er sagt að hún sé kvenskörungur og sumir segja nokkuð skaphörð ef því er að skipta, en þótt enginn viðmælenda hafi beinlínis sagt að hún sé drengur góður má draga þá ályktun af ummælum um hana að sú sé raunin.

Íslenska þjóðin þekkir Margréti fyrst og fremst sem stjórnmálamann og segja má að dagurinn í dag sé að sumu leyti örlagadagur fyrir hana á því sviði. Hún hefur verið áberandi í forystu Frjálslynda flokksins allt frá því faðir hennar, Sverrir Hermannsson fyrrum ráðherra og bankastjóri, stofnaði flokkinn á sínum tíma, en lætur nú með varaformannsframboði loks til skarar skrifa í baráttu um æðstu embætti flokksins. Verður það eflaust mikil rimma og hörð og ósýnt hvernig henni lyktar og hverjir eftirmálar verða.

Margréti er lýst sem afar traustri og réttisýnni konu sem berst fyrir hugsjónum sínum af einurð og festu og rímar það vel við einstakling sem hyggur á frama í stjórnmálum. Aukinheldur er hún sögð með eindæmum gláðlynd og skemmtileg, orðheppin og klár sem ekki ætti heldur að vera til tafala í pólitík. Á hinn bóginn er henni líka lýst sem stálheidarlegri manneskju sem seinþreytt er til átaka en það myndu sumir segja ljóð á ráði þess sem

ætla sér langt í stjórnmálum. En þá ber kannski að líta til þess sem um Margréti er sagt að hún líti ekki á stjórnmál sem hernað.

Margrét Svverrisdóttir er eitt fimm barna þeirra Svverris Hermannssonar og Grétu Lindar Kristjánsdóttur; fæddur og uppal-

manns félagsmiðstöðvarinnar Fellahellis og síðar Vitans í Hafnarfirði og má kannski segja að þar hafi félagamálaferillinn hafist sem seinna þróaðist yfir í stjórnmálin.

Vinir Margrétar segja það ekki beinlínis hafa komið á óvart að hún skyldi snúa sér að stjórnmálum eins og hún á kyn til, þótt aðdragandinn hafi kannski verið stuttur. Þeir eru hins vegar ekki í neinum vafa um að hún sé á réttri hillu í pólitíkinni. Hún sé manneskja sem fólk eigi auðvelt með að treysta og það sjáist best á því að vinsældir hennar nái langt út fyrir raðir fylgismanna Frjálslynda flokksins.

Pólitískir andstæðingar Margrétar bæði innan flokks og utan, bera henni líka vel söguna og segja hana þægilega í samstarfi en sumir segja hana líka geta verið þrjóska og langrækna ef sá gállinn er á henni.

Í frístundum sínum er Margréti umhugað um að sinna fjölskyldu sinni en hún ku ætt-rækin með afbrigðum og ekki síður ættfróð. Hún les mikið og hefur gert frá barnæsku; ýmis-konar fróðleik og skáldskap, og hefur mikinn áhuga á íslenskum fræðum; dreif sig í að ljúka háskólanámi á því sviði ekki alls fyrir löngu.

Útivistaráhugi er henni í blóð borinn, ekki síst veiðimennska og hún og maður hennar stunda bæði lax- og silungveiðar þegar tími gefst til og sömuleiðis rjúpnaveiðar.

En það er pólitíkin sem á hug hennar og hjarta nú um stundir og dagurinn í dag getur ráðið miklu um hvar Margrét Kristjána Svverrisdóttir býr sér pólitískan náttstað á næstunni.



inn Vesturbæingur sem búið hefur vestan lækjar alla sína tíð. Hún er fædd 1958 og fór hefðbundna leið margra Vesturbæinga um skólakerfið; Melaskóli, Hagaskóli, Menntaskólinn í Reykjavík.

Eiginmaður hennar er Pétur Sævald Hilmarsson viðskiptafræðingur og eiga þau tvö börn, Kristján Sævald og Eddu.

Fljótlega eftir lok B.Ed.-náms við Kennaraháskóla Íslands 1983 tók Margrét við stöðu forstöðu-

Fyrirmyndarríkið

UMRÆÐAN

Samfélagið

Mikil umræða hefur átt sér stað í fjölmiðlum undanfarið um það hversu illa við stöndum efnahagslega gagnvart nágrannaríkjum okkar. Samanburði á verði í nágrannalöndum okkar bregður fyrir í fjölmiðlum dögum saman.

Þó að sjálfsagt sé að horfa til nágrannalanda varðandi skipulag, hagstjórn og þjónustu verðum við að taka mið af því að við erum lítil þjóð sem er búin að taka mjög miklum og róttækum efnahagslegum og samfélagslegum breytingu á örfáum árum miðað við nágrannaríki okkar, sem hafa mikla sögu mistaka og þroska á bak við sig.

Fyrir kosningar keppast flokkar og núverandi eða verðandi þingmenn við að lofa. Lofa því að hlutirnir fari að gerast fáir þeir tækifæri til að láta til sína taka. Samgöngur, öryrkjar, gamla fólk, námsmennirnir, neyslukostnaður – allir þessir málaflökkar og margir aðrir eru teknir fyrir og lofað að bætur og breytingar verði, helst korteri eftir kosningar. En hvað svo, kosningar liðnar og lítið gerist af því sem var lofað. Af hverju? Mín hugmynd er sú að það er einfaldlega ekki hægt að koma með töfralausnir á örfáum vikum eða mánuðum. Þingmennirnir breyta ekki samfélagsmynd okkar í fullkomið fyrirmyndarríki á einu kjörtímabili. Sú staða sem er í dag í samfélaginu er betri en var fyrir 2 kjörtímabilum. Ég held að flestir geti verið mér sammála um það ef lítið er heiðarlega til baka. Þrýstingur og eftirlit frá hagsmunahópum, stjórnmálaöflum og félagasamtökum hefur átt sér stað og í kjölfarið hafa orðið jákvæðar breytingar. Jöfnuður er að aukast á mörg-



EYVÖR BJÖRG
MAGNÚSDÓTTIR

um sviðum og tækifæri og kjör meðalmannsins eru betri. Aðgengi almennings að upplýsingum og stjórnmálamönnum er gott, mun betra en í mörgum nágrannaríkjum okkar. Jöfnuður sem hefur orðið til vegna trúar samfélagsins á að framfarir séu mögulegar og núverandi ástand hverju sinni sé ekki endilega lokaástand. Ég trúi því einnig í einlægni að börn okkar muni hafa það

enn betra, eins og við höfum það að mörgu leyti betra en foreldrar okkar.

Góðir hlutir gerast hægt eru kjörorð sem hafa mikið sannleiksgildi. Það er enn hægt að bæta heilmikið hér á landi hvað varðar nær allar hlíðar samfélags okkar. En við munum þó að mínu mati aldrei búa í því fyrirmyndarríki sem frambjóðendur lofa okkur oftast rétt fyrir kosningar. Breytinga er ávallt þörf. Breytinga sem munu vara og skila bættum lífskjörum til samfélagsins í heild. Við berum öll ábyrgð á því að breytingar geti orðið og mestu máli skiptir þá að horfa raunsætt á hvar þörfin sé mest og láta ekki langvarandi deilumál um framsetningu trufla. Samvinna að bættum kjörum allra er það sem ætti að einkenna fyrirmyndarríkið í dag, ekki keppni milli hagsmunahópa. Samfélag sem hefur unnið svo marga sigra á svo skömmum tíma ætti að geta horft sameinað fram á veginn í baráttu fyrir enn stærri ávinningum. Ég vona að komandi kosningabaráttu einkennist því fremur af raunhæfum vilyrðum en óraunhæfum loforðum um nýjan heim á morgun.

Höfundur er nemi við Háskólann á Bifröst.

JANÚÁR

Dagana 24. til 27. janúar

ÚTSALA

hjá Bílalandi B&L, B&L Selfossi og umboðsmönnum um land allt.
Valdir bílar á alvöru útsölu. Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.
Enginn útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.

Nokkur dæmi um bíla á útsölu:



Renault Megane, 2003 - Ek. 74 þús. JG-369



Hyundai Santa Fe, 2005 - Ek. 47 þús. UI-651



Hyundai Getz, 2003 - Ek. 66 þús. UI-133



Hyundai Elantra, 2003 - Ek. 66 þús. UI-140



Renault Scenic, 2004 - Ek. 25 þús. PJ-285



Renault Laguna, 1999 - Ek. 107 þús. UL-018



Renault Megane II, 2003 - Ek. 71 þús. OK-601



Hyundai Sonata, 2002 - Ek. 59 þús. VX-408



Renault Clio, 2004 - Ek. 51 þús. VV-138



Hyundai Santa Fe, 2003 - Ek. 90 þús. NX-393



Renault Scenic, 2003 - Ek. 86 þús. OI-471

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.
Reykjavík ☎ 575 1230
Selfoss ☎ 575 1460

bíla B&L
land
notaðir bílar

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 Reykjavík
Bílaland B&L, Hrísmýri 2a Selfossi
bílaland.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ENGIN verðhækkun EKKERT BRUÐL

á þessu Bónus áleggi og Bónus pylsum frá Síld og fisk

Bitafiskur 200g PRÓTÍNBOMBA!

899 KR.

80% prótín innihald

Reykt skinka
KÍLÓVERÐ NÚ:

799 KR.

Merkt verð 888 KR.

Bónus vinarpylsur
KÍLÓVERÐ NÚ:

539 KR.

Merkt verð 599 KR.

Samlokuskinka
KÍLÓVERÐ NÚ:

699 KR.

Merkt verð 776 KR.

Malakoff
KÍLÓVERÐ NÚ:

719 KR.

Merkt verð 799 KR.

Rogan Josh og Madras í 475g krukum

Rogan Josh/Madras

129 KR.

475g

Smyrja 300g

98 KR.

Porskbítar roð-og beinlausir

699 KR.

Porskbítar kílóverð nú:

Beinlaus útvatnaður saltfiskur

Saltfiskur beinlaus kílóverð nú:

775 KR.

Merkt verð 859 KR.

FLUNDRAFILÉ DJUPFRYST
FLYNDREFILÉT DJUPFRYST
KAMPELAFILÉ PAKASTE
LATIN: PLATICHTYS FLEUSUS
750 g e

99 KR.

Smálúða 750g

Íslenskir laxabítar
KÍLÓVERÐ NÚ:

799 KR.

Merkt verð 999 KR.

20% afsláttur við kassann

Beinhreinsaðir íslenskir laxabítar frá Norðanfiski

500 ml

159 KR.

CUT

Fulleldaðir og kryddaðir
kjúklingavængir

Holta-
kjúklingur

Ferskar Holta kjúklingabringur
-verð aðeins:

Holta-
kjúklingur

FERSKAR BRINGUR
kílóverð nú:

1599

Merkt verð 2565KR.

Eldaðir kjúklingavængir
kílóverð nú:

399

Merkt verð 499KR.

37,5%
afsláttur
við Kassann

ENGIN verðhækkun

á frosnu kjöti frá Kaupfélagi Skagfirðinga

...fyrir sóðan dag!
...fyrir sóðan dag!
Frosin KS lambasvið
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399KR.
Frosin KS lambasvið

...fyrir sóðan dag!
...fyrir sóðan dag!
**Lamba
file**

FROSID LAMBAFILLE
kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.

Lambasúpukjöt I. flokkur

...fyrir sóðan dag!
...fyrir sóðan dag!
LAMBASÚPUKJÖT
I. fl. kílóverð nú:
499 KR.
Frosinn KS lambabógur

...fyrir sóðan dag!
...fyrir sóðan dag!
Frosinn KS lambabógur
kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.

Bónus býður betur!

www.bonus.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



FYRSTA HJÁLP

- við kvefi!



+ OTRIVIN NEFÚÐI

Fyrir börn og fullorðna.



+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR

4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.



+ VECTAVIR FRUNSUKREM

Verkar á öllum stigum frunsunnar.



+ VOLTAREN DOLO

Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

 **LYFJA**
- Lífið heil

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir pencicloviri, famcicloviri eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittimið stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munn og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munn og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munn í 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsgöfður, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ljótur leikur

Í **Dagbók Práins Bertelssonar** er fjallað um ljótan leik og þá er ekki átt við handbolta. Ennfremur er minnst á brosmilda sviðakjamma, stjörnuþár, skoðanakönnun, útvarp og skemmtikrafta vikunnar á Íslandi: Maríu Callas, Enrico Caruso, Houdini og Albert Einstein.

Brosmildir sviðakjamma

Við karlmennirnir í fjölskyldunni höldum þorrrablót í kvöld í boði

Eggerts á Þinghólsbrautinni. Við vorum býsna ánægðir með okkur og drjúgir yfir því að geta treyst fjölskylduböndin án þess að betri helmingarnar kæmu þar nærri.

Það var



glatt á hjalla og meira að segja stjarfir sviðakjammarnir brostu út að eyrum.

Að halda sig frá nefndum...

Stjörnuþá dagsins: „Bogmaðurinn er sterkur einn síns liðs. Haltu þig frá nefndum og ákvarðanaferli sem þær iðka. Samhljóða álit hópsins er of útvatnað fyrir þinn smekk.“

Þetta kalla ég almennilega stjörnuþá. Og tel að fleiri en vér bogmenn hefðu gott af að fara sparlega með nefndir og fundi.

Skoðanakönnun, handbolti og útvarp

„Samfylkingin mælist í 21,2% sem er hið minnsta í könnunum Fréttablaðsins frá upphafi blaðsins árið 2001. Á sama tímamarki fyrir síðustu kosningar var Samfylkingin með tæp 40% í könnunum og þá stærst.“

Ég er í sjálfu sér ekki hissa á þessu nema hvað mér kemur það helst á óvart að hinn nýi formaður Samfylkingarinnar skuli enn geta státað af því að ná meira en 20% fylgi í skoðanakönnun.

Landsleikur við Frakka. Ég er ekki góður í að horfa á handbolta.

Í hálfleik þegar kominn var 10 marka munur fór ég frá tækinu vegna þess að ég hef tekið eftir því að þegar ég horfi á íslensk landslið keppa þá fer þeim oftast að ganga illa.

Þess vegna ákvað ég að fórn mér. Þegar ég kom að sjónkanum aftur var enn tíu marka munur. Fjarvera mín hafði komið að góðu gagni! Enda unnum við leikinn, strákarnir og ég!

En ekki var búið að flauta leikinn af en eitthvert bjartsýnis-tröll í sjónvarpinu fór að tala um að „við ættum að komast alla leið...“

Málþófinu um Ríkisútvarpið var hætt. Þetta málþóf var misskilningur frá upphafi. Álíka gáfulegt og þegar Sverrir Hermannsson flutti marabonræður gegn því að

afnema zetuna sem enginn saknaði.

Ríkisútvarpið er ekki lengur menningarleg þungamiðja þjóðarinnar og þaðan af síður hefur Ríkisútvarpið eitthvert tilfinningalegt gildi. Sú tíð er liðin.

Ég væri þó til í að eiga gömlu

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar

gufuna áfram og fjármagna hana með tolli af auglýsingatekjum annarra fjölmiðla.

María Callas á Íslandi

Margir á förunum vegi eru að spjalla um samkvæmislíf ríka fólksins.

Íslenskir peningamenn hafa ekki átt svona skemmtilega spretti síðan Ástþór kom fram á sjónarsviðið og breytti forsetakosningunum í revíu. Í samamburði við það er ekki mikið varið í ámátlegar tilraunir nýrkrá bjálfa þess til að berast á með því að leigja skallapoppa eins og Duran Duran og Elton John til að koma fram í einkasamkvæmum.

Þetta ætla menn að toppa á



þorrrablóti

Spiritistafélagsins í annað kvöld en þar verður þessi dagskrá:

María Callas og Enrico Caruso syngja ástardúetta og Franz Liszt leikur undir á slaghörpu.

Síðan sýnir bandaríski galdramaðurinn Houdini nokkur töfra-brögð.

Listdanssýning: Sjöslæðudansinn. Fröken Salóme Heródesardóttir dansar.

Spurningakeppni: Albert Einstein og Ari

Franska í vetur. Gjarna vildi ég fara á fleiri



fróði takast á.

Því næst flytur Mídas konungur hátíðarræðuna (á táknmáli vegna þess að hann er með slæmsku í hálsinum) og Jósep Göbbels túlkar fyrir hann.

Veislustjóri verður Goðmundur á Glæsivöllum.

Þjóðlegur æsingur

Forn frægð Föníka, Karþagó-manna og Fíla-Hannibals kom að litlum notum! Strákarnir okkar og ég unnum Túnis-búa.

Ég skil ekki af hverju ég er alveg að fara á taugum meðan á þessum leikjum stendur. Get ekki setið fyrir framan skerminn. Er sannfærður um að þá fari allt í vaskinn. Ráfa um húsið, kiki á sjónvarpið, læt mig hverfa, kalla svo og spyr hvernig staðan sé.

Sennilega er þetta þjóðlegur æsingur manns sem frá blautu barnsbeini hefur séð þjóð sína fara halloka fyrir öðrum þjóðum.

Borgari lítillar þjóðar finnur fyrir óumræðilegu stolti þegar litla þjóðin hans sannar að hún sé gjaldgeng í hinum stóra heim.

Í kvöld byrjuðum við Krummi á frönsku-námskeiði.

Lærimeistarinn heitir Jacques Melot, alveg frábær kennari, og við sátum þarna eins og bergnumin, Soffa, Elías, Finnbjörn, Frosti, Krummi og ég þegar hann fór yfir franska stafrófið, framburð þess og kenjar með okkur.

Og þá kom í ljós að allt á sér sínar skýringar, meira að segja furðulegar sérvískur eins og þakkoman circonflex „“ og cedille, litli krókurinn niður úr c-inu í orðum eins og François. Verst að nú er heillar viku bið eftir næsta tíma.

Þetta tungumálanám mitt stafar ekki af því að ég sé á leiðinni til Parísar að spjalla við dansmeyjar á Rauðu myllunni heldur af annarri ástæðu.

Rétt eins og líkaminn þarf á hreyfingu að halda þarf heilinn að leysa einhver ný verkefni. Viðfangsefni útvega ég honum sumpart með því að fara á námskeið.

Skriðsund, myndvinnslu- og umbrotsforrit og þýska í fyrria.

Franska í vetur. Gjarna vildi ég fara á fleiri

námskeið en ég hef ekki meiri tíma.

Út af námskeiðinu hafði ég lítinn tíma til að elda kvöldmatinn svo að ég hafði grænmetisbuff í matinn, en það keypti ég tilbúið úti í búð. Það gerði ekki mikla lukku hjá smáfólkinu.

Mér er óskiljanlegt hvaðan börnum kemur sú umfangsmikla þekking á næringarfræði sem er nauðsynleg til að geta staðfastlega forðast allt sem er hollt og ratað á ruslfæði í staðinn. Hvernig getur staðið á þessu?

Reyndar tekst mér að véla ofan í þau alls konar grænmeti með því að setja það í matvinnsluvél eða hakka-vél og lauma því svo í fiskbollur eða ketbollur.

Mér líður eins og eiturbylara af Borgia-ættinni þegar blessuð börnin eru að háma í sig grænmeti af góðri lyst án þess að hafa hugmynd um að þau séu að innbyrða heilsusamlegt fæði – og svo glotti ég við tönn þegar þau biðja um meira á diskinn.

Af hverju hefur engum matvælaframleiðanda dottið í hug að framleiða hollar pylsur? Eða þjóna þeim stóra kunnahópi sem kærir sig ekki um alls konar óhollustu í matvælu?

Ljótur leikur

Ljótum leik er lokið. Í dag kvað hæstiréttur upp sýknudóm í Baugsmálinu.

Nei, reyndar er þessu dæmalaus einelti ekki endanlega lokið því að ríkissaksóknari segir niðurstöðuna engin áhrif hafa á þá 18 ákæruliði sem héraðsdómur fjallar um í næsta mánuði.

Ég veit ekkert um bókhaldið hjá Baugi fremur en öðrum stórfyrirtækjum í landinu en hitt veit ég að svona umfangsmikil rannsókn út af jafn óljósum sakargiftum á aðeins eitt fordæmi í réttarsögu lýðveldisins og það fordæmi er svartasti bletturinn á íslenskrí réttarsögu.

Sakborningarnir í fyrria málinu voru vissulega bornir þyngrir sökum og höfðu ekki aðgang að dýrustu lögfræðingum landsins til að verja sig – en offors og þrákelkni ákærvaldsins er hið sama.

Af hverju? Þrýstingur myndast ekki af sjálfum sér.

Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00

195,-

IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!





BAUTABÚRÍÐ

334 kr/kg. áður 445 kr/kg.
Bautabúrs saltkjöt



Þú sparar 367 kr/kg

20%
afsláttur

1.468 kr/kg. áður 1.835 kr/kg.
Borgarnes helgargrís með Indverskum hætti



Frábært verð

20%
afsláttur

ISLANDSFUGL

599 kr/kg. áður 749 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur - ferskur



Þú sparar 325 kr/kg

25%
afsláttur

974 kr/kg. áður 1.298 kr/kg.
Goða grísaríf BBQ

GOBI



98 kr/stk.
Ananas stór



2 fyrir 1
Chicago Town pizza

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 27. janúar til 28. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

LEWIS CARROLL FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRÍÐ 1832

„Ef veist ekki hvert
þú ætlar þér mun
hvaða vegur sem er
koma þér á áfanga-
stað.“

Höfundur Lisu í Undralandi
fæddist þennan dag fyrir 175
árum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 27. JANÚAR 1907

Kvenréttindafélag Íslands stofnað

Í dag eru liðin hundrað ár frá stofnun Kvenréttindafélags Íslands. Hinn 27. janúar 1907 boðuðu þær Briet Bjarnhéðinsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir Jensson til fundar á heimili Brietar að Þingholtsstræti 18, með það að markmiði að stofna félag til að berjast fyrir málefnum kvenna. Fundurinn var haldinn að frumkvæði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, sem var mikill drifkraftur í kvenréttindabaráttu hér á landi, en hún var jafnframt kjörin formaður á stofnfundinum. Stjórnmalajafnrétti til handa konum var í brennidepli á fundinum. Þar var ákveðið að félagið skyldi beita sér fyrir því að konur fengju kosningarétt, kjörgengi og rétt



til embætta og atvinnu til jafns við karlmenn. Í fyrstu stjórninni sátu, auk Bríetar og Sigríðar, þær Guðrún Pétursdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Laufey Vilhjálmsdóttir. Félagið starfaði sem þrýstihópur sem beitti sér fyrir málefnum kvenna og var Briet tíður gestur í húsakynnum Alþingis þegar mál sem snertu stöðu kvenna voru til umfjöllunar. Kvenréttindafélagið var virkt í líknanstarfi á fyrstu áratugunum. Það var á meðal þeirra félaga sem unnu að stofnun Landspítalans og byggingu hans og stofnaði jafnframt Mæðrastyrksnefnd í samvinnu við fleiri félög.

MERKISATBURÐIR

- 1891 Verslunarmannafélag Reykjavíkur, VR, stofnað til að efla samheldni innan stéttarinnar.
- 1945 Fangar í Auschwitz-fangabúðunum alræmdu eru frelsaðir.
- 1946 Sósíalistar ná meirihluta í bæjarstjórn í Neskaupstað.
- 1967 Þrjár bandarískir geimfarar farast þegar eldur kemur upp í geimfarinu Apollo 1.
- 1984 Popparinn Michael Jackson brennist illa við tókur á auglýsingu fyrir gosdrykkinn Pepsi.
- 1993 Bandaríkjamennirnir Donald Feeney og James Grayson handteknir eftir að hafa haft dóttur Graysons og systur hennar á brott með sér.

BJARTSÝNIR AKUREYRINGAR: OPNA HAMBORGARABÚLLU

Allt norðlenskt nema Pepsíið

Hamborgarabúllan var opnuð á Akureyri um síðustu helgi. Eigendur staðarins eru bjartsýnir enda telja þeir að hamborgarastaður hafi verið það sem vantaði á markaðinn.

„Auðvitað er pláss á markaðnum, það sem vantaði var einmitt hamborgarastaður,“ segir Erlingur Örn Óðinsson en hann og faðir hans, Óðinn Svan Geirsson, og Einar Geirsson opnuðu Hamborgarabúlluna í Strandgötunni á Akureyri um síðustu helgi. Hamborgarabúlla Tómasar á merkið en þeir félagar reka staðinn.

Erlingur tekur undir þá staðreynd að Akureyringar hafi síðustu árin helst viljað kaupa sinn borgara í lúgu-sjoppum bæjarins en telur að nú verði breyting á. „Við vorum að gæla við þá hugmynd að finna okkur húsnaði með lúgu en þetta var niðurstaðan enda verða hamborgararnir í lúgunni ekki eins góðir,“ segir hann og bætir við að hann vonist til að Akureyringar taki betur á móti þeim en gert var fyrir fimmtán eða tuttugu árum þegar Tommaborgarar hafi reynt fyrir sér í bænum. „Akureyringar eru oft erfiðir við sunnlensk merki en við pössuðum okkur að kaupa allt héðan. Við þrír, kjötið, brauðið og kökurnar erum öll norðlensk auk þess sem allir iðnaðarmenn eru héðan. Það er því allt frá Akureyri, nema Pepsíið.“

Veitingastöðum hefur fjölgað síðustu misseri á Akureyri og svo virðist sem engin breyting verði þar á. Nings er á leiðinni í bæinn og sögusagnir eru um aðra reykvíska staði. „Þetta verður smá slagur til að byrja með en það er fínt að fá samkeppnina.“

indiana@frettabladid.is

ERLINGUR ÖRN, ÓÐINN SVAN OG EINAR „Akureyringar eru oft erfiðir við sunnlensk merki en við pössuðum okkur að kaupa allt héðan. Við þrír, kjötið, brauðið og kökurnar erum öll norðlensk auk þess sem allir iðnaðarmenn eru héðan. Það er því allt frá Akureyri, nema Pepsíið.“

MYND/HEIÐA IS



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Svava Jóna Markúsdóttir
frá Súðavík, Njörvasundi 37, Reykjavík

sem lést á Landspítalanum laugardaginn 20. janúar sl. verður jarðsöngin frá Langholtskirkju mánudaginn 29. janúar kl. 13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Beinteinn Ásgeirsson

Ásgeir Beinteinsson

Halldóra Beinteinsdóttir Hall

Einar Beinteinsson

Sigríður María Beinteinsdóttir

Jóhanna Beinteinsdóttir

Markús Þorkell Beinteinsson

Berglind Guðrún Beinteinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurbjörg Baldursdóttir

Kjell Hall

Jóna Björg Hannesdóttir

Hulda Ingvarsdóttir Bethke

Magnús Thoroddsen

Elsa Bára Traustadóttir

Haraldur Már Gunnarsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Porvaldur Sveins

Guðjónssonar

netagerðarmeistara, Hríseyjargötu 17, Akureyri

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Seli fyrir góða umönnun og hlýju.

Helga Margrét Sigurjónsdóttir

Sigríður Jóna Þorvaldsdóttir Eyjólfur Einarsson

Sigurjón Rafn Þorvaldsson Dániela Guðmundsdóttir

Ellen Margrét Þorvaldsdóttir Ármann Þórir Björnsson

afa- og langafabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýðug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónu Gróu Aðalbjörnsdóttur

Mýrarvegi 111, Akureyri

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Asparhlíð og Skógarhlíð á dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

Eygló Sigurliðadóttir

Birgir Pálsson

Una Sigurliðadóttir

Þórir Haraldsson

Björn Sigurliðason

ömmu- og langömmubörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður, afa og langafa,

Ársæls Guðsteinssonar

Dalvegi 16c, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landakotsspítala og heimaþjónustu Karítas.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýðug og samúð við andlát og útför

Jórunnar Ingimundardóttur

Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, áður Brekastíg 15a.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hraunbúða fyrir hlýja og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Fyrir hönd fjölskyldunnar.

Jóna Ósk Gunnarsdóttir Guðmundur Þór Sigfússon



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afa og langafi

Pétur Kristjánsson

frá Fáskrúðsfirði

sem lést þann 23. janúar sl. verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 30. janúar kl. 14.00.

Bergþóra Eide Eyjólfsdóttir

Olga Eide Pétursdóttir

Elma Eide Pétursdóttir

Kristján S. Pétursson

Ingólfur Arnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ingvar Ingvarsson

Hulda Ríkharósdóttir

Þórhildur Guðlaugsdóttir



Eiginkona mín, dóttir, móðir okkar,
stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,

Guðrún Daniëlsdóttir

(Minný) Tryggvagötu 24, Selfossi

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, mánudaginn 22. janúar sl. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju, laugardaginn 3. febrúar kl. 13.30.

Tómas Jónsson

Hulda Guðjónsdóttir,

Hjalti, börn og barnabarn

Hulda, Gunnar og börn

Hlynur og sonur

Heimir, Sólborg og börn

Berglind og börn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Stórútsölu- markaður

Fjöldi kvikmynda-, tónlistar- og tölvuleikjatitla á ótrúlegu verði!

Geisladiskar

verð frá

499 kr

Kvikmyndir

verð frá

99 kr

Tölvuleikir

verð frá

499 kr

VERÐDÆMI:

99_{kr}, 499_{kr}, 799_{kr}, 999_{kr}, 1499_{kr}

Fyrstur kemur fyrstur fær!

Einungis fáanlegt í Smáralind, Kringlu, Skeifu og á Akureyri

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að verða

PRÚT

**PRÚTTMARKAÐURINN ER
Á PALLINUM Á 2. HÆÐ OG
Á B-VÖRUSVÆÐI Á 3. HÆÐ**

Um er að ræða
sýningareintök, lítið
útlitsgallaðar vörur
og síðustu eintök
úr búð.

- SÓFAR
- SÓFABORÐ
- BORDSTOFUBORÐ
- BORDSTOFUSTÓLAR
- DÝNUR/RÚM
- SJÓNVARPSSKÁPAR



M

PRÚTTMARKAÐUR UM HELGINA



Komdu og gerðu góð kaup.
Sölumenn okkar verða í sérstaklega
góðu samningsskapi.

ARKAÐUR

Horft framhjá augljósum árangri

Svavar Geirsson missti málið og lamaðist hægra megin á líkama eftir heilablóðfall. Svavar hefur fengið málið á ný og getur beitt líkamshlutum sem áður voru lamaðir eftir meðferð sem hann gekkst undir í Noregi. **Kristján Hjálmarsson** ræddi við Svavar og Ingibjörgu konu hans um þessa óvenjulegu meðferð. Tryggingastofnun tekur ekki þátt í kostnaðinum þar sem meðferðin er ekki viðurkennd hér á landi og fellur því ekki undir lög um almannatryggingar.

Svavar Geirsson var virkur í félagsstarfi í Hafnarfirði, bæði hjá Íþróttafélaginu Haukum og Hjálparveit skáta. Hann starfaði sem vallerstjóri á íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum þegar hann fékk heilablóðfall fyrir níu árum. Í kjölfarið missti Svavar málið og helmingur líkamans lamaðist nánast algjörlega. Eins og gefur að skilja hafa veikindin sett sinn svip á Svavar. Hann hefur þó tekið ótrúlegum framförum á síðustu árum og þótt hann eigi enn erfitt með sumar hreyfingar er ekki að sjá neinn bilbug á honum. Það er alltaf stutt í brosið.

Gat milli hjartahólfa

„Svavar fékk einkenni heilablóðfalls árið 1991. Þá var hann sendur á sjúkrahús í rannsóknir en það eina sem okkur var sagt var að höfuðverkurinn og einkennin sem hann hafði væru mígreni. Það hefur hins vegar örugglega verið vægur blóðtappi,“ segir Ingibjörg Kristinsdóttir, kona Svavars. „Í nóvember 1998 fékk hann svo aftur áfall. Hann kom fram um morguninn en við þurftum að hjálpa honum strax aftur inn í rúm og hann hálfsofnaði. Þá hringdum við á sjúkrahúsi.“

Svavar gekkst undir langar og strangar rannsóknir og að nokkrum vikum liðnum kom í ljós að hann var með gat á milli hjartahólfa. Þar hafði blóðtappi myndast sem fór upp í heila.

Í hjólastól

Heilablóðfallið varð til þess að Svavar missti málið og hægri helmingur líkamans lamaðist næstum alveg.

„Ég var í hjólastól fyrstu mánuðina á eftir en hóf svo endurhæfingu uppi á Reykjalandi sem stóð yfir í sex mánuði frá morgni til kvöldis,“ segir Svavar. Um páskaána árið eftir hafði Svavar endur-



SVAVAR GEIRSSON Svavar er sem stendur staddur í Þýskalandi þar sem hann fylgist með syni sínum Vigni sem hefur staðið sig frábærlega eins og aðrir leikmenn íslenska landsliðsins á heimsmeistaramótinu í handbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Í FADMI FJÖLSKYLDUNNAR Svavar, Ingibjörg og Rúnar, yngsti sonurinn. Fjölskyldan hefur staðið þétt við bakið á Svavari á þessum erfiðu tímum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

heimt nokkuð af krafti í hægri fæti og gat meðal annars sjálfur keyrt bíl til að komast í endurhæfingu. „Þá var hægri höndin hins vegar alveg lömuð og hann átti mjög erfitt með mál,“ skýtur Ingibjörg inn í. „Hann var í talþjálfun hér heima sem gekk ágætlega en fékk bara nokkra tíma greidda frá Tryggingastofnun. Svavar á tal-

kennurinum mikið að þakka en það vantar því miður fleiri tal-kennara á Íslandi.“

Ný meðferð fyrir tilviljun

Endurhæfingin hér heima gekk sinn vanagang en ekki nógu vel að mati Svavars. Það var svo fyrir tilviljun að hann komst í kynni við taugasérfræðinginn Geir Flatebø í

Taugasvörun

Meðferðin sem Svavar gengst undir heitir taugasvörun eða neurofeedback.

■ Taugasvörun er samland af tauga- og tölvufræði.

■ Aðferðin felst í því að rafskautum er komið fyrir á höfði sjúklingsins og hann látinn leysa verkefni með huganum.

■ Ólíkar æfingar gera ómeðvitaðar eða óviljastýrðar líkamshreyfingar sýnilegar (oftast á tölvuskjá). Sjúklingurinn getur síðan lært að stýra þessum hreyfingum.

■ Áhrifin af slíkrri þjálfun eru varanleg á sama hátt og annað lært atferli, svo sem að hjóla.

■ Meðferðin hefur einnig verið notuð við athyglisbrest, flogaveiki og einhverfu.

Noregi. „Hulda Rún dóttir okkar býr í Ulvik í Noregi og við vorum hjá henni allt sumarið 2002. Við höfðum verið þar í þrjá mánuði og vorum að fara aftur heim,“ útskýrir Ingibjörg. „Þá var tengdasonur okkar að hjálpa konu í næsta húsi að flytja og þar var Geir Flatebø staddur. Þeir tóku tal saman og

tengdasonur okkar sagði honum frá Svavari og spurði hvort hann gæti litið á hann, sem lækurinn gerði. Svavar fór í tvo eða þrjá tíma og við sáum strax mun. Upp frá því stefndum við að því að hann færi í meðferð þar.“

Meðferðin sem Flatebø notar virkar þannig að pólar eru settir á höfuð sjúklingsins og hann látinn horfa á tölvuskjá og vinna verkefni með huganum. Aðferðin gengur út á það að láta skilaboð heilans fara framhjá skemmdinni þar, en til að svo sé hægt þarf að virkja nýjar stöðvar sem sjúklingurinn hefur ekki notað áður. Og slíkt reynir á.

Fann mun eftir fyrstu meðferð

Áður en Svavar hóf meðferðina hjá Flatebø gat hann ekki hreyft hægri höndina. Ljóst var þó að taugarnar í henni voru heilar enda lyftist höndin í hvert skipti sem Svavar geispaði. Hann gat hins vegar ekki komið boðum frá heila og út í höndina. „Ég fann mikinn mun á mér strax eftir fyrstu meðferðina. Það var ótrúlegur léttir þegar ég fann allt í einu smá hreyfingu í þumalfingerinum,“ segir Svavar og brosir. „Þá var hægri ökklinn til dæmis alveg stífur og ég labbaði allur skakkur,“ bætir hann við um leið og hann stendur upp og leikur eftir göngulagi sínu. Nú gengur Svavar hins vegar teinréttur, getur beitt hægri hendinni að nokkru leyti og lyft henni upp í axlarhæð.

„Hann er mikið styrkari nú og er jafnvel farinn að synda svolítið með hægri fæti,“ bætir Ingibjörg stolt við.

Allt í mínus

Fyrir heilablóðfallið var Svavar á fullu í íþróttalífnum í Hafnarfirði, vallerstjóri á íþróttasvæði Hauka, virkur í starfi Hjálparveitar skáta og svo mætti lengi telja. Þegar heilablóðfallið reið yfir var honum kippt út úr öllu félagsstarfi sem hann þreifst í.

„Ég hef ekkert unnið síðustu ár og er skráður 75% öryrki,“ segir gamla varnartrölllið úr Haukum sem fer þó daglega upp á Ásvelli til að hitta gamla vinnufélaga.

Eins og gefur að skilja hafði heilablóðfallið mikil áhrif á heimilislífi Svavars og Ingibjargar. „Það fór allt í mínus á heimilinu. Þetta var mjög erfitt enda vorum við með tvo stráka hér heima þá,“ segir Ingibjörg. „Sem betur fer erum við að komast aftur á réttan kjól.“

Það hefur kostað sitt að fara í meðferðina í Noregi jafnvel þótt Svavar hafi átt í góð hús að venda hjá Huldu Rún, dóttur sinni, og tengdasyri. „Hver tími getur kostað fimm þúsund krónur og stundum hefur Svavar verið í tveimur tímum á dag – í þrjá mánuði í senn,“ segir Ingibjörg.

Tryggingastofnun neitar þátttöku

Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki tekið þátt í kostnaðinum með Svavari þar sem aðferðin sem norsk lækurinn notast við er ekki viðurkennd hér á landi. Samkvæmt lögum um almannatryggingar, sem Tryggingastofnun starfar eftir, má ekki greiða með óviðurkenndum aðferðum, jafnvel þótt árangurinn sé augljós. Bæði sjúkrahjúfari sem Svavar hefur verið í meðferð hjá héraðs- og lækur hafa skrifað upp á það.

„Lækninum brá þegar hann sá hvað ég hafði tekið miklum framförum,“ segir Svavar sem hefur notið góðs af starfi Rauða krossins, Kiwanisklúbbsins, Hjálparveitar skáta, Haukanna og fleiri sem þau hjón segja að hafi verið ómetanlegur stuðningur. „Það hefði verið ógerlegt að standa í þessu hefði ég ekki fengið styrk frá þeim,“ segir Svavar og Ingibjörg kona hans skýtur inn í: „Það skiptir engu máli þótt árangurinn sé sýnilegur. Tryggingastofnun getur ekki tekið þátt í kostnaðinum með okkur þar sem meðferðin hefur ekki fengið einhvern stimpil og það er algjörlega óþolandi.“

kristjan@frettabladid.is

VÍSINDARANNSÓKNIR NAUÐSYNLEGAR

Eliás Ólafsson, prófessor og yfirlæknir á taugadeild Landspítalans, segir taugasvörunaraðferðina sem Svavar Geirsson hefur gengist undir í Noregi vera hættulausa eftir því sem hann best fái séð og því ekkert sem mæli gegn því að hún sé notuð á einstaklinga sem telji hana virka. Eliás segir hins vegar að erfitt sé að meta hversu árangursríkar slíkar aðferðir séu vegna skorts á vísindalegum rannsóknum.

„Ég hef ekki kannað það nýlega hvort rannsóknir hafi verið gerðar á gagnsemi meðferðar af þessu tagi, en slíkar niðurstöður lágu ekki fyrir til skamms tíma,“ segir Eliás. „Þessi aðferð hjómar ekki óskynsamlega og hugsanlegt er að hún hjálpi einhverjum, ef ekki beint þá óbeint.“

Eliás segir að eftir sitji samt spurningin um hvert orsakasambandi sé, það sé erfitt að greina á milli hvort aðferðin sjálf eða

trúin á aðferðina hafi áhrif á endurhæfinguna. „Það er svo margt sem fylgist að í svona málum án þess að það sé endilega orsakasamband þar á milli og vísindarannsóknir eru nauðsynlegar til að staðfesta það.“

Í MEÐFERÐINI Rafsegulskautum er komið fyrir á höfði Svavars og hann látinn leysa misþung verkefni með huganum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI



OG NÚ ER FJÖR

rýmum fyrir nýjum vörum

Spring Air Never Turn

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



Sængurver

15-30% afsláttur



Hægindastólar

25-30% afsláttur



Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

Svefnsófar

15-30% afsláttur



Gravity Zero

Stillanleg rúm á
ótrúlegu tilboði



Tempur Premium

Örfá eintök af þessu
frábæra stillanlega rúmi
á kr. 360.000,-



Crown heilsurúm

160x200 með botni
og löppum á aðeins
kr. 84.900,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

Síðustu dagarnir - rýmingarsölu lýkur 31. jan.



Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Eldflaugavarnir til Evrópu

Bandaríkjamenn eru nú komnir á fremsta hlunn með að gera alvöru úr áformum um að koma upp búnaði fyrir hnattrænt eldflaugavarnakerfi sitt í austanverðri Mið-Evrópu. *Auðunn Arnórsson* skrifar um eldflaugavarnir og deilur um þær.

Fyrirhugað er að koma upp ratsjárstöð fyrir bandaríska eldflaugavarnakerfið í Tékklandi og skotstöð fyrir gagneldflaugar í Suður-Póllandi. Viðræður um uppsetningu ratsjárstöðvarinnar í Tékklandi eru þegar langt á veg komnar og í Póllandi eiga þær að komast á lokastig á næstu mánuðum. Ráðamenn í báðum löndum hafa þó áður gefið skýrt til kynna að þeir væru áhugasamir um að ná samningum um þetta við Bandaríkjamenn.

Rússar ósáttir

Rússar hafa brugðist ókvæða við þessum tíðindum. Vladímír Pútín Rússlandsforseti sakaði Bandaríkjamenn um að stefna að „hernaðarvæðingu himinhvolsins“ og rússneski varnarmálaráðherrann Sergei Ívanov sagðist ekki taka trúanlegar fullyrðingar Bandaríkjamanna um að kerfinu væri ætlað að verjast hættu á að langdrægum eldflaugum yrði skotið í átt að Bandaríkjunum eða bandarískum herstöðvum frá löndum eins og Íran eða Norður-Kóreu. En eins og kunnugt er flokka bandarískir ráðamenn síðastnefndu löndin sem „skúrkarfi“ og George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur kallað þau „öxulveldi hins illa“.

Háttsettir hershöfðingjar í Rússlandsher hafa einnig tjáð sig um málið. Vladímír Popovkín, yfirmáður geimferðadeildar Rússlandshers sem hefur umsjón með geimferðaaætlun Rússa, sagði að uppsetningu búnaðar fyrir bandarískt eldflaugavarnakerfi í fyrirverandi Varsjárbandalagslöndum væri „skýlaus ógn við Rússland“. Í október síðastliðnum hafði annar rússneskur hershöfðingji, Jevgení Búzhínski, lýst því yfir að Rússar myndu álíta sér ógnáð ef Bandaríkjamenn settu upp slíkan búnað í Mið- og Austur-Evrópu og þeir myndu sjá sig knúna til að grípa til gagnráðstafana. „Fælingarvígubúnaði okkar gæti stafað bein ógn af uppsetningu eldflaugavarna nærri landamærum Rússlands“, tjáði Búzhínski Moskvaútblaðinu Izvestija, en með fælingarvígubúnaði vísar hann til rússneska kjarnorkuvopnabúrsins. Rússar myndu álíta uppsetninguna „óvinveitta aðgerð af hálfu Bandaríkjanna, viðkomandi Austur-Evrópuríkja og NATO í heild sinni.“

Ívanov varnarmálaráðherra sagði einnig að ráðamenn í þessum fyrirverandi Varsjárbandalagslöndum væru að leggja sig í framkróka um þjónkun við Bandaríkin. „Eins og önnur NATO-ríki vilja Tékkland og Pólland sýna og sanna hollustu sína“, fullyrkti hann.

Þar sem áformin eru ekki nærri því eins vinsæl meðal almennings í þessum löndum og meðal ráðamanna er þó engin trygging fyrir því að þau verði samþykkt. Sumir Pólverjar og Tékkar telja að slíkar stöðvar í löndum þeirra geti aukið hættuna á að ráðist verði á þau.

Vísu gagnrýni á bug

Talsmenn Bandaríkjustjórnar hafa ítrekað vísað gagnrýni Rússa á bug og lýst sig reiðubúna að eiga fullt samráð við þá um þessi mál.

Sean McCormack, talsmaður utanríkisráðuneytisins í Washington, segir að stöðvarnar í Póllandi og Tékklandi yrðu liður í kerfi sem ætlað væri að verjast hugsanlegri ógn frá „óábyrgum ríkjum“ sem komið gætu höndum yfir eldflaugatækni „sem gæti ógnáð vináþjóðum okkar og bandamönnum og ógnáð Bandaríkjunum sjálfum.“

Andrew Schilling, talsmaður sendiráðs Bandaríkjanna í Varsjá, endurómaði þessi ummæli er hann tjáði AP-fréttastofunni að bandarískt eldflaugavarnakerfi í Evrópu miðaði aðeins að því að mæta „hættunni af langdrægum eldflaugum í Mið-Austurlöndum.“

Sumir öryggismálasérfræðing-

ar telja að hernaðaruppbygging í Íran og meintir kjarnorkuvígvaðingartilburðir þarlendra stjórvalda séu aðalástæðan fyrir því að Bandaríkjamenn leggi nú áherslu á að koma upp þessum búnaði í Evrópu.

„Það er Íran sem drifur þetta ferli áfram“, hefur AP eftir Ríki Ellison, forseta félagasamtakanna Missile Defence Advocacy Alliance, en þau tala fyrir eldflaugavörnum í þeirri trú að þær bæti öryggi í heiminum.

„Þar sem Íranar halda stöðugt áfram að auka við kjarnorkugetu sína og eldflaugatækniþúnað er nauðsynlegt að koma upp þessum stöðvum í Mið-Evrópu“, segir Ellison. „Ekki aðeins fyrir Evrópu og bandarísku hermennina í Evrópu, heldur líka fyrir varnir Bandaríkja-anna sjálfra.“

Ekki allir jafn sannfærðir

Ekki eru þó allir jafn sannfærðir um ágæti þessara áforma í Evrópu. Í Póllandi og Tékklandi eru eins og áður segir sumir á þeirri skoðun að bandarísku eldflaugavarnastöðvarnar gætu aukið hættu á að lönd þeirra verði fyrir árás.

„Ríkisstjórnirnar sem núna eru við stjórnvöllinn í báðum löndum styðja áformin vegna þess að þær eru báðar hægrissinnar og tortryggjar á Evrópusamrunann. Þær telja að hvað varðar öryggismál sé affarasælast að eiga í sem nánustum tengslum við Bandaríkin“, segir Jiri Pehe, stjórnmálafræðingur við útibú New York-háskóla í Prag. Að hans sögn eru Pólverjar og Tékkar með þessu að sýna að þeir treysti ekki Evrópusambandinu til að tryggja öryggi þeirra – og eru jafnvel að reyna að grafa undan tilraunum til að byggja upp samræmda varnarmálastefnu ESB.



TIL MÓTS VIÐ SPRENGJUODDA Tölvugerð mynd frá MEADS International, bandarísk-þýsk-ítalska fyrirtækinu sem vinnur að þróun nýs gagneldflaugakerfis til að taka við af Patriot-flaugunum.

Pehe segir hins vegar að stóryrtum mótmælum Rússa við áformunum beri að taka mátulega alvarlega. „Rússar hafa á liðnum árum hótáð öllu mögulegu – til dæmis þegar NATO ákvað að stækka til austurs“, segir hann. „Ég tel að þeir séu þess fullvissir að þessu tiltekna kerfi, verði það nokkurn tímann að veruleika, er ekki beint gegn þeim. Að mínu viti eru þeir að reyna með þessu að beita ákveðnum þrýstingi – og kannski svóltíð að villa um fyrir mönnum.“

● ● ● Bandaríska kerfið er það langmetnaðarfyllsta, en það á að geta eytt langdrægum flaugum á meðan þær eru á flugi í jaðri gufuhvolsins. Fjárveiting til þess á tímabilinu 2002-2007 nam sem svarar nærri 3.200 milljörðum króna.

Flæri lönd með eldflaugavarnir

Rússar hafa reyndar sjálfir komið sér upp sínu eigin eldflaugavarnakerfi. Það byggir á hefðbundnari gagneldflaugatækni og er í raun framlinging á loftvarnakerfi landsins. Slík kerfi hafa einnig Japan og Ísrael. Að sögn Ellisons vinna fimmtán lönd önnur að þróun eldflaugavarnakerfa. Til að mynda eiga Þjóðverjar og Ítalir í samstarfi við Bandaríkjamenn um þróun eldflaugavarnakerfa. Til að mynda eiga MEADS-kerfisins svonefnda sem á að taka við af hreyfanlegu Patriot-gagneldflaugunum, sem meðal annars var beitt gegn eldflaugum sem her Saddams Hussains skaut að Ísrael í Flóabardaga árið 1991. Patriot-kerfið er líka í nokkrum NATO-löndum Evrópu.


Nýja bandaríska eldflaugavarnakerfið er það langmetnaðarfyllsta, en það á að geta eytt langdrægum flaugum á meðan þær eru á flugi á yztu mörkum gufuhvolsins. Fjárveiting til þess af bandarísku fjárlögunum á tímabilinu 2002-2007 nam sem svarar nærri 3200 milljörðum króna, en það er eins og gefur að skilja mun meira fé en varið hefur verið í öll

önnur gagneldflaugakerfi heims til samans.

Sjálfstætt evrópskt kerfi?

Ellison, sem er atvinnamálsvari eldflaugavarna, er ekki einn um þá skoðun að fleiri lönd eigi eftir að sækjast eftir því að komast undir verndarskjöld eldflaugavarnakerfis. Norski varnarmálasérfræðingurinn John Berg tjáði höfundu að hann væri sannfærður um að þegar fram liðu stundir myndu NATO-ríkin í Evrópu sameinast um eitt kerfi, Rússar hefðu sitt og Bandaríkjamenn sitt. Nokkur skör um yrði milli evrópska og bandaríska kerfisins, en þó ekki væri nema vegna landfræðipólitískra ástæðna yrðu þessi kerfi að hans mati aðskilin og sjálfstæð. Rússar myndu sækjast eftir því að selja eigin tækni til uppbyggingar evrópska kerfinu, en hann teldi ólíklegt að eiginlegt samstarf kæmist á milli Rússa og NATO-ríkja um þróun eldflaugavarna.

Spurður hvort þessi tækni gæti þegar fram í sækti nýtt til að bæta loftvarnir Íslands segist Berg eiga erfitt með að sjá það. ■



„AFKVÆMI STJÖRNSTRÍÐSÁÆTLUNAR“

Bandaríska eldflaugavarnakerfið, sem nú er í uppbyggingu, er óbeint framhald af eldflaugavarnaáætlun Ronalds Reagan frá níunda áratugnum, sem gjarnan var kennt við stjórnustríð. Sú áætlun miðaði að því að koma upp getu til að skjóta niður kjarnorkueldflaugar sem skotið yrði frá Sovétríkjunum í átt að Bandaríkjunum. Þess vegna hafði Thule-herstöðin á Grænlandi mikla þýðingu fyrir kerfið eins og það var hugsað í upphafi, en mjög hefur dregið úr þýðingu hennar í kerfinu eins og það er hugsað nú.

Með breyttum ógnum eftir lok kalda stríðsins og örrí tæknipróun hafa eldflaugavarnaáætlanir Bandaríkjamanna gengið í gegnum mörg þróunarstig á þeim áratugum sem unnið hefur verið að þeim. Bush

forseti fyrirskipaði síðla árs 2001, eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september, að stóraukinn kraftur skyldi lagður í að byggja upp það kerfi sem búnaðurinn í Póllandi og Tékklandi á nú að verða liður í. Þá sögðu Bandaríkjamenn sig frá ABM-sáttmálanum svonefnda frá árinu 1972, en hann var á sínum tíma mikilvægur áfangi að því að setja hömlur á vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna og tryggja stöðugleika „ógnarjafnvægisins“. Samkvæmt sáttmálanum voru settar miklar hömlur á tilraunir með langdrægar gagneldflaugar og uppsetningu skotstöðva fyrir þær bannaðar. Bandaríkjamenn töldu sig verða að vera óskuldbundnir af skilmálanum sáttmálanum til að geta haldið þróun eldflaugavarnakerfisins áfram.

MAX

VALDAR VÖRUR

15-90% AFSLÁTTUR

ÖRFÁ
VERÐ
DÆMI

DÚNDUR DAGAR



Siemens KA60NA60

- 179 sm Amerískur ísskápur
- 504 lítrar, 334l kæli, 170l frystir
- Orkunýting A
- Rafeindastýring, sjálfvirk afþýðing
- Frystigeta 10kg á dag
- Dýpt án hurða 60sm
- Ísvél í hurð á framhlið

199.999 kr.

Fullt verð ~~259.999~~



SONY DSCW50

- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta uppl.
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical
- 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt

DÚNDUR
verð

19.999 kr.

Fullt verð ~~28.788~~



42 tommur

DÚNDUR
verð

Pioneer PDP427XA

- 42" Plasma sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 1100 cd/m2
- Direct Color Filter 2
- Miklir tengimöguleika

294.999 kr.

Fullt verð ~~347.988~~



Siemens WM14A280

- Rafeindastýrd þvottavél
- 1400 snúninga
- Þvott hæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B
- Stórt lúguop
- Hraðþvottakerfi
- Mjög fullkomin vél

DÚNDUR verð
49.999 kr.

Fullt verð ~~74.988~~



DÚNDUR
verð

39.999 kr.

Fullt verð ~~47.988~~

Panasonic SCHT545W

- Óflugt 660w heimabíó
- Þráðlausir bakhátalarar
- Progressive Scan

KitchenAid 5MWSA

- Grænmetiskvörn
- Fínu og grófu rifjarni
- Rifjarni sem sneiðir
- Sneiðir eða rífur hart grænmeti, ávexti og ost



Fullt verð ~~7.999~~

DÚNDUR verð
3.999 kr.



DÚNDUR verð

3.189 kr.

Fullt verð ~~3.999~~



Melissa 635073

- 500w krulljárn
- Með blæstri
- 2 hraðastillingar
- 1 köld stilling

DÚNDUR verð

999 kr.

Fullt verð ~~2.499~~



Bialetti pottar og pönnur
með 25% afslætti

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á
móti **IKEA**

MAX

RAFTÆKI

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

25-60%
afsláttur

af öllum blöndunartækjum

25-60%
afsláttur

af öllum flísum

ÚTSÖL

www.byko.is
verslaðu á netinu

30-70%
afsláttur

af ÖLLUM ljósum

25-50%
afsláttur

af öllum hreinlætistækjum

25-50%
afsláttur

af öllum vinnufatnaði

25-70%
afsláttur

af öllum leikföngum

UJLOK

allt á að seljast!

Gildir ekki með öðrum tilboðum

30-60%
afsláttur

af öllum búsáhöldum og heimilisvörum



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

Við erum ánægðar með margt sem náðst hefur á þessum hundrað árum,“ segir Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, en félagið heldur upp á hundrað ára afmæli sitt í dag. Þorbjörg Inga segir að formlegt jafnrétti, opinbert og lagalegt jafnrétti milli kynjanna hafi náðst en að enn sé langt í land með annað.

Launamunur hefur aukist

„Samkvæmt lögum er enginn mismunur á kynjunum og í framkvæmd og þjónustu í kerfinu er jöfnuðurinn nokkuð almennur. Aftur á móti finnst okkur lítið hafa þokast á síðustu áratugum þegar kemur að launamun kynjanna og aðgengi kvenna að valdastöðum innan fyrirtækja og hjá hinu opinbera,“ segir Þorbjörg Inga og bætir við að svo virðist sem viljann vanti hjá stjórnvöldum til að koma á breytingum í þessum málaflökkum.

„Við viljum að stjórnáamenn tækist á við þessi mál eins og hvert annað viðfangsefni en sannleikurinn er sá að launamunurinn hefur frekar aukist heldur en hitt. Við verðum að grípa í taumana og fólk verður að vera tilbúið að hefjast handa,“ segir hún og bætir við að hún vilji ræða launamismuninn og ójafnræði í stjórnnum fyrirtækja og stjórnna á sameiginlegum grundvelli.

„Við teljum líklegt að ef fleiri konur væru í æðri lögum stjórnna fyrirtækja hefði það jákvæð áhrif á launamuninn. Í dag er horft á konur sem síðra vinnuafli sem skilar sér í lægri launum til þeirra og því að þær veljast ekki í stjórnenda-stöður. Við viljum knýja á fyrirtækin um að velja konur í æðstu stöður og að okkar mati á ríkið að vera fyrirmynd í þeim málum en þannig hefur raunin ekki hingað til verið,“ segir Þorbjörg Inga og ítrekar að stjórnáamenn eigi að takast á við þennan málaflökk eins og hvern annan.

Baráttan erfiðari í dag

Hinn 27. janúar árið 1907 hittust fjórtán konur á heimili frú Bríetar Bjarnhéðinsdóttur í Reykjavík í þeim tilgangi að stofna félag sem starfaði að jafnrétti kynjanna og auknum réttindum kvenna í stjórnámalum og atvinnu.

Nú hundrað árum síðar hefur mikið vatn runnið til sjávar en Þorbjörg Inga segir margt sameiginlegt með baráttu Bríetar og þeirrar sem nú er háð. „Í rauninni má segja að við séum að vinna að sömu málaflökkunum og Bríet og þær konur sem störfuðu með henni unnu að árið 1907. Þær börðust fyrir aðgengi kvenna að embættum, rétti kvenna til kosninga og kjörgengi. Við erum enn að vinna að þessum málum því þótt við höfum náð mörgu fram hafa konur enn þann daginn í dag ekki sömu tækifæri á við karla, til dæmis til að leiða stjórnámalaflokka. Málaflökkarnir eru því þeir sömu þótt nálgunin sé önnur,“ segir Þorbjörg Inga og bætir við að hún telji baráttuna erfiðari í dag en fyrir hundrað árum.

„Flestir héldu að vandinn yrði leystur með lagasetningu en svo er ekki. Við erum að berjast við ósýnilegt vandamál. Allir segjast vilja jafnrétti en það gerir enginn neitt í að fá því framgengt. Árið 1907 risu karlar gegn konum með þeim rökum að konur hefðu ekki vit til að kjósa sem hlýtur að hafa verið auðvelt að mótmæla. Í dag er ákveðin tregða í samfélaginu því þótt flestir séu sammála um að konur og karlar eigi að vera jöfn þá er viljinn lítill til athafna.“

Hundrað ára baráttu fagnað

Þorbjörg Inga segir daginn í dag vissulega gleðilegan. Félagsmenn séu að fagna þeim hundrað árum sem félagið hafi barist fyrir jafnrétti kynjanna og þeim árangri sem þegar hafi náðst og íslenskar konur taki sem sjálfsögðum lífsskilyrðum í dag. „Við viljum alls ekki gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur á síðustu öld og við teljum jafnréttismál í góðum farvegi hér á landi. Við erum í forystu í jafnréttis-



ÞORBJÖRG INGA JÓNSDÓTTIR Þorbjörg Inga var ein af þeim konum sem taldi að jafnrétti kynjanna væri verkefni hverrar konu fyrir sig. Eftir að hún byrjaði að vinna vaknaði áhugi hennar á kvenréttindamálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Vilji er allt sem þarf

Kvenréttindafélag Íslands heldur upp á hundrað ára afmælið sitt í dag. Í viðtali við *Indiönu Ásu Hreinsdóttur* segir **Þorbjörg Inga Jónsdóttir**, formaður félagsins, að margt hafi áunnist á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því að Bríet Bjarnhéðinsdóttir og fleiri konur komu saman og stofnuðu félagið. Hins vegar hafi lítið þokast þegar komi að launamun kynjanna og aðgengi kvenna að valdastöðum.

málum í heiminum og til okkar er lítið og fólk er forvitnið hvernig við náðum svona langt. Dagurinn í dag er fyrst og fremst afmælishátíð félagsins og við munum fagna starfi þeirra kvenna sem starfað hafa fyrir félagið allan þennan tíma.“

Fjölbreytt dagskrá verður haldin með afmælisráðstefnu í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur klukkan 14 í dag og er aðgangur öllum opin. Á dagskrá eru erindi fjögurra kvenna sem eiga það sameiginlegt að hafa gegnt embætti formanns félagsins með áratuga millibili auk þess sem Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona mun ræða um framtíð félagsins og Rósa Björk Brynjólfssdóttir fréttamaður um 19. júní, tímarit Kvenréttindafélags Íslands, sem er eitt elsta tímarit landsins.

„Við ætlum sem sagt að horfa bæði fram og aftur í tímann. Fjórir síðustu formenn, að mér meðtalinni, ætla að segja frá því sem var efst á baugi á hverjum tíma og Eva María ætlar með framtíðarsýn sinni að segja okkur hvenær eða hvernig við fáum fullt jafnrétti sem verður spennandi að heyra.“

Áhuginn vaknaði í starfinu

Þorbjörg Inga hefur gegnt starfi formanns Kvenréttindafélags Íslands frá árinu 2001. Hún gekk í félagið árið 1998 eða sama ár og dóttir hennar, Kristín Arndís Ólafsdóttir, fæddist.

„Það var aðeins tilviljun og tengist engan veginn hennar fæðing þótt dóttir mín sé þar með fædd og uppalin innan félagsins,“ segir Þorbjörg Inga og bætir við að hún sjálf hafi verið ein af þeim ungu konum sem

hafi fundist jafnrétti kynjanna verkefni hverrar konu fyrir sig. Það hafi hins vegar breyst eftir að hún hafi komið út á vinnuarkaðinn. „Þegar ég byrjaði að vinna fann ég hvernig afstaðan gagnvart kynjunum var mismunandi og í kjölfarið fékk ég áhuga á starfi kvenréttindafélaga. Einnig hef ég unnið að málum sem tengjast ofbeldi gegn konum í starfi mínu sem lögmaður og þar kynnst bágbornum kjörum þeirra kvenna. Í kjölfarið vaknaði áhugi minn á þessu málefni.“

Blómlegur tími fyrir kvenréttindafélög

Félagsmenn Kvenréttindafélags Íslands eru af báðum kynjum og öllum aldri, frá tvítugu upp í áttætt þótt yngri félagsmenn séu færri en þeir eldri. „Félagsmenn eru af öllum stigum þjóðfélagsins og fjöldinn eykst í hvert sinn sem við vekjum athygli á einhverju málefni. Þegar við til dæmis mótmæltum auglýsingu Icelandair sem auglýsti þjónustu sína með því að vísa til lauslæti íslenskra kvenna fengum við fjöldann allan af nýskráningum. Fólk þekkir félagið og leitar til okkar og gefur okkur ábendingar um hluti sem betur mega fara,“ segir Þorbjörg Inga og bætir við að félagið sé í góðri samvinnu við önnur kvenréttindafélög í landinu.

„Síðustu ár hafa verið afar blómleg fyrir félagasamtök kvenna sem vinna að jafnrétti kynjanna. Fólk finnst það verða að gera eitthvað, kalla eftir meira jafnrétti eins og sýndi sig á kvænnafrídeginum árið 2005 sem á sextíu þúsund manns tóku þátt í.“

”

Flestir héldu að vandinn yrði leystur með lagasetningu en svo er ekki. Við erum að berjast við ósýnilegt vandamál. Allir segjast vilja jafnrétti en það gerir enginn neitt í að fá því framgengt.

Þorbjörg Inga tekur undir að áhugi á jöfnu rétti kynjanna komi að vissu leyti í bylgjum. Stundum sé lítið að gerast í þessum málum en síðustu árin hafi baráttan verið sýnileg og fjölbreytileg.

Umbreytingar nauðsynlegar

„Fólk hefur ákveðið langlundarged en getur ekki endalaust beðið eftir breytingum. Að því kemur að hópar rísa upp og setja kröfur. Nú er verið að endurskoða jafnréttislögin sem eru aðeins sex ára gömul og við erum mjög spennt að sjá útkomuna. Hvort það verði skerpt nægilega á lögnum og þau gert skilvirkari kemur í ljós,“ segir Þorbjörg Inga og samsinnir að margir deili þeirri skoðun að erfiðara sé að fá konur í forgrunninn líkt og í stjórnunarstörf og viðtöl við fjölmöla.

„Ég býst við að þessi skoðun sé ekki beinlínis röng. Hins vegar er þetta alls ekki ómögulegt. Við verðum að ganga í gegnum umbreytingatíma. Konur verða að sjá aðrar konur í viðtölum og í stjórnunarstöðum svo þær verði síður ragar við að leggja út í þessa hluti,“ segir hún og bætir við að umbreytingaskeiðið þurfi ekki að vera ólíkt því sem samfélagið hafi gengið í gegnum þegar fæðingarorlof karla hafi verið sett á með lagasetningu.

„Fjölmargir töldu að feður myndu aldrei nýta sér fæðingarorlofið, þeir væru of uppteknir við vinnu en svo gekk þetta eins og í sögu. Það er ekkert óðruvísi með réttindi kvenna. Við getum komið fleiri konum inn í stjórnir fyrirtækja með því að breyta reglunum. Við höfum tekist á við erfiðari hluti og vilji er allt sem þarf.“ ■

SVÖRT, HVÍT OG SILFRUÐ FRAMTÍÐARSÝN

Tískusýning á herralínu Dolce
Gabbana fyrir haust og vetur
2007.

TÍSKA 6



BÍLNUM BREYTT Í BÍLSKÚRNUM

Einar Elí Magnússon
gerbreytti Toyota
Land Cruiser í bíl-
skúrnum heima.

BÍLAR 2



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.F.L. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR TÍSKA]

Opel Astra í amerískri útgáfu hefur verið valinn bíll ársins í Bandaríkjunum af þarlandum blaðamönnum. Bíllinn kallast Saturn Aura og hefur verið afar vel tekið á heimamarkaði þar sem honum er hampað sem fyrsta raunhæfa valkostinum við japanska smábíla.

Gongufri.com er síða sem göngugarpar ættu að kynna sér. Þar er vikulega boðið upp á gönguferðir til Spánar frá febrúar fram í júní. Gönguhóparnir eru litlir, 2-16 manns, og hægt að ganga í þrjá til sex daga, eða eftir samkomulagi.



Götumarkaðurinn á Laugavegi 91 er opinn í dag frá 11-18 og á morgun frá 13-18. Þar er meðal annars hægt að fá Diesel-föt, skó og fylgihluti á góðu verði.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn
27. janúar, 27. dagur árs-
ins 2007.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 10.24	13.40	16.58
Akureyri 10.23	13.25	16.28

Heimild: Almanak Háskólans



Snorri er hæstánægður með bílprófið og félagann Mitsubishi Lancer árgerð 1994, sem hann nefnir Gosa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gosi tók við af strætó

Fyrir 15 árum var myndlistarmaðurinn Snorri Ásmundsson sviptur ökuréttindum ævilangt. Nú hefur hann fengið prófið aftur og á bíl sem hann nefnir Gosa.

„Ég var ítrekað tekinn fyrir umferðarlaga-
brot og þess vegna sviptur ökuréttindum. Í
dag er ég allt annar maður,“ segir Snorri sem
fékk náðun fyrir sex árum síðan. „Ég þurfti
ekkert á bílprófinu að halda. Enda stefndi ég
á embætti þar sem fylgir einkabílstjóri og
bifreið,“ segir Snorri glottandi.

Hann hefur ferðast með almenningsvögnum öll þessi ár og segir strætó vera vanmet-

inn. „Öll mannflóran er í strætó og það er
yndislegt. Ég á eftir að sakna tímans í strætó,“
segir Snorri.

Góður vinur Snorra hvatti hann til að taka
prófið og gaf honum Mitsubishi Lancer
árgerð 1994 að prófi náðu. Bíllinn hét áður
Gráni en það fannst Snorra ekki viðeigandi
nafn. „Ég nefndi hann Gosa sem mér fannst
henta okkur félögunum betur.“

Snorri segist án efa geta komið bílnum í
190 km/klst. en það er sé engin hættu á slíkum
uppákomum. „Ég var mikill sirkusbílstjóri hér
áður fyrr, en ég er búinn að taka þetta allt út
og nú hef ég þroska til að vera í umferðinni,“
segir Snorri glaður í bragði. *rh@frettabladid.is*



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Byrjendanámskeið í yoga

Sex vikna byrjendanámskeið hefst 29. janúar.

Mánudaga og fimmtudaga kl. 16.40.

Kennarar: Talya Freeman og Guðmundur Pálmarsson.

HREYFI GREINING

SJÚKRAPJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



2007 ÁRGERÐIN KOMIN Í HÚS



HONDA VT-750C
kr. 899.000



HONDA VTX-1300S
kr. 1.249.000



HONDA VTX-1800C
kr. 1.549.000



HONDA CBR-1000RR
frá kr. 1.395.000

KOMDU Í HEIMSÓKN OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

allt bílar o.fl.

Hreinn bíll gerir bíltúrin svo miklu betri. Með auknum hlýindum er loks hægt að þrifa bílinn að innan og utan án þess að frjósa í hel á þvottaplaninu.



Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAPJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla



CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 808 8317
Fax 567 1182



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



ísnaðlar fyrir fjórhjól
auðveld ísetning



JÖTUNN • VÉLAR ehf.

VALTRA

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

FJAÐRIR OG GORMAR Í FLESTAR GERÐIR

JEPPA

Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Bíll Einars er fyrst og fremst ferðabíll og hönnuðu Einar og félagar hann með það að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Bílnum breytt í bílskúrnum

Einar Elí Magnússon breytti Land Cruiser sínum að mestu leyti sjálfur í bílskúrnum heima. Það sem til þurfti var fjármagn, tími og mikil og góð aðstoð góðra manna og kvenna.

Öld bílagrúskarans í bílskúrnum er senn á enda. Bílar verða stöðugt flóknari og þótt grundvallaratriðin séu þau sömu eru tölvukerfi bílanna orðin svo flókin að verkfræðipróf þarf til að ráða við þau.

Endurnærandi er að vita að það er enn hægt að eiga við bíla í bílskúrnum heima. Toyota Land Cruiser 60 Einars Elís Magnússonar er gott dæmi um það. Bíllinn hefur verið hækkaður og er nú á 38" dekkjum og sá Einar um stóran hluta breytinganna sjálfur.

„Þegar ég fékk bílinn var búið að snúa fjöðruninni en það var líka það eina sem búið var að gera. Ég lét færa afturhásinguna aftur um 30 sentímetra og um leið setja loftpúðafjöðrun í hann,“ segir Einar. En þar með lauk þeim breytingum sem gerðar voru á verkstæði. „Til þess að það gengi upp þurfti að skera boddíið í tætlur og ég nýtti tækifærið og ryðbætti hann og tók hann allan í gegn.“

Boddíið var ekki það eina sem fékk yfirhalningu, en fátt upprunalegt er eftir inni í bílnum. „Gírstangir og stýrishjól ásamt bílbeltum fram í eru original, öllu öðru var skipt út,“ segir Einar. „Varahlutir voru fengnir úr öðrum bílum og svo smíðuðum við nokkra nýja.“

Bílnum er ætlað að vera ferðabíll og því búinn undir fjallaferðir með þann tækjabúnað sem til þarf.

Í bílnum er VHF-talstöð, NMT-farsími, loftdælur fyrir dekkinn og loftpúðar, kastarar og vinnuljós. „Við völdum líka að hafa ekki bekk aftur í heldur tvö stök sæti með góðu hólfi á milli og miklu plássu svo þægilegt sé að ferðast,“ segir Einar.

Breytingarnar á bílnum tóku í allt 11 mánuði og á þeim tíma naut Einar dyggrar aðstoðar félaga sinna. „Ég hefði ekki getað gert þetta án þeirra. Síminn var stöðugt á lofti og maður gat alltaf fengið einhvern í heimsókn til að leysa vandamál sem komu upp, hvort sem það var þabbi, vinir eða vinir vina,“ segir Einar.

Jómfrúarferð bílsins var farin á skírdag á síðasta ári. Einar og félagar hans höfðu stöðugt sett sér nýjan lokafrest á að koma bílnum á fjöll og jafnoft gefið sjálfum sér gálgaferst. „Svo var loka loka-

YKKAR
BÓNUÐ Í
BÍLAVARA-
HLUTUM

EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR
GERÐIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA



ÓFLUG VEFVERSLUN
WWW.ABVARAHLUTIR.IS

AB VARAHLUTIR
BÍLDHÖFÐA 18 - SÍMI: 567 6020

BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - VATNSKASSAR OG FLEIRA



Svona leit bíllinn út er hann hafði verið rifinn í sundur.

frestur settur á að komast með í páskaferð á skírdag í fyrra. Klukkan fimm aðfaranótt skírdags lögðum við frá okkur verkfærin og ákváðum að bíllinn væri nógu tilbúinn,




Svona lítur hann út í dag.

segir Einar. „Við fórum í ferðina og bíllinn stóð sig mjög vel. Við lentum reyndar í smá vandræðum með rafkerfið, en það er búið að setja bæði 12 volta og 24 volta kerfi í bílinn með spennubreyti í 220 volt. Þú gætir þess vegna stungið ryksugunni þinni í samband ef þú vildir en það gekk ekki alveg í þessari ferð. Annars stóð hann sig með þryði og kom okkur þangað sem við vildum fara.“

tryggi@rettabladid.is



Bíllinn er búinn öllum nauðsynlegasta tækjabúnaði eins og VHF-talstöð, NMT-farsíma og GPS-leiðsögukerfi svo eitthvað sé nefnt.



Nú eru Einari flestir vegir færir og því fer hann þá flesta.

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirk aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseginnleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða **gæðin** sem ræður úrlitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmitt það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokki?

Veldu markvisst.
Vertu á nýjum Tucson Sport

NÝR MARKVISS HYUNDAI
TUCSON SPORT
VERÐ KR. 2.790.000



BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

HYUNDAI hefur gæðin

HYUNDAI hefur gæðin



B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622



Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Með bílinn handa þér

Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefni!

Hamrberg ehf
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is



Helgi Jón Jónsson við Chevy Nova sem hann hefur átt lengi og Renault Traffic-húsbílinn sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

KERRUÖXKLAR Í ÚRVALI

og hlutir til kerru-smíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Breytti sendibíl í húsbíl

Helgi Jón Jónsson keypti Traffic-sendibíl og breytti honum í húsbíl með litlum tilfærslum.

Það er ekki óþekkt að menn taki stærri bíla og breyti þeim í húsbíla. Econoline, gömlu rúgbrauðin og litlar rútur geta þannig endurnýjað lífdaga sína. Helgi Jón er einn þeirra sem breytt hafa sendibíl í húsbíl, en hann fór svolitíð aðra leið. „Ég keypti nýjan Renault Traffic-sendibíl og breytti honum í húsbíl,“ segir Helgi Jón. „Þetta var ekki flókin framkvæmd, ég setti stóla í hann sem ég fékk úr bíl sem hafði oltíð og svo eru þetta dýnur á gólfið og svoleiðis dótari.“

Hægt er að fá Traffic í ýmsum útfærslum og valdi Helgi Jón að

hafa glugga á hliðunum. „Þá verður hann mun bjartari og skemmtilegri,“ segir Helgi Jón. „Eina vandamálið var að þá sést auðveldlega inn en við leystum það á einfaldan hátt.“ Lausnin fólst í að setja filmur í gluggana. „Valið stóð á milli filmu og gardína. Gardínur eru hins vegar sífellt flaxandi þegar maður er á ferð svo ég valdi filmur sem maður sér ekki inn um, bara út,“ segir Helgi Jón.

Það var ekki þrautalaust að fá skráningu og skoðun á bílinn eftir að búið var að breyta honum. Svo virðist vera sem mismunandi reglugerðir stangist á, sumar segja að þetta megi á meðan aðrar segja þetta bannað. „Þeir neituðu að gefa mér skoðun og settu á hann græn-an miða, en ég var ekki sáttur við

það,“ segir Helgi Jón sem í góðu samráði við skoðunaraðila fékk loks skoðun með þeim skilyrðum að bíllinn yrði skráður sem húsbíl. „Þeir lofuðu mér að enginn aukakostnaður fylgdi því og það stóðst hjá þeim.“

Helgi Jón á fleiri bíla en Trafficinn en vill sem minnst ræða um þá. „Það er lítið að segja, ekki nema um þann bíl sem ég held mest upp á,“ segir Helgi Jón. „Það er Chevy Nova árgæro 1978. Ég fékk hann þegar búið var að keyra hann 1.200 kílómetra, en það var maður sem vildi hagnast á verðbólgunni sem flutti hann inn. Mig vantaði góðan fjölskyldubíl og á þeim tíma voru kostirnir ekki svo margir. Hann hefur þjónað vel svo ég sé ekki eftir kaupunum.“ trygvi@frettabladid.is

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

Volvo C30 er ætlað að keppa við minni lúxusbíla eins og BMW 1-línuna og Audi A3.



Volvo C30 frumsýndur um helgina

Volvo hefur hannað hlaðbak sem ætlað er að keppa við minni lúxusbíla. Hann er sá minnsti í Volvo-fjölskyldunni.

Brimborg frumsýnir í dag nýjan fólksbíl frá Volvo milli 12 og 16 í húskynnum sínum í Reykjavík og á Akureyri. Bíllinn kallast Volvo C30 SportsCoupe. Hann er tveggja dyra, fjögurra manna hlaðbakur (hatchback), en langt er síðan Volvo setti slíkan bíl á markað.

Sex mismunandi vélar standa til boða í C30. Þær spanna allt frá fjögurra strokka 100 hestafla vél til fimm strokka díselvélar og bensínvélar með forþjöppu sem skilar 220 hestöflum.

Sem endranær er öryggi ofarlega í huga hönnuða Volvo. Meðal staðalbúnaðar í C30 má nefna bakhnykksvörn (WHIPS), hliðarvörn (SIPS) með loftpúðum og loftpúðagardínun (IC). Einnig verður hægt að fá Volvo C30 með nýja BLIS-myndavélakerfinu, sem lætur vita ef annað ökutæki er í hinum svokallaða blinda punkti til hliðar við bílinn.

Sölumarkmið Volvo á heimsvísu gera ráð fyrir sextíu og fimm þúsund eintökum á ári. Búast forráðamenn Volvo við að sjöttíu og fimm prósent kaupenda séu í Evrópu og stærstu markaðirnir þar verði Ítalía, Þýskaland, Spánn og Bretland. Bíllinn er smíðaður í verksmíðjum Volvo í Ghent í Belgíu.



Volvo C30 verður fumsýndur í dag milli 12 og 16 í Reykjavík og á Akureyri.

VW stýrt með hugarorku

Fyrir hálfri öld spáði bílaumbod því að menn ætju um á fljúgandi bílum árið 2007.

Árið 1957 setti norskt bílaumbod teikningu og lýsingu í helstu dagblöð landsins á því hvernig Volkswagen-bíllinn kæmi til með að verða hálfri öld síðar. Nú er sá tími runninn upp og ekki virðist hafa ræst úr spádómnum.

Á teikningu umboðsins sést fjölskylda, karl, kona og börn, þeysast um á fljúgandi bíl. Karlinn stjórnar ökutækinu með hugsanaflutningi, en við annað eyra hans er áfastur heilabylgjunemi sem sem miðlar hugsunum hans í tölvu í bílnum. Á meðan les konan blað og börnin leika sér alveg áhyggjulaus.

Samkvæmt lýsingu umboðsins átti bíllinn að vera búinn kjarnorkumótur og hjólum sem snúist gátu í heilan hring. Sérstakur skynjunarbúnaður í bifreiðinni átti koma í veg fyrir að hún lenti nokkurn tímann í árekstri og héldi minnst 15 sentimetra fjarlægð frá næsta bíl.

Bílastæðaskortur átti greinilega ekki að vera vandamál fyrir eigendur framtíðarfólksbílsins, þar sem bílaumbóðið þóttist vita að honum yrði hægt að leggja í lausu lofti. 2,5 metrum fyrir ofan jörðu.

Frá þessu er greint á vefsíðu Félags Íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is.



Samkvæmt spám árið 1957 áttu menn að geta flogið um á fólksbílum 2007.



Skólahópar!

Fljótasiglingar - Klettlífur
Hestasýningar - Gönguferðir - Gisting
Veitingar - Ratleikir - Hestaleiga

Hafið samband og við gerum tilboð
Verið velkomin! bakkaflo@islandia.is

Sími 453-8245 & 899-8245 • Ferðapjónustan Bakkaflo
Varmahlíð, Skagafirði - www.bakkaflo.is

Hús á Florida

Hvernig væri að fara í frí til Florida!

Höfum tvö hús til leigu á besta stað á Bradenton / Palmetto svæðinu.

Kíktu á vefinn okkar og kynntu þér málið.

www.husaflorida.com

2 fyrir 1
3. febrúar – vika

Verð kr. 24.990
Flugsæti báðar leiðir, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, 3.-10. febrúar. Netverð á mann.

Skíðaveisla
í Austurríki - Flachau - Zell am See

frá **24.990 kr.***

3. feb. – vika SÍÐUSTU SÆTI
10. feb. – vika 4 sæti
17. feb. – vika 8 sæti
24. feb. – vika 11 sæti
3. mars – vika SÍÐUSTU SÆTI

Beint morgunflug til Salzburg

Frá 34.090 kr.
Flugsæti með sköttum, 3. mars. Fargjald B.

69.990 kr.
3. mars – vika með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli með hálfu fæði á Ski Hotel Speiereck í Lungau í viku.



Akureyri er skemmtilegur bær með fjölbreytt lista- og menningarlíf ásamt frábærum skíðabrekku.

Skólabær með öflugt lista- og menningarlíf

Höfuðstaður Norðurlands dregur sífellt að sér fleiri gesti á veturna.

Akureyri hefur breyst mikið síðastliðin ár og er orðin sannkallaður skólabær, sem einnig skartar öflugum lista- og menningarlífi.

Fyrir þreytta íbúa höfuðborgarsvæðisins er tilvalið að skella sér norður yfir helgi. Á veturna skartar Hlíðarfjall sínu fegursta með skíðabrekku og góðum göngubrautum sem gnæfa yfir bæinn í aðeins fimmtán mínútna akstursfjarlægð frá miðbænum. Tíðar rútufærðir alls staðar að frá Akureyri og einnig er í boði góð skíðaleiga uppi í Hlíðarfjalli.

Fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar í vetrarham eru góðar gönguskíðabrautir í náttúruperlunni Kjarnaskógi við flugvöll þeirra Akureyringa.

Leikfélag Akureyrar fagnaði

nýlega 100 ára starfsafmæli með frumsýningu á verkinu Svartur köttur og býður upp á stórkostlega vetrardagskrá sem endra nær undir dyggri stjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

Eftir sýningu er við hæfi að hittast á Kaffi Karólínu í Listagilinu eða á Bláu könnunni í Hafnarstræti og fá sér kaffi og koníak áður en haldið er í Sjallann, Græna hattinn, Kaffi Akureyri eða Vélsmiðjuna. Eða jafnvel á Hótel KEA.

Einn besti veitingastaður norðan heiða er án efa Friðrik fimmti, sem býður upp á matreiðslu á heimsmælikvarða, gjarnan í anda „slow food“-stefunnar. Ekki er úr vegi að kíkja á grænmetisstaðinn í Strandgötu sem ber hið skemmtilega nafn, Staðurinn-náttúrulega. Sá eini norðan heiða.

Hinn víðfrægi rúntur á Akureyri er svo sem ekki í frásögur færandi en þar keyra ungir Akureyringar um í miðbænum til að

sýna sig og sjá aðra, sem getur verið ágætt í vetrargaddinum. Besta kaffið fæst þó án efa hjá Hildi á Te og kaffi og það er algjör nauðsyn að líta inn í „Second hand“-búðina Frúin í Hamborg, sem er með ótrúlegan ævintýraheim og selur einnig vörur frá Spútnik og Liborius.

Reglulega eru spennandi tónleikar og myndlistarsýningar á Akureyri meðal annars á Listasafni Akureyrar.

Eftir erfiðan dag er ekki úr vegi að koma sér vel fyrir í pottinum í Sundlaug Akureyrar þangað sem bæjarbúar mæta gjarnan og ræða málin. Til Akureyrar eru tíðar flugferðir úr höfuðborginni. Ef ferðast er landleiðina frá Reykjavík tekur ferðin um fimm tíma og færðin er oftast góð. Nánari upplýsingar: www.leikfelag.is, www.flugfelag.is, www.akureyri.is, www.listasafn.akureyri.is.

rh@frettabladid.is

Nútímalistasafnið í New York – MoMA

STOFNAÐ AF PRÉMUR VINKONUM ÁRIÐ 1929 OG ER EITT STÆRSTA SAFN SINNAR TEGUNDAR Í DAG.

Nútímalistasafnið í New York eða The Museum of Modern Art er oftast kallað MoMA í daglegu tali. Þar er að finna eitt stærsta (og að margra mati besta) samansafn nútímalistaverka heimsins, eða alls um 150.000 verk og 22.000 kvikmyndir. Meðal þeirra eru til dæmis verk eftir Vincent van Gogh, Pablo Picasso, Salvador Dalí, Piet Mondrian, Claude Monet, Henri Matisse og Andy Warhol. Safnið er staðsett á miðri Manhattaneyju, nánar tiltekið á 53. stræti milli fimmtu og sjöttu breiðgötu, en þangað flutti það árið 1939 eftir að hafa áður verið á tveimur stöðum annars staðar í borginni.

Sú sem átti hugmyndina að stofnun MoMA var Abby Aldrich Rockefeller, (eiginkona Johns D. Rockefeller Jr.) en ásamt tveimur vinkonum sínum, þeim Lillie P. Bliss og Corneliu J. Sullivan, þróaði hún hugmyndina að nútímalistasafni sem var svo formlega opnað hinn 1. nóvember árið 1929, tíu dögum eftir hrunið mikla á Wall Street.

MoMA er opið alla daga nema fimmtudaga til klukkan 17.30 og á föstudögum er opið til klukkan 20. Kvikmyndasafn safnsins eru opnir eitthvað lengur, eftir því hvað er í sýningu.

Fólk sem ferðast til New York, og þá sér í lagi listunnendur, ætti alls ekki að láta þetta heimsfræga safn framhjá sér fara.

- mhg



Ferð í MoMA-safnið getur lyft huganum á hærra plan.



Gönguleiðir ríkir hjá Ferðafélagi Íslands.

Vetrarganga á sunnudögum

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS STENDUR FYRIR GÖNGUFERÐUM ALLA SUNNUDAGA Í VETUR.

Gönguleiðir nefnast gönguferðir FÍ sem farnar verða á sunnudögum í vetur. Lagt er af stað frá Mörkinni 6 kl. 10.30 þar sem allir hittast og fara saman á bíl á góðan stað í nágrenni Reykjavíkur. Ferðarnar taka 3-5 tíma og fer það eftir stemningu í hópnum. Allir verða að klæða sig eftir veðri og taka með gott nesti og enn aðrir mæta jafnvel með skíði. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir. Athugið gjarnan veðurspá og færð áður en lagt er í hann. Sérstaklega í Bláfjöllum og á Hellisheiði ef fólk vill taka með skíði. Nánari upplýsingar er að finna á www.fi.is

- rh





KOLAPORTIÐ


OPIÐ

um helgina
frá kl. 11-17

pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is

Prófið nýju
sokkabuxurnar
okkar

Stórar stærðir



Darmen
Maxi comfort

Stærð frá 52 til 80
Lycra 40 den

Hegkaup-Debenhams - Árbæjar-apótek -
Stasia Kringlan - Lífstykkjabúðin,

FFC/Ice Fashion - ffc@internet.is - Sími 845 74 69



Stuttir og þröngir jakkar voru áberandi á tískusýningu Dolce & Gabbana.

Svört, hvít og silfrud framtíðarsýn

Tískusýning Dolce & Gabbana á herralínu þeirra fyrir haustið og veturinn var nýlega haldin á Ítalíu.

Lítið var um liti á tískusýningu Dolce & Gabbana sem haldin var í Mílanó á Ítalíu á dögnum. Stuttir, þröngir jakkar voru áberandi svo og svört jakkaföt með nokkuð klassísku formi. Fatamerkið Dolce & Gabbana heitir eftir upphafsmönnum þess, Domenico Dolce frá Róm og Stefano Gabbana frá Flór-ens á Ítalíu. Merkið er mjög vinsælt í kvikmyndaborginni Hollywood og hafa hönnuðirnir skapað fót á glæsi- konurnar Madonna, Isabellu Rossellini og Kylie Minogue svo fátt eitt sé nefnt. Fyrirtækið hefur höfuðstöðvar í Mílanó en er með verslanir um allan heim, til dæmis í Houston, London, New York, Los Angeles, Las Vegas, Sydney, París og Beirút.



allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Brosmynd í blómakjól.



Sandra Oh er frekar lágvaxin en með því að vera í rauðum skóm við þennan rauða kjól blekkir hún augað.



Hér er Sandra í látlausum dökkbláum kjól með hárið uppsett.

Sandra var sérstaklega flott í þessum kjól á Óskarsverðlaunahátíðinni í fyrra.



Glæsileikinn virðist ekki vefjast fyrir henni í þessum svarta og hvíta kjól.

Slær ekki feilnótu í fatavali

Kanadíska leiknonan Sandra Oh klæðist gjarnan flíkum í djörfum litum.

Sandra Oh, sem leikur hina skemmtilegu Christinu í þáttunum Grey's Anatomy, sló í gegn á síðustu Golden Globe-verðlaunahátíð þegar hún mætti í einstaklega fallegum síðkjól frá Calvin

Klein og var í kjölfarið kosin ein besta klædda stjarnan á hátíðinni. Ekki kom það mikið á óvart þar sem stúlkan er almennt mjög smekkleg og slær aldrei feilnótu í fatavali þegar hún lætur sjá sig á opinberum vettvangi. Hún hikar ekki við að nota sterka liti og munstur og virðist nánast hvað sem er klæða hana vel eins og sjá má á þessum myndum.

G-Star leitar til Ameríku

G-Star er í mikilli sókn. Fyrirtækið opnar átta nýjar verslanir í Bandaríkjunum á næsta ári.

G-Star er hollenskt tískufyrirtæki sem Íslendingar ættu að þekkja en á síðasta ári opnaði það verslun hérlandis. Á næsta ári ætlar fyrirtækið að taka tískuheiminn með trompi en þá verða opnaðar sextíu nýjar verslanir víðs vegar um heiminn. Það er stórt skref því nú rekur fyrirtækið 73 verslanir og er þetta því mikil stækkun.

Átta nýju verslananna verða í Bandaríkjunum, meðal annars við Union-torg í New York. Samkvæmt Deepak Gayadin, sölustjóra G-Star í Norður-Ameríku, eru Bandaríkin og Japan lykilmarkaðir ef fyrirtæki ætla sér stóra hluti í tískuheiminum. Þess vegna líti G-Star til Bandaríkjanna. Hann segir enn fremur að til að byrja með verði aðaláherslan lögð á kvenfatnað, sem er öfugt við áhersluna á herraafatnað á heimamarkaði.

Innrásin byrjar í febrúar en þá mun G-Star sýna nýja línu á tískusýningu í New York. Áætlað er að fyrirtækið muni selja fót fyrir um sextíu milljónir dollara árið 2007, sem er fjórutíu prósentu aukning frá síðasta ári. Gayadin neitaði þó að gefa upp nokkuð um markmið fyrirtækisins. -tg



G-Star opnaði tískuverslun hérlandis á síðasta ári.

LifeStream® DETOX
Hreinsar líkama og húð
Lagar magann



Hreinsar út aukaefni og þungmálma
Fæst í Heilsubúðum og Lyfjaval

PRODERM
SÓLARVÖRN
Í skíðaferðir og á ströndina



Engin fituáferð

6 klst. sólvörn CE
Fæst í apótekum og fríhöfnum

Útsalan er í fullum gangi í Frönskubúðinni

Allar útsöluvörur með

50%

afslætti

DU Pareil...au même

Sendum einnig í póströfu!!!

Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

allt auglýsingasími

550 5880

Kæru viðskiptavinir
Verið velkomnir á stofuna mína
Hef tekið við rekstri Greiðunnar
Kveðja Lilja

GREIÐAN

Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090



**ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
ALLT AÐ 70% AFSL.**



Úrval af
vetrarkápum og dúnúlpum
ALLIR PEYSUR, BOLIR OG
SAMSKVÆMISDRESS
2 FYRIR 1



Laugavegi 63 • S: 551 4422

LJÓSHÉIMAR
FYRIR HUGA, LÍKAMA OG SÁL

Opið hús á morgun
sunnudaginn 28. jan frá 13-18

**Námskeið og uppákomur
vorsins kynntar**

Dagskrá í sal

- 14:30 Kynning og sýning á Pilates
- 15:30 Kynning á Tarotnámskeiðum
- 16:30 Kynning á námsferðum til Egyptalands og Damanhur
- 17:00 Sköpunar hugleiðsla með litum og tónlist fyrir aldur 3ja-300 ára

Aðrar uppákomur:

Sýning á Höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð
Nuddsýning og kennsla á notkun ilmkjarnaolía
Tónkvíslaheilun í hóp

Prufutímar gegn vægu gjaldi í eftirfarandi meðferðir:

Nudd, Heilun, Cranio, Nálastungur, Svæðanudd,
Heilunarpýramýdi

**Athugið tilboðsdagur í verslun
10-50% afsláttur af öllum vörum**

Geymið auglýsinguna

Ljósheimar

Brautarholti 8 - 2.h.v. S :551 0148

Tískudrottning og bóhemprinsessa

Leikkonan Sienna Miller þykir með eindæmum smekklegr í klæðaburði og hefur tískuheimurinn tekið henni opnum örmum.

Sienna Miller hefur persónulegan stíl. Hún hóf feril sinn sem fyrirsæta og vilja margir meina að hún hafi átt mikinn þátt í því að koma á boho-chic tískustílnum í Bretlandi. Hún hefur verið kölluð boho-prinsessa þar sem hún getur tekið mismunandi flíkur sem hver um sig er ekkert sérstök og raðað þeim saman svo útkoman verður nýstárleg og flott.

Á rauða dreglinum er Sienna oft í loftkenndum og fíngerðum kjólum eftir þekktu hönnuði. Hún vill aðeins nota einn fylgihlut með slíkum kjól, annað hvort áberandi eyrnalokka, hálsfesti eða armbönd.

Hversdagsklæðnaður Siennu hefur ekki síður vakið athygli en smekklegir kjólar. Hún kom á nokkurs konar æði þar sem hún klæddist kjólum yfir gallabuxur, gammosíum undir kjólum, mörgum lögum af skartgripum og alls konar skófatnaði (Uggs, Mukluks, moccasínur og kúrekastígvélum).

Uppáhaldsfatahönnuðir hennar eru Missoni, Chloe og Matthew Williamson en hann er einnig góður vinur hennar og hefur sagst fá andagift sína frá Siennu.

Þegar kemur að förðun á mottóid „minna er meira“ vel við. Sienna skartar frekar fállegri og náttúrulegri húð sinni en að fela hana á bak við mörg lög af farða. Sienna kaupir fót sín gjarnan í verslunum Anthropologie, Belle Gray og

Urban Outfitters. „Föt þurfa ekki að vera dýr. Hins vegar ætti alltaf að leita eftir gæðum. Betra er að fjárfesta í einni góðri flík en fimm ódýrum toppum,“ sagði Sienna í nýlegu viðtali.

- sgi



Í silkikjól með undurfallega eyrnalokka.

Sienna mætir á góðgerðarsamkomu í byrjun árs 2007.

Í draumkenndum kjól í október 2006. Við fína kjóla vill Sienna aðeins bera einn fylgihlut, í þessu tilviki fallega eyrnalokka.

Sienna lætur náttúrulega feegurð sína njóta sín og notar lítinn farða.



Hvunnudagur hjá Siennu Miller í New York.



Sienna er fyrirsæta hjá Pepe-gallabuxna-fyrirtækinu. Hér mætir hún á uppákomu hjá því í október á síðasta ári.



Í ljósum og léttum kjól með stóra og mikla hálsfesti.

Ósmekkleig auglýsing bönnuð

Auglýsing frá Dolce & Gabbana hefur verið bönnuð í Bretlandi.

Dolce & Gabbana hefur ávallt verið þekkt fyrir kynþokkafull föt og djarfar og leikrænar auglýsingar. Nú hefur fyrirtækið farið yfir strikið að mati siðprúðra Breta sem bannað hafa eina auglýsingu þess.

Auglýsingin sem um ræðir sýnir nokkra karlmenn klædda í föt sem minna á Napóleón-tímenn. Uppstillingin er líkt og á málverki og heldur einn karlmanna á særðri konu á meðan aðrir tveir ógna manni með hnífi. Maðurinn er bundinn í stól.

Auglýsingin þykir ýta undir ofbeldi og gera það eftirsóknarvert. Fjölmargar kvartanir bárust yfirvöldum og að lokum létu þau undan



Það er ekki sama hvar hnífur birtist í auglýsingu.

þrýstingi og bönnuðu auglýsinguna. Þá er spurning hvort þeir banni ekki aðra hverja kvikmynd og sjónvarpsþátt í kjölfarið.



**Hafrfitness
að hætti Jóa Fel**

- fullar af trefjum og rúsínum

Kleppsvegi 152
Smáralind

Opið mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00
laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00



Jean Paul Gaultier gerði sér lítið fyrir og skellti converse-skóm í gyllta háhælaða sandala.

Ökklaskór í aðalhlutverki

Ökklastígvél hafa heldur betur slegið í gegn í vetur. Í vor verða ökklaskór áfram í aðalhlutverki, helst háhælaðir.

Gulur litur mun sjást mikið í vor hjá stærstu tískuhúsunum, ásamt ökklaskónum sem passa bæði við kjóla, pils og buxur.



Ökklaskóna var að sjá á vör-sýningum

Vivienne Westwood hefur alltaf farið nýstárlegar leiðir.

margra hönnuða þar sem Jean Paul Gaultier smellti converse-strigaskóm í háa gullsandala og Vivienne Westwood vakti athygli sem endranær með afrískum áhrifum sem eflaust eiga eftir að njóta sín á götum stórborganna frá vorinu.



Prada-síminn verður fyrsti síminn þar sem allar skipanir fara fram gegnum snertiskjá.

Prada-sími

Prada mun í vor senda frá sér hátískusíma.

Síminn er hannaður í samvinnu við LG en þeir hafa haft hann á teikniborðinu í rúm tvö ár. Síminn mun verða fyrstur sinnar tegundar þar sem allar skipanir fara fram gegnum snertiskjá. Hann mun koma í hillur verslana í vor og verður þannig rétt á undan iPhone sem byggir einnig á snertiskjá.

Ófugt við þau tískuhús sem hafa gefið út fylgihluti eins og síma, verður Prada-síminn ekki fyrir fáa og mjög ríka útvalda. Hann er ætlaður efri hluta almenns markaðs og er áætlað að hann komi til með að kosta um 55.000 krónur.

GÖTUMARKAÐUR LAUGAVEGI 91

- opið til kl. 18:00 í dag

VERÐHRUN

...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

BOLIR	FRÁ: 990
DÖMUSKÓR.....	FRÁ: 1.990
HERRA GALLABUXUR.....	FRÁ: 2.990
DÖMUSTÍGVÉL.....	FRÁ: 2.990
ÚLPUR.....	FRÁ: 4.990
JAKKAFÖT.....	FRÁ: 7.990
DIESEL GALLABUXUR.....	FRÁ: 4.990
HERRA LEÐURJAKKAR.....	FRÁ: 5.990
DÖMU GALLABUXUR.....	FRÁ: 3.990
DIESEL BARNAFÖT.....	AFSLÁTTUR 70%

Allt á að seljast

OPIÐ:
LAUGARDAG 11-18
SUNNUDAG 13-18

galleri
laugavegi 91



CENTRUM

eva

gs skór

galleri sautján

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

Bilamarkaðurinn
Smiðjuveg 46E
667-1800
Lögbindið Bilasala

Bilamarkaðurinn
Smiðjuveg 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

BÍLAHORNID
BÍLASALA
Funahöfða 5 - S: 567-2400
www.bilahornid.is

BMW M5, árg. 2001, ek. 159þ.km, 450hp, tölvukubbur, M5ristar, nýtt þústkerfi, Verð 3.990þ. Tilboð 3.300stgr.

Mercedes Benz C32-AMG, árg. 2003, ek. 64þ.km, leður, toppluga, ssk., Verð 4.600þ.

Bilahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is

MMC Lancer GLXi 1,3, Sjálfskiptur. Árg. 9/1998 ek 141þús km rafð. rúður, geislaspilari Verð 490þús. Tilboð 390þús. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

VW Polo Basicline. Árg. 5/2005, ek. 37þús. km., 5 gira 1,4, rafð.rúður, geislaspilari. Góður bíll. Verð 1.140þús. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

Nissan Almera GX. Árg. 6/2000, ek. 130þús. km., 5 gira 1,4, rafð.rúður, abs. Verð 590þús. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bilasan Bilfang
www.bilfang.is

Range rover Sport HSE 2006 ek 12 þ.km, svartur glæsilegur bíll hlaðinn búnaði verð 8.9 mil.

Honda CR-V Advance 05/2005 ek 30 þ.km sjálfskiptur, verð 2.780þ.

M-Benz ML 230 01/2000 ek 109 þ.km, 5 gira Fallegur og vel með farinn bíll verð 1.790þ.

Hyundai Tuson Diesel 07/2005 ek 37 þ.km sjálfskiptur ákv 2.3 millj. Verð 2.750þ.

Hyundai Getz GLS 04/2006, ek. 12þ.km. Svartur, 5 gira ,verð 1.490þ.

VW Passat Variant 12/2005 (mód 2006) Silfur, 5 gira, vetrar og sumardekk á álf- elgum. Verð 2.300þ.

Skoda oktavia Ambiente 06/2003 ek 74 þ.km, sjálfskiptur, ákv. 930 þús verð 1150

Nissan Patrol SE+ 2.8 L Diesel Turbo 07/99 , Leður, luga ofl 33" dekk ek 189 þ.km verð 1790 þús TILBOÐ 1490

KIA Sorento 2.5 Diesel Turbo 07/2002 ek 97 þ.km sjálfskiptur upph á 31" dekkjum, ákv 1.8 mil 25 á mánuði verð 2150

Porsche Cayenne 01/2004 ek 37 þ.km glæsilegur gripur sem vert er að skoða ákv 4 mil verð 5.5 mil ath skipti

Bilasan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

SPARIBILL

Nýr Jeep Grand Cherokee SRT8 Hraðasti jeppinn á markaðinum í dag, 6,1 L vél, 5 sec. í 100 km. „Brembo“ bremsur, 20" álfelgur, sportsæti, sport fjöðrun og púst. Svartur til á lager. Verð aðeins 6.490 þús.

Sparibill ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is

Skidoo MXZ SPORT 600 136", árg. 2002, ek. 3 þús. km, Verð 620 þús.kr, áhv.270 þús.kr.

Bílar til sölu

Subaru Outback árg. '04, ekin 26 þ., sjálfsk., sk. '07. Verð 2.590 þ. Uppl í s. 899 7569.

Land Rover, árg. '54. Tilboð óskast. Uppl. í s. 435 1346 & 863 7374.

Izusu Trooper árg. '00. 35", ek. 144þ. ATH. skipti - dýrari eða ódýrari. Uppl. í s. 892 1880.

Audi A6 2,7T Quattro '01 keyrður 90.000 km. Í toppstandi og nýskeytaður. Er hlaðinn aukabúnaði. Verðtilboð 2.490 þ. S. 693 2920.

Flottasta dótubúðin

Allt fyrir hjólafólk!
20% afsláttur
á öllu hjóla og vélsleðadóti út janúar.

20% afsláttur líka af sérpöntunum, original varahlutum og aukahlutum.

Bilabúð Bennna
Vagnhöfða 23
Sími 590 2000

Toyota Rav4, sjálfsk., 28/11/03. Ekin aðeins 28 þús. Verð 2.390.000. Uppl. í s. 893 0298.

Toyota Rav 4 árg. 3/2004, ek. 54 þús. bensín , sjálfsk. Verð 2.490 þús. Tilboð 2.350 þús. S. 896 1465, Marínó.

Til sölu Toyota corolla 1998 ek. 170 þús. nýleg tímareim í 153 þús. snýrilegur bíll á sumardekkjum. V.290þ. Uppl. í s. 848 7958.

Toyota Avensis Diesel (12/05) Ek. 17þ. Álf., leður, ofl. ofl. Eins og nýr. V. 2.990þ. S. 863 9443.

Til sölu Hyundai Tucson LUX árg. '05 ekin 8000þús., bíllinn er með topp- lugu, DVD, dráttarbeiði, krómpakki, leður, ásamt ýmsum öðrum aukabúnaði. Skoða skipti á ódýrari eða mikið breyttum túttujeppa, má vera dýrari. Sími 894 2255.

Toyota Corolla '98 ekin 131 þús. nýsk. vetrardekk, smurbók, ný tímareim, filmur, álfelgur, góður bíll, verð 430 þús. S. 691 1001

BMW 316 compact '99, ekin ca.140þús. nýsk.'08, álfelgur, vetrardekk, filmur. Bíll í góðu standi. Áhv. 480 þús. Verð 790 þús. Ath. öll skipti. S. 693 5053.

Subaru Impreza GL 4WD. 7/2003 ek.47þ. 2.0L. Sjks. 16"Álf. Verð 1450þ. Uppl. í s. 848 3383.

Lexus IS200 Sport, Árg.'05 Ek. 22 þús. Verð 2.990.000. Áhv. 2.300 þús. Uppl. í s. 867 6790.

Renault Megane, árg. '00. Ek. 82þ. Verðtilboð 480þ. Uppl. í s. 849 3959.

Golf 4x4 '98 ek. 136 þ., góður bíll. V. 450þ. Uppl. í s. 863 2667.

Toyota Hilux '99 til sölu 38", vel útb. bíll, ek. 169.000 km. Verð 2.3 m., ákv. 940.000. Sími 896 1200.

Skoda Oktavia
Til sölu Skoda Oktavia, árg. '02, Elegance. 4X4. Ek. 75þ. Beinskiptur, rafmagn í öllu, hiti í speglum, ABS, air- bogs, MP3 spilari, álfelgur, dráttarkrókur, dökkar filmur, aircondition, fjarstýrðar samlæsingar, ökutalva, sumar- vetrar- dekk, 2000cc vél. Topp eintak. Asett verð 1190þ. Uppl. í s. 820 6936.

Subaru Legacy 11/2000, ssk., 2l. Ek. 135þ. Sumar- og vetrardekk. Álfelgur fylgja. Verð 950þ. Áhv. gott lán. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. s. 820 5658, Ivar.

Rav4 árg. '02, ek. 62 þús., 3ja dyra, 5 g., ný dekk. Verð 1.220 þús. Uppl. í s. 867 1116.

Dísel Hilux í sérflökki !!
Toyota Hilux dísel, Árg. 10/04, E-31þ,5 Gíra, Pallhús, Krókur, ásett 2,490þ. S. 869 0206.

Gullfallegur og góður á súperkjörum
Renault Laguna,11/01,1600,5 Gíra,Sk07,E-91þ., ásett 1.130þ., 100% Lán 1.025þ., s. 661 8185

Algjör Gullmoli!!!!
Nissan Micra, árg '05,E-8þ,5 Gíra, Abs, Cd, sk. '08, ásett 1.470þ.,100% Lán. 1.399þ.,s. 820 0151.

Yfirtaka á láni + 50þús Til sölu algjör gullmoli!!! Toyota Rav Diesel (septemb- er)2005 árgerð.Æðislegur bíll sem eyðir ótrúlega litlu!!!)fullt af aukahlutum! verð 2.850.000 áhvílandi 2.630.000 afborgun ca 43þús á mán. Upplýsingar í s. 820 5454.

VW Golf station 2.0 4x4 árg. '05 ek. 37þ. 5dyra, Rafm í rúðum, dráttar- kúla. Ólíudagbók. Bíll í toppstandi. Verð 1.390þús. Uppl. í s. 846 3387.

Toyota Avensis. Árg 06/02. 1.8 beinsk. Ekin 92 þús. km. Verð 1.050 þús. Áhv. 585 þús. Uppl. í s. 895 8956.

Fiat Stilo '04, ek. 88 þús. Áhv. lán 18 þús./mán. 0 kr út. S. 846 5099.

Toyota Carina E GLI árg '96 station, sjálfskiptur, vel með farinn bíll í góðu standi. S. 892 9160.



KAFFIBOÐ Í KÓRAHVERFI

Litið inn til Kristínar Bergsdóttur SJÁ BLS. 14



DÆMI UM ARKITEKTÚR HVERRAR ÞJÓÐAR

Fuglabúr Systu SJÁ BLS. 2

[SÉRBLAÐ UM HÚS OG HEIMILI – LAUGARDAGUR 27. JANÚAR 2007]

Heimilið



FRETTI.LAB/ANTON

EFNISYFIRLIT

DÆMI UM ARKITEKTÚR HVERRAR ÞJÓÐAR

Fuglabúr Systu BLS. 2

SÍÐIR VIÐ HÁTÍÐLEGT BORDHALD

Lagt á borð BLS. 4

HVER HEFUR SINN SMEKK

Dásamlegir smáhlutir BLS. 6



ALLT Í BLÓMA

Val á pottaplöntum BLS. 8

ÁSTFANGIN AF BLANDARANUM

Edda Björgvins BLS. 12

BLÚNDUR OG RÓMANTÍK

Í stofuna BLS. 18

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK

Sparisjóður Kópavogs • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is



Dæmi um arkitektúr hverrar þjóðar

Fuglabúr eru mörg hver hin fegurstu listaverk. Því kemur ekki á óvart að glerlistkonan Systa kjósi að hafa þau í kringum sig.

Systa, sem heitir reyndar Sigríður Ásgeirsdóttir, hefur safnað fuglabúrum um árabil. Búrin eru hvaðanæva að úr heiminum og þau eru að hennar dómi listaverk sem segja sína sögu um arkitektúr hverrar þjóðar. Systa hefur fengið búrin með ýmsum hætti. Sum þeirra hefur hún keypt sjálf enda er hún í alþjóðlegum hópi listakvenna sem sýnir um víða veröld. Svo segir hún vini sína hafa verið býsna duglega að gauka að sér búrum og jafnvel bera þau heimsálfanna á milli.

- gun



Minnsta búrið í safninu fann Systa í Róm.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM



Systa á svölunum heima með lítið búr af markaði í London sér við hlið.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM



„Vinir mínir Páll Skúlason og Auður Birgisdóttir færðu mér þetta frá Austurlöndum,“ segir Systa.



Búrið lengst til vinstri er af öskuhaugum Reykjavíkur, miðbúrið frá Kanada og það þriðja er kínversk antik.



„Þessi keypti ég í dúkkubúð í Hamborg. Þá áttaði ég mig á gildi litlu búrana. Þau eru í dúkkuhús,“ segir listakonan.



Kínverskt krybbubúr sem keypt er í Písa.



Kínverskt sjötíu sentimetra hátt búr sem Systa burðaðist með frá London við lítinn fögnuð flugafgreiðslufólks.



„Þetta sá ég á markaði í Kína. Ég var á leið til Nýja-Sjálands og gat því ekki eignast það en elskuleg vinkona, Guðrún Prastardóttir, var með mér á markaðinum og sá hvað mér leið. Þegar hún kom heim mörgum mánuðum seinna færði hún mér búrið alveg óvænt,“ er saga Systu á bak við þetta búr.

Hollustuna heim!

BARNABOX

2 kjúkíngaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
700 kr



stórir skammtar

- beint heim til þín.



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.600,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.

Opð mán-fimmtudaga 12-21:30

fríðu og laugardaga 12-22:30

sattudaga 17-21:30

www.indokina.is

ÞÖNTUNARSÍMI 552 2399

Hollur og góður kínamatgur,

Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu
2 lítra kók og rækjuflögur FRÍTT með!

Gildir ef pantað er fyrir 2 eða fleiri

TILBOÐ 1	TILBOÐ 2	TILBOÐ 3
Djúpsteiktur rækjur Original hot and sweet svínakjöt Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti Hrisgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa	Djúpsteiktur rækjur Peking kjúklingur m/kínasveppum Wok steikt lambakjöt m/svartbauna-sósu Original hot and sweet svínakjöt Hrisgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya	Rifjapartý Konton svínarít Hrisgrjón, prjóna og soya poki af Maarud
1.345 á mann 2.690 fyrir tvo	1.445 á mann 2.890 fyrir tvo	1.250 á mann 2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

NEW CONCEPTS
Hönnun: Lodovico Acerbis, | 1999

 ACERBIS

NÝ HUGSUN



PIPAR • SJA • 70020



fegurðin býr
í smáatriðunum

Þú upplifir sönn nútímaþægindi með NEW CONCEPTS línunni frá Acerbis. Í baki skápanna er 10 sm breið rauf með innbyggðri lýsingu sem skapar notalega stemningu auk þess að fela allar tilheyrandi snúrur.

MÓDERN

Hlíðasmára | / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opð í dag frá kl. 10-16.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

TILBOÐSDAGAR

10-50% AFSLÁTTUR

VERIÐ

Glasibæ, s. 552 0978
www.damask.is

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is

Kjarnagluggar **Ekkert viðhald**

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

flooré
GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is **Hringás ehf.**

Siðir við hátíðlegt borðhald

Við borðhald eru ýmsir siðir sem gaman er að fylgja. Mismunandi hnífapör eru fyrir hvern rétt og það sama á við um glös. Stefanía Sigurjónsdóttir, þjónn á Hótel Holti, leiddi okkur í sannleikann um hvernig eigi að leggja á borð.

„Hnífapör og glös sem notuð eru við borðhald fara eftir matseðlinum en aðalreglan er að byrja yst með forréttarhnífapörum og vinna sig inn samhliða réttum,“ segir Stefanía.

Við formlegt borðhald raðar gestgjafinn til sætis og þá er gjarnan reglan að kona og maður sitji til skiptis. Meðan gestir gæða sér á fordrykk skoða þeir matseðil og gestgjafinn pantar vín sem hentar réttunum. Síðan smakkar gestgjafinn vín áður en gestum er skenkt.

Gestir leggja munnþurku í kjöltu sér við upphaf máltíðar. Síðan er forréttur borinn fram á eigin disk, ásamt millirétti, en annaðhvort kemur aðalréttur á eigin disk og er skammtaður á disk við borðið, eða kemur á eigin fati á borð gestanna.

Algengur matseðill samanstandur af forrétti, millirétti, aðalrétti og eftirrétti. Fyrir slíkan matseðil er lagt á borð aðalréttardiskur, hnífapör fyrir alla rétti ásamt litilli skeið og litlum gaffli fyrir eftirrétt. „Hnífapör fyrir aðalréttinn geta verið steikarhnífur, flatur hnífur eða hnífur fyrir flatfisk ásamt gaffli,“ segir Stefanía.

Þegar súpa er í boði bætist að sjálfsgöðu skeiðin við og smjörhnífur á litlum brauðdiski sem er alltaf vinstra megin við gestinn.

Á borðum er alltaf vatnsglas ásamt vínaglössum sem fara við matseðilinn. Íslendingar eru mjög hrifnir af rauðvíni að sögn Stefaniu en reglan er rautt með kjöti og hvítt með fisk. „Fyrsta glasið eða forréttarglasið er alltaf fyrir ofan fyrsta hníf sem er forréttarhnífur. Síðan tekur við glas fyrir aðalrétt og síðan gjarnan sætara vín fyrir eftirrétt,“ segir Stefanía en síðan tekur við kaffi og koniaksglas fyrir þá sem það vilja, annaðhvort með eða í stað fyrir eftirrétt, jafnvel með litlum konfektbita.

- rh



Stefanía Sigurjónsdóttir, þjónn á Hótel Holti, segir gestgjafann gjarnan raða til sætis og panta vínið.

FRÉTTABLAÐ/ANTON



Venjan er að rautt vín fari með kjöti og hvítt með fiski. Ysta glasið er fyrir forréttinn og síðan er farið í aðalrétt, en endað á sætari víni með eftirrétti.



Hnífapör fyrir aðalrétt taka mið af matseðli. Fyrir steik fylgir steikarhnífur, en einnig eru til flatur hnífur og hnífur fyrir flatfiska.



Við margra rétta máltíð er byrjað á ystu hnífapörunum og síðan haldið áfram inn að disk. Sama á við um glösin, forréttarglasið stendur fyrir ofan fyrsta glas.

Egill
Árnason hf

Restar frá
500 kr./fm.

OPÍÐ Í DAG TIL
kl. 16:00

ALLT Á AÐ
Seljast

SÍÐUSTU DAGAR STÓRÚTSÖLUNNAR



Hver hefur sinn smekk

Það eru margir mismunandi tískustraumar í gangi um þessar mundir og því geta allir fundið eitthvað sem hæfir þeirra smekk.

Tími naumhyggjunnar er liðinn og nú líða margir ólíkir straumar um húsgagna- og heimilislífsverslanir.

Hvort sem þú ert rómantísk að upplagi og vildir óska þess að þú hefðir verið uppi á annarri öld, eða nútímakona sem kys beinar línur og lítið skraut, þá má alls staðar finna eitthvað sem hæfir þínum smekk.

Eftir að



Þeir sem einu sinni hafa heillast af vörum frá Marimekko eiga ekki auðvelt með að snúa afur.

netið varð jafn aðgengilegt og auðvelt í notkun og raun ber vitni hafa líka margar smekkonur nýtt sér það sem innkaupaleið.

Að versla á netinu getur verið mjög fyrirhafnarlítið og þannig má komast yfir fineri sem fæst ekki hérlandis og finnst því tæpast á mörgum öðrum heimilum. Það er vel því Íslendingar geta stundum orðið svolítið einsleitir í smekk og smitast auðveldlega af því sem er efst á blaði hverju sinni.

Fjölbreytni er eitthvað sem við ættum heldur að fagna og með því leitast við að finna það sem okkur persónulega þykja fallegir munir, í stað þess að elta strauma sem útlærðir hönnuðir halda að okkur. Með því ættu líka að sparast peningar því hver vill skipta út fallegum húsmunum sem virkilega höfða til okkar innri manns?

- mhg



Sérlega rómantísk veggklukka frá www.dotcomgiftshop.com.



Konunglegur púði frá Debenhams í Bretlandi. Færi vel við svörtu ljósakrónum.

Sætt þrjón utan um hitapoka sem nota má fyrir þetta mánaðarlega, bakverkina eða bara til að hita sængina þegar svo ber undir. www.dotcomgiftshop.com



Krúttlegar dollur undir sykurl, kaffi og tepoka. Fæst í gegnum netverslunina www.dotcomgiftshop.com.



Viltu hunang með því? Hver myndi slá hendinni á móti bláberjate sem væri borð fram í þessu dúllulega stelli? www.dotcomgiftshop.com



gel-arnar
...enginn reykháfur

- Viður eða gler
- Ýmsir litir í boði
- Auðveld uppsetning
- Hægt að staðsetja nánast hvar sem er
- Lyktarlaus bruni

Einnig til fyrir rafmagn!

SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · WWW.RAFVER.IS



Svartur kristall er vinsæll þessa dagana. Þessa myndarlegu ljósakrónu má fá á netversluninni www.dotcomgiftshop.com.



Góður ilmur á heimilinu gerir það að betri stað til að vera á. Hjá Body Shop er hægt að fá margs konar vörur sem láta bæði heimilið og íbúa þess ilma vel.



70's vasar frá Debenhams.

Fallegir vasar sem minna mikið á gamla tíma. Gætu eins verið framleiðsla frá Glit í kringum árið 1970. Debenhams.

Konur þurfa eflaust jafn mikið að nota málbönd og karlar og því ekki úr vegi að verða sér úti um eitt slíkt með fallegu blómamynstri.





Lokaheigi útsölnunnar!

gerðu bestu kaupin í dag...



20-60%

afsláttur

- sófar
- stólar
- Sófasett
- borðstofuhúsgögn
- indverskt
- gjafavara



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 - Sunnudaga 13-16
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300 www.miraart.is

KORTER.IS

Brautir - Glerveggir -
Glerhurðir - Hert Gler



Hawa
GEZE

JARN OG GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
www.jarngler.is



Drekatré (Dracaena Marginata). Miðlungs birta, þarf ávallt að þorna vel á milli vökvunar.



Demantsblóm (Guzmania). Góð birta, mold á að þorna á milli, gott að hafa vatn í trektinni.

Allt í blóma

Misjafnt er hvernig hirða þarf um plöntur eftir tegundum og mikilvægt að vita hvað hentar hverri tegund best. Í Blómavali er hægt að fá fjölda fallegra pottablóma á góðu verði og ráðleggingar um hvernig best er að hirða um þau.

Lifandi plöntur geta lifgað upp á heimilið yfir vetrarmánuðina og um að gera að vera með nokkrar fallegar pottaplöntur í gluggunum eða á borðunum. Ekki er samt alveg sama hvaða plöntur eru í gluggunum og hverjar á borðunum því misjafnt er hversu mikla birtu þær þola. Gott er

að leita ráða hjá starfsfólki blóma-verslana þegar plöntur eru keyptar og fá að vita hvernig best er að hugsa um þær, hvað þær þurfa mikla birtu og hversu mikið þarf að vökva. Til þess að plantan lifgi upp á heimilið þarf hún nefnilega að vera vel hirt og falleg. - eó



Kaktus með gerviblómum. Mikil birta, lítil vökvun yfir vetrartímann en mikil á sumrin.



Friðarlilja, dvergafbrigði (Spatiphyllum). Hálfskuggi, þarf að þorna á milli vökvunar.



Brönugras (Phalaenopsis). Miðlungs birta, einn lítil bolli af vatni á viku, hentar vel í norðurlugga.



Laufeyjarlykill (Primula Vulgaris). Góð birta, rífleg vökvun, upplagt að planta úti eftir blómgun, verður fjölær.



Bonsaitré. Góð birta, ekki bein sól, þarf ávallt að vera rakt.



Peningatré (Crassula). Mikil birta, lítil vökvun yfir vetrartímann en mikil á sumrin.

Svalalokanir

- Svalaskjól

Yfir 20 ára reynsla



Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Sérsmíði



www.solskalar.is
solskalar@solskalar.is
Símt: 594 4300 - Smíðastíð: 10 - 210 Garðabí

GLUGGAR &
GARDHUS ehf

PVC Gluggar • Sólhýsi
Hurðir • Svalalokanir



Frábær lausn í bæði
gamalt og nýtt:
Einbýlið, fjölbýlið,
sumarhúsið eða
hvar þar sem fegurð
og gæði njóta sín.



Hvít
Gulleik
Maghagony



Hafðu samband og við ráðleggjum þér

**GLUGGA- OG
GLERHÖLLIN**

Agripól 26 • 200 Akureyri • Sími: 421 2228 • Fax: 421 2020
Netfang: glerhollin@glugga-og-glerhollin.is • Netmiðla: www.glerhollin.is

Klæmrunarvenglar • Öryggislyklar • Spjallar

LÚR
BETRI HVÍLD

Komdu við í verslun okkar í Smáranum. Við erum staðsett rétt fyrir ofan Smáralindina á horni Hlíðasmára og Smárahvammsvegs.



Opið í dag frá
11:00 – 16:00

Opnunartímar: mán-fös 10-18 - lau 11-16

LÚR - BETRI HVÍLD • HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100 • WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Ótrúleg tilboð í gangi

á rúmum, rúmgöflum,
svefnsófum og náttborðum

Rýmum fyrir nýjum vörum og seljum mjúk rúm á ótrúlegu verði



Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

ÚTSALA
ÚTSALA
10-50%
afsláttur

Opið í dag Laugardag
til 15.00

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 551-6646

Útsalan
er hafin
10-50%
afsláttur



Z-brautir og gluggatjöld
Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • S.525 8200

▶ **TOPP MERKI Á ÚTSÖLU**



AFSLÁTTUR
40.000

32\"/>

VERÐ ÁÐUR kr. 159.990

TILBOÐ kr. 119.990

JVC 25%



AFSLÁTTUR
30.000

26\"/>

VERÐ ÁÐUR kr. 129.990

TILBOÐ kr. 99.990

AKAI 23%



AFSLÁTTUR
30.000

42\"/>

VERÐ ÁÐUR kr. 199.990

TILBOÐ kr. 169.990

PHILIPS 15%

ÚTSALA

▶ ALLT AÐ 65% AFSLÁTTUR



AFSLÁTTUR
20.000

42\"/>

VERÐ ÁÐUR kr. 169.990

TILBOÐ kr. 149.990

THOMSON 12%



AFSLÁTTUR
70.000

42\"/>

VERÐ ÁÐUR kr. 269.990

TILBOÐ kr. 199.990

GRUNDIG 26%



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS



gel-arnar

...enginn reykháfur

- Viður eða gler
- Ýmsir litir í boði
- Auðveld uppsetning
- Hægt að staðsetja nánast hvar sem er
- Lyktarlaus bruni

Einnig til fyrir rafmagn!




SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · WWW.RAFVER.IS




iess
járngallery

Dalvegur 24
Kópavogi
544 4884

www.iess.is

Ástfangin af blandaranum

Leikkonan síkátá, Edda Björgvinsdóttir, er himinsæl með nýju heimilisgræjunna sína, blandarann. Í honum er hægt að gera ótrúlegustu hluti en mikilvægastur er blandarinn þegar Edda gerir hollustumorgunverðinn sinn.

„Það má segja að ég sé yfir mig ástfangin af nýja blandaranum og hann væri hinn fullkomni sambylingur ef hægt væri að tala við hann,“ segir Edda hress í bragði og tekur til við að lýsa hinum fjölmörgu kostum þessa frábæra blandara.

„Aðalmálið er náttúrulega hinn mikilvægi morgunverður, en þar reyni ég að nota hugmyndaflugíð eins og ég mögulega get. Ég set ýmist alls konar djús, epli, perur og banana í blandarann eða djús, hrísmjólk, möndlumjólk og fullt af exótískum, frosnum ávöxtum eins og melónukúlum, mandarinubátum, mangó og papaya,“ segir leikkonan og bætir því við að fyrir þá sem vilja sæta drykkinn sé hægt að nota til þess ananas og banana og svo er algjör galdur að setja tvær til þrjár dödlur stundum út í drykkinn. „Það er um að gera að hafa fjölbreytni í þessu svo maður fái ekki leið á morgunseiknum – enda eru til svo margar tegundir af djús og frosnum berjum.“

Edda notar eins mikið lífrænt og hún getur því hún vill reyna að útloka skordýraeitur og áburðareitur úr mataræðinu. „Ég held að þessi aukaefni séu að drepa mannkynið auk eittraða sykursins og vondu fitunnar,“ segir Edda.

„Morgunmaturinn er náttúrulega mikilvægastur í heimi en það er líka hægt að gera litlar speltbollur, sem blandarinn hnoðar fyrir mann,“ segir Edda en henni finnst líka alveg geggjáð að geta búið til grænmetissafa úr öllu grænmeti án þess að nokkuð hrat verði afgangur.

„Síðan fór ég að horfa á geisladiskinn sem fylgdi með blandaranum og komst þá að því að það er hægt að nota hann til að gera heita súpu. Ég náttúrulega prófaði það og þetta var bara engin lygi að það er hægt að gera sjóðandi heita grænmetissúpu ef maður stillir blandarann rétt,“ segir Edda ánægð.

Það er heilmikið fram undan hjá Eddu fyrir utan meistaranámið í Háskólanum á Bifröst. „Fyrstu helgina í febrúar er ég með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur í Egilshöll á vegum Heilsuakademiunnar. Sjötta febrúar verð ég síðan með opið námskeið fyrir þá sem vilja læra að tala fyrir framan fólk af öryggi en það er hjá Þekkingarmiðlun. Þrettánda febrúar verð ég með fyrirlestur hjá Maður lifandi sem heitir Ertu andlegt og líkamlegt eiturfnaúrgangsrusla-skrímsli?“ Að auki er eilífðarverkefnið Alveg brilliant skilnaður náttúrulega enn á fjölunum í Borgarleikhúsinu – að visu allra síðustu sýningar núna – þannig að það er fjörugur febrúar fram undan hjá Eddu.

sigridurh@frettabladid.is



Edda er alsæl með blandarann sinn en segir eina gallann vera að hann tekur ekki undir morgunspaugið með henni.

FRETTABLAÐIÐ/HEIÐA



Eldhús

innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.



Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf. - Ármúla 20 - Sími 562 5000 - Fax 562 5045 - bjorninn@bjorninn.is - www.bjorninn.is

ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!



20-90%
AFSLÁTTUR!

VERÐDÆMI 1:

70%AFSLÁTTUR!

Rúmgaflasett 140*200 með tveimur náttbordum,
mjög vandað, með góðri kiropraktor heilsudýnu
verð áður kr. 409.550

verð nú **kr. 122.865**

VERÐDÆMI 2:

50%AFSLÁTTUR!

Viscocomfort þrýstijöfnunardýnan með mjög góðri yfirdýnu
stærð 160*200cm
verð áður kr. 273.900

verð nú **kr. 136.500**

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is



Kertastjakarnir eru frá Georg Jensen.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þessi handmáluðu staua fékk Kristín á útimarkaði í smábæ í Frakklandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hin smekklega húsfreyja, Kristín Bergsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaffiboð í Kórahverfi

Kristín Bergsdóttir hjúkrunarfræðingur býr í glænýrri íbúð á Vatnsenda í Kópavogi.

Kristín tók á móti blaðamanni á nýju heimili sínu í Kórahverfinu í Kópavogi og bauð upp á dýrindis vöflur og kaffi. Heimili Kristínar er í senn smekklegt og hlýlegt og ljóst er að þar býr mikill fagurkeri með gott auga fyrir smáatriðum. Hún vill ekki hafa of mikið af hlutum í kringum sig og hefur fremur stíl-hreinan smekk en heimili hennar hefur þó rómantískt yfirbragð.

Kristín endurnýtir gamla hluti og hefur gaman af hlutum með sögu. Hún flutti í Kórahverfið í ágúst síðastliðnum eftir að hafa búið í nokkur ár í miðbæ Reykjavíkur. Það voru vissulega viðbrigði bæði hvað varðar staðsetningu og breytinguna við að flytja í nýbyggingu. Báðir staðirnir hafa sinn sjarma en eru afar ólíkir.

„Þegar maður flytur í nýja íbúð þá tekur alltaf svolitinn tíma að koma sér fyrir og finna út hvað hæfir svona nýjum hibýlum. Maður þarf að búa til stíl sem hentar íbúðinni og í rauninni að fá andann í henni til að lifna við. Þetta

er glæný íbúð þannig að maður finnur ekki fyrir liðnum tíma eins og í gömlum íbúðum og þarf maður því að skapa þann anda sjálfur og það gerist svona smám saman,“ segir Kristín.

Hún segir enn vera margt eftir en þetta sé smátt og smátt að raðast saman og einhver mynd að komast á íbúðina. „Mér finnst gott að gera þetta hægt og rólega. Bæði kostar mikið að standa í framkvæmdum og síðan er gott að melta hlutina.“

Stíllinn í íbúðinni er blanda af nýju og gömlu. Innréttingar eru að sjálfsögðu allar nýjar og sum húsgögnin líka, en þetta eru að mestu leyti gömul húsgögn sem Kristín hefur annað hvort fengið gefins í gegnum foreldra sína eða keypt og gert upp. Má þar til dæmis nefna eldhússtólana og borðstofu-húsgögnin.

Kristín hefur mjög gaman af að kaupa eitthvað fyrir heimilið og að skoða sniðuga hluti, ekki síst þegar hún ferðast erlendis. Fallegir og sniðugir hlutir með notagildi heilla



Gólfmottan, sem setur skemmtilegan svip á forstofuna, er hönnuð af Tinnu Gunnarsdóttur og fæst í Epal.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Stólana gaf afi Kristínar frá Vestmannaeyjum móður hennar á unglingsaldri. Kristín hefur gert þá upp og lét yfirdekkja þá með nautshúð frá Argentínu. Lampaborðið fékk Kristín í Húsgagnamiðlun á Sniðjuvegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Veggfóðrið fékk Kristín í Laura Ashley-búðinni í Faxafeni og lét hún gera diskamottur í stíl sem sjá má á eldhúsbörðinu. Pianóið í baksýn er Kristín nýbúin að gera upp og hefur það fylgt fjölskyldu hennar í áraradír og fékk hún það frá föðurafa sínum. Bollastellið er komið frá ömmu Kristínar frá Þórshöfn á Langanesi. Diskurinn undir vöflunum er frá Casa og setur fjórugan svip á hvaða borðhald sem er.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Uppþvottaöndin er góður geymslustaður fyrir uppþvottalöggin sem er sjaldnast mikil heimilisþryði. Hún fæst í Casa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Límmiðarnir í gluggunum koma vel út og þá ekki síður þegar dimma tekur. Þeir eru hönnun Tinnu Gunnarsdóttur og fást meðal annars í Kokku. Stampana fékk Kristín að gjöf og eru þeir úr Habitat.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

til
hamingju!

2.956
vinningshafar

Í fyrsta útdrætti ársins fengu 2.956 manns vinning.
Þetta er bara byrjunin. Vertu með og fáðu þér miða
á hhi.is eða í síma 800 6611, það tekur enga stund.



HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Framhald af blaðsíðu 14

hana og hefur hún bæði gaman af að skoða markaði, sem og nýttisku húsbúnaðarverslanir. Við fengum sýnishorn af nokkrum athyglisverðum hlutum sem Kristín hefur sankað að sér bæði hér heima og á ferðum sínum erlendis. Þeir eiga það allir sameiginlegt að vera í senn fallegir og praktískir. Einnig hefur Kristín fengið góðar hugmyndir við að prýða heimilið. Nýverið veggfóðraði hún vegg í eldhúsinu til að skapa mótvægi við stílhreinar innréttingar og mynda þannig notalegt andrúmsloft. Eins og oft gerist þá varð töluverður afgangur af veggfóðrinu og ákvað Kristín að nýta það í stað þess að henda því. Hún fór í Samskipti í Síðumúla og lét þar plasta búta af veggfóðrinu í diskamottur sem eru þá í stíl við vegginn í eldhúsinu. Hér er komin góð hugmynd fyrir þá sem eru að velkjast með búta af forláta veggfóðri sem þeir tíma ekki að henda.

Einnig má jafnvel ramma þá inn og hengja upp. Auk þess má taka mynstur af veggfóðri, skanna það inn í tölvu og nota síðan á efni og útbúa þannig dúka, munnþurrkur, gardínur, púða og jafnvel rúmföt í stíl við veggfóðrið. Þetta er hægt að fá aðstoð við að gera hjá Samskiptum.

Íbúð Kristínar er í sextán hæða fjölbýlishúsi og býr hún á sjöttu hæð. Íbúðin var hönnuð af Birni Ólafssyni, arkitekt í París, og er hún vel skipulögð og útsýnið stórkostlegt.

Kristín er mjög sátt við kaupin og tekur undir orð bæjarstjórans um að það sé gott að búa í Kópavogi.

- hs



Borðstofuhúsgögnin eru frá Húsgagnamiðlun í Kópavogi en Kristín lét yfirdekkja stólana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Heimilisbaukurinn frá Habitat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þessi skemmtilega tesja fékkst einnig í Under the Roof í San Francisco. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Í baksýn sést skurðarbretti frá Urban Outfitters í San Francisco. Myndin er af hinni einu sönnu Marilyn Monroe en ef nánar er að gáð má sjá að hún er búin til úr grænmeti og ávöxtum. Glasahaldarann fékk Kristín frá mömmu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skenkurinn fékkst í versluninni Húsgagnamiðlun á Smiðjuvegi í Kópavogi en þar má finna vel með farin, notuð húsgögn. Lampinn er frá Habitat og appelsínugula vasann fékk móðir Kristínar að gjöf þegar hún fæddist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hinar blómlegu Andy Warhol-glasamottur voru keyptar í San Francisco síðastliðið haust í versluninni Under the Roof í Kastróhverfinu. Þær eru síðan geymdar í jafn blómlegu boxi sem sést fyrir aftan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þetta sniðuga sigti fékk Kristín í þeirri mætu búð Sur la table í San Francisco sem er verslunarkeðja í Bandaríkjunum sem hefur allt er lýtur að heimilinu og þá sér í lagi eldhúsinu. Við bendum á heimasíðu þeirra www.surlatable.com. Sigtið má brjóta saman og stinga ofan í skúffu og tekur það því mjög lítið pláss og er gott að grípa með sér í ferðalög. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hér sést sigtið í opinni stöðu, tilbúið til notkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



TIL AÐ LAÐA FRAM ÞAÐ BESTA



ÚTSÖLUSTADIR Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU: Blómaval | Tekk-Company | Blómagallerí

info@bergis.is | 587 8877 | Lynghálsi 4

BERGÍS

BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í GLÆNÝRRI GAMANSÝNINGU



Pabbinn

Gamansamar hugleiðingar
um föðurhlutverkio

PIPAR • SÍA • 60335

FRÁBÆRT!

Takk fyrir frábæra skemmtun, nú meikaru'ða aftur minn kæri!
Logi Ólafsson, fyrrv. landsliðsþjálfari og athafnaskáld.
3ja barna faðir.

Bjarni Haukur er að leggja upp í ferð með leikverk sem á eftir
að verða mjög vinsælt.
Vertu tilbúinn Bjarni Haukur því það verður nóg að gera.
Til hamingju með gott verk!
Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, rit- og vefstjóri. Pabbar.is.
3ja barna faðir.

Það myndnasta sem ég hef séð í langan tíma, ég er enn
að hlæja :-)
Þorbjörg Sigurðardóttir, viðskiptasölu Icelandair.
2ja barna móðir.

Pabbinn er myndin og skemmtileg sýning, ósvikinn gaman/
(ein)leikur með djúpum alvarlegum undirtónum.
Frábært hjá Bjarna Hauki!
Bjarni Dagur Jónsson auglýsingateiknari og 3ja barna faðir.

THORSSON
PRODUCTIONS

Kynnir:

BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON

Leikmynd: EGILL EÐVARÐSSON | Lýsing: ÁRNI BALDVINSSON
Tónlist: ÞÓRIR ÚLFARSSON | Höfundur BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON
Leikstjóri: SIGURÐUR SIGURJÓNSSON

www.pabbinn.is | lðnó S: 5629700



lðnó
midi.is

Frönsk sveitastemning, rómantík, blúndur og blóm

Einfaldleikinn vikur fyrir kvenlegum og rómantískum áhrifum

Ekki er langt síðan ótalmargir Íslendingar kusu að hafa heimili sín eins einföld og unnt var. Hreinar og beinar línur, fá húsgögn og gráir og brúnleitur tónar á gólfi og veggjum þóttu gera heimilið aðlaðandi. Í dag er þetta óðum að breytast.

Einfaldleikinn virðist smátt og smátt vera að vikja fyrir rómantískari áhrifum. Í dag mega heimilin gjarna minna á stásstofur ungra kvenna sem voru uppi í Suðurríkjum Bandaríkjanna í byrjun síðustu aldar, plussdekkud portkonuhús í

að kunna á tölvu og geta unnið
með word og excel og hafa góð
meðmæli.

Upplýsingar á staðnum eða í
s. 863 8900 & www.kringlu-
krain.is

Þjónustustarf/vakta-
vinna.

Viljum bæta við okkur vönum í
þjónustustörf. Leitum að göðum
manni sem getur hafið störf
sem fyrst. Þarf helst að vera 20
ára eða eldri.

Upplýsingar á staðnum eða í
s. 893 2323 & www.kringlu-
krain.is



Cafe Victor
Cafe Victor óskar eftir starfs-
fólki í fullt starf á kvöld og
helgarvaktir. 15 daga vaktir.
Gæti hentað skólafólki.
Uppl. veitir Baldur í s. 692
0735 eða sendið umsókn á
baldur@victor.is

TIL SÖLU

Fisitalia **deliga**
ZERO SETTE *Paolo Soprani*
BELTUNA **BORSINI**
EVA POLVERINI
EVA
Sími Akureyrri: 462 7374 - 660 1648
Sími Reykjavíki: 824 7610

Jolli

Jolli Hafnarfirði óskar eftir fólki í hlutastarf. Breytilegar vaktir í boði. Tilvalin vinna fyrir skóla-fólk. Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki.

Umsóknareyðublöð fast á staðnum. Einnig gefur Líney uppl. í síma 565 4990.

Aktu Taktu auglýsir eftir fólki í fullt starf og hlutastarf.

Ef þú hefur áhuga á skemmtilegu starfi á skemmtilegum vinnustað þá er þetta rétta starfið fyrir þig.

Umsóknareyðublöð á aktu-taktu.is og á öllum stöðum Aktu Taktu um allt höfuðborgarsvæðið.

Starfsmaður í útiþjónustu.

Óskum eftir að ráða starfsmann í útiþjónustu á Shellstöðina á Suðurströnd. Um vaktavinnu er að ræða. Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.

Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.

**Næturvaktir**

Óskum eftir að ráða starfsmann á næturvaktir á Select í Suðurfelli. Um almenna afgreiðslu og þjónustu er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.

Pítan Skipholti

Hresst fólk á Pítunni er að leita að líðsöku í fullt starf. Einnig kvöld- og helgarvinnu í boði. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur. Umsóknir á www.pitan.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Næturvinna. Starfsfólk óskast í næturvinnu Áfyllingar í verslun á höfuðborgarsvæðinu. Smá reynsla hjálpar en ekki nauðsynleg. Umsóknir sendist á umsjon@visir.is

Landbrot hf.

Vantar vanan gröfumann á nýja 16 tonna hjólavél. Uppl. í s. 893 7320 og jon@landbrot.is

Aupair til Lúxemborgar. Fjölskylda í Lúxemborg óskar eftir aupair sem fyrst. Nánari upplýsingar á maili.sigrunt@visir.is

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

Óska eftir au pair fyrir fjölskyldu í Kópav. Uppl. í síma 899 3047. Wish for an au pair in the capital of Iceland. More information in tel. 899 3047.

Starfsmaður óskast! JK Bílasmiðja óskar eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann, þarf að hafa gílt bílpróf uppl. gefur Kalli í s. 567 7270 eða 698 7270.

Rafvirki óskast

Óska eftir að ráða vanan rafvirkja til starfa sem fyrst. Nýlagnir og breytingar. Uppl. í s. 898 5808.

Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki

Vegna mikilla anna vantar kvenfólk og karlmenn á aldrinum 19-50 ára í kvöld- og næturvinnu alla daga. Uppl. veitir Bjarki í s. 893 4273 e. kl. 15.

Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig vinnu. Uppl. í s. 693 0422.

Smiðir frá Lettlandi, óska eftir vinnu á Íslandi. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR**Tilkynningar**

Hress og skemmtileg hljómveit, spilar við öll tilefni. Er með 3 tíma prógramm. Uppl. í s. 895 8582.

Óskað er eftir vitnum að árekstri sem varð um hádegisbilið á laugardaginn sl. á Höfðabrúnni yfir Vesturlandsveg. Vinsamlegast hafið samband við Lögreglu.

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærrí tekjur

Skóðuðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærrí tekjur.

TILKYNNINGAR**Kópavogsbær****Auglýsing um skipulag í Kópavogi****Hólmaþing 5.**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Hólmaþings 5 (Vatnsendablett 47). Í breytingunni felst að lóðinni Hólmaþingi 5 (vbl. 47) er skipt upp í tvær einbýlishúsaloðir. Lóðin að Hólmaþingi 5 minnkar að austanverðu, íbúðarhús á lóðinni verður fjarlæggt og byggingarreitur skilgreindur fyrir einbýlishús á tveimur hæðum. Stærð lóðar eftir breytingu er 2.310 m². Hámarks grunnflötur húss með bilageymslu er 250 m² og hámarks flatarmál húss er 400 m². Aðkoma er frá Hólmaþingi. Ný lóð, Vatnsendablettur 47 er stofnuð með aðkomu frá Elliða-hvammsvegi þar sem skilgreindur verður byggingarreitur fyrir einbýlishús á tveimur hæðum. Stærð lóðar eftir breytingu er 1.870 m². Hámarks grunnflötur húss með bilageymslu er 250 m² og hámarks flatarmál húss er 400 m². Núverandi skúr á lóð verður fjarlægður. Vísad er í greinargerð fyrir Vatnsenda - Þing samþykkt í bæjarráði Kópavogs 24. maí 2005 um stærð og afmörkun svæðisins, almenn ákvæði fyrir einbýlishús og skipulagsskilmála fyrir svæði 21 (Gulapíng 19, 21 og 23) þar sem kveðið er á um sérákvæði. Uppdrættir í mkv. 1: 1000 dags. 10. janúar 2007. Nánar vísast til kynningargagna.

Hlaðbrekka 20.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Hlaðbrekku 20. Í tillögunni felst að byggt verði við núverandi hús að vestanverðu og húsið gert að tvíbýli. Stærð viðbyggingu er 47,3 m² á neðri hæð og 48,5 m² á efri hæð. Sérstök athygli er vakin á því að sótt er um að koma fyrir bilageymslu á lóðarmörkum í norðaustur horni lóðarinnar. Flatarmál bilageymslu er 52 m². Heildarflatarmál húss með bilageymslu og viðbyggingu er 289 m² og nýtingarhlutfall 0,47. Lóðarstærð er 704 m². Gert er ráð fyrir 4 bílastæðum á lóð. Teikningar eru í mkv. 1:500.

Tillögunar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 30. janúar 2007 til 6. mars 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 20. mars 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

FASTEIGNIR

FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

Vilhjálmur Bjarnason

lögg. fasteignasli

www.husid.is

Opið hús í dag laugardaginn 27. jan.

Stóriðvegur 10, 270 Mosfellsbær

Opið hús laugardaginn 27. janúar

kl. 13:00 – 13:30

Verð 32.900.000

5 herb. endarað-hús 167 fm í rólegu hverfi. Eignin skiptist í anddyri, hol, gestasnyrtingu, fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús, gang, þvottaherbergi, baðherbergi og bíl-skúr. Eldhús er með upprunalegri eikarinnréttingu, AEG eldunartækjum, góðum borðkrók, búr innaf eldhúsi. Stofa er ný parketlögð og gengið út í góðan suðvestur garð. Stigi upp á aðra hæð er ný parketlagður og svefnherbergisgangur. Tvennar svalir. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, hvít innrétting og sturtuklefi. Eignin er laus við kaupsamning.

Kolbeinn tekur á móti gestum og er í síma 694 9100.

Fensalir 8, 201 Kópavogur

Verð 24.000.000

Glæsileg 100,7 fm 3ja herb. á fyrstu hæð í litlu fjölbýlishúsi á þessum vinsæla stað. Flísar á gólf í anddyri og fatask. upp í loft. Svefnh. eru með flísum á gólfum og í hjónah. eru góðir skápar sem ná upp í loft. Baðh. er flísalagt í hólf og gólf. Sérsmíðuð innrétting, upphengt wc, baðkar og sturtuklefi. Þv.hús er inni í íbúð, flísalagt. Stofan er falleg og björt stofa með flísum á gólf, útgengt á ca 25 fm suðvestur verönd. Eldhús með fallegri innr., flísar á gólf, flísar á milli skápa, AEG tæki, halógen eldavel og halógen lýsing. Geymsla m/hillum á sömu hæð og íbúð. Stutt í skóla og leikskóla.

Gauksás 21, 221 Hafnarfjörður

Verð 49.900.000

- Glæsilegt 6 herb. 218,8 fm raðhús
- Mustang flísar og gæðaparket á gólfum
- Flísalagður bílskúr með sjálfvirkum opnara
- Hurðir úr mahogny og góðir skápar
- Eldhús frá InnX með 90 sm gaseldavel

ÞETTA ER EIGN SEM VERT ER AÐ SKOÐA BETUR.



OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 – www.husid.is



Hafravatnsvegur

Í landi Úlfarsfell

Hringið núna og pantið skoðun

Verð: 44,7

Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2004

Ástarhreður rétt fyrir utan borgina. Afar vandað og fallett heilsárshús við Hafravatn á steiptum grunni. Glæsileiki í fyrirúmi og stórkostlegt umhverfi. Einstök staðsetning, örstutt keyrsla úr Mosfellsbæ. Húsið stendur á eignalandi og er einkaborhola á landinu. Forstofa með HTH skápum með spegla rennihurðum. Þvottahús og geymsla inn af forstofu. Flísalagt baðherbergi með nudd og gufu sturtu, hnotu innrétting og vönduð tæki. Gæsilegt eldhús með vandaðri hvítri og hnotu innréttingu, borstofa. Stofa með útgengi á pall með heitum potti og stórkostlegu útsýni yfir Hafravatn. Sjónvarpsherbergi með tvöfaldrí franskri hurð. Á neðri hæð er náttúrusteinn á gólfi, hiti í gólfi. Stiginn úr gegnheilli hnotu og hertu gleri. Efri hæð: Tvö rúmgóð barnaherbergi með hnotu á gólfi, lausum hnotu skápum. Hjónaherbergi með hnotu á gólfi, HTH fataskáp, útgengi á stórar svalir með einstöku útsýni, einnig er útgengi á svalir af svefnherbergisgangi. Láttu ekki þessa eign fram hjá þér fara. Sjón er svo sannarlega sögu ríkarí.

RE/MAX
SENER

Valdimar
Jóhannesson
lökk. fasteignasali



Sigríður
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is



OPIÐ HÚS Í DAG, LAUGARDAG, FRÁ KL. 14-16

Íbúðir fyrir 50 ára og eldri



Fullbúin sýningaríbúð í húsi nr. 5, íbúð 308.

EGG
SMÁRATORGI

Egill Arnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.eggarnason.is

Glæsileg húsgögn og innbú frá EGG - Smáratorgi og sérlega vandað parket frá Agli Árnasyni.



BÚM
BETUR



www.bygg.is

17. júní torg

OPIÐ
HÚS

í Sjálandshverfinu í Garðabæ

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir fjölbýlishús við 17. júní torg í Sjálandi Garðabæ, ætlaðar 50 ára og eldri. Húsið skiptist í tvo hluta, 6 hæða byggingu með einu stigahúsi og 4 hæða byggingu með 3 stigahúsum. Öll stigahúsin eru sambyggð. Undir íbúðarhæðum eru sérgeymslur ásamt bílageymslu. Um er að ræða vandaðar 65-150 fm íbúðir, sem flestum fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Í mörgum

af stærri íbúðunum verður gestasnyrting og baðherbergi. Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnás eru í öllum íbúðum svo og tæki að viðurkenndri gerð frá Ormsson auk mynddyrasíma. Lyftur eru í öllum stigahúsum er ganga niður í bílageymslu. Á aðalhurðum verða sjálfvirkir hurðaopnarar. Húsið er staðsteypt og einangrað að utan og klætt að mestu með slétri og báradri litaðri áklæðningu.

KÍKTU Í HEIMSÓKN. SÖLUFULLTRÚAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR!



Verð frá 16 millj.



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Borgartúni 31
Sími 562 4250



Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
Sími 699 5008
hannes@remax.is

HVERS VIRÐI ER EIGNIN ÞÍN?



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
Sími 693 4085
gylfi@remax.is

TOPPÞJÓNUSTA HJÁ REMAX LIND:

- Þú færð eign þína verðmetna.
- Þú færð eign þína ljósmyndaða af fagljosmyndara.
- Þú færð vandaða möppu með ljósmyndum og upplýsingum um eign þína og næsta nágrenni hennar.
- Þú færð eign þína auglýsta á áberandi hátt.
- Við mætum alltaf og sýnum eign þína.
- Við höfum opið hús og fylgjum eftir fyrirspurnum.
- Við hjálpum þér að finna eign, sem hentar.
- Við seljum hratt og örugglega.



Þórarinn Jónsson
Löggiltur
fasteignasali



HRINGDU NÚNA!
699 5008
693 4085



RE/MAX
LIND

Bæjarlind 14 - 16 • 201 Kópavogur

Má bjóða þér



Til sýnis í dag kl. 13:00 - 16:00, íbúðir að

Glæsileg innflutningsgjöf með hækkandi sól!

Við erum í sólskinsskapi og gefum þeim sem tryggja sér íbúð að Hallakri 2 eða 4 fyrir 20. febrúar, myndarlegan kaupauka að andvirði kr. 900.000,-



HARÐVIÐARVAL

Úttekt að verðmæti kr. 600.000,-
hjá Harðviðarval

Miele

Þvottavél & þurrkari að verðmæti kr. 300.000,-
frá Eirvík

Sjáumst í sólskinsskapi



HÚSAKAUP

Sími 530 1500 • husakaup@husakaup.is



Evrópskur fasteignaráðgjafi

Kynnum:



Glæsilegar fasteignir og lúxusvillur á Spáni og Ítalíu

Hótel Loftleiðum - í dag 27. jan. og sunnud. 28. jan. kl. 13 - 19



- ★ Beint frá verktökum
- ★ Endursala
- ★ Íslenskir ráðgjafar

- ★ Áratuga reynsla
- ★ Glæsilegir bæklingar
- ★ Verðfrá €93.000

Lækkum allar eignir á Spáni um €3000 ef komið er milliliðalaust!

Frekari upplýsingar: Sandra, sími (IS) 822 2289 og Barry, sími 00 34 699 682 026

www.seabreezevillas.com

Þetta útsýni?

Nýjar og spennandi íbúðir að koma á markað!

Nýja hverfið í suðurhlíðum Arnarneshæðar er eitt eftirsóknarverðasta íbúðahverfi sem komið hefur á markað á höfuðborgarsvæðinu í mörg ár. Um er að ræða skemmtilegt samspil lágreistra fjölbýla og sérbýla með grænum svæðum inni á milli og fögru útsýni til sjávar og fjalla. Stutt er í alla þjónustu, náttúruna og helstu samgönguæðar. *Þetta er hverfi þar sem allir geta notið lífsins.*


Arnarneshæð
hér er gott að búa!

Hallakri 2b og Hofakri 1



www.arnarnes.is

PERSÓNAN



Wilhelm Wundt

Faðir vísindalegrar sálfræði

Wilhelm Maximilian Wundt fæddist árið 1832. Hann var þýskur lífeðlisfræðingur og sálfræðingur. Hann er best þekktur sem stofnandi vísindalegrar sálfræði og hugrænnar sálfræði.

Wundt stundaði nám við háskólana í Tübingen, Heidelberg og Berlín. Hann útskrifaðist úr læknámi frá Heidelberg árið 1856 og varð aðstoðarmaður eðlisfræðingsins og lífeðlisfræðingsins Hermanns von Helmholtz.

Á árum sínum í Heidelberg bauð Wundt í fyrsta sinn upp á kennslustundir í vísindalegri sálfræði. Þar lagði hann ríka áherslu á að nota rannsóknaraðferðir líkt og í náttúru- og eðlisfræði.

Wundt spannað saman sjálfsskoðun og rannsóknartæki tilraunastofunnar sem hann nýtti áður í lífeðlisfræðilegum tilraunum sínum, ásamt von Helmholtz, auk þess sem hann bjó til ný tæki sjálfur.

Þessi tegund rannsókna á huganum voru í algerrri andstöðu við það sem almennt taldist til sálfræði á þessum tíma en þá byggðist hún helst á heimspeki- legri sjálfsskoðun. Wundt vildi meina að lítið fengist með því einu að skoða hugann sjálfur heldur þyrfti til þess hlutlæga, þjálfaða áhorfendur og nákvæm skilyrði sem yrðu til þess að svara vel mótaðri spurningu.

Þegar gengið var framhjá Wundt sem eftirmanns Helmholtz, einbeitti hann sér að skrifum á verki sem varð eitt mikilvægasta rit í sögu sálfræðinnar. Principles of Physiological Psychology (1874).

Árið 1879 stofnaði hann eina af tveimur fyrstu rannsóknarstofum í sálfræði við háskólann í Leipzig í Þýskalandi. Hina stofnaði William James í Bandaríkjunum en hann var fyrsti prófessorinn í sálfræði við Harvard-háskólann.

Það mikilvægasta við aðferðir og viðhorf Wilhelms Wundt og Williams James var að þau voru laus við yfirsíkvitlegar, trúarlegar útskýringar á hugsun manna eða hegðun, sem losaði sálfræðina undan viðjum heimspeki og guðfræði og lagði grunninn að nútímasálfræði sem vísindagrein.

Wundt lést árið 1920 en aðferðir hans eru enn notaðar í sálfræði í dag. Þar sem viðbragð við vel skilgreindu áreiti er mælt á einhvern máta.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Nýi diskurinn með Norah Jones, sem kemur út á næstu vikum, heitir Not too Late og er alvörugerni en þeir fyrri, enda semur hún öll lögin sjálf.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA?

Ljúf og sæt Norah Jones

Trausti Júlíusson tónlistargagnrýnandi kann vel að meta Norah Jones. „Ég gæti farið að pósa og sagt að ég væri að hlusta á eitthvað stórmérkilegt en staðreyndin er sú að þessa dagana er ég að hlusta á nýja diskinn hennar Norah Jones,“ segir Trausti Júlíusson, sem er annálaður fyrir sérþekkingu sína á tónlist.

„Núna semur hún flest lögin sjálf og þar með er þetta meiri „alvöru“ tónlist heldur en áður og flottari tónlist, að mínu mati. Á nýju plötunni er hún svoltið alvörugerni en á þeim fyrri, en samt enn sú ljúfa og sæta Norah Jones sem allir þekja.“



Trausti Júlíusson og sonurinn Óskar Tinni sem eflaust mun fá gott tónlistaruppeldi frá föður sínum.



60%
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUBORÐ COCO 180CM
OG 6 LEÐURSTÖLAR
ÁÐUR 133.000,-
NU 53.200,-



50%
AFSLÁTTUR

PISA LEÐURSÓFI
4JA SÆTA ÁÐUR 148.000,-
3JA SÆTA ÁÐUR 124.000,-
STÖLL ÁÐUR 85.000,-

NU 74.000,-
NU 62.000,-
NU 42.500,-



30%
AFSLÁTTUR

LUCA LEÐURSTÖLL
ÁÐUR 28.500,-
NU 19.950,-



ÖLL SMÁVARA :
60% AFSLÁTTUR

70%
AFSLÁTTUR

ETHNIKRAFT
TEKK-BLÓMASÚLUR
VERÐDÆMI:
ÁÐUR 19.500,-
NU 5.850,-



50%
AFSLÁTTUR

SCOTCH LEÐURSTÖLL
ÁÐUR 75.000,-
NU 37.500,-



60%
AFSLÁTTUR

PISA SÓFI M/MICROFIBER-ÁKLÆÐI
4JA SÆTA ÁÐUR 148.000,-
3JA SÆTA ÁÐUR 124.000,-
STÖLL ÁÐUR 85.000,-

NU 59.200,-
NU 49.600,-
NU 34.000,-



50%
AFSLÁTTUR

VINTAGE BORÐSTOFUBORÐ
(STÆKKANLEGT 180-240CM)
OG 6 LEÐURSTÖLAR
ÁÐUR 149.000,-
NU 74.500,-

ÚTSÖLULOK!

ENN MEIRI AFSLÁTTUR – ÓTRÚLEG VERÐ

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

LÖNG OPNUNARHELGI! OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18



Er hættulegt að taka of mikið af vítamínunum?

Til þess að líkaminn geti starfað eðlilega þurfum við að fá 13 mismunandi vítamín út fæðunni sem við neytum. Þessi vítamín gegna margvíslegum hlutverkum í líkamanum og skorti eitthvert þeirra er hættu á hörgulsjúkdómi.

Vítamín geta verið vatnsleysanleg eða fituleysanleg

Vítamín skiptast í vatnsleysanleg vítamín annars vegar og fituleysanleg hins vegar. Til vatnsleysanlegra vítamína teljast B-vítamínin, sem eru 8 alls, og C-vítamín. A-, D-, E- og K-vítamín eru hins vegar fituleysanleg. Þessi grundvallarmunur á vítamínflokkunum hefur mikið að segja ef við fáum of mikið af einhverju vítamíni. Sé vítamínið vatnsleysanlegt skilst umframmagníð út með þvagi og afleiðingarnar eru að mestu skaðlausar. Sé vítamínið aftur á móti fituleysanlegt safnast það fyrir í líkamanum, einkum í lifrinni, og getur haft mjög skaðleg áhrif.

A-vítamín eitrunareinkenni

Safnast of mikið af A-vítamíni fyrir í líkamanum getur það verið mjög skaðlegt. Einkenni A-vítamíneitrunar eru höfuðverkur, hárlós, ógleði, uppköst, flögnun húðar, lifrarskemmdir og óeðlilegur fóstur-þroski hjá barnshafandi konum. Of mikið A-vítamín á fyrsta þriðjungi meðgöngu hefur til dæmis verið tengt við fósturgalla, eins og andlits- og taugagalla.

D-vítamín eitrunareinkenni

Of mikið af D-vítamíni getur leitt til aukinnar kalkupptöku úr melt-ingarveginum og jafnvel endurupptöku kalks úr beinum. Aukið kalkmagn í blóði getur haft í för með sér óeðlilegar kalkútfellingar í mjúkum vefjum, svo sem hjarta og lungum, og dregið þannig úr starfsgetu þeirra. Helstu einkenni eru vöðvaslappleiki, höfuðverkur, lystarstol, ógleði, uppköst og beinverkir. Fá barnshafandi konur of mikið D-vítamín getur afleiðingin orðið skertur andlegur eða líkamlegur þroski barnanna.

E- og K-vítamíneitrun eru mjög sjaldgæfar

E-vítamíneitrun er nánast óþekkt þrátt fyrir að E-vítamín geti einnig safnast fyrir í líkamanum. Helstu einkenni of mikils magns af E-vítamíni eru ógleði, höfuðverkur, þreyta, vöðvaslappleiki og sjóntruflanir. Hjá fólki sem tekur blóðþynnningarlyf eykst hættu á blæðingum og marblettum, en E-vítamín eykur áhrif þessara lyfja.

K-vítamíneitrun er einnig mjög sjaldgæf. Helst er hættu á henni hjá fólki sem þarf að taka blóðþynnningarlyf, en vítamínið truflar verkun þeirra.



GRÆNMETI OG ÁVEXTIR ERU GÓÐ UPPSPRETTA VÍTAMÍNA.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll visindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförunu eru: Hvað er fleygletur, hvað þarf saga að innihalda til að vera kölluð Íslendingasaga, hvernig virkar reykskynjar, getið þið sagt mér allt um sebrahesta og hvað má segja um siðaskipti á Íslandi og hlutverk Jóns Arasonar í því ferli? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni: www.visindavefur.hi.is.

Einkenni B-vítamín eitruna

Of stórir skammtar af B-vítamínunum eru oftast einkennalausir og eru eitranir af þeirra völdum sjaldgæfar. Hér verða þó talin upp helstu einkenni B-vítamíneitruna.

Einkenni þjáamíneitrunar (B1-vítamín) eru hraður eða óreglulegur hjartsláttur, lágur blóðþrýstingur, höfuðverkur, ofnæmisviðbrögð, slappleiki og krampar. Þvagið verður skærgult ef tekið er inn of mikið af ribóflavíni (B2-vítamíni), en eitrunareinkenni eru ekki þekkt. Helstu einkenni um of stóran skammt af níasíni (B3-vítamíni) eru húðroði, kláði, sog- eða blísturshljóð við öndun, höfuðverkur, niðurgangur og uppköst. Eitrun af völdum píridoxíns (B6-vítamíni) getur valdið hraðri öndun, sviðaverkjum í augum, nefi og eyrum, skorti á vöðvasamhæfingu og jafnvel lómun.

Stórir skammtar af fólínsýru (B9-vítamíni) valda sjaldnast einkennum, en of mikið magn hennar getur hins vegar falið lífshættulegan sjúkdóm sem stafar af skorti á B12-vítamíni og heitir illkynja blóðleysi (e. pernicious anemia). Mjög stórir skammtar af fólínsýru geta jafnframt skaðað miðtaugakerfið.

C-vítamín skolest yfirleitt út með þvagi, en ef tekið er inn 1-2 grömm í einu getur það valdið niðurgangi og óþægindum í melt-ingarfærum.

Áhrif geta farið eftir samsetningu vítamína og lyfja

Að lokum skal tekið fram að áhrif stórra skammta af einstökum vítamínunum geta farið eftir því hvaða önnur næringarefni er verið að innbyrða um leið. Best er að fá ráðlagða dagskammta (RDS) af öllum vítamínunum úr fæðunni. Ef það reynist erfitt er í flestum tilfellum óhætt að taka fjölvítamínöflur með málmöltum samkvæmt leiðbeiningum. Þar eru ráðlagðir dagskammtar af vítamínunum og helstu málmöltum sem við þörfnumst.

Þótt við fáum með þessu ef vill örliðið meira en ráðlagðan dagskammt af einhverju þessara bætiefna er það í flestum tilfellum svo lítið að það kemur ekki að sök. Sjálfsagt er að ráðfæra sig við heimilislækni áður en byrjað er að taka inn fæðubótarefni, þá sérstaklega ef um margar gerðir er að ræða. Ýmis lyf geta jafnframt haft áhrif á vítamínupptöku. Það er því vert að hafa í huga að það er ekki bara magn og samsetning vítamína sem skiptir máli, heldur einnig hvaða lyf eru tekin samhliða.

Þuríður Þorbjarnardóttir, líffræðingur

Hvað er að fréttu?

Fréttir af fólki_

www.visir.is



HM í handbolta

Fáðu fréttir af strákunum okkar!



www.visir.is

Framsýning
Nýr Volvo C30
Ópið frá 12 til 16
Komdu í Brimborg
Reykjavík, Akureyri



BRIMBORG / GÖT ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo C30. Verð frá 2.595.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

VOLVO C30 SVARAR BARA SÍMANUM VIÐ RÉTTAR AÐSTÆÐUR



Volvo. For life.

Eina ferðina enn gefa hönnuðir Volvo heiminum ný viðmið. Núna SportsCoupe; Volvo C30. Volvo C30 er alveg nýr og byltingarkenndur sportari sem neitar að láta skilgreina sig eftir hefðinni. Þvílíka afburðartækni verður að reyna - komdu í Brimborg og prófaðu háþróaða tækni Volvo C30.

Neitar að taka símann

Volvo C30 státar af hinu nýja IDIS öryggiskerfi sem skynjar hegðun bílsins í akstri. Takir þú fram úr öðrum bíl eða vegurinn er krefjandi, t.d. margar og krappar beygjur, þá beinir IDIS öryggiskerfið öllum símtölum í innbyggðan síma bílsins, beint í talhólfíð. Hafir þú valið þessa tækni Volvo geturðu hlustað á skilaboðin þegar aðstæður leyfa. Öryggiskerfið nálgast fullkomnun. Yfirbygging Volvo C30 er sérstyrkt. Einnig er að finna DSTC stöðugleikastýrikerfi Volvo, sætisbeltavörðun fyrir öll belti, WHIPS hálsnykksvörn, hliðargardínur, styrktarbita í hurðum, krumpukerfi að framan og aftan og margt fleira. Öryggi er lúxus.

Það er stíll yfir öllu. Hljómtækin eru í heims-klassa. Skoðuðu Premium hljómkarfið; 5x130w Alpine digital magnari, Dolby Pro Logic II Surround Sound, Dynaudio 910w hátalarakerfi.

Veldu Volvo C30.



SportsCoupe
Volvo C30

Öryggi er lúxus. Lifðu í öryggi.
Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.
Prófaðu nýjan Volvo C30.

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanapjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.



Öruggur staður til að vera á

Þeim þótti gamanið grátt

Pannig er með klisjur að þær fela oftast í sér sannleik. „Látið fagmennina um grínið“ er ein slík og hún átti vel við í ársbyrjun þegar allt logaði í leiðindum eftir að vinstri mennirnir á vefritinu Múrinn voru með sitt hefðbundna áramótagrín. Þeir þóttu fara langt yfir strikið. En vissulega eru fleiri dæmi um að menn hafi móðgast við langsóttan brandara eins og *Jakob Bjarnar Grétarsson* rifjar hér upp.

Þegar brandari misheppnast eru einkum tvö atriði sem skipta máli. Annars vegar að brandarinn sé hreinlega fyrir neðan allar hellur, feli í sér einskæran dónaskap og minna af óvæntum og sköndnum vendingum og/eða að vísanir eru of langsóttar. Eða þá að tilheyrendur eru með eindæmum móðgunargjarnir og/eða vilji alls ekki skilja grínið – sjái sér jafnvel hag í að skilja það ekki. Virðist móðgunargirnir stækari þegar menn móðgast fyrir hönd annarra. Þannig hefur borgarfulltrúinn Björn Ingi Hrafnsson farið hamföllum á netinu að undanförunu í fordæmingu sinni á brandara sem vinstri mennirnir á vefritinu Múrinn, þeirra á meðal varaformaður VG Katrín Jakobsdóttir, létu falla í sínu árlega áramótappgjöri. Össur Skarphéðinsson alþingismaður hefur einnig fordæmt grínið. Múrverjar tilnefndu meðal annars bók ársins: „Minnislausla stúlkan frá Stokkseyri. Margrét Frímansdóttir heimfærir endurminningar Thelmu Ásdísardóttur upp á sjálfa sig.“ Meðan hins vegar Margrét Frímansdóttir sjálf, í samtali við Fréttablaðið, sagði einungis: „Æji, greyin.“ Múrverjar hafa hins vegar nauðbeygðir, því aldrei hefur þótt góð latína að útskýra brandara sína, sagt að þarna sé verið að hæðast að því sem segir í ritdómi Jóns Baldvins Hannibalssonar í Mogganum að samskiptamálin í gamla Alþýðubandalaginu hafi verið í ætt við heimilisofbeldi.

Alþekkt að djókar klikki

Gamalgróinn Múrverji er Stefán Pálsson sagnfræðingur sem reyndar tekur fram að hann hefur ekki setið í ritstjórn vefritsins vegna anna í tvö ár.

„Nei, ég ætla að njóta þess að þvo hendur mínar af þessum brandara. En það er alþekkt að stundum klikka djókar. Það versta sem þú gerir brandarakarlinum er að neyða hann til að útskýra djókin. Og alltaf skulu einhverjir verða til að misskilja kaldhæðnina,“ segir Stefán. Er þá ýmist að sá misskilningur er vísitandi eða langar leiðslur ráði. Oft með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Stefán nefnir sem dæmi þegar Ronald Reagan gerði árið 1984 Born in the USA, lag Bruce Springsteen, að einkennislagi kosningabaráttu sinnar. „Þetta átti að vera reitt róttæklingalag en Reagan ákvað að gera þetta gripandi lag að sínu. Bruce þurfti held ég að fara fyrir dómstóla til að stoppa það af. Annað dæmi er þar sem Michael Douglas segir sem Gordon Gekko í kvikmyndinni Wall Street (1987) að græðgi sé góð. Þetta átti að vera ægileg íróna um hvað upparnir væru orðnir firrtir og svona. En þetta pikkuðu menn upp og töldu góða málsvörn fyrir verðbréfadrengi sem settu ummælin á boli og voru bara kátir,“ segir Stefán sem reyndist hafsjór af dæmum um misheppnaða brandara og/eða þá sem reyndust móðgandi.

Davíðs þáttur Oddssonar

Einkum verður grínið tvíþétt í munn stjórnmalamanna. Og óneitanlega læðist þá að mönnum sá grunur að pólitískir andstæðingar beini kíkinum að blinda auganu þegar skopið er annars vegar en brigsli mönnum þess í stað um skítlegt eðli. Reyndar er Davíð Oddsson, nú seðlabankastjóri, alveg sér á parti þegar íslenskir stjórnmalamenn eru annars vegar. Honum hefur verið hrósað fyrir góðan hómur og beittan. Og hefur komist upp með



FJÖLSKRÚÐUGUR HÓPUR

Kemur við sögu í upprifjun Fréttablaðsins á bröndurum sem hafa farið fyrir brjóstið á fólki. Sumir móðguðu, aðrir móðguðust á meðan sumir fylgdust glottandi með á hlíðarlínunni.

skálkslegri ummæli en flestir í krafti þess. En stundum fer jafnvel hómuristinn Davíð fram úr sér, Valhöll kannski hlær, en svo er ekki um alla þegar ósmekkleghættin þykja keyra úr hófi fram. Þannig ofbauð fulltrúum Kvennalistans í borgarstjórn árið 1985 þegar Davíð sem borgarstjóri var að veita verðlaun í einhverri fegurðarsamkeppni og sagði eitthvað á þá leið að skemmtilegra væri nú ef konurnar í pólitíkinni væru eins fagrar og við þetta tækifæri. Kvennalistakonur mættu æfar á borgarstjórnarfund með borða í mótmælaskyni þar sem á stóð til dæmis „Ungrú spök“ og „Ungrú meðfærlig“.

Fjölmörg dæmi má reyndar nefna í tengslum við ummæli Davíðs sem hafa farið fyrir brjóstið á mönnum. En dæmi um einhvern afdrifaríkasta brandarann er reyndar sá þegar Davíð Oddsson var hinum megin borgsins og Hreinn Loftsson, stjórnar-

formaður Baugs, var í hlutverki djókarans. Enn á eftir að sjá fyrir endann á brandaranum þeim sem féll í London í janúar 2002, þess efnis að Davíð ætti nú bara að þiggja þrjú hundruð milljónir og láta Baug vera.

Enginn arftaki Davíðs í sjónmáli

Egill Helgason sjónvarpsmaður er sérfróður um feril Davíðs og segir hann hafi mátt segja eitt og annað sem annar ekki má. Og gert það á skemmtilegan hátt.

„En á endanum var helmingur þjóðarinnar farinn að hata hann eins og pestina. Hann gerði svo lítið úr mörgum með sínum athugasemdum. En lífið væri kannski skemmtilegra ef fleiri leyfðu sér að tala svona.“

Arftaki Davíðs er ekki í sjónmáli, kannski síst í Sjálfstæðisflokknum. Og er skemmtast að minnast ummæla Geirs H. Haarde forsætisráðherra frá í fyrra, um varnarmálin, að ekki færi maður

alltaf heim með sætustu stelpuna af ballinu en kannski einhverja sem gerði sama gagn.

„Já, Geir hefur ekki þennan rétta tón,“ segir Egill. „En við erum náttúrulega með marga stjórnmalamenn sem hafa aldrei og munu aldrei segja neitt eftirminnilegt. Og Geir er líklega í þeim flokki. Þegar hann segir eitthvað svona virkar það bara þumbaralegt. En þegar hann segir þetta virkar það snjallt. Hann hafði líka einhvern einstakan sans fyrir tímasetningum.“

Annar ráðherra Sjálfstæðismanna hefur farið flatt á gamanseminni en það er Árni Mathiesen fjármálaráðherra. DV sló því upp í mars 2005 að Salvör Gissurar-dóttir lektor við Kennaraháskólann sakaði hann um kvenfyrirlitningu í kjölfar brandara sem Árni lét falla í hófi um nunnur í klaustri og samskipti þeirra við hina ýmsu heri: ítalska, þýska og bandaríska. Í fréttinni iðraðist Árni sáran og

sagðist taka fullt tillit til sjónarmiða Salvarar.

Egill segir að við sumu megi alls ekki snerta þegar móðgunargirnir er annars vegar. „Það datt upp úr mér að sumir væru að svindla á örorkubótum. Og allt varð vitlaust. Það var algert tabú. Þetta eru öryrkjar, hommar og konur. Ég hef lent upp á kant við öryrkjana og konurnar og það er ekkert grín,“ segir Egill.

Forpokun nær í skottið á Gnarr

En ekki er það svo að stjórnmalamennirnir einir sitji í súpunni þegar misskilnið grín og rangtúlkað er annars vegar. Látið fagmennina um grínið er sagt en atvinnugrínarar fá engu að síður oft að kenna á vendi móðgunargirninnar eins og dæmin sanna. Gott dæmi um grín sem fór úr böndunum eru vitaskuld skopteikningarnar í Jyllands-Posten frá síðasta ári. Múslimur móðguðust og danska þjóðin öll átti undir högg að sækja eins og flestir líklega muna.

Og árið 2003 sá grínarinn Jón Gnarr sig tilknúinn að rita bréf í Moggann sem hófst svona.

„Ég skrifa þetta bréf vegna þeirrar leiðinlegru umræðu sem hefur farið af stað eftir að ég hóf að flytja útvarpsleikritið Óli litli í útvarpsþætti mínum á Muzik 88,5. Þá reis upp ungur jafnaðarmaður, Ómar R. Valdimarsson, og skrifaði grein um mig á vefinn pólitik.is undir fyrirsögninni, „Finnst Jóni Gnarr í lagi að misnota börn?“ Greininni lýkur á þessum orðum:

„Reyndar fannst mér þáttur Jóns svo ófyndinn að ég ákvað að senda yfirvöldum bréf um málið. Það verður fróðlegt að heyrja hvort að embætti ríkislögreglustjóra, félagsmálaráðuneytinu, Barnaverndarstofu, Umboðsmanni barna og útvarpsráðgjafarnefnd þyki Jón jafn fyndinn og til stóð.“

Ofboðslega hlýtur maður að þurfa að vera forpokaður og þurr til að skrifa svona bréf og komast að svona hómurslausri og smáborgaralegri niðurstöðu,“ skrifaði Jón sár og svekktur.

Jón hefur reyndar oft komist í hann krappann vegna gríns síns og nú síðast vegna framgöngu sinnar í áramótaskaupinu en allar símalínur á útvarpsstöðinni Sögu voru logandi þar sem reiðum útvarpshlustendum þótti afnotagjöldum sínum illa varið í að borga manni fyrir að kalla hjólastóla-konu aumingja.

Grín fyrir dómstólum

Og jafnvel Spaugstofan, sem er ekki þekkt fyrir að vera með umdeild atriði, lenti í frægum málum þegar farið var fram á opinbera rannsókn á páskaþætti þeirra 1997. Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari fól Rannsóknarlögreglu ríkisins málið. Þátturinn olli hneykslan meðal klerka og herra Ólafs Skúlasonar biskups, sem töldu þar guðlast á ferðinni. Ekki fór þó svo að Spaugstofumenn yrðu kærðir en það fór ekki svo vel fyrir Úlfari Þormóðssyni sem stóð fyrir útgáfu Spegilsins. Hann var dæmdur fyrir guðlast og klám árið 1984 sem átti að hafa birst í blaðinu.

Þá má að endingu nefna mann sem heitir Eiríkur Jónsson og er blaðamaður. Absúrd hómur Eiríks hefur komið honum og samstarfsmönnum hans í bobba. Þannig var tímaritið Hér og nú dæmt til að greiða Bubba Morthens skaðabætur í Héraði fyrir að hafa flaggað fyrir sögninni „Bubbi fallinn“. Eiríkur lét þau orð falla í kjölfar umræðu að þetta væri absúrd hómur. Var þar vísað til reykinga en dómurinn túlkaði það sem svo að þarna hlýtu menn að vera að tala um dónneyslu kóngsins?! Það mál biður meðferðar Hæstaréttar. ■

ÚTVÖRÐ
 HLJÓMBORÐ
 BÍLMAGNARAR
 BILTÆKI
 HÁTALARAR
 BILHÁTALARAR
 FERÐATÆKI
 HÁTALARAR
 SJÓNVARPSTÆKI
 LCD SJÓNVÖRÐ
 MYNDAVÉLAR
 PLASMA SJÓNVÖRÐ
 DVD SPILARAR
 MP3 SPILARAR
 ÍSSKÁPAR
 ÖRBYLGJUOFNAR
 ELDAVÉLAR
 PVOTTAVÉLAR
 KAFFIVÉLAR

ÚTRISA ÚTSALA

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR

OPIÐ Í DAG KL. 10 - 16

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM**

UPPPVOTTAVÉLAR
 STRAUJÁRN
 BRAUÐRISTAR
 HRÆRIVÉLAR
 SÍMAR
 BLANDARAR
 VÖFFLUJÁRN
 HÁFAR
 RYKSUGUR
 SAMLOKUGRILL

Skoðið tilboðin á www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK SÆTÚNI 8 SÍMI 569 1500	AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380	SELFÖSS EYRARVEGI 21 480 3700
---	--	--

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exdu
 ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFRÖST Whirlpool

HÖGSKA

Aðlögunarhæfni sem læra má af

Umræðan um útlendinga hefur náð nýjum hæðum á Íslandi. En eitt virðist hafa gleymst í samtalinu milli ólíkra menningarhópa „að eitt sinn voru Íslendingar í svipuðum sporum í Vesturheimi, þar sem þeir þurftu að aðlagast framandi tungumáli og nýjum menningarháttum“. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* settist niður með **Dr. Birnu Arnbjörnsdóttur**, dósent við Háskóla Íslands, og komst að því að við getum lært margt af reynslu Vestur-Íslendinga.

A síðasta fjórðungi 19. aldar héldu margir Íslendingar til Vesturheims til að hefja nýtt líf sökum erfiðra lífskilyrða hér á landi. Fyrsta hópferðin var farin þangað 1873 og um 1914 lögðust þær nær alveg af og Vestur-Íslendingar einangruðust um 60 ára skeið þar sem lítil samskipti voru við gamla landið. Einangrunin í Kanada varð til þess að vesturíslenskan þróaðist án aðhalds frá skólum eða stofnunum og úr varð mállýska sem ekki hafði verið gefinn mikill gaumur fyrr en Birna hóf að skoða hana og endaði á að skrifa doktorsritgerð um árið 1986. Nú hefur afrakstur doktorsverkefnisins, *North American Icelandic: The Life of a Language*, litið dagsins ljós í bókformi, í uppfærðri og endurskrifaðri útgáfu og segir Birna okkur geta dregið mikinn lærdóm af því hve auðveldlega Íslendingar aðlöguðust aðstæðum í vestri, sem og nýju tungumáli, auk þess að viðhalda sínu eigin tungumáli og menningu. Þá sérstaklega hvernig við sjálf tökum á móti innflytjendum og hvernig við getum bætt stöðu þeirra í okkar litla og þrönga samfélagi.

Vestur-íslenskan óvenju langlíf

Sjálf er Birna fæddur og uppalinn Keflvíkingur. Eftir námssetu í Menntaskólanum á Laugarvatni átti hún stutt stopp í ensku en hún lá leiðin í málvísindin og útskrifaðist hún með doktorspróf í almennum málvísindum frá Háskólanum í Texas árið 1990. En hvernig kom það til að hún fór að rannsaka vesturíslenskuna? „Áhuginn kviknaði þegar ég var úti í Texas í námi en þá sendi móðir mín mér grein eftir Harald Bessason, sem lengi var prófessor í Kanada, þar sem hann talaði um vesturíslenskuna og sagði að það yrði hreinlega að gera rannsóknir á þessari mállýsku, þeirri einu sem töluð var utan Íslands. Það varð úr að ég hafði samband við Harald og hélt svo til Kanada, til Manitóba og lagði upp með það að gera smá verkefni úr þeirri heimssókn „en það eru nokkur slík verkefni sem maður þarf að gera áður en hafist er handa við að skrifa doktorsritgerð. Svo var þetta einfaldlega svo ofboðslega spennandi og margt að skoða að rannsóknin endaði sem doktorsritgerð.“ Birna hóf rannsókn sína árið 1986, en þá var gamla vesturíslenskan í fullu fjöri og þó nokkuð margir sem töluðu hana. Birna segir það hafa verið algert ævintýri að hitta braðúr okkar í Kanada og heyra gömlu vesturíslenskuna talaða. „Það var einfaldlega magnað. Íslenskan í Kanada hefur lifað lengur en langflest innflytjendamá, en það er yfirleitt talað um að meðal innflytjenda séu það tvær til þrjár kynslóðir sem viðhaldi gamla málinu og nú hefur ný rannsókn litið dagsins ljós í Kaliforníu sem sýnir fram á að það sé jafnvel bara einn og hálfur ættliður sem viðhaldi því. Í Kanada hefur íslenskan aftur á móti lifað fram í fjórðu kynslóð og ég held að það megi þakka að miklu leyti þeirri miklu tengingu sem var milli menningar og tungumáls í íslenskunni. Það er að segja: menningin var tungumálið og tungumálið menningin. Í innflytjendabyggðum á sléttum Kanada var mikið um íslenska bóka- og blaðaútgáfu og segja má að almennt hafi fólk verið læst og börnin talandi og læs á íslensku áður en þau komu í skólana.“ Birna segir læsi og kunnáttu innflytjendanna á móðurmálinu hafa haft úrslitaáhrif á það hve vel Íslendingunum gekk að aðlagast nýju heimkynnum en eftir að komið var í skólana héldu þeir áfram að lesa og tala íslensku meðfram enskunni. Viðhorf fólksins



BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR Vesturfaranir litu fyrst og fremst á sig sem Kanadamenn en voru stoltir af uppruna sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

gagnvart því að tala og lesa jöfnum höndum íslensku og ensku var mjög jákvætt og segir hún að þetta jákvæða viðhorf þeirri til þeirra eigin tvítungis hafi líka eftir sjálfs-traustið og hjálpað þeim að aðlagast vel. Þannig hafi það ekki þótt neitt tiltökumál þó að nágranninn hétu Jón Jónsson meðal Íslendinga en svo John Smith meðal innfæddra.

Flámæli í Kanada

„Ég var svo heppin að hafa einn þekktasta félagsmálfræðingheims, Peter Trudgill, í doktorsnefndinni minni og leiðbeinandi minn var sömuleiðis vel þekktur og þeir og Haraldur Bessason hvöttu mig til að skoða mállýskuna aðallega út frá flámæli.“ Flámæli er það er þegar samruni verður á, í og e annars vegar og ö og u hins vegar og hljóðin fara að hljóma eins. Þannig hljóma til dæmis orðin flugur og flögur eins, og skyr og sker eins þar sem flámæli er til staðar en í ljós kom að flámæli er mjög áberandi í máli Vestur-Íslendinga. „Ég valdi flámælið því hér á landi var flámælið formlega tekið fyrir og útrýmt í skólum landsins á fyrri hluta 20. aldar. Það er afar sjald-

íslenskan í nánu samneyti við enskuna og af þeirri reynslu má hugsanlega sjá hvernig enskan getur farið að hafa áhrif á íslenskuna hér og er þegar byrjuð.“

Nýr hópur íslenskunema

„Skemmtilegt er að skoða hvernig íslenskan getur hugsanlega farið að breytast á tímum umhverfis þar sem enskan flæðir alls staðar að „ frá útvarpi, sjónvarpi, netinu og fleiri stöðum í samhengi við það hvernig íslenskan breyttist í Vesturheimi. En það verður jafnframt að leggja áherslu á það að í dag eru aðstæðurnar allt aðrar. Vesturíslenskan eins og hún var þegar ég skoðaði hana er að deyjja út og þeir sem núna tala íslensku í Kanada er mikið til ungt fólk sem hefur lært hana aftur og lært hana þá sem erlent mál. Það fólk er í miklu meiri samskiptum við Íslendinga en ömmur þeirra og afar voru, bæði hvað varðar heimssóknir fram og til baka og svo samskipti í gegnum síma og tölvur. Vegna þessara miklu samskipta talar þessi kynslóð íslensku sem er líkari íslenskunni sem við tölum en gömlu vesturíslenskunni.“

ÚR VESTURÍSLENSKU

Vestur-Íslendingar skutu músdyr og rabbíta. Þeir byggðu loggakofa og ljóshús og fóru á hreyfimynda-sýningar. Seinna fóru þeir á kórum eftir brautum yfir krossbrautir og bryggjur. Tungumálið endurspeglar tilveru þeirra sem tala það og þótt sumum kunni að þykja vesturíslenskan hljóma í fyrstu eins og Vestur-Íslendingar hafi ekki kunnað íslensku, er sú ekki raunin heldur var vesturíslenskan einfaldlega sér mállýska af íslenskunni. „Hún amma vantaði aldrei að gleyma að tala íslensku,“ sagði eldri Vestur-Íslendingur og átti við að amma hennar vonaðist til að hún myndi aldrei tala niður íslenskunnáttu sinni.

fyrir tilkomu Starbucks og slíkra staða, var norðuramerískt kaffi næfurþunnt. „Ég dreg fram heilmörg dæmi í bókinni um mállýskuna sem varð til í Kanada og kalla eftir frekari rannsóknum en

Tvítungu innflytjenda

Frá því að Birna flutti hingað heim hefur hún unnið mikið að málefnum nýbúa hvað varðar kennslu tungumálsins og einnig hefur hún stýrt þróun vefforritsins Icelandic Online www.icelandic.hi.is en um 11.000 manns alls staðar að úr heiminum nýta sér þar íslenskukennslu í hverjum mánuði og Birna tekur fúslega undir það að það virðist vera afar svalt og smart að læra íslensku um þessar mundir. „Já, og bara allt tíð. Við fengum tölvuþóst frá hollenskri hljómsveit sem bað okkur um að þýða Sigur Rósar texta fyrir sig og svo fékk ég póst frá brasilískum lækni sem vildi læra íslensku því sonur hans horfir á Latabæjarþættina í Brasílu.“ Birna veitti kennaradeild í nýbúafræðslu forstöðu þau 12 ár sem hún dvaldi í New Hampshire og vann mikið með fylkisstjórninni og ýmsum bæjum og veitti þeim ráðgjöf um það hvernig taka skuli á móti innflytjendum. Hún hefur því margt til málanna að leggja varðandi aðstæður hérlandis og hvernig við getum einnig nýtt okkur reynslu Vestur-Íslendinga í því að hjálpa innflytjendum að aðlagast hér. „Ég vissi það áður en ég kom að þetta snýst ekki bara um það að fólki gangi illa hér af því að það tali ekki tungumálið. Fólk gengur illa af því að menningin fer ekki saman, trufun verður á lestrarnámi og námi almennt meðan börnin læra íslensku, sem er erfitt að ná upp, og innflytjendur hafa ekki aðgang að tungumálinu og samfélaginu í heild og því sem það hefur upp á að bjóða. Tvítungu og læsið gaf Vestur-Íslendingum forskot sem og tengsl þeirra við gömlu menninguna sína. Ég held að það sé nauðsynlegt að leyfa fólki að vera tvítungt og hvetja það til að viðhalda gamla tungumálinu og menningunni og meta framlag innflytjenda að verðleikum. Ef menn eru ánægðir með sitt og sína fyrri menningu verður það til þess að þeir aðlagast samfélaginu betur og ég held að nú höfum við tækifæri til að læra af reynslu annars staðar frá og það væri hreinlega fáránlegt að gera það ekki.“ ■

„Íslenskan í Kanada hefur lifað lengur en langflest innflytjendamá, en það er yfirleitt talað um að meðal innflytjenda séu það tvær til þrjár kynslóðir sem viðhaldi gamla málinu.“

gæft í málsögunni að yfirvöldum hafi tekist að koma í veg fyrir að því er virðist eðlilegar málbreytingar eða málflökt. Úti í Kanada fréttu þeir ekki af því að flámælið væri vont og ljótt og þar var flámælið mjög algengt og þá sérstaklega meðal yngra fólks. Þar sem engin öfl eru til staðar til að viðhalda málinu og veita því aðhald ýtir það undir svona málbreytingar og þær fá að vaxa óreittar. Flámælið getur síðan haft áhrif á önnur málfræðiatríði eins og beygingar.“ Vesturíslenskan hefur þá jafnvel verið paradís fyrir málvísindamenn til að skoða hvernig íslenskan hefði getað orðið og getur jafnvel orðið? „Já, nákvæmlega. Það er einmitt það sem ég hef verið að benda á núna síðustu árin í fyrirlesturum og í bókinni, en þarna lifir

Eina alvöru kaffið vestanhafs

Gekk það snurðulaust að tala við Vestur-Íslendingana? „Ég var mjög meðvitund í byrjun að gera þetta nú allt rétt og hlusta á fram-burðinn og til að fá hann sem eðlilegastan fékk ég fólkið til að segja mér skemmtilegar sögur af mæðrum sínum, feðrum, ömmum og öfum. Það var ótrúlega gaman að sjá hve sterk íslensk einkenni þetta fólk hafði eftir allan þennan tíma. Hvergi komstu nema vera spurður að séríslenskum síð hverra manna þú værir og það var ótrúlegt hve hlýjar tilfinningar allir báru til gamla landsins þótt fæstir hefðu jafnvel komið til Íslands.“ Á hverju heimili var boðið upp á rötsterkt kaffi að íslenskum sið, en á þessum árum,

stærsti munurinn á doktorsritgerðinni sem ég gerði árið 1986 og svo bókinni sem kemur út nú er að í henni tala ég meira um hvernig tungumál verða til, hvernig þau deyjja út og einnig er þetta meiri heildarsýn á það hvernig fólk verður tvítungt, aðlagast nýju tungumáli og hvers vegna það hættir svo að nota gamla málið. Langflestum Íslendingum gekk vel að aðlagast í Kanada og ég er sannfærð eftir þessar rannsóknir að það sé ekki síst því að þakka að þeir voru læsir á móðurmál sitt. Sé þetta heimfært á innflytjendur, sérstaklega ung börn, sem koma hingað til lands í dag má einnig sjá að þeim gengur langbest að aðlagast sem læra að lesa á móðurmálinu og viðhalda tungumáli sínu og menningu.“

Hin árlega stórsýning á
fasteignum á Spáni:

LÁTTU DRAUMINN RÆTAST 2007

Í Perlunni 3-4. febrúar kl. 12-18

Pú getur unnið
flugferð til
Alicante
með Plúsferðum!



**Ókeypis
skoðunarferð!**
— ef þú kaupir
— ferðin er endurgreidd við afsal á notaðri
íbúð og við kaupsamning á nýrri



DAGSKRÁ Í FUNDARSAL BÁÐA DAGANA

Kl. 13:00

Íbúðir fyrir fyrir 55 ára og eldri

- Kynntar verða nýjar lúxusíbúðir sem eru sérhannaðar að þörfum Íslendinga.
- Byggingaraðlinn Grupo Esfera hefur í samvinnu við Gloria Casa fengið Guðmund Gunnlaugsson Arkitekt til að hanna einstaka nýjung á Spáni.
- Fulltrúar Grupo Esfera, Gloria Casa og Guðmundur Gunnlaugsson kynna íbúðirnar.

Kl. 14:30 og kl. 16:30

Hvernig ganga fasteignakaup fyrir sig á Spáni?

- Fjármögnunarleiðir við kaup.
- Um Torrevieja svæðið
- Kaupferlið, skref fyrir skref.
- Spurningum svarað

Samstarfsaðilar:



Caja de Ahorros del Mediterráneo



gloria casa

Fasteigna- og leigumiðlun Íslendinga á Spáni

Síðumúla 13 – Sími 517-5280

www.gloriacasa.is

heimili
FASTEIGNASALA

Síðumúla 13 – Sími 530-6500

www.heimili.is

Suðrænt yfirbragð verður í Perlunni um helgina þar sem sérfræðingar munu kynna fasteignir á Torrevieja svæðinu

LÁNAMÖGULEIKAR

Hrafnhildur Eiríksdóttir, útibústjóri Cam Sparisjóðsins kynni lánamöguleika og þjónustu bankans.

NÝBYGGINGAR TIL SÖLU

Fulltrúar Escudero Promotores og Grupo Esfera kynna ýmsar nýbyggingar til sölu.

PLÚSFERÐIR

Plúsferðir kynna flugferðir sínar til Alicante og annarra áfangastaða.

SUMARHÚS TIL LEIGU

Leigumiðlun Gloria Casa kynni sumarhús til leigu á Torrevieja svæðinu.

ÚRVAL NOTAÐRA OG NÝRRRA FASTEIGNA

Mikið úrval eigna verður kynnt víðsvegar í kringum Torrevieja svæðið.

LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Janice Bendelow, starfsmaður Gloria Casa á Spáni er til viðtals fyrir þá sem vilja lögfræðilegar upplýsingar er varðar kaup á eignum á Spáni.

VELDU ÖRYGGI!

Vertu öruggur um þín viðskipti og keyptu þar sem starfa saman fjórir löggiltir íslenskir fasteignasalar og tveir löggiltir spænskir fasteignasalar.

Íslendingar taka á móti þér hvar sem þú ferð, hvort sem er á skrifstofu á Íslandi, Spáni eða í bankanum á Spáni.



LEONARDO OG JENNIFER Lifa lengi á því sem þau sáu og upplifðu í Mósambík við tökur á Blood Diamond. Þau sneru heim reynslunni ríkari, sinna mannréttindamálum af meira kappi og gæta þess að kaupa ekki blóðuga demanta.

Pöbbarölt með málaliðum

Kvikmyndin Blood Diamond verður frumsýnd hér á landi á föstudaginn. Leonardo DiCaprio er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni, sem fjallar öðrum þræði um blóðugt borgarastríð í Sierra Leone sem var fjármagnað með demantasölu. **Birgir Örn Steinarsson** hitti **DiCaprio** og **Jennifer Connelly**, mótleikkonu hans, og ræddi við þau um gerð myndarinnar.

DiCaprio leikur uppgjafamálaliðann Danny Archer sem smygjar demöntum á milli landamæra í Afríku. Sú hlið sem hann sýnir á sér í Blood Diamond er víðs fjarri þeirri sykursætu ímynd sem festist við hann í upphafi leikferilsins. Danny er gjörsamlega siðblindur og gráðugur maður, sem svífst einskis til þess að komast yfir verðmæta demanta, og hikar ekki við að selja blóðþyrstum uppreisnarmönnum vopn í þeim tilgangi.

Connelly leikur metnaðarfulla blaðakonu sem skerst í leikinn og hefur töluverð áhrif á Archer en þrátt fyrir að sögupersónurnar séu tilbúnar þykir myndin gefa raunsæja mynd af þeim hörmulegu atburðum sem áttu sér stað í Sierra Leone í upphafi síðasta áratugar.

Áhrif Afríku

Blood Diamond var tekin í Mósambík og Leonardo og Jennifer segjast bæði hafa heillast af Afríku, landinu og fólkinu sem það byggir. „Þar sem maður er alinn upp í hinum vestræna heimi hafði það sem við sáum þarna heilmikil áhrif,“ segir Leonardo. „Ekki bara ótrúleg náttúrufergur Afríku, heldur að sjá við hvaða aðstæður fólk lifir þarna. Það var mjög áhrifamikið fyrir okkur öll að sjá hversu jákvætt hugarfar fólksins er þrátt fyrir bág kjör. Þegar ég kom aftur komst ég ekki hjá því að leiða hugann að því hverju í ósköpunum Bandaríkjamenn telja sig þurfa að kvarta yfir.“ Leonardo segist persónulega hafa hrifist mest af því hversu upplitsdjarft fólk er í Mósambík og þrátt fyrir allt. „Fjórir af hverjum tíu í Mósambík eru smitaðir af HIV. Það var fátækt alls staðar, og ekki nóg af hreinu vatni. Samt er þetta fólk bara ánæggt með að vera á lífi. Afríka er heimsálfa sem á skilið að fá eins mikla athygli og stuðning frá hinum vestræna heimi og mögulegt er,“ segir Leonardo.

Jennifer Connelly tekur undir með Leonardo og segist líta á það sem forréttindi að fá að eyða svona löngum tíma í Mósambík og Suður-Afríku. „Eg var líka svo lánsöm að fá að hafa tíma til þess að ferðast til Botswana með fjölskyldu minni. Fegurðin var stórkostleg. Það var erfitt að sjá þetta og reyna svo að átta sig á því hvað

maður eigi að gera við þau forréttindi sem við búum við. Þessi reynsla ýtti mér og ég hef hugsað mikið um það hvernig hinn vestræni heimur eyðir auði sínum.“

Blóð fyrir demanta

Þótt líta megi á Blood Diamond sem spennumynd ber hún boðskap og er gagnrýnin á demantaiðnaðinn og engar fjaðrir eru dregnar yfir að stórfyrirtæki í hinum vestræna heimi hafi óbeint stuðlað að hörmungunum í Sierra Leone með því að kaupa smyglaða demanta frá landinu. Slíkir demantar eru kallaðir „blóðdemantar“ þar sem salan á þeim fjármagnaði vopnakaup uppreisnarmanna en vopnin voru síðan notuð til þess að drepa þúsundir saklausra borgara í Sierra Leone.

Leonardo og Jennifer viðurkenna bæði að þau hafi keypt demanta án þess að huga að því hvaðan þeir komi en vinnan við Blood Diamond hafi gert þau varkárari.

„Já, ég hef keypt demanta,“ viðurkennir Leonardo. „Núna, eftir að hafa lært um „blóðdemanta“ og staði eins og Sierra Leone myndi ég þó örugglega grennslast betur fyrir um málið áður en ég gerði önnur kaup. Áður fyrir hafði ég ekki hugmynd um að þetta væri að gerast, eða hvað hugtakið „blóðdemantar“ þýddi. Milljónir manna hafa týnt lífi sínu vegna þeirra. Ef þú sjáir myndina, þá verðir þú vitni að hræðilegum atburðum,“ segir Leonardo og leggur áherslu á að ekkert í myndinni sé ýkt eða upphafið á nokkurn hátt.

„Ég hef borið demanta, jafnvel eftir að hafa unnið að myndinni,“ segir Jennifer. „Ég tel ekki að það sé einhver lausn að sniðganga demantaiðnaðinn. Það myndi stangast á við mannréttindi, því það er líka margt jákvætt sem demantaiðnaðurinn getur fært mannfólki og þjóðum. Eftir að hafa unnið að þessari mynd þá hef ég sérstaklega beðið um að fá að sjá löglega pappír sem sanna það að þeir demantar sem ég ber séu ekki blóðugir.“

Starfa bæði með Amnesty

Áhugi leikaranna á mannúðarmálum og góðgerðarstarfi jókst við það að sækja Afríku heim og þau hafa reynt að láta gott af sér leiða. „Eftir að ég lék í myndinni byrjaði ég að vinna með SOS-barnaþorpum í Mósambík,“ segir Leonardo. „Ég mun

svo halda áfram að vinna með þeim samtökum sem ég hef áður gert eins og Amnesty International og Global Witness,“ segir Leonardo og gefur Jennifer orðið um leið og hann upplýsir að hún hafi lengi leyft mannúðarsamtökum að njóta krafta sinna.

„Ég hef verið að vinna með Amnesty International í nokkur ár núna,“ útskýrir Jennifer. „Aðallega varðandi fræðslustarf samtakanna í Bandaríkjunum um mannréttindi. Ég er talsmaður Amnesty í Bandaríkjunum, heimsæki skóla og held fyrirlestra. Á meðan við vorum í Mósambík gáfum við, Leo og Djimon [Hounsou] peninga og lögðum okkar af mörkum til að hjálpa til á munaðarleysingjahæli þar. Við reyndum að halda uppi samskiptum við börnin þar, en það var oft mjög erfitt. Við komum því líka í gegn hjá kvikmyndaverinu að það gæfi 40 milljónir dollara til vegagerðar og skólabygginga.“

Fullir málaliðar

Leonardo fór á undan tökuliðinu til Afríku til þess að undirbúa sig fyrir hlutverkið. Þar blandaði hann geði við fyrrverandi málaliða og sótti innblástur til þeirra. „Þeir mótuðu persónu mína algerlega. Þeir eru Danny. Flestir þeirra höfðu barist í Angóla og upplifað hræðilega hluti þar. Þeir voru fullir af beiskju og höfðu blendnar tilfinningar til heimsálfunnar.“

Leonardo segir ekki hafa verið hlaupið að því að fá þessa menn til að opna sig og það hafi skilað mestum árangri að fara með þá á barinn. „Þessir gæjar eru margir hverjir með mjög harðan skráp. Það var

mjög erfitt að fá þá til að tjá sig um fortíðina án þess að fá langar ræður um pólitík í leiðinni. Ég fór með þeim á pöbbarölt, náði að fylla þá og reyndi svo að vekja upp gömlu djöflana þeirra. Ég fékk mikið út úr þessu og fékk skilning á þeirri tilfinningalegu ringulreið sem persóna mín hafði farið í gegnum í upphafi myndarinnar.“

Hugur ekki um Óskarinn

Leonardo er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni. Þetta er í þriðja sinn sem hann er tilnefndur en verðlaunin hafa enn ekki fallið honum í skaut. Hann er þó sáttur og er ánægður með tilnefningarnar. „Þar sem kaldhæðni skín aldrei í gegn á prenti ætla ég bara að vera heiðarlegur. Þetta er kannski klisjulegt svar, en sannleikurinn er sá að það er mjög notalegt að fá svona viðurkenningu. Maður leggur mikla vinnu í að túlka einhverja persónu og hlýtur það ekki að vera gott að fá viðurkenningu fyrir það.“

Þetta er aldrei eitthvað sem ég býst við eða eitthvað sem ég er að reyna að ná þegar ég er að leika. Því lengur sem ég er í þrasanum átta ég mig betur á því að þetta er eitthvað sem ég hef enga stjórn á. Og það er ekki mitt að vita hvernig áhorfendur munu taka því sem maður skapar. Aldrei. Ef kvikmyndaver hefðu formúlu fyrir því þá væru bara búnar til myndir sem fengju góða dóma og rökuðu inn seðlum. Það eru svo margir þættir sem spila inn í og það er engin leið að vita hvað gagnrýnendum á eftir að finnast. Ég er nokkuð viss um að viðbrögð þeirra eigi alltaf eftir að vera listamönnum hulin ráðgáta.“

BLÓÐI DRIFNIR ÁSTEYTINGARSTEINAR

Kvikmyndin Blood Diamond dregur nafn sitt af demöntum sem eru seldir ólöglega frá Afríku en ágóðinn af viðskiptunum er notaður til að fjármagna vopnakaup og stríðsrekstur í heimsálfunni.

Amnesty International telur að 3,7 milljónir hafi látist í Angóla, Kongó, Líberíu og Sierra Leone í átökum sem fjármöggnuð voru með sölu blóðdemanta. Viðskipti með steinana hlaupa á milljörðum á hverju ári og bæði stríðsherrar og uppreisnarmenn í löndunum notuðu demantagróða til þess að fjármagna stríðsrekstur, með skelfilegum afleiðingum fyrir óbreytta borgara.

Þó ekki sé barist lengur í Angóla og Sierra Leone og dregið hafi úr átökum í Kongó má enn rekja mannréttindabrot til sölu blóðdemanta. Demantar flæða nú frá svæðum uppreisnarmanna á Filabeinsströndinni inn á alþjóðlega demantamarkaðinn og blóðdemöntum frá Líberíu er smyglað til nágrennalanda og þeir seldir áfram í skjóli löglegra demantaviðskipta.

Blóðug átökin í Sierra Leone sem eru bakgrunnur Blood Diamond eru lýsandi dæmi um að jafnvel lítið magn blóðdemanta getur haft gífurleg áhrif. Rúmlega 50.000 manns týndu lífi í landinu milli 1991 og 2002 og meira en 2 milljónir neyddust til að flylja heimili sín. Þúsundir einstaklinga máttu sæta limlestingum, nauðgunum og pyndingum og landið er enn að jafna sig á afleiðingum þeirra átaka.



DJIMON HOUNSOU Leikur fiskimanninn í Blood Diamond. Sá er neyddur til að leita að demöntum fyrir uppreisnarmenn. Þegar hann reynir að stinga stórum eðalsteini undan lendir hann í bráðum lífsháska.

LÍTIL BÖRN

FRUMSÝND 26 JANÚAR

SÝND Í LAUGARÁSBÍÓI OG REGNBOGANUM



"Besta mynd ársins. Kate Winslet og Patrick Wilson eru stórbrotin."

- Leonard Maltin, ET

"Sláandi áhrifarík, innihaldsrík og það sem meira er, stórskemmtileg mynd."

- David Denby, The New Yorker

"Meistaraverk. Einstök og óviðjafnanleg frá upphafi til enda."

- Michael Phillips, Chicago Tribune

"Ógleymanleg. Todd Field er leikstjóri af guðs náð."

- Joe Morgenstern, The Wall Street Journal

"Fullt hús. Kate Winslet er stórkostleg."

- Leah Rozen, People Magazine

Kate Winslet Jennifer Connelly Patrick Wilson

Little Children



✂ KLIPPIÐ HÉRI

Gullnu reglur Græna ljóssins

1 Ekkert hlé
Myndin sýnd í einum rykk

2 Minna af auglýsingum
Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3 Engin truflun
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna
ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölu til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

Þramma 80 kílómetra í þögn

Sú var tíðin að hugsjónafólk taldi það ekki eftir sér að þramma tugi kílómetra frá Keflavík til Reykjavíkur til að mótmæla veru bandaríska hersins á Íslandi. Sama hvernig viðraði. Eftir að Keflavíkur göngur lögðust af eru fjöldagöngur á Íslandi að mestu liðin tíð. Nú rölta menn í mesta lagi niður Laugavegin ef mikið liggur við. **Sigurður Þór Salvarsson** hefur komist að því að á Spáni eru það ekki hugsjónir sem viðhalda fjöldagöngum heldur trúin og hefðir forfeðranna.

Ilitla strandbænum Tossa de Mar á Costa Brava strönd Spánar eru dagarinnir 20. og 21. janúar einir mestu hátíðisdagar ársins. Íbúum bæjarins, sem eru um 4.000, fjólgar að minnsta kosti um helming þessa daga og stemningin er afar sérstök; þrungin hátíðleika, trega og gleði allt í senn.

Tílefni hátíðahaldanna er ríflega 500 ára gamalt heit bæjarbúa við heilagan Sebastian sem sagður er hafa bjargað bænum frá plágunni miklu sem gekk yfir Evrópu á 14. og 15. öld og varð milljónum manna í álfunni að fjörtjóni. Þessa plágu köllum við Íslendingar Svarta dauða og er talið að hann hafi orðið um þriðjungi íslensku þjóðarinnar að aldurtíla á sínum tíma.

Dýrlingurinn hlífði Tossa

Þegar fréttir bárust til Tossa de Mar um pláguna ógurlegu lögðust íbúar bæjarins á bæn og hétu á heilagan Sant Sebastian sér til hjálpar, en hann verndar fólk gegn sjúkdómum, samkvæmt kaþólskri trú.

Þeir hétu því að ef hann hlífði bænum við plágunni miklu myndu þeir minnst þess með því að senda á hverju ári pílgrím frá Tossa til bæjarins Santa Coloma de Farners þar sem minningar-kapella um heilagan Sebastian stendur. Milli þessara bæja er um 40 kílómetra leið um fjallendi að fara.

Og dýrlingurinn bænheyrði íbúa Tossa, sem allar götur síðan hafa staðið við heit sitt og úr hefur



Í UPPHAFI GÖNGU Pílgrímurinn leiðir gönguna miklu út úr Tossa de Mar að morgni 20. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/SSAL

orðið mikil og táknræn trúarhátíð, sem dregur vaxandi fjölda fólks til bæjarins með hverju árinu sem líður.

Nýr pílgrímur árlega

Hátíðin hefst eldsnemma að morgni þess 20. janúar með því að bæjarbúar og aðkomufólk koma saman til hátíðarmessu í dómkirkjunni í Tossa. Messan hefst klukkan sjö en þrátt fyrir það eru hundruð manna samankomin í kirkjunni sem undantekningarlaust er troðfull út að dyrum.

Í messunni er tilkynnt hver hafi orðið fyrir valinu sem pílgrímur ársins, en nýr maður fær það mikilvæga hlutverk á hverju ári. Hann er skryddur sérstakri skikkju sem skreytt er skeljum, enda Tossa de Mar fiskimannabær frá öndverðu.

Gengið í grafarþögn

Að messu lokinni ganga kirkjugestir fylktu liði um götur bæjarins á eftir pílgrímnum, forystumönnum bæjarins og prestum sem bera líkneski heilags Sebastians. Leiðin liggur í litla kapelli sem helguð er verndardýrlingi bæjarins, þar sem bærstjórinn afhendir pílgrímnum sérstakt ferðaskjal og pening til að borga fyrir messu í kapelli heilags Sebastians í Santa Coloma de Farners.

Síðan leggur pílgrímurinn af stað í gönguna miklu og honum fylgja hundruð manna á öllum aldri, sem gladdir leggja það á sig

að ganga þessa 80 kílómetra fram og til baka frá Tossa de Mar til Santa Coloma de Farners. Og alla þessa löngu leið mæla menn ekki orð frá vörum, þetta er þögn ganga þar sem menn minnst píslarvættisdauðaga dýrlingsins, sem bjargaði bænum þeirra forðum daga.

Sumir ganga berfættir

Að þessu sinni lögðu tæplega 1.800 manns af stað frá Tossa og þar af ríflega helmingurinn konur, en göngumenn eru ávallt fleiri þegar 20. janúar ber upp á helgi. Margir göngumenn ganga berfættir bæði til að minnst enn betur á eigin skinni kvöl og þínu dýrlingsins, en líka vegna þess að þeir hafa heitið einhverju persónulegu á dýrlinginn. Og þá ber þess að geta að á þessum árstíma geta göngumenn búið við hvernig veðri sem er á leiðinni; kulda og snjó upp í fjöllunum ef því er að skipta.

Gangan er kynjaskipt, karlar ganga sér og konur sér en það skapast af því að lengi vel var þessi ganga einungis ætluð körlum.

Þar sem leið pílgrímsins og fylgdarmanna hans liggur um þorp og bæi, bíður þeirra matur og drykkur og þeim er hvarvetna tekið með mikilli hlýju og lotningu.

Snúið aftur að morgni

Að kvöldi 20. janúar er pílgrímgangan frammi í Santa Coloma de Farners og þar er tekið á móti henni



DÓMKIRKJAN Í TOSSA Dómkirkjan er troðfull út úr dyrum þegar pílgrímur ársins er útnefndur að morgni 20. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/SSAL

HEILAGUR SEBASTIAN

Samkvæmt goðsögninni um heilagan Sebastian fæddist hann í bænum Narbonne á suðurströnd Frakklands. Hann gerðist hermaður í rómverska hernum kringum árið 283 og er sagður hafa verið viðstaddur aftöku bræðranna og píslarvottanna Markúsar og Marselíusar í Róm árið 286 og hvatt þá til að standa við trú sína til hinstu stundar.

Sebastian sneri mörgum til kristinnar trúar og gerði mörg kraftaverk, læknaði meðal annars blinda og heyrnarlauða.

Sebastian var útnefndur foringi í rómverska varðliðinu af Diokletíusi keisara og Maximillían keisari sem tók við meðan Diokletíus fór til Austurlanda treysti honum líka fyrir mannaforráðum í rómverska varðliðinu. Hvorugur vissi þó til þess að Sebastian væri kristinnar trúar. Þegar

Maximillían komst hins vegar að því í einhverri af ofsóknarherferðum sínum gegn kristnu fólki, fyrirskipaði hann að Sebastian skyldi tekinn af lífi. Hann var skotin margsinis með örvum og skilinn eftir liggjandi í blóði sínu. Kona sem send var til að ná í lík hans uppgötvaði að hann var enn á lífi og hún hjúkraði honum til heilsu á ný. Skömmu síðar gekk Sebastian á fund keisarans og fordæmdi hann fyrir grimmd í garð kristinna manna. Keisarinn svaraði þessu með því að láta grýta Sebastian í hel.

Sebastian var tekinn í dýrlingatölu í Milánó á dögum heilags Ambrósíusar biskups sem ríkti þar á árunum 374 til 397. Hann var grafinn við Via Appia líkt og margir aðrir dýrlingar. Sebastian er verndari bogmanna, íþróttamanna og hermanna og þykir góður til áheita gegn sjúkdómum.



HEILAGUR SEBASTIAN BORINN TIL KIRKJU Prestar bera líkneski heilags Sebastians til kirkju að lokinni pílgrímgöngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SSAL

með kostum og kynjum. Haldið er til kapelli heilags Sebastians þar sem sungnir eru sérstakir söngvar honum til dýrðar en því næst er matast og síðan gengið til náða. Bæjarbúar Santa Coloma de Farners sjá um að hýsa pílgrímana og má nærri geta að þar er víða þröng á þingi þessa nótt.

Morguninn eftir er snemmendis sungin messa og síðan leggur pílgrímgangan aftur af stað til Tossa en mun færri snúa aftur en lögðu af stað, enda er það mikil þrekaun að ganga 80 kílómetra á einum og hálfum sólarhring.

Þreyta og þjáning

Gangan mikla kemur síðan til Tossa að kvöldi þess 21. janúar og er það afar áhrifamikil stund að fylgjast með þögnum pílgrímum ganga síðasta spölinn heim,

þreytan skín af hverju andliti og þjáningarsvipurinn á sumum leynir sér ekki, sérstaklega þeim sem gengið hafa berfættir en suma þeirra þarf að styðja síðasta spölinn.

Meðfram götunum þar sem gangan fer um standa hundruð og aftur hundruð manna í grafarþögn og maður skynjar með sérstökum hætti þá miklu helgi sem yfir þessari hátíð hvílir.

Í kapellunni þaðan sem gangan lagði af stað er stutt móttökuathöfn og pílgrímarnir og margir bæjarbúa kveikja á löngum kertum sem þeir ganga síðan með fylktu liði upp að dómkirkjunni þar sem göngunni lýkur formlega með því að líkneski dýrlingsins heilags Sebastians er á ný boríð inn í kirkjuna þar sem það bíður þess að vera boríð út á ný að ári. ■

Útsölulok

Aðeins 5 verð:

500

1.000

1.500

2.000

2.500

Full búð af nýjum vörum...

NEXT

Kringlunni sími 551 3200



Í STÍL: Edie Sedgwick klippti og lítaði á sér hárið alveg eins og Andy Warhol, popplistamaðurinn sem í raun „skapaði“ hana.

Portrett:

Brothætta gyðjan

Edie Sedgwick – Stúlkan sem fyllti Warhol og Dylan innblæstri.

Væntanleg er í bók kvikmyndin *Factory Girl* sem fjallar um ris og fall einnar helstu súperstjörnu Andy Warhol, Edie Sedgwick. Myndin verður frumsýnd í Bandaríkjunum 2. febrúar ef allt fer vel, en sjálfur textaboltinn Bob Dylan er búinn að fara í mál við framleiðendur myndarinnar. Einnig er gamli refurinn Lou Reed búinn að lýsa henni sem drasli og handritshöfundum sem ólesandi hálfvitum. Af hverju, og hver var þessi Edie? Sumum fannst hún bara vera rík og snobbuð stúlka sem tók of mikið af

eiturlyfjum, En hún var þó músa helstu listamanna þessa tíma – Warhols og Dylans, villt og tryllt ljóska sem skilgreindi útlit og óhóf sjöunda áratugarins.

Stjarna er sköpuð

Edie Sedgwick fæddist í Santa Barbara í Kaliforníu árið 1943. Foreldrar hennar, sem voru efnadráttur og mótmælendatrúar, þjáðust af alverlegum geðveilum og hafði þeim verið ráðlagt af læknum að eignast ekki börn þar sem geðveiki gengur í erfðir. Þau létu ekki segjast og eignuðust átta börn og var Edie næstýngst þeirra en öll þjáðust þau á misstuttum ævum

sínum af geðkvillum. Edie barðist við þunglyndi, kvíða og anorexiu frá unga aldri, en hún ólst upp á risavöxnum búgarði efnadráttur foreldra sinna. Tvítug kynntist hún Chuck Weiss, bóhem nokkrum og kvennamanni, sem vildi ólmur fara með hana til New York. Þar hugðist hann kynna hana fyrir Andy Warhol sem var þá orðinn ein helsta figúra listalífsins þar í borg. Weiss var sannfærður um að Warhol myndi gera hana fræga, og haustið 1963 héldu þau til New York og djömmuðu og dópuðu og voru hress. Í janúar 1964 hittu þau loks Andy Warhol í listasmíðju hans, The Factory, og hann kolféll fyrir hinni seiðmögnuðu Sedgwick sem minnti hann á „fallegan dreng“. Hann tók Edie upp á sína arma og ljósmyndaði og kvikmyndaði hana og gerði hana að stjórnunni eins og Wein hafði spáð fyrir. Á þessum árum var Warhol aðallega að gera kvikmyndir og vildi meina að sá miðill væri mun áhugaverðari en málalíst. Hann gerði margar ódauðlegar myndir, meðal annars „Sleep“, þar sem fylgst er með manni sofa í heila nótt, fyrirbæri sem svefnlaus, amfetamín-dópaða Factory-genginu fannst alveg magnað. Edie lék í nokkrum myndum Warhols, þar á meðal Kitchen og Poor Little Rich Girl (eins og Warhol kallaði Sedgwick). Einnig var Andy duglegur að fara með hana í teiti og bótti hún afskaplega frumleg og flott týpa. Edie klippti brúna lokkana sína stutta og lítaði þá ljósa í stíl við Warhol og eiturlyfjaneysla hennar jókst til muna. Hún komst tvisvar á síður bandaríska Vogue, sem síðar fordæmdi hana fyrir ólifnað. Síðar ánetjaðist hún heróíni, sem hún á að hafa orðið sér úti um hjá mótörhjólagengi nokkru, og greitt fyrir með kynlífi. Edie lagðist tvisvar inn á geðdeild og fékk raflostsmeðferð og er ljóst að hegðun hennar á mannamótum á þessu tímabili var afskaplega undarleg. „Hún var í eilífri þöku og ótrúlega furðuleg. Hún vissi alltaf hvað þú ætlaðir að segja áður en þú sagðir það,“ eins og bróðir hennar Jonathan lýsti henni.

Líf í eiturlyfjapöku

Kvikmyndin *Factory girl* einblínir aðallega á samband Edie Sedgwick við hinn hvíthærða og undarlega listamann Andy Warhol,



STÓRA ÁSTIN? Bob Dylan neitar að hafa átt í sambandi við Sedgwick – eða man að minnsta kosti ekki eftir því.

og tónlistarmanninn sem hún kynntist stuttu síðar, Bob Dylan. Warhol varð víst æfur þegar Sedgwick yfirgaf The Factory og bjó með vini Dylans, Bob Neuwirth á Chelsea Hotel. Samkvæmt mörgum var hún þó yfir sig ástfangin af Dylan en engar staðfestingar eru á að þau hafi átt í kynferðislegu sambandi. Nú eru bæði Edie Sedgwick og Andy Warhol löngu látin, þannig að ekki er hægt að heyra þeirra útgáfur, en Bob Dylan er sprellifandi og er ekki hress. Samkvæmt myndinni átti Dylan að hafa átt í ástarsambandi við Sedgwick, en hann segir svo ekki hafa verið, eða allavega muni hann ekki eftir því – einkenni margra á þessum þökunnenda áratug. Samkvæmt Dylanfræðingum samdi hann þó nokkur lög um hana, þar á meðal „Leopard-Skin Pill-Box Hat“. Finnst honum sem myndin kenni sér um sjálfsmorð Sedgwick en hún lést eftir of stóran skammt af svefnlyfjum árið 1971, 28 ára gömul. Sienna Miller, sem leikur Edie, er undrandi á viðbrögðum Dylans. „Myndin kennir Andy Warhol miklu frekar um sorgleg örlög hennar“. Það þykir Lou Reed ekki nógu gott heldur, þar sem Andy er látinn og getur ekki svarað fyrir sig. Sumsé er þó almennt talið að Andy beri ábyrgð á eiturlyfjanotkun hennar og Dylan á að hafa valdið henni svo mikilli ástarsorg – Edie uppgötvaði að hann var giftur og átti í sambandi við aðra konu í viðbót – að hún batt enda á líf sitt á þennan tragíska hátt. Bíómyndin gefur í það minnsta góða innsýn inn í þetta skemmtilega og svala tímabil í sögunni þar sem tónlist, myndlist og tíska voru í fyrirrími. Ef til vill var Edie Sedgwick ekkert annað en partístelpa en eins og henni var lýst af Roy Lichtenstein, þá var hún, eins og allir meðlimir The Factory, „... Listaverk. Hún var hlutur, sterklega skapaður hlutur.“

Áhugasamir um ævi og örlög Edie Sedgwick geta gluggað í eftirfarandi bækur: *Girl on Fire*, *Uptight*, *The Velvet Underground story*, og nýju stóru Andy Warhol bókina.

Þær fást í Eymundsson og Máli og Menningu. Þið getið einnig horft á myndina *Ciao Manhattan þar sem Edie leikur sjálfa sig.*



MÆLISTIKAN

Á uppleið

Stórar nærbuxur Sáust á öllum tiskupöllum fyrir vorið 2007 allt frá Prada til Agent Provocateur. Og já, meira að segja úti á djamminu líka!

Indí-stelpur

Bronslitaðar París Hilton og J-Lo týpur vikja ört fyrir klesstum eyeliner- og attitjúd-stelpum eins og Karen O og Charlotte Gainsbourg.

Dagur Kári Undrabarnið er með óskars-tilnefndan leikara í vasanum og alltaf jafn högvær.

Tjillaðir barir

Mælum með Boston og B5 fyrir fólk sem er orðið leitt á að láta sulla yfir sig fimm björum á Sírkus og Óliver og þurfa að öskra til að heyrast.

Satanískt ilmvatn Lucifer-ilmvötnin frá franska listamanninum Damien Bash koma manni í skemmtilega djöfullegt skap. Fást í Liborius fyrir bæði kynin.

Á niðurleið

Magni Dylgur um framjáhalð og lygar eru engum til framdráttar – ásamt Rock Star „overkill“ í íslenskum fjölmiðlum.

BDSM-kynlíf

Gummi í Byrginu drap allar dulúðlegar fantasíur okkar um hvernig það gæti verið.

Einsleit heimili Innlit-útlits-væðing svart-hvíta og rókókólúkkans sem hvert heimili í Garðabæ skartar.

„Ofurbloggarar“ Háleitar

hugmyndir þeirra um eigið gagn og gæði fyrir þjóðfélagið eru út úr öllu korti.



Galaboð Nýríkir Íslendingar í hræðilegum kjólum sem bjóða upp á gamla, hallærislega tónlistarmenn.

KEMUR Í VERSLANIR 25. JANÚAR

VILTU EINTAK?

11. HVER VINNURI

SENDU SMS BTC ABF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ DVD MYNDINA!

VINNINGAR ERU ANTBULLY Á DVD, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA

BT

MARKAÐURINN Einfalt mál



EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Viðskipti á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

KDL46X2000

46"



599.950

Verð áður 799.950

Best Buy - What Home Cinema T3 ★★★★★

KDL40X2000

40"



449.950

Verð áður 549.950

KDL46W2000

46"



499.950

Verð áður 599.950

Útsala í Sony

50.000 verðlækkun

200.000 verðlækkun

50.000 verðlækkun

15.000 verðlækkun

50.000 verðlækkun

30.000 verðlækkun

90.000 verðlækkun

KDL26S2000

26"



129.950

Verð áður 159.950

TAVL1



399.950

Verð áður 499.950

32"



KDL32S2510

32"



169.950

Verð áður 199.950

Editor's Choice - What Home Cinema

STRDB790 Heimbiómagnari

39.950



Verð áður 64.950

30.000 verðlækkun

DSCT10 Myndavél

34.950



Verð áður 45.950

11.000 verðlækkun

DSCW30 Myndavél

17.950



Verð áður 25.950

12.000 verðlækkun

KDL40W2000

40" **359.950**

90.000 verðlækkun

Full HD 1080

Verð áður **449.950**

KDL46V2000

46" **499.950**

50.000 verðlækkun

HD ready

Verð áður **599.950** Best TV product of the year 2006 -WHAT HIFI

KDL40V2000

40" **299.950**

70.000 verðlækkun

HD ready

Verð áður **369.950**

KDL20S2000

20" **84.950**

15.000 verðlækkun

HD ready

Verð áður **99.950**

KDL46S2000

40" **349.950**

50.000 verðlækkun

HD ready

Verð áður **499.950**

KDL40S2000

40" **269.950**

30.000 verðlækkun

HD ready

Verð áður **299.950**

Center

Allt að 90% afsláttur

200.000 verðlækkun

100.000 verðlækkun

50.000 verðlækkun

DSCN1 Myndavél **29.950**



Verð áður **49.950** **20.000** verðlækkun

CMTDX2D Hljómtækjasamstæða **29.950**



Verð áður **39.950** **10.000** verðlækkun

STRDB2000 Heimabíó magnari **89.950**



Verð áður **59.950** **30.000** verðlækkun

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is • sími 588 7669

STUÐ MILLI STRÍÐA sjálföruggar undir bláhimni

KAREN KJARTANSDÓTTIR ÖFUNDAR EN DÁIST AÐ ÖMMUM LANDSINS



Ömmur mínar þykja mér afar glæsilegar konur. Mig langar til að verða eins og þær þegar ég verð eldri. Þykjast vita allt best og deila visku minni með jafn glæsilegum tilprifum og þær. Nú þegar hef ég reynt að tileinka mér tilkomumiklar handahreyfingarnar sem þær hafa báðar tileinkað sér þegar þær eru með sigarettu í hönd. Þær geta allt og vita allt, hvort sem það tengist vinnumarkaði, pólitík, upp-

eldismálum, matreiðslu eða handavinnu. Alltaf eru þær fullar sjálföruggis.

Stundum hef ég séð svipaðar konur gera sundæfingar í Vesturbæjarlauginni við tóna laga á borð við Undir bláhimni. Mikið öfunda ég þessar konur. Svona heppin held ég að ég og aðrar konur á mínum aldri séu ekki. Oft hef ég minnst á þann viðbjóð sem gagntók mig þegar ég sá þvengbrók í fyrsta sinn. Þá hélt ég að þetta væri tiskubóla sem myndi springa innan skamms því enginn myndi láta hafa sig í jafn heimskuleg og óþægileg fót. Ég hef ekki spádómsgáfu, það er alveg deginum ljósara. Miðaldra konur og grunnskólustelpur

klæða sig í þetta blygðunarlaust. Það veit ég að ömmur mínar hefðu aldrei látið plata sig í svona öfögnuð sem þessar brækur eru. Þær hefðu heldur aldrei látið fylla helgustu og vanhelgustu líkamsparta sína með taugalamandi efnun og plasti. Þeim var nefnilega innrætt að vera sáttar við sjálfar sig en láta ekki traðka á sér.

Það verður ekkert grín síðar meir að fá það fólk, sem nú er sagt upp á sitt besta, inn á stofnanir. Ég er líka sannfærð um að maður geti ekki elst með reisin tattúveraður, stöfifaður af fyllingum auk þess sem mig grunar að strengjanærbuxur eigi ekki eftir að halda bleiðunni á sínum stað.

ÞÚ SPILAR ALLTAF MEÐ

TAKTU LOTTÓ Í ÁSKRIFT Á LOTTO.IS

Tvær síðustu helgar hafa áskrifendur fengið fyrsta vinning í Lottóinu.



lotto.is

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BT 42" VEGGSJÓNVARP



42"

Panasonic

TH42PV60 Plasma vegg sjónvarp
Skjástærð: 42 tommur
Upplausn: 1024x768 HD ready
Textavarp við mynd
3D Comb Filter
Contrast: 1:10.000
Birta cd/m2: 550
Textavarp smíni: 2000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1

24.999*

9. kynslóð plasma

Kaupaukar að
að verðmæti 60.000



FYLGIR

29.988

Panasonic NVGS27B stafræn
miniDV myndbandstökuvél
fylgir að verðmæti 29.988

29.988

Veggfesting eða borðstandur
fylgir að verðmæti 29.999

10.941

Tölvu- og tækjalán 36 mán.

24.999

* Vaxtalaust 12 mán.

299.988

Staðgreitt

BÍLAGEISLA SPILARI

Panasonic



Panasonic
CQC1303
Bílgeislaspilari

4x45W
MP3/WMA afspilun
Tengi að framan fyrir td. iPod
Tengi að aftan fyrir magnara

16.999

UPPTÖKUTÆKI MED HÖRDUM DISK

Panasonic



Panasonic
DMREH55
Upptökutæki 160GB

160 GB harður diskur
35 tíma upptaka í XP mode
284 tíma upptaka í EP mode
Spilar DivX af CD eða DVD
Spilar MP3
Mpeg2 upptaka
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir

Settu fréttirnar
á pásu

4.999

Vaxtalaust 12 mán.

59.988

Staðgreitt

DVD TÖKUVÉL

Einföld
í notkun

Panasonic

Panasonic
VDRD250B
DVD tökuvél

DVD-R / DVD-RW / DVD-RAM
10x aðdráttur um linsu
Hágæða MPEG2 upptaka
2,7" breiðtjalds lcd skjár
SD kortarauf
2,3 megapíxla kyrrmyndir
Allt að 150 mín. upptökutími á tvíhlða diska
Hugbúnaður fylgir



5.799

Vaxtalaust 12 mán.

69.588

Staðgreitt

VEGG SJÓNVARP

Verðlaunataeki

Panasonic

Panasonic
TX32LX60F
32" LCD vegg sjónvarp

2 HDMI tengi
V-Real myndstýring
Verðlaunataeki



32"

6.248

Tölvu- og tækjalán 36 mán.

13.999

Vaxtalaust 12 mán.

167.988

Staðgreitt

Í tilefni af afmæli Mozarts



Kl. 13.00

Þórunn Hjartardóttir sýnir málverk og ljósmyndir í Anima gallerí, Ingólfsstræti 8, 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga til laugardaga kl. 13-17, www.animagalleri.is.

menning

menning@frettabladid.is

Á morgun verða tónleikar á Kjarvalsstöðum í tilefni þess að þá er hinn víðurkenndi fæðingardagur Mozarts. Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari stendur fyrir tónleikunum með tilstyrk Reykjavíkurborgar en hún hefur um árabíl eftir tónleika á Kjarvalsstöðum á þessum degi. Lengi naut hún aðstoðar Þorsteins Gylfasonar sem spjallaði um verkin sem flutt voru. Nú tekur sæti hans Sigurður Ingvi Snorrason en hann er einn þeirra tónlistarmanna sem leika verk afmælisbarnsins. Kjarvalsstaðir hafa verið lokaðir vegna breytinga og opnar Listasafn



TÓNLIST Blásarasextett æfir sig fyrir fjörið í félagsheimili tónlistarmanna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Reykjavíkur húsið sérstaklega fyrir tónleikana á morgun. Á efnisskránni eru sónata fyrir pianó og fiðlu KV 306 ásamt sextettum fyrir blásara. Flytjendur eru Anna Áslaug Ragnarsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Sigurður Ingvi Snorrason, Kjartan Óskarsson, Brjánn Ingason, Björn Árnason, Þorkell Jónelsson og Emil Friðfinnsson.

Anna Áslaug Ragnarsdóttir pianóleikari hefur verið búsett erlendis um árabíl en hún var töluvert áberandi í tónlistarlífi hér á landi á sínum tíma. Hún býr nú í München.

> Ekki missa af ...

Íslensku tónlistarverðlaununum sem verða afhent í næstu viku.

sýningu Hlyns Helgasonar og Jóhanns Ludvig Torfasonar í Listasafni ASÍ. Sýningum þeirra lýkur um helgina.

leikskýningunni „50 Ways to leave your Lover“ sem Ólafur S. K. Þorvaldsson sýnir í Austurbæ.

Ríkuleg dagskrá

Myrkir músíkdagar standa nú sem hæst og hafa tónlistarunndur nú úr mörgu að móða. Í dag leika Þórunn Ósk Marinósóttir víóluleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir pianóleikari verk eftir Þórð Magnússon, Kjartan Ólafsson og Haflíða Hallgrímsson í Listasafni Íslands en sömu verk léku þær norður í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit fyrr í vikunni. Pianóleikarinn Susanne Kessel heldur tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld og flytur þar íslenska og þýska tónlist, á efnisskránni er meðal annars nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson, verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Hauk Tómasson. Susanne leikur einnig verk eftir yngsta tónskáld Myrkra músíkdaga þetta árið, Katharinu Binder, sem er þrettán ára gömul. Kessel mun síðan halda norður og leikur hún í Laugaborg síðdegis á morgun.


Á morgun geta menn fyrir sunnan flykkst í Salinn og heyrt dúettinn The Slide Show Secret, Kristján Orra Sigurleifsson kontrabassaleikara og Evu Zöller harmonikkuleikara frumflytja verk eftir Hauk Tómasson sem sérstaklega er samið fyrir dúettinn sem aukinheldur flytur fimm önnur verk. Tónleikarnir hefjast kl. 14.

Um kvöldið heldur ítalski pianóleikarinn Sebastiano Brusco einnig tónleika í Salnum en í millitíðinni geta gestir Myrkra músíkdaga skroppið út á Nes og hlýtt á nýtt verk eftir Eirík Árna Sigtryggsson, „Truflaðan tangó“, í flutningi Blásarasveitar Reykjavíkur í Seltjarnarneskirkju. Á efnisskrá þeirra verður aukinheldur Konsert fyrir klarinettu og blásarasveit eftir Tryggva M. Baldvinsson, þar sem Helga Björg Arnardóttir leikur einleik á klarinettu. Einnig verða flutt verkin „Konstantin“ eftir Trónd Bogason og „Köld sturta“ eftir Tryggva M. Baldvinsson, en Tryggvi er stjórnandi Blásarasveitarinnar á tónleikunum.

Þess skal einnig getið að áður auglýstir tónleikar Michaels Clarke og Þórarins Stefánssonar fara ekki fram í dag heldur næstkomandi þriðjudag en þá leika þeir félagar verk úr Söngbók Garðars Hólms eftir Gunnar Reyni Sveinsson í Laugaborg.

Nánari upplýsingar um dagskrá Myrkra músíkdaga má finna á heimasíðunni www.listir.is.

- khh



LEIKLIST „Greinarmunur á leikverkum sem byggja á heimspekilegri umræðu og gamanmálum verður að vera í umræðu um leiklist. Það þýðir ekki að annað standi hærra en hitt,“ segir Þorleifur Arnarsson.

Kaup á eilífri hamingju

Pólitískt leikhús hefur lengi verið bannorð í íslensku samfélagi en á morgun verður frumsýnt fyrsta „millistjórnenda-dramað“ þar sem valdastrúktúr og stefnumótun koma talsvert við sögu.

sneppa á æfingaferlinu lýst sem fyrsta íslenska millistjórnendadramanu. Þorleifur fékk til liðs við sig Andra Snæ Magnason rithöfund til að semja eða móta ramma verksins og viðfangsefni. Var síðan unnið með leikhópnum við að móta persónur og framvindu, bæta í og draga úr. Úr þeirri bendu hugmynda og flækju greiddu síðan höfundarnir og komu saman handriti sem fór í frekari úrvinnslu á lokatörn æfingatímabilsins.

Þorleifur hefur lýst því yfir á síðustu dögum að hann vilji sýna pólitísk efni í gegnum persónuleg örlög og ræðir opin skátt um tilraunir sínar til að takast á við pólitískt leikhús, sem hefur verið bannorð í íslensku samfélagi lengi. Þorleifur segir skilning okkar á pólitík þröngan: „Pólitík liggur ekki á einum stað í samfélaginu. Hún dreifist víða og nú erum við að sjá flutning á valdi frá almanna-stofnunum, eins og Ríkisútvarpinu nýlega, yfir á einkaaðila. Við völdum píramíðastrúktúr fyrirtækja sem eitt svið þar sem pólitík er allsráðandi. Þar presentera persónurnar hugmyndaheim sem við vinnum síðan dramatískt úr.“

Höfundarnir stilla upp verkefni sem er sótt í valdastrúktúr fyrirtækis. Heimilið er hætt að vera vettvangur átaka um persónuleg og samfélagsleg efni. Úrslit hinna dramatísku átaka eru á sviði vinnunnar, nánar tiltekið hvernig er stjórnað og hverjir stjórna. Þar segir frá fjórum

einstaklingum, þremur körlum og konu, sem vinna saman í markaðsdeild stórfyrirtækis á Íslandi. Þar vinna þau að stefnumótun fyrirtækisins um leið og þau kljást við stefnumótun síns eigin lífs. Þessa einstaklinga leika þau Orra Huginn Ágústsson, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Þorleifur vill meiri umræðu um íslenskt leikhús. Hann segir vanda okkar vera skort á samkomulagi um skilgreiningar: hér sé allt lagt að jöfnu í umræðunni, söngleikur og drama. Dramatískt leikhús – „listrænt“ eins og það er kallað – og skemmtileikhús á ekki að leggja að jöfnu. Erindi þess er annað og umfjöllun um það verður að vera á ólíkum nótum og „pólitískt leikhús hefur enn annað erindi.“

Leikmyndahönnuður sýningarinnar er Drífa Ármannsdóttir en framkvæmdastjóri hópsins er Greipur Gíslason. Eilíf hamingja er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og hópsins. Verður verkið sýnt á Litla sviðinu meðan aðsókn leyfir en í lok febrúar heldur leikhópurinn til Berlínar þar sem eitt af stærstu leikhúsum borgarinnar, Maxim Gorkí leikhúsið, hefur falast eftir sýningunni. Þegar hafa verið festar tvær sýningar ytra en boðið kom til fyrir meðmæli áhrifamanna með hinum unga höfundum og leikstjóra.

ppb@frettabladid.is



GUNNAR REYNI SVEINSSON TÓNSKÁLD Verk úr Söngbók Garðars Hólms verða flutt í Laugaborg á þriðjudag.

HAUKUR TÓMASSON Tvö ný verk eftir tónskáldið verða flutt á Myrkum músíkdögum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

KÖLD SLÓÐ

★★★★★

„Köld slóð er afbragðs sakamálasaga sem hægt er að mæla með“

JVJ / topp5.is

Sýnd í Smárabíói • Regnboganum • Borgarbíói Akureyri (síðustu sýningar) Nýja Bíói Keflavík • Sauðárkróki • Ísafirði • Fjarðarbíói Eskifirði

20% afsláttur ef greitt er með korti frá Kaupþingi FRÉTTABLAÐIÐ

Ættarlaukurinn

Það var gaman á sýningu Bjarna Hauks í Iðnó á fimmtudag. Áhorfendur skemmtu sér konunglega yfir góðlegri og markvissri greiningu á kenjum samtímans, daglegri hegðun, földum síðum sem Bjarni dregur fram og sýnir okkur í nær tveggja tíma langri eins manns sýningu. Hann reynist furðu glöggur á skoplega hluti, hikar ekki við að gefa sig á vald tilfinningasemi og tæpir á djúpri alvöru í samskiptum kynjanna í hjónabandi, samskiptum foreldra og barna. Verkið byggir á skarpri sýn á mannlega hegðun og er flutt af krafti, kurteisi og sanngirni, þótt það haldi sig nær alfarið á karlahólum.

Það er erfitt að halda heilum sal í tvær klukkustundir með einu stuttu hléi. Uppistandsbragurinn er vissulega fyrir hendi í sýningunni, það er talað beint við okkur, en Bjarni bregður sér einnig í ýmis hlutverk, öll býsna skýr með raddblæ og fasi. Hann dregur ekki af sér í líkamlegri beitingu í því rými sem gefst og víða glittir í leik hjá honum sem er ávisun á mikla persónusköpun í víðara verki.

Málsnið verksins er líka unnið af góðri hlustun. Víst heyrir maður víða í sýningunni leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar. Það er ekkert til lýta, bendir bara til hins nána vinnusambands leikarans og leikstjórans, en hér er talað nokkrum tungum og öllum auðþekkjanglefum.

Sjónlínur í Iðnó hafa alltaf verið slæmar. Ekki bætir úr skák að meðalhæð manna hefur hækkað á 110 árum. Leikmyndin er sparlega gerð, ekki fátækleg en dugar. Notkun á skjávörpum er notuð lítillega í upphafi og vel mætti þróa verkið meira í þá áttina, til dæmis í óborganlegri lýs-



LEIKLIST

Pabbinn

Gamansamar hugleiðingar um föðurhlutverkið

Höfundur og flytjandi: Bjarni Haukur Þórsson

Leikstjóri: Sigurður Sigurjónsson

★★★★

Bráðskemmtileg og hugkvæm skoðun á foreldrum og börnum.

ingu á kerrukaupum. Notkun á slíkum miðli kallar á samfellu í gegnum verkið allt sem ekki er nýtt hér. Eins er með áhrifshljóð og tal af bandi. Þessir þættir gætu komið til álita í frekari þróun verksins fyrir erlenda markaði. Því varla lætur Bjarni staðar numið með þetta verk við heimaslóðir.

Verkið dettur dálítið í tvennt, fyrir og eftir fæðingu. Seinni hlutinn er brotakerndur og hefur ekki sama heildarsvip og sá fyrri. Höfundurinn dregur samt fína línu frá samstæðum fyrri hluta til loka verksins. Það er alveg klárt hvað Bjarni er að segja okkur. Það er hlýja í verkinu, mannvit og heiðríkja sem er falleg í hugsun og framkvæmd. Bjarni á marga gesti skilið á sýningu sína – hægt er heita þeim innilegri og góðri skemmtun – með sterkum eftirþanka og björtum hug.

Veitt úr Listasjóði Dungal

Úthlutað var úr Listasjóði Dungal á dögunum og hlutu þrjú ungir myndlistarmenn styrk úr sjóðnum sem stofnaður var til minningar um Margréti og Baldvin P. Dungal.



MYNDLISTARMENNIRNIR HYE JOUNG PARK, KRISTÍN HELGA KÁRADÓTTIR OG DARRI LORENZEN Eiga sér ólíkan bakgrunn en að mati dómnefndar endurspegla þau hræringar meðal yngri myndlistarmanna þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjóðurinn var stofnsettur árið 1992 og hét þá Listasjóður Pennans en eftir sölu fyrirtækisins árið 2005 var nafni hans breytt í Listasjóður Dungal. Hlutverk hans er sem fyrr að styrkja unga myndlistarmenn sem eru að feta sín fyrstu skref á myndlistarbrautinni og einnig að eignast verk eftir þá. Umsóknnum hefur fjölgað með ári hverju og að þessu sinni bástust tæplega fjörutíu umsóknir.

Dómnefndina skipuðu Guðrún Einarsdóttir myndlistarmaður og Kristján Steingrímur Jónsson, deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, sem er formaður, auk Gunnars B. Dungal, stofnanda sjóðsins.

Í tölu sinni við verðlaunaafhendinguna ræddi Gunnar meðal annars um innkaupastefnu íslenskra safna og áhuga listunnenda sem sjaldnast nær út fyrir landsteinana og hvatti til víðsýni í þeim efnum. Hann ræddi um undarlega afstöðu fyrrgreindra gagnvart erlendri myndlist, sem er sýndur líttill áhugi hérlendis. Einnig nefndi hann að dirfskan sem einkennt hefur íslenskt athafnalíf hafi vart náð til myndlistarinnar ennþá – menn hiki ekki við að taka áhættu í fjárfestingum en séu ekki farnir að nýta sér þau sóknarfæri sem gefist í myndlistinni.

Styrk að upphæð 300.000 krónu hlutu listakonurnar Kristín Helga Káradóttir og Hye Joung Park. Kristín Helga útskrifaðist frá

Listaháskóla Íslands árið 2004 en hún hefur einnig lagt stund á leiklist og námsbraut í hjúkrun við Háskóla Íslands. Hún hefur haldið fjölda sýninga hér á landi og erlendis. Kristín Helga vinnur vídeóverk þar sem hún skrásetur eigin gjörninga. Verkin byggja á orðlausri leikrænni tjáningu hennar sjálfar, oft í sviðsettu rými. Verk hennar eru á heimspækilegum nótum þar sem fjallað er um tilvistina og sálarlífið á einn eða annan hátt. Kristín Helga stefnir á framhaldsnám erlendis.

Hye er fædd í Suður Kóreu og lauk B.S.-námi í dýralækningum frá háskólanum í Seoul árið 2001 en árið 2002 stundaði hún nám við Myndlistarskólann í Reykjavík. Hye útskrifaðist með B.A.-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2005. Hún býr og starfar í London og Reykjavík. Hye notar

mjög gjarnan ljósmyndir og skúlptúra í verkum sínum og myndgerir með því móti augnablik lífandi stundar.

Styrk að upphæð 500.000 krónum hlaut myndlistarmaðurinn Darri Lorenzen. Hann lauk námi frá Listaháskóla Íslands og síðar stundaði hann nám í raftónlist og sótti sér frekari myndlistarmenntun til Haag. Hann stundar nú framhaldsnám í Berlín.

Verk Darra eru rýmistengd, þar sem skynjun áhorfandans á umhverfi sínu er aðalviðfangsefnið. Hann notar margs konar miðla í verkum sínum eins og hljóð, vídeó, gjörninga og ýmiss konar efni sem hann blandar saman í innsetningum. Í umsögn dómnefndar segir að Darri sé næmur og stórhuga listamaður sem tekst á við listina af áræði og krafti. +

- khh



ÆVAR ÖRN JÓSEPPSON RITHÖFUNDUR

Ævar Örn á markað

Útgáfuréttur á tveimur sögum Ævars Arnar Jósepssonar hefur verið seldur í Danmörku til stóruútgáfunnar Aschehaug. Þetta eru sögunar Blóðberg og Sá yðar sem syndlaus er. Er þegar hafin vinna við þýðingar á dönsku sem Áslaug Rögnvaldsdóttir annast, en hún hefur verið búsett í Danmörku um árabíl og þýtt mikið á dönsku.

Aschehaug er annað stærsta útgáfufyrirtæki í Danmörku, hluti Egmond-keðjunnar sem teygir anga sína víða um Norðurlönd. Forlagið gefur út um 500 titla á ári.

Saga Ævars Svartir englar hefur komið út á Niðurlöndum á hollensku og í Þýskalandi hjá dótturfyrirtæki Bertelsmans.

- pbb



Allt að **70%** afsláttur

Veggljós / Gólfampar / Næturljós / Kastarar / Útiljós / Loftljós

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardaga frá kl.11-16

Children Of Loki kynnr 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
 Lau 27. jan kl. 20 / Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

Verzlunarskóli Íslands kynnr SEXTÁN
 Fim 1. feb kl. 10 uppseft / Fim 1. feb kl. 14 uppseft /
 Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 /
 Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 /
 Sun 25 feb kl. 17 / Mið 28 feb kl. 19 / Fös 2 mar kl. 20

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn *The Rake's Progress*
 IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumfyrir 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 - 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ Kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
 Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

ÞÚ FINNUR EKKI BETIR SKEMMTUN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL!

www.operais | opera@operais | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
 DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Lau 3/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20	Sun 28/1 kl. 20 AUKASYNING Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT Fös 9/2 kl. 20 UPPSELT Sun 11/2 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
Fös 2/2 kl. 20 UPPS. Fös 16/2 kl. 20	Lau 10/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20
SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listaháttar í Reykjavík og Borgarleikhússins. Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT Sun 20/5 kl. 14	Í kvöld kl. 20 UPPSELT Sun 28/1 kl. 20 AUKASYNING Allra síðustu sýningar
MEIN KAMPF	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í kvöld kl. 20 AUKASYNING Fim 15/2 kl. 20 AUKASYNING Lau 24/2 kl. 20 AUKASYNING Síðustu sýningar	Sun 28/1 kl. 14 Sun 11/2 kl. 14
EILÍF HAMINGJA	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í samstarfi við Hið lífandi leikhúsið	Fim 8/2 kl. 20 Síðustu sýningar
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT Fim 1/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20	KARÍUS OG BAKTUS
LADDI 6-TUGUR	Sun 4/2 kl. 13 UPPS. Sun 4/2 kl. 14 UPPS. Sun 11/2 kl. 13 UPPS. Sun 11/2 kl. 14 UPPS. Sun 18/2 kl. 13 UPPS. Sun 18/2 kl. 14 UPPS. Sun 18/2 kl. 15 UPPS. Sun 25/2 kl. 13 UPPS. Sun 25/2 kl. 14 UPPS. Sun 25/2 kl. 15 UPPS. Sun 4/3 kl. 13 UPPS. Sun 4/3 kl. 14 UPPS. Sun 11/3 kl. 13 UPPS. Sun 11/3 kl. 14 UPPS. Sun 11/3 kl. 15 UPPS. Sun 18/3 kl. 13 UPPS. Sun 18/3 kl. 14 UPPS. Sun 18/3 kl. 15 UPPS. Sun 25/3 kl. 13 Sun 25/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 15
Lau 17/2 kl. 20 Lau 3/3 kl. 20 Miðasala hafin	Lau 24/2 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20 Miðaverð 3.400

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhúsið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sælueyjan

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEGI! eftir Peter Quilter.
 Í kvöld lau. 27/1 nokkur sæti laus, fös. 2/2 nokkur sæti laus, fös. 9/2 nokkur sæti laus.
 Aðeins þessar þrjár sýningar eftir.

SITJI GUDS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
 Í dag lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 uppseft, sun. 4/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 10/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00.

BAKKYNNUR eftir Evripides.
 Lau. 3/2. Hlin Agnaradóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona?"
 í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna. Síðasta sýning!

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
 Í kvöld lau. 27/1 nokkur sæti laus, fös. 2/2 nokkur sæti laus, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppseft.
 Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskirteinis.

Kassinn kl. 20:00 forsala hafin

SÆLUYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
 Í kvöld lau. 27/1, örfá sæti laus, fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
 Lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 uppseft og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00 uppseft, kl. 12:15 örfá sæti laus, kl. 14:00 uppseft og kl. 16:00 uppseft, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl. 14:00 uppseft, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogródniks eftir verki Profokiefs
 Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppseft og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
 Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.
 Leikhúskjallarið er opið fyrir og eftir sýningu föstudaga og laugardaga.
 Upplýsingar í miðasölusíma.

NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út í kilju hin sígilda barnasaga Vefurinn hennar Karlottu eftir E. B. White með myndum eftir Garth Williams.



Helga Soffía Einaradóttir þýddi. Jón Arabel er í þann mund að stytta líf lítills gríss þegar hann mætir dóttur sinni Furu. Með snarræði fær Fura því framgenget að Völundur - eins og hún kallar grísinn - fær að lifa. Í lífsbaráttunni nýtur Völundur þess að eiga góða vini, ekki síst hina stórsnjöllu kónguló Karlottu. Þessi sígilda og töfrandi saga fjallar um umhyggju og ást, ævintýri og dularfulla teikn og daglegt líf dýranna á bænnum. Mest fjallar hún þó um það hvernig vinátta og tryggð geta gert kraftaverk. Sagan var nýlega kvikmynduð. Þetta er hin ljúfasta fjölskyldumynd, en E. B. White er einnig höfundur Stúarts litla sem er íslenskum fjölskyldum að góðu kunnur. Fyrirtaks leikarar fara með helstu hlutverk í myndinni.

Í ljóðabókinni Æskumyndir bregður Þórarinn Hannesson upp myndum af uppvaxtarárum sínum vestur á fjöðum, víðfangsefnum barnanna og tíðaranda á Bıldıdal. Náttúrulegur einfaldleikinn gripur lesandann með sér til æskuáranna og vekur upp í honum barnið sem upplifir veröldina með sínum hætti. Yngri lesendur fá hér mynd af veröld barnanna fyrir tveimur til þremur áratugum. Margt hefur breyst og ekki allt til batnaðar, eða hvað? Æskumyndir er fýsta ljóðabók höfundar sem áður hefur gefið út Þrjú rit og tvær geislaplötur með lögum og textum. Myndir bókarinnar teiknaði Marsibíl G. Kristjánsdóttir.

Æskumyndir



Harmonikkubúll er fyrsta ljóðabók Gísla Þórs Ólafssonar. Í bókinni eru ný og fersk ljóð full af ævintýraleikum uppákomum. Höfundur ferðast víða í huganum og meðal annars á slóðir mörgæsanna, upp til himins og aftur í tímann. Gísl Þór hefur komið fram sem trúþador og samið eigin lög, sum við ljóð Geirlaug Magnússonar ljóðskálds en heimabær þeirra beggja er Sauðárkrúkur. Lafleur útgáfan gefur bókina út.



LEIKHÚSIÐ og Good Company kynna:

vikingar & gyðingar

3 dansleikhúsvær og stuttmynd í Hafnarfjarðarleikhúsinu 26. og 27. janúar kl. 20.00.

Miðapantanir í síma 555 2222

MEÐ Á NÓTUNUM
Árni Heimir Ingólfsson

Til hamingju Mozart!

Í dag er 251 ár frá því að einn mesti tónsnillingur allra tíma, Wolfgang Amadeus Mozart, fæddist í Salzburg. Líklega verða hátíðahöldin lítillfjörleg miðað við húllumhæð í fyrra, þegar heimsbyggðin hélt upp á stórafmæli meistarsins með glæsibrag.

Sjálfur hef ég aldrei skilið umstangið kringum afmælisár löngu liðinna tónskálda. Átti tónlist Mozarts eitthvað meira erindi við okkur árið 2006 en 2005, eða 2007? Er ekki öll sönn list hafin yfir stund og stað? Reyndar efast ég um að Mozart hafi verið nokkur greiði gerður með ýmsu því sem fram fór á stórafmælisárinu. Til dæmis var mikið flutt af sjaldhryðum verkum sem stundum voru langt undir þeim væntingum sem maður gerir ósjálfrátt til Mozarts, æskuverk eða tónverk samin á leifturhraða þegar fjárhagurinn var kominn í þrot. Mozart skapaði ekki eintóm meistaraverk, frekar en Bach, Beethoven, Shakespeare eða Vincent van Gogh. Allir eiga sína göðu og slæmu daga, líka mestu listamenn sögunnar.

Flóknari en hún hljómar

Það heyrir stundum sagt að tónlist Mozarts sé fyrirsjáanleg, jafnvel svolítið barnaleg á köflum. Þetta finnst mér hin mesta fjarstæða. Mozart var langt frá því að vera barnalegur í tónlist sinni - nema þeirri sem hann samdi þegar hann var sjálfur barn, eins og eðlilegt er. Við megum heldur ekki horfa fram hjá því hvaða viðhorf voru við lýði í tónlist á tímum Mozarts. Þegar klassíski stillinn tók að ryðja sér til rúms skömmu fyrir miðja 18. öldina lögðu tónskáld allt kapp á að gera verk sín nógu einföld og „náttúrleg“. Flóknar tónarunur og ómstríð hljómasambönd barokksins heyrðu sögunni til; tónlist átti ekki að vera þung, erfið og flókin, heldur létt, þökkafull og þægileg áheyrnar.

Sumir tóku þessa nýju kröfu helst til bókstaflega, eins og franskir heimspekingurinn Jean-Jacques Rousseau sem samdi óperur sem í dag hljóma allt að því óbærilega einfaldar. Einfaldleikinn gat orðið að einfaldnissætti þegar minnst varði, en snillingur á borð við Mozart lét slíkt ekki henda sig. Þegar hann óx úr grasi stóð honum enginn á sporði hvað varðaði ímyndunarafl og framsækni í tónsköpun, enda þótti samtímamönnum hans stundum nógu um kröfur sem hann gerði til hlustenda sinna.

Hlustað djúpt

Fegurðin og heiðríkjan sem býr í tónlist Mozarts hefur gert hana ódauðlega. En ef við hlustum vandlega getum við heyrt að það býr meira að baki. Ein frægasta tónsmíð Mozarts er pianókoncertinum í C-dúr K. 491, ekki síst hægi kaflinn sem hefst á undurbliðu og svífandi fiðlustefi. Stemningin er kyrrlát og allt er í fullkomnu samræmi. En skyndilega fer allt á verri veg. Tónlistin breytir um svip, verður ólgandi og myrk, og ómstríðir hljómarinnir sökkva neðar og neðar í hlyðþýpi. Eftir nokkrar óvissusekúndur kippir Mozart okkur aftur upp á yfirborðið. Allt er slétt og fellt á ný, en vitneskjan um að svona gæti farið á hverri stundu fylgir manni allt til lokatóns.

Ekki verður heldur sagt að upphafið að strengjakvartettinum í C-dúr K. 465 sé hlustendavænt. Kvartettinn hefst á hægum og myrkum innngangi þar sem hljóðfærin koma inn hvert af öðru en eru algerlega á skjön við umhverfi sitt, eins og spilararnir séu staddir hver í sínum heimi. Það tekur þá meira en 20 takta að ná saman og þessar tvær ómstríðu, dulúðlegu mínútur eru einhverjar þær nútímalegustu sem Mozart samdi. Sama má segja um lokabátt frægu g-moll sínfónúnnar K. 550, þar sem kraftmikið stefið fer eitt sinn eftirminnilega „út af sporinu“ í miðjum klíðum. Nótur hljóma á stangli hér og þar, algerlega ófyrirséðar bæði hvað varðar tónhæð og rytma, svo að útkoman er nær 20. öldinni en nokkuð sem samtímamenn Mozarts létu eftir sig.

Engum sem heyrir umrædda takta myndi detta í hug að lýsa tónlistinni sem barnalegri. Þvert á móti: Í meistaraverkunum sem Mozart samdi á fullorðinsárum sínum hefur hann fullkomnið vald á list sinni og notar hana til að hreyfa við áheyrendum sínum á nýstárlegan hátt. Tónlist Mozarts er eilíft samspil ljóss og skugga, gleði og sorgar. Alveg eins og lífið sjálft.



Síðasti keisarinn

Í dag kl. 16.00 verður sýnd mynd Bernardos Bertolucci frá árinu 1987, Last Emperor eða Síðasti keisarinn í Bæjarbíói, Hafnarfjarði á vegum Kvikmyndasafnsins.

Myndin er eins konar ævisaga Pu Yi, sem þriggja ára að aldri tók við veldissprotanum sem síðasti keisarinn í Kína.

Sýningar Kvikmyndasafnsins eru í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfjarði, þriðjudaga kl. 20.00 og laugardaga kl. 16:00. Miðasala opnar um hálf tíma fyrir sýningu og miðaverð er kr. 500. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu- unni www.kvikmyndasafn.is.

Leiðrétting

Þau mistök urðu á menningarsíðum gærdagsins að fullrytt var að frumsýning á Mýramanni Gísla Einarssonar á Landnemasetrinu í Borgarnesi væri í gærkvöldi - föstudag. Hið sanna er að hún er í kvöld. Er beðist velvirðingar á þessu mishermi.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
 FRÉTTABLAÐIÐ

Hljómsveitin
Signia í kvöld
 Fjölbreyttur sérrettasedill og tilbodsmatasedill á leikhúskvöldum

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

24 25 26 **27** 28 29 30

Laugardagur

TÓNLEIKAR

15.00 Gítarleikarinn **Kristinn Árnason** heldur tónleika í **Áskirkju**. Á efnisskránni eru verk eftir Weiss, Bach, Barrios, Giuliani og Granados. Einnig frumflytur Kristinn eigið verk.



16.00 Sellóleikarinn **Margrét Árnadóttir** leikur ásamt **Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur** píanóleikara í **Salnum** í Kópavogi. Á efnisskránni eru verk eftir Brahms, Bach og Poulenc.

17.30 Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** píanóleikari halda tónleika í Listasafni Íslands í til efni af **Myrkum músikdögum**. Á efnisskránni eru verk eftir **Hafliða Hallgrímsson**, **Þórð Magnússon** og **Kjartan Ólafsson**.

23.00 Kvartettinn **Bonsom** leikur á kaffi **Rósenberg**. Sveitina skipa **Andrés Þór** gítar, **Eyjólfur Þorleifsson** saxafónn, **Þórgímur Jónsson** kontrabassi og **Scott McLemore** trommur. Kvartettinn leikur eigin tónlist félaganna sem er blanda af rokki, pönki og djassi.

OPNANIR

17.00 **Sigríð Österby** opnar sýninguna **Tvennir tímar í Grafíkafni Íslands, Tryggvagötu 17**, hafnarmegin. Sýningin stendur til 3. febrúar og er opin milli 14-18, fimmtudaga til sunnudaga.

SKEMMTANIR

22.00 Hljómsveitin **Spútnik** leikur fyrir dansi í **Vélsmiðjunni** á Akureyri, húsið opnað kl. 22, frítt inn til miðnættis.

SÝNINGAR

07.00 Japanski listamaðurinn

Shingo Yoshida er gestur **SÍM** á Íslandi og sýnir verk sitt utan á húsi þess við **Hafnarstræti 16**. Sams konar verk hefur hann unnið á önnur hús erlendis þar sem hann hefur dvalið sem gestalistamaður.

14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo**, sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT!** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.

11.00 Sýningin **Frelsun lítarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fugle**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningar-miðstöð **Hafnarfjarðar** í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en eiga það sameiginlegt að vera óhræddir við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

SÍÐUSTU FORVÖÐ



13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASI** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Hjálpin berst að ofan

Vefurinn hennar Karlottu
Charlotte's Web

Sýnd með íslensku og ensku tali

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna

ATH! Bókin sem myndin er byggð á hefur verið endurútgefin

SMÁRA BÍÓ

SÝND Í STAFRÆNUM GÆÐUM Í SAMBÍÓNUM KRINGLUNNI

SAMBÍÓN
REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI
www.sambio.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**

20% afsláttur af miðaverði

3 GOLDEN GLOBE-VERÐLAUN

8 ÓSKARS-TILNEFNINGAR

Jamie Foxx

Beyoncé Knowles

Eddie Murphy

DREAMGIRLS

Framsýnd 2. febrúar

20% afsláttur fyrir viðskiptavinum SPRON ...

Viðskiptavinir sem greiða með SPRON-korti fá 20% afslátt af miðaverði.

... og skemmtilegur bíóleikur!

Viðskiptavinir SPRON geta auk þess skráð sig á spron.is fyrir 31. janúar nk. og átt möguleika á að vinna miða fyrir tvo á sýningu myndarinnar ásamt DREAMGIRLS-varningi.

SPRON

Borgarbíó

Hatchóland

> Við mælum með...

Túrban. Þetta er það alheitasta með hækkaðri sól. Stórfenglega elegant – og frábærir líka til að fela skítugt hár.



útlit
utlit@frettabladid.is



SMEKKURINN HEIÐA JÓNSDÓTTIR AFGREIÐSLUDAMA OG SAUMASTÚLKA

Hrífst af galdraskikkjum

Spáir þú mikið í tískuna? Já, já og nei. Ekki svo markvisst, meira það sem grípur augað á förnunum vegi. Öll fallegu blómin á götunni ef svo má segja. Ég lít líka frekar á föt sem búninga heldur en klæðnað. Öskudagsball að eilífu ...

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?/Hvernig myndu aðrir gera það? Ja, mér hefur oft verið líkt við slaufu og dúsk, en líka stundum ruslahaug. Ætli ég sé ekki svona skvísuslaufa á haugunum ... slétt og snúin.

Uppáhaldshönnuður/fatamerki? Uppáhalds eru Vivienne Westwood, Christian Lacroix, Dior, Dead, cadylock og gleymir-dreymir teymið á óþekku saumastofunni.

Tískuíkon? Anita Pallenberg og Keith Richards, Lady amma sem kennir mér dömulega síði, Ziggy Stardust og auðvitað Penelópa prinsessa sem átti 365 kjóla.

Hverju ertu veikust fyrir í augnablikinu? Í augnablikinu er ég hrífust af rauðum varalitum og galdraskikkjum með hettu.

Bannað? Allt sem er of stíft og uppstrílað finnst mér ljótt, t.d gervineglur og gærulegir galakjólur.

Uppáhaldsverslun? Rauði krossinn og Frú fiðrildi fyrir perlu og postulín. Dogma líka af því að þar er svo gott karma. Hattabúð Reykjavíkur og Hókus pókus luma líka á ýmsu skemmtilegu.

Hvaða áratugur hefur átt flottustu

tískuna? Tímabilið 1967-1978. Velvet Underground og Rolling Stones. Rokk og ról ...

Uppáhaldsflíkur? Erfitt að segja ... En mér var einu sinni gefinn gamall brúðarkjól sem ég held mikið upp á. Aftur-hettupeysan mín er líka alltaf góð, mjög hlý og fallega fjólublá.

Hvað þarf að hreinsa úr fataskápnunum fyrir vorið? Þegar hlýnar ætla ég að losa mig við sokka. Bæði af því að þeir eru ljótir og óþægilegir.

Hvert færir þú í verslunarferð? Ég hugsa að ég myndi rölta samferða bleiku skýi og vel stæðu silfrúðu kreditkortu um miðborg Reykjavíkur. Það væri ágætis afþreying.



DADRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Elsa María Blöndal

París, ó París

Í tískuheiminum er almennt talið að aðalborgirnar séu fimm: Fyrsta má nefna hina stórbrotnu og valdamiklu New York með allri sinni gifurlegu orku. Þá hina kreatívu höfuðborg Bretaveldis, London, með sínu unga og sjóðandi heita hæfileikafólki.

Hin skipulagða Tókýó sem á síðustu áratugum hefur fært okkur magnaða fatahönnuði með allt önnur sjónarmið og allt öðruvísi fegurðarímyndir en þekkt hefur í vestrænum heimi.

Mílanó sem gegnum tíðina hefur skapað og sett heitustu trendin. Fyrst með Armani og Versace, seinna með Prada, Gucci og Dolce&Gabbana.

Og svo París. Tískuborgin sem gnæfir yfir allar hinar. Um aldir hefur hún verið heimavöllur hinnar allra róttækustu þróunar í hátískuklæðnaði. Sé gengið niður götu í París sjást þess þó engin augljós merki að þar slái hjarta heimstískunnar. Frakkar eru síst þekktir fyrir ofsafenginn klæðnað og virðast frekar búa að smekklefum en íhaldssömum fataskáp. Þó er það þannig að það er Parísartískan sem fær hjarta tískuunnenda til að slá hraðar. Hvar annars staðar myndi tískuelítan taka eins ólíkum hönnuðum og hinum ófgafulla og léttúðuga Christian Lacroix og hinni minimalísku Ann Demeulemeester jafn fagnandi? Annars vegar býr París yfir hönnuðum eins og Azzedine Alaïa, af mörgum talinn einn hinna síðustu sönnu kventískuhönnuða og til margra ára eitt best geymda leyndarmál borgarinnar. Hins vegar geymir París listamenn eins og Jean Paul Gaultier, skemmtikraft af guðs náð sem býr til föt á meistaralegan hátt af ástríðufullu stjórnleysi. Og þá eru ótaldir tískuhönnuðir á borð við John Galliano, Valentino, Balenciaga, Karl Lagerfeld og auðvitað Yves Saint Laurent. Vissulega ekki allt saman Frakkar en það er ekki aðalatriði. Hversu ólíkir sem þessir hönnuðir kunna að vera þá eru þetta einfaldlega bestu hönnuðir í heiminum. Og hvort sem það kemur hæfileikum þeirra við eður ei þá er það París sem sameinar þá alla. Margir þessara tískuhönnuða hafa verið lengi í bransanum og eru orðnir stór hluti af tískuheiminum sem stofnun. Það gæti því verið auðvelt að gleyma því að hver og einn þeirra hefur á sinn hátt átt ríkan þátt í framvindu tískunnar og framförum og einnig í að öðru fyrirfram ákveðnum hugmyndum okkar um hvað má og hvað má ekki í klæðaburði.



GRÆNN OG SEIÐANDI Ekta „sixties“ skokkur frá Glamúr, Laugavegi.



KLASSÍSKUR Svartur „shift“ skokkur úr Rokki og rósum, Laugavegi.



SUMAR OG SÓL Á DANSGÓLFINU Heiðgullur „sixties“ kjóll frá Glamúr, Laugavegi.



LILLABLÁR dásamlegur kvarterma kjóll með slaufu frá Spúútník.



FLOTTUR KRAGI Frábær kjóll með rúmfræðilegu mynstri frá Skarhúsinu, Laugavegi.



RÖNDÓTTUR Hvítur- svartur og drapp-röndóttur kjóll með kvarternum frá Spúútník, Laugavegi.

Hvað er að fréttu?

Fréttir af fólki_



www.visir.is



EDIE SEDGWICK Tískufyrirmynd í áratugi fær nú endurreisn með kvikmyndinni Factory girl sem væntanlega er í kvikmyndahúsi.



ALGIÖRT MÓST Sólglæraugu í stíl frá skarhúsinu, Laugavegi.

Femme Fatale

Það voru ekki aðeins svörtu sokkabuxurnar, stutta kjólar, stóru eyrnalokkarnir og löngu tregafullu gerviaughárin. Edie Sedgwick öðlaðist frægð á því að vera algjörlega hún sjálf, svipað og gangandi listaverk. Klæðaburður hennar var líkt og framlenging af henni sjálfri og við fyllumst innblæstri af stíl hennar enn í dag.

Nú verður frumsýnd í Bandaríkjunum kvikmynd byggð á ævi Edie Sedgwick, The Factory Girl, með Siennu Miller í aðalhlutverki, og því er ekki úr vegi að rifja upp einstakan, allt að því kynlausan stíl einnar frægustu Warhol-súperstjörunnar. Edie Sedgwick lifði glamúr lífi á ystu nöf í selskap Andy Warhol og félagu um miðjan sjöunda áratuginn. Með plátínuljósan drengakoll og þykkar dökkar línur á augnlokunum, skilgreindi hún áreynslulaust hið

svokallaða „mod-look“. „Babydoll“ kjólar í anda Givenchy, sem á þessum tíma lagði sig fram um að frelsa hönnun sína undan hömlum kvenímyndarinnar, fóru vel á ofurgrönnum líkama Edie. Og þvert á hina kynlausu, nánast sníðlausu kjóla skartaði hún kvenlegum glamúr eyrnalokkum í yfirstærð og háum hælum. Svo leiðin að heitasta 60's útlitinu er ekki svo flókin. Lykilatriði er að eignast einfalda, stutta kjóla, áberandi skartgrip, þá sérstaklega fallega eyrnalokka, einlitar sokkabuxur og þykkar blautan augnbýnt! Edie Sedgwick gekk meira að segja svo langt að hafa ekki fyrir því að hreinsa augnmálninguna á kvöldin, hun bætti bara ofan á á morgnana! Sumir hafa bara ekki tíma fyrir smáatriði. En þessu mælir maður kannski ekki með til lengri tíma...

elsa@frettabladid.is



Hönnuður dauðans

Ofurhönnuðurinn Tom Ford fæddist í Texas 1961. Hann stúderaði arkitektúr í Parsons School of Design í New York þaðan sem hann útskrifaðist 1986. Árið 1990 var hann ráðinn hjá Gucci til að hanna daglegan fatnað (ready-to-wear) fyrir konur. Þaðan vann hann sig upp metorðastigann af metnaði og dugnaði þar til hann var orðinn aðalstjórnandi Gucci-tískuhússins. Hann lét ekki deigan síga og árið 1999 var Gucci-húsið, sem var á barmi gjaldþrots er Ford tók við því, metið á um fjóra milljarða dala. Það ár keypti Gucci einnig YSL-tískuhúsið og sá Ford einnig um listræna stjórnun á þeim bæ. Engin smá áskorun það en Ford var þess fullviss að geta haldið merkjunum vel aðskildum. „Í sögulegu samhengi er Sophia Lauren Gucci og Catherine Deneuve er YSL. Þær eru báðar kynþokkafullar þótt Gucci sé örlítið fyrirsjáanlegri,“ segir hann.

Tom Ford er einstaklega orkumikill og sefur aðeins um þrjá tíma á nóttu hverri.

„Það eru margir mun hæfileikaríkari hönn-

uðir en ég,“ segir hann hógvæ. „En ég hef mikinn drifkraft og gefst aldrei upp. Sem er gott því að öðru leyti hefði mér ekki gengið svona vel og þá orðið mjög óhamingjusamur.“

Aðrir líta öðruvísi á málin, segja að leyndarmál Fords sé blanda af sterkri tilfinningu fyrir fallettri tísku og góðu næmi á hinn almenna neytanda.

Árið 2004 sagði Tom Ford skilið við stöðu sína hjá tískuhúsunum Gucci og YSL og í vor mun opna á Madison Avenue í New York fyrsta búðin sem ber hans eigin nafn.

Á lista Toms Ford yfir hlutina sem hann vill gera í lífinu er meðal annars að búa til kvikmynd.

„Það er hið fullkomna hönnunarverkefni. Maður fær ekki bara að hanna það sem fólk klæðist heldur umhverfið allt og einnig hvort persónurnar lifa eða deyja.

Það er varanleiki í kvikmyndum sem tískuna skortir.“



GUCCI



TOM FORD

TÍSKUAUGNABLIK: HVER FANN UPP MINIPILSIÐ?

Fyrst við erum nú komin á kaf í sjötta áratuginn, þann byltingarkennda áratug, langar mig að velta upp spurningunni hver hafi hannað minipilsíð. Tveir eru aðallega nefndir í þessu samhengi, báðir stórkostlegir hönnuðir og brautryðjendur á sínu sviði á þessum tíma. Þetta eru hönnuðir sem allir tískuennendur þurfa að kunna deili á þótt ég láti nú vera í bili að skera úr um hver eigi raunverulega heiðurinn af þessari mjög svo mikilvægu uppfinningu.

Andre Courreges vann fyrir Balenciaga áður en hann stofnaði sitt eigið tískuhús í París árið 1961. Courreges blandaði saman þeirri teknísku kunnáttu sem hann til- einkaði sér hjá Balenciaga og nýti- stefnu verkfræðinnar (en hann var einnig menntaður verkfræðingur) til að skapa eina framhlypnustu og sérstökustu fatahönnun sjötta áratugarins. Framsæknir aukahlutir, hlífðargleraugu (goggles), go go-stígvél, hjálmur og rúmfræðiformlega pils í hvítum og silfrudum litum. „Það að skapa er að ímynda sér form.“ Í dag situr Courreges á goðsagnakenndum palli í franskrí tískusögu.

Mary Quant stofnaði búðina Bazaar í London 1955 og framleiddi nýttískufatnað á viðráðanlegu verði sem gerði tískuföt aðgengilegri fyrir ungt fólk og skapaði þar með nýjan markað. Hver sem kann að hafa átt hugmyndina að minipilsinu þá var það tvímælalaust Mary Quant sem gerði byltingu á því sviði í Bretlandi. „Mig langaði alltaf til að ungt fólk ætti sína eigin tísku, algjörlega sína eigin 20. aldar tísku.“ Mary Quant framleiddi einnig á sjötta áratugnum plastregnkápur, hot pants og hnéhá, uppreimuð, hvít plaststígvél. „Fyrir einskæra tilviljun, jafnvel mistök uppgötvaðum við að við vorum stödd í miðju upphafi byltingar innan tískuheimsins.“ - emb



SÝRLAND
NÁMSKEIÐ



Viltu læra að tala inn á teiknimyndir?

Ef þú hefur brennandi áhuga á að tala inn á teiknimyndir þá er tækifærið núna!



Sýrland býður börnum og unglingum á aldrinum 8-16 ára upp á námskeið í talsetningu á teiknimyndum fyrir sjónvarp og kvikmyndahús. Reyndir leikstjórar sjá um kennsluna. Kennst verður í tveimur aldurshópum: 8-11 ára og 12-16 ára.

Kennst verða undirstöðuatriði í:

- Framsögn
- Raddbeitingu
- Upplstri
- Túlkun
- Talsetningu á myndefni

Innfalið í námskeiði er hljóðupptaka í stúdíói, talsetning á teiknimynd á DVD ásamt raddprufu. Námskeiðin hefjast í byrjun febrúar og kosta 24.900 kr. **Skráðu þig núna!**

Nánari upplýsingar og skráning í síma 591 5170 eða á heimasíðu - www.syrland.is



Sýrland hefur um árabíl verið leiðandi fyrirtæki í talsetningu á sjónvarps- og kvikmyndaefni og hefur hlotið jákvæða umsögn stærstu framleiðanda í heimi s.s. Fox og Disney.

Sýrland rekur einnig tvö helstu hljóðver landsins þar sem frá árinu 1975 hafa verið teknar upp margar vinsælustu plötur þjóðarinnar.

SÝRLAND
HLJÓÐVER · HLJÓÐSETNING · HÖNNUN

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

Frá leikstjóra The Last Samurai

Stýðst við raunverulega atburði.

BLOOD DIAMOND

Ævintýrleg spennu og hasar

7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

EF ÞÚ VILT FÁ SKILNING ... ÞARFTU AÐ HLUSTA

★★★★ TOPPS.IS ★★★★★ FBL ★★★★★ PANAMA.IS

ÞITT BLAÐHETT GAFSÓBERNAL VÁÐHO

BABEL

GOLDE GLOBE BESTA MYND ÁRSINS

SAMBÍÓINN

★★★★★ FRETIBLAÐIÐ

FORELDRAR

KINKYND EFR RAGNAR BRAGASON

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO

THE PRESTIGE

Háskólabíó

BLOOD DIAMOND	kl. 6 - 9	Bl. 16	THE HOLIDAY	kl. 8:30	Bl. 17
FORELDRAR	kl. 6 - 8 - 10		FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 6	Bl. 16
BABEL	kl. 6 - 9	Bl. 16	THE DEPARTED	kl. 10:10	Bl. 18
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:50 - 8	Bl. 16			

Háskólabíó

2 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

Mynd eftir Óskarsverðlaunahafan Clint Eastwood.

FRÁIR FÆTUR!

5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

DEPARTED

1 TILNEFNING TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

HAPPY FEET

SAMBÍÓINN / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓINN / KRINGLUNNI				SAMBÍÓINN / KEFLAVÍK				SAMBÍÓINN / AKUREYRI			
BLOOD DIAMOND	kl. 5:30 - 8 - 10:50	Bl. 16	STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:20	Leyfð	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:50	DIGITAL	VEFUR KARLOTTU m/isl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Leyfð	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:40	Bl. 16	
BLOOD DIAMOND VIP	kl. 2 - 8 - 10:50		FRÁIR FÆTUR M/-Isl. tal.	kl. 1:20 - 3:40	Leyfð	VEFURINN H... M/-Isl. tal.	kl. 1:40 - 3:50 - 6	DIGITAL	FORELDRAR	kl. 8	Leyfð	VEFUR KARLOTTU m/isl. tali	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð	
VEFURINN ... M/-Isl. tal.	kl. 2 - 4:10 - 5:50	Leyfð	HAPPY FEET M/-Ersktal.	kl. 3:30	Leyfð	CHARLOTTE'S... M/-Erskt. tal.	kl. 3:50 - 6 - 8 - 10:10	DIGITAL	NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5:45 - 8	Leyfð	BABEL	kl. 8 - 10:40	Bl. 16	
BABEL	kl. 8 - 10:50	Bl. 16	SKOLAD Í BURTU M/-Isl. tal.	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:30		TENACIOUS D IN...	kl. 10	Bl. 12	THE PRESTIGE	kl. 5:40	Bl. 12	
BABEL VIP	kl. 5		BÆJARHLADIÐ M/-Isl. tal.	kl. 2 - 4	Leyfð	FRÁIR FÆTUR M/-Isl. tal.	kl. 1:30 - 3:40	DIGITAL	FRÁIR FÆTUR M/-Isl. tal.	kl. 2	Leyfð	FRÁIR FÆTUR m/isl. tali	kl. 2	Leyfð	
FORELDRAR	kl. 6 - 8 - 10		ÓBYGGDIRNAR M/-Isl. tal.	kl. 1:30	Leyfð	HAPPY FEET M/-Ersktal.	kl. 5:50	DIGITAL	KÖLD BLÓÐ	kl. 10:15	Bl. 12	SKOLAD Í BURTU M/-Isl. tal.	kl. 4	Leyfð	
THE PRESTIGE	kl. 8:30 - 10:50	Bl. 12				SKOLAD Í BURTU M/-Isl. tal.	kl. 1:50								



900-2008 Eiríkur Hauksson syngur *Ég les í lófa þínum*. Lagið er eftir Svein Rúnar Sigurðsson en Kristján Hreinsson samdi textann.



900-2003 Friðrik Ómar syngur lagið *Eldur* eftir feðgana Grétar Örvarsson og Kristján Grétarsson. Texti er hins vegar eftir Ingibjörgu Gunnarsdóttur, konu Grétars og móður Kristjáns.



900-2004 Hera Björk flytur lagið *Mig dreymdi* eftir Óskar Guðnason. Texti er eftir Ingólf Steinsson.

Annar riðill söngvakeppni

Annar riðill í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins er í kvöld. Gömul hjertu ættu að gleðjast til jafns við ung yfir flytjendum.

hljóm sveitinni Ísafold og Hjalti Ómar Ágústsson, söngvari rokk-sveitarinnar Dimmu, reka svo smíðshöggið á skemmtilegt söngvakvöld.

Á meðal flytjenda í öðrum riðli Söngvakeppni sjónvarpsins eru kempurnar Richard Scobie og Eiríkur Hauksson, sem eflaust eru mörgum hjartfólgnar. Scobie heillaði allt sem á vegi hans varð með Rikshaw á nýnda áratugnum og Eiríkur Hauksson er eins og allir vita einn af upprunalegu Eurovision-skyttunum þremur sem héldu til Noregs með Gleðibankann góða. Jónsi er öllum hnútum kunnugur og Friðrik Ómar tók þátt í keppninni í fyrri en varð að lúta í lægra haldi fyrir Silvíu nokkurri Nótt.



900-2002 Richard Scobie stekkur inn í sviðsljósið á ný með laginu *Dásamleg raun*. Lag og texti er eftir Bergstein Björgúlfsson.



900-2006 Roland Hartwell samdi lagið *Eitt símtal í burtu*, sem Guðrún Lísu Einarasdóttir flytur. Textahöfundur er Kristján Hreinsson.



900-2005 Jónsi syngur *Segðu mér*. Lagið er úr smíðu Trausta Bjarnasonar, en textinn er eftir Ragnheiði Bjarnadóttur.



900-2001 Hljóm sveitin Von er skipuð þeim Ellerti H. Jóhannssyni, Gunnari I. Sigurðssyni, Sigurði Björnssyni, Sigurpáli Aðalsteinssyni og Sorín M. Lazar. Lagið *Ég hef fengið nóg* er eftir hljóm sveitarmedlimi, en texti eftir Magnús Þór Sigmundsson.



900-2007 Hjalti Ómar Ágústsson syngur lag *Torfa Ólafssonar*, Fyrir þig. Textinn er eftir Þorkel Olgeirsson.

Partí í stað pappírs

Fjáröflunartónleikar verða haldnir á Barnum í kvöld vegna námsferðar fyrsta árs nema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands til Parísar. Sprengjuhöllin mun koma fram ásamt plötusnúðunum Electroll og Ta! Ta! Ta!. „Við förum út níunda febrúar og verðum í mánuð hjá hönnuðum. Þetta er starfsreynsla og hluti af náminu,“ segir Erna Bergmann fatahönnunarnemi. „Þetta er svolítið dýrt batterí og í staðinn fyrir að selja klósettpappír ákváðum við að halda eitt stórt parti. Við erum átta stelpur sem förum út og vinnum hjá fatahönnuðum og umboðsskrifstofum fyrir hönnuði sem eru að koma sér á framfæri,“ segir hún. Verða þær m.a. viðstaddir tiskuvíkuna í París sem hefst í lok febrúar.



Á LEIÐ TIL PARÍSAR Erna og vinkonur hennar í fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands. Þær eru á leiðinni til Parísar á næstunni. FRETIBLAÐIÐ/GVA

Barinn opnar klukkan 20.00 í kvöld og kostar 800 krónur inn í reiðufé.

Skráðu þig á **SAMBIO.IS**

SparBíó* — 450kr

HAPPY FEET

FRÁIR FÆTUR M/- ISL TAL. KL. 1:20 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Í KEF. OG Á AK.

SKOLAD Í BURTU

SKOLAD Í BURTU M/- ISL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

BÆJARHLADIÐ

BÆJARHLADIÐ M/- ISL TAL. KL. 2 Í ÁLFABAKKA

ÓBYGGDIRNAR

ÓBYGGDIRNAR M/- ISL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

> Missti sæti sitt hjá UEFA

Eggert Magnússon náði ekki endurkjöri í framkvæmdastjórn knattspyrnusambands Evrópu í gær. Hann hafnaði í áttunda sæti en sex efstu fengu sæti í ráðinu. Eggert lætur af formennsku hjá KSÍ í næsta mánuði en vildi halda sæti sínu innan UEFA. Margir eru þó á þeirri skoðun að í stjórnninni eigi ekki að vera eigendur knattspyrnuliða og er það líkleg skýring á því að Eggert náði ekki inn.

sport@



HANNES P. SIGURÐSSON: EKKI INNI Í MYNDINNI HJÁ NÝJUM ÞJÁLFARA DANSKA LIÐSINS BRÖNDBY

Var fyrsti valkostur en er nú fjórði

Landsliðsmaðurinn Hannes P. Sigurðsson hefur fengið þau skilaboð frá þjálfara sínum hjá danska liðinu Brøndby að hann sé ekki í framtíðaráætlunum hans með liðið. Hannes er því í leit að nýju liði en eftir að nýr þjálfari tók við Brøndby missti hann sæti sitt.

„Maður fór skyndilega úr því að vera fyrsti valkostur í sóknina yfir í það að vera fjórði. Svona getur gerst í atvinnumennskunni þegar það verða þjálfarskipti og nýr maður kemur inn með nýjar skoðanir. Þegar maður fær ekki að spila þá verður maður að skoða sína mál. Það verður samt leiðinlegt að fara frá Brøndby því það er mjög gott að vera hérna,“ sagði Hannes í gær en hann gekk til liðs við Brøndby í ágúst í fyrra frá enska liðinu Stoke City.

„Ég er bara að skoða þessi mál og sjá hvað er í boði, ég ætla þó bara að vera rólegur og skipta mér ekkert af þessu fyrir en þetta er farið af stað fyrir alvöru. Það eru nokkrir klúbbar sem eru áhugasamir þannig að ég hef ekkert miklar áhyggjur af þessu,“ sagði Hannes en dágóður fjöldi liða hefur sýnt honum áhuga, lið frá Hollandi, Danmörku og Noregi.

„Ég er misjafnlega spenntur fyrir þessum deildum. Ég veit samt

ekkert hvað gerist og hvort það gerist áður en félagaskipta-glugginn lokar. Þetta er náttúrulega mjög skammur tími,“ sagði Hannes en um mánaðamótin lokar glugganum. Jim Solbakken er umboðsmaður Hannesar og ljóst að hann þarf að vinna fljótt næstu daga til að ganga frá félagaskiptum hans á næstu dögum. „Ég veit að hann mun gera það,“ sagði Hannes P. Sigurðsson.



DÆMDUR Í BANN Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslenski körfuboltinn:

Tveir þjálfarar dæmdir í bann

KÖRFUBOLTI Þjálfararnir Bárður Eyþórsson og Andri Þór Kristinsson fengu báðir eins leiks bann á fundi aganefndar KKÍ á dögnum en þeir voru báðir reknir af velli vegna tveggja tæknivillna.

Bárður, sem þjálfar Fjölni í Iceland Express deild karla, fékk sinn brottrekstur í 90-102 tapi sinna manna í Keflavík en Andri, sem þjálfar lið Hamars í Iceland Express deild kvenna, var rekninn út í 50-56 tapi fyrir ÍS í Hveragerði.

Andri Þór mun ekki stýra Hamarsliðinu gegn Grindavík í Lýsingarbikarnum á mánudaginn og Bárður mun missa af leik Fjölnis gegn KR en hann fer fram föstudaginn 2. febrúar. - 66j

Sir Alex Ferguson ákveðinn:

Cristiano Ronaldo ekki til sölu

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, segir að portúgalski vængmaðurinn Cristiano Ronaldo sé ekki til sölu, sama hve hátt tilboðið er. Ronaldo hefur verið orðaður við spænska liðið Real Madrid og sögusagnir í gangi um að verðmiðinn á honum sé 35 milljónir punda.

„Við seljum þá leikmenn sem við viljum selja og það er ekki fræðilegur möguleiki á að Cristiano Ronaldo fari,“ sagði Ferguson. - egm

HM Í ÞÝSKALANDI



TEKIÐ ÞVÍ RÓLEGA Strákarnir eru hér í göngutúr á frídegi sínum í gær. Liðið býr þessa dagana í smábænum Marienfeld sem er skammt frá Dortmund og Halle þar sem leikir liðsins fara fram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verðum að vinna Slóvena

Alfred Gíslason segir nauðsynlegt að klára leikinn í dag með sigri ætli liðið sér í átta liða úrslit. Hann óttast að Slóvenar hafi verið að hvíla sig gegn Frökkum.

HANDBOLTI Alfred Gíslason var nokkuð brattur morguninn eftir tapið gegn Póllandi er blaðamaður Fréttablaðsins hitti á hann eftir morgunmat á hóteli landsliðsins. „Ég er enn aðeins að ergja mig á tapinu og get ekki neitað því að það var lítið sofið í nótt,“ sagði Alfred og brosti góðlátlega.

Hann gaf leikmönnum sínum frí í gær og var meðal annars farið í bæjarferð til Bielefeld en hóteli strákana er úti í sveit þar sem lítið er að sjá. Þeir hlökkðu til að komast aðeins á meðal fólks þar sem hægt væri að kíkja í búðir sem og á kaffihús.

„Það er gott fyrir strákana að sleppa aðeins frá handbolthanum og svo kíkjum við á Pólverjaleikinn eftir kvöldmat. Við æfum svo

um morguninn og tökum einnig vídeófund fyrir leik,“ sagði Alfred sem hefur ekki gleymt því að þrátt fyrir þetta óþarfa tap gegn Pólverjum er enn góður möguleiki til að gera góða hluti á HM.

„Það er hárrétt og við verðum að vinna Slóvena. Það er ekkert flóknara en það. Þjóðverjaleikurinn verður miklu þyngri fyrir framan fulla Westfalen-höll af áhorfendum og svo verða þeir væntanlega að berjast fyrir lífi sínu,“ sagði Alfred en Slóvenar litu mjög illa út gegn Frökkum er þeir voru kjöldregnir, 33-19.

„Þeir voru skelfilegir í þessum leik en ég held að þeir hafi fyrirfram álitnið að þeir ættu ekki mikla möguleika og fyrir vikið hafi ákveðnir lykilmenn bara verið á

hálfum hraða. Mér fannst menn eins og Rutenka hafa verið að spara sig fyrir leikinn gegn okkur en vonandi hef ég rangt fyrir mér,“ sagði Alfred, en hvað þarf liðið að varast í leiknum?

„Við verðum að spila mun betri leik en gegn Póllandi. Sérstaklega þarf varnarleikurinn að verða betri og við þurfum að hafa gætur á Rutenka sem er mikil sleggja,“ sagði Alfred en Sjarhei Rutenka, sem er liðsfélagi Ólafs Stefánssonar hjá Ciudad Real, hefur áður farið illa með íslenska liðið.



HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Dortmund
henry@frettabladid.is

Undankeppni EM í 2008:

Ísland mætir Serbíu í júní

HANDBOLTI Í gær var dregið í undankeppni EM 2008 sem fer fram í Noregi eftir ár. Íslenska landsliðið dróst á móti því serbneska og mætast liðin í tveimur leikjum í júní. Fyrri leikurinn fer fram í Serbíu en sá seinni á Íslandi.

Þetta verður í fyrsta sinn sem við mætum Serbum án Svartfjallalands sem er nú með í fyrsta sinn og spilar við Portúgal.

Goran Kovacevic, fulltrúi Serba á drættinum var vonsvikinn með dráttinn. „Þetta var það versta sem gat gerst. Íslendingar eru með frábært lið og þeir eru að sanna það nú á HM. Þeir spila mjög hraðan handbolta og eru erfiðir við að eiga,“ sagði Kovacevic en Serbar eru nú að einbeita sér að því að byggja upp nýtt lið.

Frakkar (meistarar), Spánn, Danmörk, Króatía, Þýskalandi og Rússland (2. til 6. sæti á EM 2006) og gestgjafar Noregs hafa þegar tryggt sér sæti í lokakeppninni sem fer fram 17. til 27. janúar 2008.

Svíþjóð mætir Rúmeníu en liðið hefur misst af síðustu tveimur stórmótum eftir að hafa tapað sínum viðureignum í undankeppninni. Fyrst gegn Póllandi og svo Íslandi. - 66j

UNDANKEPPNI EM 2008:

Pólland-Holland
Litháen-Ungverjaland
Úkraína-Slóvakía
Slóvenía-Makedónía
Lettland-Tékkland
Hvíta-Rússland-Sviss
Svíþjóð-Rúmenía
Portúgal-Svartfjallaland
Serbía-Ísland

STYÐJUM STRÁKANA Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Skráðu þig á www.ibliduogstridu.is

Þú getur sýnt stuðning þinn í verki með því að fara á vefsíðuna ibliduogstridu.is og skrá þig í „Í blíðu og stríðu“, stuðningsamtök handboltalandsliðsins fyrir heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi.

Á vefsíðunni mætast stuðningsmenn og landsliðsmenn, þar birtast nýjustu fréttir, synd eru valin myndbrot úr leikjum, allir blogga, spjalla, hvetja íslenska landsliðið og birta myndir frá keppninni og af íslenskum stuðningsmönnum á leikjunum sem hafa staðið sig frábærlega.



WWW.ICELANDAIR.IS



Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Hvað er að fréttu?



Fréttastofa beintengd við tölvuna þína_

www.visir.is


Fyrstur með fréttirnar!



HM Í ÞÝSKALANDI



VÉLMENNID Alexander Petersson skorar hér eitt marka sinna gegn Túnis.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Alexander Petersson:

Erfitt að sofna

HANDBOLTI „Það er gott að fá frí í dag en það er enn erfitt og sárt að rifja upp það sem gerðist í gær. Það var erfitt að sofna því um leið og maður lagðist á koddann byrjaði maður að hugsa um leikinn á ný og varð þar af leiðandi pirraður,“ sagði hornamaðurinn frábæri Alexander Petersson í gærmorgun.

„Við verðum samt að halda áfram ótrauðir. Frídagurinn er kærkominn og gott að geta gleymt öllu öðru og nýtt mót hefist fyrir okkur á morgun. Við eigum enn góða möguleika á að komast í átta lið úrslit,“ sagði Alex og brosti út í annað. - hbg

HM í handbolta:

Frakkar búnir að jafna sig

HANDBOLTI Frakkar hafa jafnað sig á tapinu gegn Íslendingum og liðið hefur unnið tvo fyrstu leiki sína í milliriðlinum með miklum yfirburðum. Pólverjar voru yfir gegn Frökkum í hálfleik, 12-11, en síðan þá hafa Frakkar unnið þrjá síðustu hálfleiki sína gegn Pólverjum og Slóvenum með 6 mörkum eða meira.

Frakkar unnu seinni hálfleikinn gegn Pólverjum 20-10, fyrri hálfleikinn gegn Slóvenum 18-10 og loks þann seinni 15-9. Markatala Frakka í þessum þremur frábæru hálfleikjum liðsins er 53-29 eða 24 mörk í plús.

Nikola Karabatic, sem átti skelfilegan leik gegn Íslendingum, hefur nýtt 11 af 15 skotum sínum í þessum tveimur leikjum. - 66j



ÁHYGGJUR AF ÖXLINNI Logi Geirsson hefur reynst dýrmætur í Þýskalandi og má helst ekki vanta.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Meiðsli leikmanna:

Læknirinn hefur áhyggjur

HANDBOLTI Brynjólfur Jónsson, læknir íslenska landsliðsins, sagðist hafa nokkrar áhyggjur af meiðslum þeirra Guðjóns Vals Sigurðssonar og Loga Geirssonar sem þeir urðu fyrir gegn Pólverjum.

Brynjólfur segir Guðjón, sem fékk slæmt högg á lærið, varla hafa getað gengið kvöldið eftir leikinn. Guðjón var betri þegar Fréttablaðið hitti á hann í gær en hann var í stífri meðferð allan daginn.

Logi Geirsson fór upp til Lemgo þar sem hann fór í segulbylgjuméðferð hjá sama lækni og kom honum fljótt í stand er hann fór úr axlarliði. Logi sagðist staðráðinn í því að spila gegn Slóveníu. - hbg

Alfreð Gíslason varð reiður út í Bogdan Wenta, þjálfara Pólverja, á fimmtudag:

Wenta sagði Alfreð hafa hæðst að Pólverjum

HANDBOLTI Það gekk mikið á eftir leik Íslands og Póllands á fimmtudag og mátti sjá Alfreð Gíslason og Bogdan Wenta, þjálfara Póllands, rífast heiftarlega á gólfinu. Það var ekki að ástæðulausu, að því er Alfreð tjáði Fréttablaðinu í gær.

„Ég byrjaði að rífast við Jurasić því hann sagði mér að Wenta hefði logið því á fundi fyrir leikinn að ég hefði sagt ýmislegt miður gott um Pólverja og verið að hæðast að þeim, sem er náttúrulega algjört kjaftæði. Wenta sagði strákunum að ég hefði sagt að þeir hefðu engan karakter og margt annað. Þetta voru lygar sem voru notaðar í þeim tilgangi að æsa

liðið upp. Ég sagði Wenta mjög hreint út eftir leikinn að hann væri búinn að vera í mínum augum,“ sagði Alfreð en má Wenta þá ekki vænta þess að fá jólakort frá honum um næstu jólf?

„Hann er kominn á útfararlistann eftir þetta. Það er ýmsu beitt í þessu sporti en menn verða að virða ákveðnar reglur og þessi hegðun var langt út fyrir þær reglur,“ sagði Alfreð að lokum.

- hbg

EKKERT SVONA

Alfreð Gíslason lét Bogdan Wenta, landsliðsþjálfara Póllands, heyra það eftir leikinn í fyrradag.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Guðjón Valur öflugur í horninu

Ísland er búið að skora flest mörk úr horni á HM í Þýskalandi, ekki síst vegna þess að vinstra hornið hefur skilað fjölmörgum mörkum í fyrstu fimm leikjunum.

HANDBOLTI Það er ekki hægt að kvarta yfir frammistöðu hornamanna íslenska liðsins á HM í Þýskalandi. Bæði þeir Guðjón Valur Sigurðsson og Alexander Petersson hafa átt mjög góða og jafna leiki, Guðjón Valur hefur skorað mun fleiri „erfið mörk“ en áður og Alex er alltaf flottastur þegar mest er undir. Þeir félagar eru áfram bestu hraðauppplauptmenn íslenska liðsins en viðbótin er að báðir eru þeir að finna leiðir til að skora þegar mótherjarnir hafa náð að hægja á hröðum uppplauptum liðsins.

Guðjón Valur Sigurðsson hefur oft verið gagnrýndur fyrir að skora ekki meira úr horninu en hann hefur heldur betur bætt úr því á HM í Þýskalandi. Guðjón Valur, sem er þriðji markahæsti leikmaður keppinnar, hefur skorað flest mörk allra utan af velli en aðeins 1 af 36 mörkum hans hefur komið af vítalínunni. Guðjón Valur hefur skorað 18 mörk úr hraðauppplauptum, sem eru áfram hans sérsvið, en aukningin á mörkum hans úr uppsettum sóknnum hefur verið mjög ánægjuleg.

Þegar tölfraði Guðjóns Vals frá síðustu keppnum er skoðuð má sjá mjög jákvæða þróun. Guðjón Valur bæði skorar fleiri mörk úr horninu sem og nýtir færin sín þar betur. Guðjón Valur hefur skorað alls 18 mörk úr vinstra



EINBETTUR Guðjón Valur Sigurðsson hefur skorað flest mörk allra utan af velli á HM í Þýskalandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

horninu í fyrstu fimm leikjunum, 14 eftir uppsetta sókn og 4 til viðbótar eftir aðra bylgju í hraðauppplauptum. Þetta gera 3,6 hornmörk að meðaltali í leik, sem er rúmu marki meira en á EM í fyrra og tveimur mörkum meira en hann skoraði á síðasta heimsmeistaramóti sem fram fór í Túnis

2005. Guðjón Valur hefur nýtt 78% skota sinna úr horninu sem er gríðarleg bæting frá því í Sviss fyrir ári þegar hann nýtti aðeins 47% skota sinna úr vinstra horninu. Hann nýtir skotin sín mun betur en á undanförunum mótum þrátt fyrir það að hann taki fleiri erfiðari skot úr þrengri færnum.

FLEST MÖRK ÚR HORNUM Á HM Í ÞÝSKALANDI

1. Ísland	26 mörk (19 úr v. - 7 úr h.)
2. Pólland	25 mörk (11-14)
3. Spánn	24 mörk (15-9)
4. Kúvæt	23 mörk (11-12)
5. Egyptaland	21 mark (11-10)
5. Rússland	21 mark (9-12)

SKOTNÝTING GUÐJÓNS VALS ÚR HORNINU

HM 2007	23 skot/18 mörk (78%)
EM 2006	32/15 (47%)
HM 2005	14/8 (57%)
ÓL 2004	19/13 (68%)
EM 2004	10/5 (50%)
HM 2003	21/13 (62%)

HLUTFALL MARKA GUÐJÓNS VALS ÚR HORNINU

HM 2007	18 mörk af 35 (51%)
EM 2006	15 af 35 (43%)
HM 2005	8 af 30 (27%)
ÓL 2004	13 af 32 (41%)
EM 2004	5 af 15 (33%)
HM 2003	13 af 38 (34%)

MÖRK GUÐJÓNS VALS ÚR VINSTRA HORNINU

(Uppsett sókn+önnur bylgja)

HM 2007	14+4 (3,6 í leik)
EM 2006	13+2 (2,5)
HM 2005	7+1 (1,6)
ÓL 2004	10+3 (2,2)
EM 2004	5+0 (1,7)
HM 2003	11+2 (1,4)

Tölfraði yfir samanlögð flest mörk og stoðsendingar á HM í handbolta:

Þrjú Íslendingar meðal sex marksækjustu

HANDBOLTI Ísland á þrjú leikmenn meðal þeirra sex efstu á opinberum lista mótsins yfir flest sköpuð mörk á fyrstu fimm leikdögum HM í handbolta í Þýskalandi. Þeir Ólafur Stefánsson (2. sæti), Logi Geirsson (4. sæti) og Guðjón Valur Sigurðsson (6. sæti) eru allir í hópi efstu manna en efstur er Tékkinn Filip Jicha sem jafnframt er annar markahæsti leikmaður mótsins til þessa.

Það eru síðan Egyptinn Ahmed El Ahma og Grænlandingurinn Angutimmarik Kreutzmann sem komast í hóp þeirra sex efstu en þessi 18 ára grænlandska skytta er markahæsti maður mótsins með 43 mörk.

Ólafur Stefánsson er efstur íslensku leikmannanna en hann



FLESTAR STOSÐENDINGAR Ólafur Stefánsson hefur komið að 51 marki Íslands þar af hefur hann átt 26 stoðsendingar sem er það mesta í keppinni til þessa.
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

hefur nánast skorað jafnmörg mörk (25) og hann hefur lagt upp en Ólafur hefur átt 26 stoðsendingar í fyrstu fimm leikjum Íslands.

Logi Geirsson sem skipar fjórða sætið á listanum er einnig að skora svipað mörg mörk (25) og hann er að búa til fyrir félagana sína en alls hefur Logi gefið 21 stoðsendingu í fyrstu fimm leikjunum.

Ólafur Stefánsson hefur gefið flestar stoðsendingar allra á mótinu og Logi Geirsson er þar í 3. sætinu. Á milli þeirra er Spánverjinn Jose Maria Vaquero en hann hefur gefið einni stoðsendingu minna en Ólafur.

Guðjón Valur er þriðji markahæsti leikmaðurinn á mótinu til þessa en næstu menn þar eru þeir Alexander Petersson (10. sæti) og síðan Ólafur og Logi sem eru jafnir í 20. sætinu.

- 66j

FLEST SKORUÐ MÖRK Á HM:

1. Filip Jicha Tékklandi	56 (42 mörk + 14 stoðsendingar)
2. Ólafur Stefánsson, Íslandi	51 (25 mörk + 26 stoðsendingar)
3. Ahmed El Ahmar, Egyptalandi	49 (35 mörk + 14 stoðsendingar)
4. Logi Geirsson, Íslandi	46 (25 mörk + 21 stoðsendingar)
4. A. Kreutzmann, Grænlandi	46 (43 mörk + 3 stoðsendingar)
6. Guðjón V. Sigurðsson, Íslandi	45 (36 mörk + 9 stoðsendingar)
7. Wissem Hmam, Túnis	43 (31 mark + 12 stoðsendingar)
8. Alberto Entrerrios, Spáni	39 (19 mörk + 20 stoðsendingar)
8. Hussein Zaky, Egyptalandi	39 (23 mörk + 16 stoðsendingar)



VAN PERSIE Meiddist í sigurleik Arsenal gegn Manchester United.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsene Wenger, stjóri Arsenal: Hræddur um van Persie

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnstjóri Arsenal, er hræddur um að liðið þurfi að leika án sóknarmannsins Robin van Persie út þetta tímabil. Van Persie fótbrotnaði eftir að hafa skorað jöfnunarmarkið gegn Manchester United fyrir viku síðan. „Venjulega tekur sex til átta vikur að jafna sig af þessum meiðslum en þetta gæti farið upp í tíu,“ sagði Wenger.

Arsenal á leik gegn Bolton í bikarkeppninni um helgina. - egm

Úkraína og Pólland skoruðu saman 32 langskotsmörk á móti Íslandi:

Skotnir niður í tapleikjunum

HANDBOLTI Íslenska landsliðið hefur tapað tveimur leikjum á HM í handbolta í Þýskalandi, fyrir Úkraínu og fyrir Póllandi. Í hvorugum þessara leikja hefur íslenska vörnin og markverðirnir ráðið við skyttur andstæðinganna.

Í leiknum gegn Úkraínu vorðu íslensku markverðirnir aðeins 22% langskota Úkraínnumanna, sem skoruðu alls 14 mörk af nýu metrunum í leiknum. Í tapinu gegn Póllandi í síðasta leik fékk íslenska landsliðið á sig heil 18 mörk með langskotum, eða tvöfalt meira en liðið hafði fengið á sig í sigurleikjunum þremur.

Íslensku markverðirnir vorðu reyndar 8 langskot en sökum fjölda marka af nýu metrunum var hlutfall markvörslu þeirra úr langskotum aðeins 31%.

Þegar markvarsla úr langskotum er skoðuð eftir sigur- og

HLUTFALLSMARKVARSLA

Sigurleikir	59/31 (53%)
Tapleikir	44/12 (27%)



MÁLIN RÆDD Markverðirnir Birkir Ívar Guðmundsson og Roland Valur Eradze bera saman bækur sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

tapleikjum blasir stingandi staðreynd við. Í sigrunum fær íslenska liðið aðeins á sig 9,3 langskotsmörk að meðaltali og markverðir verja 53% skota af nýu metrunum.

Í tapleikjunum er markvarslan

LANGSKOTSMÖRK Á SIG

Sigurleikir	28 (9,3)
Tapleikir	32 (16,0)

MARKVERÐIR Í LANGSKOTUM

Hreiðar Guðmundss.	11/7 (64%)
Roland Eradze	37/15 (41%)
Birkir Ívar Guðmundss.	55/21 (38%)

hins vegar komin niður í 27% og mótherjarnir skora 16 langskotsmörk að meðaltali.

Markvarslan í langskotum var vandamál í Tékkaleikjunum en eftir góða frammistöðu gegn Frökkum, sem skoruðu aðeins fimm langskotsmörk á móti íslenska liðinu, var eins og vörnin væri búin að finna leið. Það sást hins vegar gegn Pólverjum að strákarnir þurfa að finna leiðir til að loka fyrir þennan stóra „leka“ á íslensku vörnin.

- óóó

MARKVARSLAN ÚR LANGSKOTUM

Ástralía	27/16 (59%)
Úkraína	18/4 (22%)
Frakkland	11/5 (45%)
Túnis	21/10 (48%)
Pólland	26/8 (31%)



VINSÆLL LeBron James hjá Cleveland. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjörnuleikur NBA: LeBron fékk flest atkvæði

KÖRFUBOLTI LeBron James, leikmaður Cleveland, fékk flest atkvæði í kosningu í stjörnuleik NBA-deildarinnar í körfubolta sem fer fram 18. febrúar í Las Vegas.

James fékk yfir 2,5 milljónir atkvæða en með honum í byrjunarliði Austurdeildarinnar voru kosnir Dwyane Wade og Shaquille O'Neal í Miami, Gilbert Arenas hjá Washington og Chris Bosh hjá Toronto. O'Neal var kosinn í liðið fjórtánda árið í röð og jafnaði þar með afrek Jerrys West og Karls Malone.

Í lið Vesturdeildarinnar voru kosnir þeir Yao Ming og Tracy McGrady frá Houston, Kevin Garnett frá Minnesota, Tim Duncan frá San Antonio og Kobe Bryant frá LA Lakers. Aðeins einu sinni áður hefur leikmaður fengið fleiri atkvæði en James, en Kínverjinn Yao Ming fékk fleiri atkvæði árið 2005.

- óóó

Forsetakosningar UEFA fóru fram í Düsseldorf í gær:

Platini steypiti Johansson af stalli

FÓTBOLTI Franska knattspyrnu- og liðsforseti Michel Platini er nýr forseti UEFA en hann vann fráfarandi forseta, Svíann Lennart Johansson, í forsetakosningunum í gær. Platini hlaut 27 atkvæði gegn 23 en tvö atkvæðin voru ógild. Hinn 77 ára gamli Sví var búinn að sitja í forsetastólunum í

sautján ár. „Ég var búinn að búa mig lengi undir forsetahlutverk-ið og ég er tilbúinn,“ sagði hinn 51 árs gamli Platini, sem var á sínum tíma þrívægis kosinn besti knattspyrnumaður Evrópu og leiddi Frakka til Evrópumeistararátíls síns 1984.

Sepp Blatter, forseti FIFA, var

ánægður. „Þetta kom mér ekki á óvart. Ég er mjög ánægður með að fara að vinna með manni sem hefur sömu sýn á fótboltann og ég,“ lét Blatter hafa eftir sér í gær. Umdeildasta skoðun Platini er að hann vill fækka sætum stóru landanna í Meistaradeildinni úr fjórum í þrjú.

- óóó

Opið hús í Hveragerði við Hraunbæ 7-11 milli klukkan 13 til 17 í dag.



Glæsileg 155 fm raðhús, 3-5 herbergja með bílskúr sem skilast fullbúin án gólfefna. Baðherbergi, þvottahús og anddyri flísalagt. Verð frá 26.9 milljónum



Dæmi um Innraskipulag

- Frágenginn garður
- Sólpallur
- Upptekin loft
- Gólfhiti
- Glæsilegar innréttingar
- Glæsileg baðherbergi
- Tæki frá AEG

Byggingaraðili Byggbræður ehf.

Upplýsingar í síma 898-6174 Helgi eða 899-6985 Sveinn



ÞVÍLÍKUR FÖGNUMUR Strákarnir okkar fögnuðu gríðarlega eftir sigurinn fræga á Evrópumeisturum Frakka. Í þeim leik sýndi íslenska landsliðið úr hverju það er gert.

Gleði, grátur og gnístran tanna

Einstök stemning hefur verið á heimsmeistarakeppninni í handbolta sem fram fer í Þýskalandi. Ekki síst hjá íslenskum áhorfendum sem hafa stutt strákana okkar dyggilega, jafnt í blíðu og stríðu. Þjetur Sigurðsson ljósmyndari hefur fylgst með mótinu frá upphafi og fangað hvert augnablik, þau stóru og smáu.



TVÆR MÍNÚTUR Alexander Petersson gengur heldur niðurlútur af velli eftir að danskt dómaraþar gefur honum tveggja mínútna brottvísun í Frakkaleiknum.



KOMA SVO! Það er viðbúið að stuðningsmennirnir séu ekki síður þreyttari en leikmennirnir sjálfir eftir leiki.



BÍDDU HÆGUR Alfreð Gíslason þjálfari og Ólafur Stefánsson fyrirliði áttu snörp orðaskipti á lokamínútum leiksins gegn Póllandi. Íslenska liðið var þarna nýbúið að fá tveggja mínútna brottvísun vegna rangrar innáskiptingar.



HÖRKUBARÁTTA Róbert Gunnarsson lætur til sín taka á línunni gegn Úkraínu. Leikurinn tapaðist eins og alkunna er.



HRESSIR Varnarmennirnir Sígfrús Sigurðsson og Sverre Andreas Jakobsson mynda hjarta íslensku varnarinnar. Hér eru þeir glaðir í bragði.



BANGSINN Stundum getur reynt erfitt að eiga við Sígfrús Sigurðsson á línunni eins og þessir leikmenn Póllands fengu að kynnst.



Fyrir hverju vilt þú berjast?

- **UMFERÐARÖRYGGI OG UMFERÐARFLÆÐI**
- **TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR**
- **BETRI VEGUM, FLEIRI VEGRIÐUM OG HRINGTORGUM**
- **BÆTA HRINGVEGINN OG BURT MEÐ EINBREIÐAR BRÝR**
- **ÖRYGGIM VEGUM Á VESTFJÖRÐUM**
- **MEIRI LÖGGÆSLU, UMFERÐARÁRÓÐUR OG HÆKKUN SEKTA**
- **MEIRI FJÁRMUNUM TIL VEGAGERÐAR VARIÐ Í ÖRYGGISMÁL**
- **FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG GÖNG Á LANDSBYGGÐINNI**
- **HEILDARSTEFNA Á ALÞINGI Í UPPBYGGINGU VEGAKERFISINS**

Með **SAMSTÖÐU** getum við náð árangri.


Í nóvember árið 1999 var stofnaður áhugahópur um örugga Reykjanesbraut. Með samstöðu íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila tókst að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var. Og nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreynd. Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004.

Við getum náð árangri – líka á þínu svæði. Markmiðin eru skýr.

Gerum alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007

Skráðu þig í þinn baráttuhóp á www.nullsyn.is

Við styðjum grasrótarsamtökin Samstöðu:



SAMSTAÐA
SLYSALAUS SÝN

> MATTHEW PERRY

Fæddur 19. ágúst 1969 í Massachusetts. Var alinn upp í Kanada þar sem hann þótti mjög efnilegur tennisspilar. Fimmtán ára flutti hann til föður síns í Los Angeles og fékk áhuga á að gerast leikari. Tók þátt í skólaleikritum og fékk síðan tilboð um að leika í sjónvarpsþáttunum Second Change. Er langþekktastur fyrir að leika í Friends-þáttunum en frægasta kvikmynd hans er líklegast The Whole Nine Yards. Þú getur séð Perry í myndinni The Triumph sem sýnd verður á RÚV í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR ÞAKKIR FYRIR ANDLIT SEM HÆFIR BLAÐAMENNSKU EÐA ÚTVARPI

Horfnir heimilisvinir

Greinilega er ekkert spaug að vera íslensk sjónvarpsstjarna. Allt er breytingum undirorpið og nú, sem aldrei fyrr, er allt á fleygiferð í sjónvarpsgeiranum. Menn birtast á skjánum og hverfa þaðan jafnharðan aftur. Þannig kvöddu íslenskir sjónvarpsáhorfendur með tárnum stjörnu stjarnanna nú í vikunni. Alger tímamót. Hemmi Gunn hefur snúið sér að skriftum. Hér er verið að tala um punkt aftan við tiltekið tímabil. Tregablandin stund sem fékk í það minnsta mig til að hugsa um forgengileik þann sem mannskepnan býr við. Og vendingarnar eru víðar. Meðan Þorsteinn Joð var úti í Þýskalandi að framleiða sín sérstök og frumlegu innslög settist bloggarinn Denni í hans stól. Og boðar nýtt Ísland í dag. Hinn geðþekki Heimir Karlsson er á leiðinni í útvarpið. Og sjálf Sirry með. Þeirra er sárt saknað sem og annars geðþekks sjónvarpsþars sem nú er einnig horfið af skjánum. Felix Bergsson og Guðrún Gunnarsdóttir eru farin að bauka eitthvað annað en vera fastir heimilisvinir landsmanna með alúðlegri veru sinni í kassanum um kvöldmatarleytið. Auðvitað mætti telja upp fleiri dæmi um horfna sjónvarpsmenn. Langur listi. Hér er

aðeins horft til undanfarinna daga og vikna. Sá sem hér skrifar er ánægður með að hafa andlit fyrir prentmiðil eða í besta falli útvarpi. Því þó starfsöruggið sé kannski ekkert til að hrópa húrur fyrir þá er það hátið miðað við það sem blessað sjónvarpsfólkið má búa við.

En við, sem vorkennum sjónvarpsstjórnunum það að vera í sérlega viðsjárverðum geira, getum huggað okkur við að upp til hópa er um hæfileikafólk að ræða og eftirsótt. Þannig stökk félagsmálaráðherra til og réði Þór Jónsson fyrrum fréttahauk sem sinn sérlega almannatengil strax og spurðist að hann væri á lausu. Svo aðeins eitt dæmi sé nefnt.

Þrátt fyrir að RÚV sé rekið með hvinandi halla segist Páll Magnússon sjónvarpsstjóri ríkisins ekki vera með tilbúinn aðgerðalista í skúffu sinni til sparnaðar. Ætlar að snúa skipinu hægt og boðar engar uppsagnir á næstunni. En mér væri ekki rótt ef ég væri til dæmis þula á ríkissjónvarpinu.



EKKI MISSA AF



► **14.45 HM í handbolta RÚV**



► **19.00 Seinfeld Sirkus**



► **21.10 Spaugstofan RÚV**



► **21.45 Battlestar Galactica Skjár einn**



► **20.55 Villarreal - Real Madrid Sýn**

☀ SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar**
08.29 Snillingarnir (20:28)
10.25 Heimsbikarmótið í alpagreinum Bein útsending frá keppni í brunni karla í Kitzbühel í Austurríki.
12.00 Stundin okkar (e)
12.30 Kastljós
13.00 Ryder-bíkarinn í golfi (e)
14.15 Alpasyrpa (9:16)
 ► **14.45 HM-stofan**
15.05 HM í handbolta Bein útsending frá leik Króata og Tékkna í milliriðli.
16.45 HM-stofan
16.55 HM í handbolta Bein útsending frá leik Íslands og Slóveníu í milliriðli.
18.30 HM-stofan
18.45 Tákn málsfréttir
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Jón Ólaf
20.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007 Kynnt verða 8 af þeim 24 lögum sem valin voru í undankeppnina.
 ► **21.10 Spaugstofan**
21.35 Söngvakeppni Sjónvarpsins - Úrslit kvöldins
21.50 Sigurinn (The Triumph) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2006. Leikstjóri er Randa Haines og meðal leikenda eru Matthew Perry og Judith Buchan.
23.20 Stríðslistin (The Art of War) Bandarísk spennumynd frá 2000. Meðal leikenda eru Wesley Snipes, Donald Sutherland, Maury Chaykin og Anne Archer.
01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

📺 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 Something's Gotta Give**
08:05 Along Came Polly
10:00 Out to Sea (Á sjó)
12:00 New York Minute
14:00 Along Came Polly
16:00 Something's Gotta Give
18:05 Out to Sea (Á sjó)
20:00 New York Minute
22:00 Analyze That (Kæri sáli 2)
00:00 The Deal (Samningurinn)
02:00 Final Destination 2
04:00 Analyze That (Kæri sáli 2)



📺 SIRKUS TV

- 07:00 Kærleiksbirnir** (55:60) (e)
07:10 Ruff's Patch
07:25 Gordon the Garden Gnome
07:35 Barney
08:00 Véla-Villi (Engie Benji)
08:20 Yoko Yakamoto Toto
08:30 Grallarnir (Tiny Toons)
08:50 Animanics (Villingarnir)
09:10 Justice League Unlimited
09:35 Kalli kanína og félagar
09:55 Tracey McBean
10:10 S Club 7
10:35 Wind in the Willows (Þytur í laufi)
12:00 Hádegisfréttir
12:40 Bold and the Beautiful
14:25 X-Factor (10:20) (Úrslit 12)
15:50 X-Factor - úrslit símakosningar
16:20 Sjálfstætt fólk
17:00 Martha (Julie Bowen)
17:45 60 mínútur (60 Minutes)
18:30 Fréttir, íþróttir og veður
19:00 Íþróttir og veður
19:05 Lottó
19:10 Freddie (18:22)
19:35 The New Adventures of Old Christin (13:13)
19:55 Stelpurnar (4:20)
20:20 Tadpole (Ungi ástmögurinn) Bráðsmellin og vel skrifuð gamanmynd. Aðalhlutverk: John Ritter, Sigourney Weaver, Aaron Stanford. Leikstjóri: Gary Winick. 2002. Leyfð öllum aldurshópum.
21:40 Godzilla Tilraunir með kjarnorku-vopn á Kyrrahafi raska ró risaeðlu sem vaknar af værum blundi og tekur stefnuna á New York. Aðalhlutverk: Matthew Broderick, Jean Reno, Maria Pilitto, Hank Azaria. Leikstjóri: Roland Emmerich. 1998. Bönnuð börnum.
23:55 The Alamo (Orustan við Alamo) Metnaðarfull stórmynd. Aðalhlutverk: Dennis Quaid, Jason Patric, Billy Bob Thornton. Leikstjóri: John Lee Hancock. 2004. Bönnuð börnum.
02:10 The Hunt for Red October (e) (Leitin að Rauða október) Bönnuð börnum.
04:20 60 mínútur (60 Minutes)
05:05 Freddie (18:22)
05:25 The New Adventures of Old Chr
05:50 Fréttir
06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

📺 SKJÁREINN

- 09:00 2006 World Pool Championships** (e)
10:45 Vörutorg
11:45 Rachael Ray (e)
13:15 Celebrity Overhaul (e)
14:15 The Bachelor VIII (e)
15:15 Malcolm in the Middle (e)
15:45 Trailer Park Boys (e)
16:10 Parental Control (e)
16:35 Last Comic Standing (e)
17:20 Rachael Ray (e)
19:10 Game tívi (e)
19:40 The Office (e)
20:10 What I Like About You Gaman-sería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York.
20:35 Parental Control Stefnumótþáttur með skemmtilegri fléttu. Þegar unglingurinn á heimilinu fer á stefnumót með einhverjum sem þabba og mömmu list ekki á, gripa þau til sinna ráða.
21:00 Last Comic Standing Bráðfyndin rauveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.
 ► **21:45 Battlestar Galactica** Framtíðar-þáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda.
22:35 Abre los ojos Spænsk bíómynd frá 1997 um forrikan og myndarlegan kvennaljóma sem finnur stóru ástina í lífinu en lendir í slysi og verður afmyndaður Stranglega bönnuð börnum.
00:00 30 Days (e)
01:00 Kojak (e)
01:50 Nightmares and Dreamscapes (e) Bönnuð börnum.
02:50 Vörutorg
03:50 Da Vinci's Inquest (e)
04:40 Tvöfaldur Jay Leno (e)
06:15 Óstöðvandi tónlist

📺 SKJÁR SPORT

- 13:30 Upphitun** (e)
14:00 Liverpool - Chelsea (frá 20.jan)
16:00 Lazio - AC Milan (frá 21. jan)
18:00 Upphitun (e)
18:25 Að leikslokum
19:20 Palermo - Lazio (beint) Bein útsending frá leik Palermo og Lazio.
21:30 Fulham - Tottenham (frá 20.jan)
23:30 Aston Villa - Watford (frá 20.jan)
01:30 Dagskrárlök

📺 SJÓNVARP NORDURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

📺 OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTSALA!

SÍÐUSTU DAGAR - OPIÐ UM HELGINA!

NÝTT
KORTA-
TÍMABIL

Sparaðu allt að
70%

VERÐDÆMI:

Brauðristar.....	990	Hitablásarar.....	1.490	Heilsugrill.....	4.990	Þvottavélar.....	44.900	Kælikápar.....	19.900
Eldhúsvogir.....	990	Nuddtæki.....	1.490	Mínútugrill.....	3.990	Þurrkarar.....	29.900	Frystiskápar.....	24.900
Hraðsuðukönnur...	990	Rafm.tannb.....	1.490	Djúpst.pottar.....	3.990	Uppþvottavélar..	44.900	Ofnar.....	17.900
Gufustraujám.....	990	Krulluburstar.....	1.490	Örbylgjuofnar.....	6.990				
Baðvogir.....	990	Hrísgrjónapottar..	1.990	Raclettegrill.....	2.990				
Hársléttujám.....	990	Dósaopnarar.....	1.990	Ísvélar.....	3.990				
Hárblásarar.....	790	Vöflujám.....	2.990	Töfrásópur.....	1.990				
Handþeytarar.....	1.490	Blandarar.....	2.990	Súkkulaðipottar...	2.990				

Rafha ehf

Opið
Virka daga 9-18 | Suðurlandsbraut 16 | 108 Reykjavík
Laugardag 10-16 | Sími 5880500
Sunnudag 13-17 | www.rafha.is

Í KVÖLD

SÝN KL. 17.10

Manchester United - Portsmouth

Bein útsending frá leik Manchester United og Portsmouth í 4. umferð ensku bikarkeppinnar, FA Cup. Báðum liðum hefur vegnað vel í deildinni á þessu tímabili. Manchester United hefur góða forystu á meðan Portsmouth hefur gengið framram vonum og er eitt af spútnikliðum ársins. Liðin hafa hins vegar haft ólíku gengi að fagna í þessari elstu bikarkeppni í heimi. Á meðan Manchester United er sigursælasta lið bikarkeppinnar frá upphafi, eftir að hafa orðið 11 sinnum bikarmeistari, hefur Portsmouth aðeins einu sinni orðið bikarmeistari. Þess ber að geta að fyrr um daginn, kl. 14.50, verður sýnt beint frá viðureign Tottenham og neðrdeildarliðsins Southend.



VIÐ MÆLUM MED GODZILLA STÖÐ 2 KL. 21.40

Mögnuð stórmynd. Tilraunir með kjarnorkuvopn á Kyrrahafi raska ró risaæðlu, sem vaknar af værum blundi og tekur stefnuna á New York. Íbúarnir eiga fótum sínum fjör að launa enda er borgin ekki heppilegur gríðastaður fyrir risaæðlu. Herinn er kallaður til en reynist máttvana í baráttunni. Líffræðingurinn Niko veit hvernig á að taka á málinu en talar fyrir daufum eyrum og á meðan stigmagnast hættan. Aðalhlutverk: Matthew Broderick, Jean Reno, María Pítilló, Hank Azaria.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.00 Fréttir
- 07.05 Laugardagur til lukku
- 08.00 Fréttir
- 08.05 Músík að morgni dags
- 09.00 Fréttir
- 09.03 Út um græna grundu
- 10.00 Fréttir
- 10.05 Veðurfregnir
- 10.15 Krossgötur
- 11.00 Vikulokin
- 12.00 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Laugardagsþátturinn
- 14.00 Til allra átta
- 14.40 Glæta spjallþáttur um bókmenntir
- 15.30 Með laugardagskauffinu
- 16.00 Fréttir
- 16.08 Veðurfregnir
- 17.05 Orð skulu standa - Spurningaleikur
- 17.05 Fimm fjórðu
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.26 Leikhúsröttan
- 19.00 Kríngum kvöldið
- 19.30 Stefnumót
- 20.10 Hugsað heim (2:8)
- 21.05 Pipar og salt
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.00 Fréttir
- 22.10 Veðurfregnir
- 22.15 Flakk
- 23.10 Danslög
- 00.00 Fréttir
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 07:30 Sterkasti maður í heimi 2006
- 08:00 Pro bull riding
- 08:55 World Supercross GP 2006-2007
- 09:50 NBA deildin (Philadelphia - Cleveland) Útsending frá NBA-körfuboltanum.
- 11:50 FA Cup - Preview Show 2007
- 12:20 FA Cup 2006 (QPR - Luton/Blackburn) Útsending frá ensku bikarkeppinni.
- 14:20 Spænski boltinn - upphitun
- 14:50 FA Cup 2006 (Tottenham - Southend) Útsending frá ensku bikarkeppinni.
- 16:50 Presidents Cup 2007 - Official
- 17:10 FA Cup 2006 (Man. Utd. - Portsmouth) Enska bikarkeppnin í knattspyrnu.
- 19:05 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Atletico Madrid og Racing.
- 20:55 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Villarreal og Real Madrid.
- 22:55 Box - Nicolay Valuev vs. Jaame Útsending frá bardaga Nikolays Valuevs og Jameels McClines sem fram fór hinn 20. janúar 2007.
- 23:55 Box - Ricky Hatton vs. Juan Urangos Útsending frá bardaga sem fram fór hinn 20. janúar 2007.

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



DREYMIÐ ÞIG STÓRA DRAUMA?

KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TÓNVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA



TONVINNSLUSKOLI ÞORVALDAR BJARNA

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
- 21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

- 6.30 Palle Gris þá eventyr 7.50 Frikvarter 8.15 Barda 8.40 Dragejagene 9.05 Trolsþjót 9.35 Lovens vogtere 10.00 Bæmblæksprutten 10.15 Ungdomsprogram 10.30 Viften 11.00 TV Avisen 11.10 Kløvedal í Kina 12.10 Andersen - historien om en digter 13.10 Pauline på stranden 14.45 En skør familie 16.10 Før søndagen 16.20 Held og Lotto 16.30 Prinsen af Bengalen 17.00 Mr. Bean 17.30 TV Avisen med vejret 17.55 SportNyt 18.05 Tæt på Dyrene 18.30 Max 19.00 Matador 20.15 Kriminalkommissær Barnaby 21.50 Syv der hævner 23.30 Boogie Listen

NRK1

- 6.30 Pysjopbaluba 6.40 Bosse 6.50 Harry með þetta full av dinosaurer 7.00 Mikkes klubbhus 7.45 Jubalong 8.30 Kári og Bærni 9.00 NRK's sportslar-dag 9.05 V-cup langrenn 11.30 V-cup kombinert 12.45 V-cup hopp: Skiflyging 13.30 Sport i dag 13.50 V-cup hopp: Skiflyging 14.30 V-cup skøyter 15.30 Sport i dag 17.00 Jubalong 17.30 Bama på Luna 18.00 Lördagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Riksarkivet 19.20 Melodi Grand Prix 2007 20.30 Med hjertet på rette staden 21.15 Fakta på lørdag: Riktig mental innstilling 22.05 Kveldsnytt 22.20 Head in the Clouds

SVT 1

- 7.00 Bollibompa hálsar þá 7.01 Meckar-Micke 7.15 Dagens visa 7.20 Zoé Kézako 7.35 Í Mumindalen 8.00 Kolla Gud 8.15 Klister 9.40 Konstákning: EM 10.40 Þá jakt efter lyckan 11.10 E! fastställt program 12.05 Den frammande jågaren 13.00 Naturmollorna 13.30 Playa del Sol 14.00 Uppdrag Granskning 15.00 Antikrundan 16.00 Sá ska det låta 17.00 Disneydags 18.00 Skokartongens hemlighet 18.25 Radiohjälpen: Världens barn - Armenien 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 På spåret 20.00 Brottskod: Försvunnen 20.45 Håll tyst, världen! 21.15 Bingo Royale 22.00 Rapport 22.05 Il Divo - live på Greek Theatre 23.05 Suddenly Naked 0.45 Sändningar från SVT24

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhefingu söngva og dansa. Heiða úr Idol-Halla Vilhjálms úr X-factor kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. Selma Björns og Valgerður Guðna-dóttir kenna, en námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru Vignir Snær (Írafár), Gunnar Þór Jónsson (Söldög) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsníðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. Andrea Gylfa kennir en meðal hljóðfæraleikara eru Kjartan Valdemarsson og Vignir Snær. Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglínganámskeið. Kennir er á Reason tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-



SKRÁNING ER HAFIN

VIÐURKENNT TÓNVINNSLUNÁM

Aðalnámsbraut: Tónvinnsulunám. Tónvinnskólinn hlaut nýlega viðurkenningu Digidesign sem viðurkenndur Pro Tools skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; RMP og Stúdíó Sýrlandi. 319.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓDFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

HRÓSIÐ ...



... fær Kaoru Umezawa japönskukennari, sem stendur fyrir bráðskemmtillegri japanskri hátíð í Háskóla Íslands í dag.

Kadilakkinn reykspúandi aftur til sölu

„Ég seldi bílinn en hef enn ekki fengið neina greiðslu þannig að við settum hann aftur á sölu,“ segir Ólafur Gunnarsson rithöfundur um Kadilakkinn sem var í aðalhlutverki ferðabókarinnar Úti að aka – Á reykspúandi Kadilakk yfir Ameríku.

Ólafur keypti bílinn og fór til Bandaríkjanna að sækja hann ásamt Einari Kárasyni rithöfund og Jóhanni Páli Valdimarssyni útgefanda. Hann keypti hins vegar köttinn í sekknun, stimpilhringir gáfu sig með afleiðingum sem rötudu í titil bókarinnar. „Á meðan

allt var í lausu lofti með framhaldið var bílinn fluttur frá Los Angeles til New York í geymslu,“ segir Ólafur. „Þar bauð amerískur bílasali í hann en við höfum ekki fengið neinar greiðslur og settum hann því aftur á sölu.“

Ólafur fól Jóhanni Páli, útgefanda sínum, að koma bílnum í verð og annast viðskiptin og samkvæmt upplýsingum frá JPV er kaupverð á bílinu 750 þúsund til ein milljón króna. Við það bætist flutn-

ingskostnaður fyrir þann sem vill flytja bílinn til landsins en engir innflutningstollar eru hins vegar lagðir á fornbíla.

Ólafur fer ekki í grafötur með það að hann hafi tapað fé á þessum viðskiptum. „Það segir sig sjálf að eitthvað tapaðist. Þetta var auðvitað ekki það sem lagt var upp með en lífið er nú aldrei beggja skauta byr, margt óvænt kemur upp á.“ Hann segir að þetta

hafi þó fráleitt dregið úr sér nokkurn þrótt. „Alls ekki, ég væri tilbúinn að leggja af stað í aðra svona reisu um fimmeitíð.“

- bs



ÓLAFUR GUNNARSSON Keypti köttinn í sekknun en er meira en til í að bregða sér í aðra reisu.

KADILAKKINN Tveir stimpilhringir gáfu sig með þeim afleiðingum að bílinn spjó reyk eftir endilöngum þjóðvegi 66.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 fjarri 6 mannþvaga 8 erlendis 9 matjurt 11 950 12 klifra 14 yndis 16 í röð 17 kjaftur 18 eldsneyti 20 óreiða 21 frumeind.

LÖÐRÉTT

1 knattleiksknött 3 jákvætt svar 4 hafðir í hyggju 5 pili 7 sáluhjál 10 léreft 13 starfsgrein 15 velta 16 tunna 19 kyrrð.

LAUSN

16 áma, 19 ró.
rím, 7 sálubót, 10 lín, 13 fag, 15 snú.
LÖÐRÉTT: 1 þökk, 3 júl, 4 ætlaðir, 5 18 mór, 20 rú, 21 atóm.
lm, 12 klifra, 14 unaðs, 16 áb, 17 grín, 18 kál, 11

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Tallinn
- 2 Hugi Halldórsson
- 3 Jógvan Hansen

Hvað er að fréttu?



Fréttir af fólki

www.visir.is

visir

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjup.is

SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR: HLUSTAR Á EMINEM OG TOM JONES

Rappandi ráðherra skokkar á Seltjarnarnesi

„Seint um kvöldið setti ég upp iPod-inn og skokkaði litla Neshringinn með Eminem í eyrunum,“ skrifar Siv Fríðleifsdóttir heilbrigðisráðherra á mjög persónulega og skemmtilega vefsíðu sína.

Siv er heilbrigðið haldi klætt eins og dyggir lesendur hennar og addáendur vita, en það að hún sé sérstakur áhugamaður um rapp sætir nokkrum tíðindum. Eminem er ein helsta stjarna rapptónlistarinnar en einn útgangspunktur rappans er uppreisnandi gegn ríkjandi ástandi.

„Sko, ég skokka reglulega og hef gott og gaman af. Ég hef fundið það út að ef ég er með iPod í eyrunum, góða og taktfasta músík, er eins og maður fái orkusprengju. Ég örvast öll á hlaupunum. Heyri ekki andardráttinn í sjálfri mér og hvað ég streða. Heldur einungis dúndrandi ryþma og stuð,“ segir Siv í samtali við Fréttablaðið.

Að sögn Sivjar er Eminem alveg afbragð til þeirra nota. Mjög taktfastur og gott að hlaupa við tónlist hans. En tónlistarsmekkur Sivjar er ekki eingöngu bundinn við rappið þegar hún skokkar.

„Mér finnst gaman að hlusta á aðra músík líka. Abba, Tom Jones og sérstaklega þá lagið Sex Bomb sem og Glenn Frey og lagið The Heat Is On. Já, taktföst danslög henta best,“ segir ráðherra.

Siv hlær við aðspurð um hvort rapparar hljóti ekki að taka sér fagnandi sem nýjum liðsmanni í þeirra heimi. „Ætli það ekki bara? En þeir ættu að setja inn í rapptónlistina hvatningarhróp til skokkara. Það væri fullkomlið.“

Heldur kom á Erp Eyvindarson, helsta talsmann íslenskra rappara, þegar hann var spurður hvernig honum litist á þennan nýja liðsmann í rappheiminum.

„Hmmm... Siv er örugglega fín þá á meðan hún er bara úti á skokkinu að hlusta á Eminem. Hún er krútt þótt hún sé vonlaus stjórnmalamaður. Er hún ekki bara að segja þetta til að vera hipp?“

Ekki var Erpur til í að

ERPUR EYVINDARSON Segir samfélagsgagnrýni hinna reiðu rappara ekki í hættu þótt þeir séu nú í eyrum ráðamanna á skokkinu.



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Hlustar á Eminem þegar hún fer út að skokka, auk þess sem Sex Bomb og The Heat Is On gera sitt gagn.

fallast á að Eminem væri orðinn bitlaus og jafnvel blöðrulegur þegar hinar ráðandi stéttir eru konnar með hann í iPod-inn á skokkinu.

„Eminem er toppmaður. Nýi Elvis. Og hún Siv var örugglega ekki með lagið Mosh með honum í eyrunum þegar hún og restin af þessum vandræðahöllum í ríkisstjórninni ákváðu að styðja þáttöku Íslands í Íraksstríðinu.“

Þegar rapparinn Erpur er spurður hvort

samfélagsbroddurinn í rappinu sé ekki farinn fyrir lítið þegar ráðherrar syngja hástöfum með segir Erpur þá ekki alveg syngja með. Þeir rauli frekar. Hann telur ekki að svona sé þaggað niður í gagnrýnni.

„Sko, afturhaldið á bara ekki nógu mikið af merkilegum listamönnum til að fylla heilan iPod. Svo auðvitað enda þeir alltaf með að hlusta eða lesa eða horfa á lið sem stendur fyrir allt aðra hluti. Þegar þeir gáfust upp á að kæfa Laxness enduðu þeir með að kyngja sjálfir. Ég elska að heyra þetta lið syngja Maístjörnuna sem er náttúrulega byltingarsöngur.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Afkoma Landsbankans á árinu 2006 var kynnt á fundi með fjárfestum í London en það þykir vera til marks um hversu mikið áhersla Landsbankans hefur breyst á undanförmum árum. Nú miða feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson

að því að ná augum og eyrum erlendra fjárfesta og bankamanna frekar en íslenskra viðskiptavina. Hagnaður síðasta árs hjá bankanum var um 40 milljarðar og ljóst að umræðan um ofsagróða og féflettingu íslensku bankanna mun ekki minnka með slíku gengi.

Það er líka hefð fyrir því á flestum stöðum að á meðan fyrirtækjum gengur vel þá hagnast mennirnir í brúnni. Landsbankinn hefur þau gildi í hávegum því bankastjórnir tveir fengu samtals 272

milljónir í föst laun og bónusa á síðasta ári samkvæmt árskýrslunni. Sigurjón Þ. Arnason fékk 153 milljónir eða um 12,75 milljónir á mánuði á síðasta ári en Halldór J. Kristjánsson sýnu minna. Ekki þarf hann þó að kvarta því hann var með rétt tæpar 10 milljónir á mánuði. Það þykir þó varla gott á bæ Halldórs því hann var með rúmar 20 milljónir á mánuði árið 2005 samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar. Stór hluti af því var þó eftirlaunasamningur og menn fá hann því miður ekki greiddan á hverju ári.

Það verður þó ekki sagt að bankaráðsmenn Landsbankans séu á einhverjum ofurlaunum. Bankaráðsformaðurinn Björgólfur Guðmundsson fékk 500 þúsund krónur á mánuði fyrir

sitt góða starf og varabankaráðsformaðurinn Kjartan Gunnarsson fékk rétt rúmar 400 þúsund krónur á mánuði. Björgólfur Guðmundsson getur þó huggað sig við það að verði tillaga bankaráðsins um 40% arð samþykkt á hluthafafundi þann 9. febrúar næstkomandi munu hann og sonur hans fá 6,6 milljarða greidda í arð.

- óþp

Íslenskur hermaður leggur niður vopn

„Þetta var þarna inni meira í gríni heldur en alvöru,“ segir Magnús Ragnarsson, eini Íslendingurinn sem skráður er hermaður í símaskránni. Nú þegar Bandaríkjaher hefur kvatt Suðurnesin stendur Magnús einn eftir í hermannastéttinni. Og hillir undir lok þessa starfsheitis. „Ég ætla að taka þetta út á næstu dögum enda hættur allri hermennsku,“ bætir hann við. „Er búinn með mína skyldu,“ segir Magnús.

Magnús fór í herskóla í Sviss og er á heimasíðu sinni sagður hafa titilinn „fyrsti óbreytti“ hjá MP, eða herlöggreglu. Magnús fór reyndar aldrei á nein átakasvæði heldur var alla sína hermannstíð í Sviss. Eftir dvöl sína þar starfaði hann um stundarsakir í hlutastarfi sem dyravörður á Hverfisbarnum og hjá auglýsingafyrirtækinu Memo.

Nú hafa vopnin hins vegar

verið kvödd og Magnús snúið sér að fríðsamlegri iðju. Hann er sestur á skólabeck en vildi ógjarnan gefa upp hvað hann væri að læra og hvar. „Er samt ekki í lífvarðaskóla,“ bætir hann við.

- fgg

Í FULLUM HERKLÆÐUM Magnús Ragnarsson klæddur sem hermaður. Nú hefur búningurinn verið lagður á hilluna.





FORELDRAR

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

Það þyrfti nauðsynlega að bæta þessum frábæru dómum á auglýsinguna okkar.

Má taka út þar sem stendur: Sýnd í SAM-bíónum

“Nanna Kristín sýnir magnaðan leik. Nýtt viðmið í íslenski kvikmyndagerð”

Bergsteinn Sigurðsson/Fréttablaðið

“Frammistaða leikarana er firnasterk. Ingvar galdrar fram einstaka persónu Samvinna Ragnars Bragasonar og Vesturports er sannarlega gæfuspor í íslenski kvikmyndamenningu.”

Heiða Jóhannsdóttir/Morgunblaðið

“Betri leikur en áður hefur þekkt í íslenskum myndum.

Foreldrar er ekkert síðri en Börn, frábær mynd sem hver Íslendingur ætti að sjá.”

Davíð Örn Jónsson/kvikmyndir.com

*** 1/2 Topp5

“Tónlist Péturs Ben hreint út sagt frábær.

Foreldrar eru áhrifamikið verk. Hvergi er dauður punktur og persónurnar snerta mann djúpt.”

Sigríður Pétursdóttir/Vísja RUV

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir

Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON

Aðalhlutverk **INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON** o.fl.

Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR / B.T.B

Stjórn kvikmyndaöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON

Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON

Handrit RAGNAR BRAGASON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON & LEIKHÓPURINN

Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Fé í fé

Eitthvað það undarlegasta við íslenskt samfélag er allur sá tími, orka og peningar sem fer í lambakjöt. Sauðirnir ráða þjóðfélagsmálunum á köflum. Umræða um hátt matvælavæð leiðist yfirleitt út í umræðu um réttmæti tollaverndar á lambakjöti. Umræða um byggð í landinu fer oftast nær út í rifrildi um styrki til lambakjötsframleiðslu. Að íslenska lambakjöt sé gott á bragðið er nánast orðið að kennisetningu eins ráðherra í ríkisstjórn, eins konar grundvallarviðhorf sem viðkomandi byggir pólitískan tilverurétt sinn á. Og núna, til að undirstrika endanlega þann stórundarlega sess sem rollurnar virðast hafa í íslensku þjóðfélagi, bárust þær fregnir í vikunni að sauðfjárbændur, framleiðendur lambakjöts, ættu að fá 16 milljarða í greiðslur á komandi árum. Beint úr sjóðum ríkisins.

FÉ er borið í fé eins og ekkert sé. Á meðan eru ekki til peningar til þess að byggja hjúkrunarheimili fyrir aldraða, svo dæmi sé tekið. Skorið er niður til framhaldsskólanna. Spítalar ná ekki endum saman. Hver er skynsemin í þessu? Ekki er að sjá að þessar greiðslur verði til dæmis arðbærar, eins og sambærileg fjárfesting í menntun gæti orðið. Hvað þá að þessar greiðslur varði grunnþjónustu og velferð.

FÖRUM aðeins yfir þetta. Lambakjöt er kjötmeti. Annað kjöt er til dæmis svínakjöt, kjúklingar og nautakjöt. Svo er líka til fiskmeti, eins og þorskur, ýsa, lúða, rækjur, humar, hörpuskel og skötuselur. Ógrynni er til af grænmetistegundum, baunategundum, ávaxtategundum, kartöfluréttum, hrísgrjónaréttum, villibráð, mjólkurréttum og brauðmeti. Íslendingar kaupa ógrynni af alls konar mat, af öllu tagi, allt árið um kring. Er von maður spyrji: Hvað er svona merkilegt við lambakjöt?

ÞAÐ er gott á bragðið. Ég tek undir það. Íslenskur lambavöðvi er eitt það besta sem ég fæ. En lambakjöt er ekki stór hluti innkaupakörfunnar frá degi til dags. Frá sjónarhóli neytandans er illskiljanlegt, eiginlega bara verulega fátíðlegt, að lambakjötsframleiðsla – sunnudagssteikin – fái þrjá milljarða á ári úr ríkissjóði.

NÓGU dýrt er lambakjöt samt, þótt flestir borgi, enda um lúxusmat að ræða. En auðvitað vita allir að lítill hluti af verðinu fer til bænda og þar liggur fjárhundurinn grafinn. Ríkið er hér að bæta bændum upp, með gígantískum greiðslum, þá meingölluðu stöðu að bændur sjálfir njóta ekki góðs af verðgildi góðrar vöru í heilbrigðu markaðskerfi. Peningar kaupandans renna ekki til þeirra. Skattpeningar hans gera það hins vegar.

AÐ fjármálaráðherra skuli gangast við þessum vonlausu fjáraustri er auðvitað lýsandi fyrir dapurlegt viðhorf til ríkisrekstrar. Hvar er ábyrgðin? Aðhaldið? Skynsemin? Það fer ekki hægrri mönnum vel að gorta sig af að hafa vit á ríkisfjármálum, þegar þetta er staðreyndin: Fjármálaráðherra er orðinn sauðfjármálaráðherra. Hann gætir fyrst og fremst hagsmuna ríkis-sauðs.

Skpiulag



LYCKLIG geisladiskataska
20 vasar ýmsir litir 195,-



PRESSA þvottaklemma
50 stk. ýmsir litir 295,-



VESTBY fataskápur
L90xB50xH180 cm 4.950,-



SAMLÁ kassi 130 l
L79xB57xH42 cm 1.490,-
SAMLÁ lok f/130 l kassa 595,-



DÁNKA strauborð
140x37x95 cm 3.690,-



ANTONIUS grind L44xB54xH70 cm silfurlitað 995,-
ANTONIUS tauskúffa L42xB53xH14 cm 695,-/stk.



SKUBB geymslukassi
L45xB56xH20 cm 695,-



SKARP klukka Ø31 cm
ryðfrítt stál 1.290,-



SKUBB tauhillur
L35xB35xH120 cm 1.290,-
L15xB35xH120 cm 695,-



PROPP herðatré
8 stk. gegnheil fura 295,-



DOKUMENT ruslafata
Ø30 H35 cm 795,-



PAPPIS tímaritahirslur
2 stk. L9xB25xH30 cm 55,-



295,-
SVAJS fatapokar
3 stk. gegnsætt

Morgunmat
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-

IKEA Restaurant & Café

Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum
og grænmeti



490,-

IKEA Restaurant & Café



Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00

Veitingastaður opnar klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is